



Guðmundur Kristinn Sæmundsson
fyrirverandi aðjunkt HÍ

Síðferði í íþróttum

Bláskógar ehf, Reykjavík 2019

Önnur íþróttaskrif höfundar á íslensku

- „Eins og feiminn skólastrákur í fjórða leikhluta.“ Skáldskapareinkenni í íþróttamálvari. (2013). *Són – Tímarit um óðfræði*, 11: 99-109.
- Fyrirgjöf af kantinum. (2004). Meðhöfundur: Júlían Meldon D´Arcy. *TMM* 2004-3.
- Glæðing dygða í hverri þraut. Um tengsl íþróttar og kristinnar trúar. (2014). *Studia Theologica Islandica – Ritroð Guðfræðistofnunar*, 39. Slóð: https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/1643/pdf_12
- Hetjur nútímans. Orðræða prentmiðla um afreksíþróttamenn. (2011). *Íslenska þjóðfélagið*. (Meðhöfundur: Ingólfur Ásgeir Jóhannesson). Vefslóð: <http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/32>
- Hvílík snilld! Íslenskt íþróttamálvar og einkenni þess. (2013). *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. (Meðhöfundur Sigurður Konráðsson).
- Leikur sem ekki verður frestað - Um Fótboltasögur Elísabetar Jökulsdóttur. (2004). Veftímaritið *Kistan*. – <http://www.kistan.is>.
- Óskabörn allrar þjóðarinnar? Umfjöllun í blöðum og tímaritum um fatlaða íslenska afreksmenn í íþróttum á alþjóðavettvangi. (2011). *Þjóðarspegill*. (Meðhöfundur: Kristín Björnsdóttir). Vefslóð: http://www.fel.hi.is/sites/files/fel/FELMAN_GudmundurS%C3%A6mundsson_KristinBjornsdottir.pdf .
- Siðferði og gildi í íþróttum. Rannsóknarniðurstöður. (2019). Gefið út sem handrit. Reykjavík: Bláskógar ehf.
- Skotið yfir markið? Um siðferðismisræmi milli íþróttabókmennta og íþróttaveruleika nútímans á Íslandi. (2012). *Hugur*, 24: 196-218.(Meðhöfundur: Kristján Krisjánsson prófessor).
- Svo sæt og brosmild ... Umfjöllun í blöðum og tímaritum um íslenskar afreksíþróttakonur á alþjóðavettvangi. (2012). *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*.
- Var Grettir Ásmundarson skapillur íþróttamaður eða íþróttasinnaður skaphundur? (2005). *Lesbók Mbl*. 30.7.
- Það er næsta víst ... Hvað einkennir umfjöllun um íþróttir á Íslandi? (2014). Doktorsritgerð frá Háskóla Íslands.
- Öllum þótti að þessu hin mesta skemmtun. Geta íþróttir aukið vinsældir Íslendingasagna í skólastarfinu? (2008). *Skíma* 2008-1, bls. 46-51. (Meðhöfundur: Ingibjörg Jónsdóttir Kolka). Vefslóð: http://www.ki.is/utgafa/Skima_1tbl_2008/

Siðferði í íþróttum

Guðmundur Kristinn Sæmundsson, dr. og fyrrverandi aðjunkt HÍ
SIÐFERÐI Í ÍPRÓTTUM
Tilraunaútgáfa

© 2019 Bláskógar ehf., Guðmundur Kristinn Sæmundsson.

Umbrot, uppsetning og útlit: GSæm, Bláskógar, Reykjavík.

Forsíðumynd: Hreiðar Þór Sæmundsson.

Ljósmyndir: Úr myndasafni höfundar og af vefnum.

Ítarlegur yfirllestur og ráðgjöf: Dr. Janus Friðrik Guðlaugsson fyrrverandi lektor HÍ, framkvæmdastjóri
Heilsueflingar Janusar, og Ingibjörg Jónsdóttir Kolka, MA og doktorsnemi, menntaskólakennari.

Unnið með styrkjum frá Bakhjarli Menntavísindasviðs, Íþróttasjóði ríkisins og Hagþenki sem hér með er þakkað fyrir. Þessi framlög skiptu sköpum um ritun og útgáfu efnisins.

Guðmundur Kristinn Sæmundsson
dr. og fyrrverandi aðjunkt HÍ


Síðferði í íþróttum

Bláskógar, Reykjavík
2019

Efnisyfirlit

<i>Fyrsti hluti: Drengskapur eða spilling?</i>	6
Inngangur: Íþróttir vítt og breitt	7
1. kafli: Í kapphlaupi á Kleppstúni	12
2. kafli: Heiðarleiki í íþróttum	17
3. kafli: Trúarbrögðin íþróttir	24
4. kafli: Vöðvakristnin	31
5. kafli: Þar sem hugsjónir ráða för	35
6. kafli: Græðgisvæddar íþróttir	44
7. kafli: Misbeiting íþróttavalds	52
8. kafli: Mismunur, fordómar og einelti í íþróttum	58
9. kafli: Endalaus óheiðarleiki	66
10. kafli: Áhangendur og íþróttabullur	71
11. kafli: Skaðvaldarnir mestu	77
12. kafli: Fræðimennska í íþróttum	82
13. kafli: Siðbót, þó ekki Lúthers	89
 <i>Annar hluti: Sprikl eða alvöru fræðigrein?</i>	96
Inngangur: Íþróttir sem viðfangsefni	97
1. kafli: Íþróttagullmolar	102
2. kafli: Tvö andans heljarmenni skrifa um íþróttir	108
3. kafli: Óverðugt umfjöllunarefni nútímabókmennta	114
4. kafli: Hetjan Þorgrímur Þráinsson	122
5. kafli: Fótboltamamman, Gunni og Latibær	127
6. kafli: Geðveikt íþróttamálfar	139
7. kafli: Fjölmiðlafárið	148
8. kafli: Séra Jón og Halti-Jón og konurnar þeirra	154
9. kafli: Er almenningur hneykslaður?	165
 <i>Heimildaskrá</i>	176

Fyrsti hluti:



Rúnar Guðmundsson glímukappi þótti afar heiðarlegur íþróttamaður.

Drengskapur eða spilling?

Inngangur: Íþróttir vítt og breitt

Bók þessi er samantekt um rannsóknir mínar og þælingar í íþróttufræðum og er hugsuð sem kennsluefni. Til hægðarauka er henni skipt í tvo hluta. Ég hef valið að kalla hana „Siðferði í íþróttum“ til að leggja áherslu á siðferðisumfjöllunina en legg áherslu á að um er að ræða túlkanir, skoðanir og viðhorf, byggð á eigin rannsóknum og rannsóknum annarra. Í öðrum hluta er fjallað meðal annars um íþróttir í bókmenntum, öðrum listum og fjölmiðlum. Í bókarlok er svo skrá yfir heimildir. Í þær geta áhugasamir lesendur leitað til frekari fræðslu um efni ritsins. Í rammagreinum eru birtar ýmsar tilvitnanir úr bókmenntum og fjölmiðlum, tengdar efni þælinganna. Myndefni er loks skotið inn eftir þörfum.

Meginefni þessa fyrsta hluta er siðferði í íþróttahæðum sem tekið er fyrir frá ýmsum hliðum, allt frá sögu og hugsjónum til peningahyggju og óheilinda. Í þessum inngangskafli verða gildi og mikilvægi íþróttar tekin fyrir í stuttu máli og bent á helstu hættur sem fylgja þessum gildum. Í undirkafla verður efni bókarinnar rakið. Í síðasta hluta kaflans verður loks örlítið um hlutægni og hvers virði hún sé við samningu rits af þessum toga.

Hvers virði eru íþróttir?

Íþróttir hafa margvíslegt gildi fyrir þjóðfélagið. Þær eru mikilvægt uppeldistæki. Í gegnum þær má miðla mörgu því sem talið er eftirsóknarvert að æskan tileinki sér en um leið er vel hægt að upplifa í gegnum íþróttirnar ýmsa lesti sem ekki þykja jafn fýsilegir, hvorki fyrir einstaklingana né samfélagið.

Fyrst ber hér að nefna persónulega andlega kosti og dygðir eins og hamingju og gleði, sjálfstraust og hugrekki (Novak, 1976). Flest börn hafa unun af því að leika sér, ein eða við aðra og með öðrum. Íþróttir sem leikir eru því drjúg uppspretta gleðistunda og skemmtunar sem fátt jafnast á við. Slíkir leikir eru tilvaldir til að efla sjálfstraust barna og unglinga sem finna að með endurtekningu og þjálfun öðlast þau sífellt meiri getu og þar með traust á sjálfum sér. Hömlur og kvíði láta undan síga, öryggið eykst og þar með þor og hugrekki til að takast á við það sem virðist ef til vill erfitt í byrjun. Allir þessir þættir stuðla að aukinni getu í leiknum en efla einnig almenna getu til að takast á við viðfangsefni daglegs lífs.

Íþróttir geta einnig ýtt undir þætti eins og leiða, vanmátt, vantraust á sjálfum sér og jafnvel hugleysi. Þetta fer allt eftir þeirri umgjörð sem til verður í íþróttaiðkuninni. Sé mikil áhersla á keppni og sigur í íþróttum barna og unglinga leiðir það gjarnan til leiða og vanmáttar þeirra sem tapa vegna þess að auðvitað geta ekki allir verið sigurvegarar (Sæle, 2013). Ef slíkt endurtekur sig aftur og aftur missa krakkarnir traust á sjálfum sér, fyllast kvíða og vonleysi og hugrekkið hverfur. Þessir neikvæðu þættir hafa ekki síður en þeir jákvæðu áhrif á einstaklingana út fyrir leikinn. Þeir geta mótað líf þeirra til

frambúðar. Afleiðingarnar eru þekktar bæði innan og utan íþróttar, eins og lyfja, eiturlyfja- og steranotkun, ofþjálfun og ótímabær meiðsli (Coakley og Pike, 2009; Collins, 2013).

Íþróttir geta einnig dregið fram og eflt félagslegar samskiptadygðir eins og heiðarleika, drengskap, hjálpssemi og samstöðu. Þar lærir ungt fólk í verki mikilvægi þess að sýna heiðarleika og drengskap hvert við annað. Það lærir gildi þess að fólk hjálpi hvert öðru þegar þjatar á, styðji hvert annað og hvetji. Í hópíþróttum lærir það síðan hve nauðsynlegt er að standa saman sem hópur eða lið. Þessi nálgun er oft mikilvægari en geta hvers og eins í viðkomandi íþrótt (Viðar Halldórsson, 2017; McNamee, 2008).

Neikvæðir félagslegir þættir sem rekja má til íþróttar að einhverju leyti eru einnig til. Verði sigur og íþróttalegur frami of mikilvægur getur það leitt til þess að öll meðul eru notuð, ekki bara frekja og eigingirni og óheilbrigð samkeppni innan liða og hópa, heldur hvers kyns bellibrogð og svindl til að ná betri árangri en náunginn hvort sem hann er samherji eða andstæðingur (Dixon, 2007; Howe, 2004).

Ekki er um það deilt að íþróttir geti haft afar jákvæð áhrif á heilsu fólks, ekki bara í æsku á meðan íþróttirnar eru stundaðar, heldur allt lífið. Íþróttir efla þrek, bæði styrk, þol og snerpu, og hljóta samkvæmt því að efla ónæmiskerfi og vörn gegn sjúkdómum (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 2015). Einnig hefur oft verið talað um að íþróttir séu góð forvörn gegn hættum æskuáranna á borð við neyslu vímuefna (Hlynur Áskelsson, 2016; Íþróttar- og Ólympíusamband Íslands, 2016; Collins, 2013). Það fer illa saman að stunda íþróttir af alvöru og neyta mikils áfengis eða annarra vímuefna. Þessir jákvæðu

heilsufarslegu þættir íþróttar hafa áhrif á allt líf einstaklinganna.

Þrátt fyrir marga jákvæða fylgifiska íþróttar hafa ýmsir bent á neikvæða heilsuþætti sem tengjast íþróttum og það er fullkomlega óþarft að loka augunum fyrir þeim eins og margir gera. Íþróttir geta verið líkamlega hættulegar eins og fram kemur í margskonar íþróttatengdum slysum og íþróttameiðslum. Sumir meiða sig svo illa í íþróttum æskuáranna að þeir bera þess aldrei bætur (Kuhland, 2014). Þá hefur verið bent á að hin harða samkeppni og þrýstingur leiði stundum til sjúklegs kvíða og þunglyndis sem brotist getur út í neyslu eiturlyfja, áfengis eða í annarri fíkn (Maddox, 2012). Loks hefur alloft verið á það bent að meðal íþróttamanna ríki allmikil áfengisneysla, til dæmis í kringum stórmót, keppnisferðir og þing (Óli Stefán Flóventsson, 2012; Collins, 2013).

Íþróttir tengjast fjármálum og efnahag á ýmsan hátt, jafnvel afkomu einstaklinga. Raunar má segja að starfsemi íþróttafélaga og íþróttasambanda snúist að verulegu leyti um peninga og rekstur. Gengi og árangur einstakra íþróttamanna hefur ekki aðeins áhrif á fjármál þeirra sjálfra, heldur oft á tíðum einnig fjölskyldna þeirra, íþróttafélaga og íþróttasambanda (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 2015, Collins, 2013). Rétt eins og peningar geta haft áhrif bæði til góðs og illis í samfélagi manna geta þeir haft svipuð áhrif í íþróttahéminum. Þessi áhrif fjármagnsins á íþróttir eru tiltölulega ný og því ekki hluti þess arfs sem þær bera með sér. Af þeim sökum hafa menn gjarnan nokkuð ólíkar skoðanir á þeim. Sumir telja þau fyrst og fremst neikvæð og til þess fallin að spilla íþróttunum og gera þær að skemmtiðnaði eða frægðarviðskiptum á meðan aðrir álíta að ekkert hafi reynst íþróttunum eins mikið til fram-

dráttar síðustu hundrað árin og aukið fjármagns sem runnið hefur tilí þeirra. Fjármagnið hefur svo sannarlega breytt íþróttunum bæði hvað varðar árangur og afrek og hvað varðar fyrirmyndir og uppeldisáhrif (Coakley og Pike, 2009; Collins, 2013).

Síðustu ár og misseri hefur umræða um íþróttasiðferði vaxið áberandi mikið meðal íþróttafraðimanna og innan íþróttahimsins. Ástæðan er vafalaust sú gjá sem fólki hefur þótt hafa myndast milli hlutverks eða tilgangs íþróttanna hins vegar og raunveruleika íþróttanna hins vegar. Gjáin milli hugsjóna og framkvæmdar, bæði í iðkun, stjórnun og umgjörð. Það er vel því að umræða af þessu tagi er alltaf til góðs hvort sem niðurstaða hennar verður að benda á þætti sem gera þarf bragarbót á eða staðfesta að flest sé í góðu lagi og þurfi ekki breytinga við. Öll þessi atriði verða tekin til nánari skoðunar í þessu riti.

Í fræðilegri umfjöllun er það góð og traust venja að gera grein fyrir því sem kallast rannsóknarspurning. Í tilfelli þessara íþróttapælinga á einmitt afskaplega vel við að kalla það spurningar fremur en efnisatriði því að flest sem skrifað verður um

efnið er spurningar, tilgátur, uppástungur og skoðanir. Þær spurningar sem helst erleittast við að svara í ritinu eru þessar:

- *Hvernig geta íþróttir orðið sú brjóstvörn siðgæðis, drengskapar og heiðarleika sem margir telja að þær séu?*
- *Hvaða óæskilegu áhrif hafa peningar og fjármál á íþróttir samtímans á Íslandi?*
- *Hvaða fordómar eru ríkjandi innan íþróttahimsins gagnvart kynjum, aldri, þjóðerni, kynþáttum eða fötlun?*
- *Hvernig má snúa vörn í sókn í siðferðislegum efnum innan íþróttahimsins sé þess talin þörf?*

Fjórða spurningin tekur í raun til allra þeirra þriggja spurninga sem á undan fara og raunar allra annarra afleiddra og tengdra undirspurninga sem birtast smám saman í umfjöllun þessa rits. Rannsóknarspurningar tveggja síðari rita íþróttapælinganna látum við liggja milli hluta hér og gerum frekar grein fyrir þeim þegar þau rit líta dagsins ljós.



Mútur

Unglingalandsliðsmanni í körfubolta var boðin

nýjasta tegund af snjallsíma fyrir að hitta ekki úr fyrsta vítaskoti sínu í leik með landsliðinu fyrir nokkrum árum (RÚV.is, 4. janúar 2017).

Spillingin bankar á dyr

„Maður tengir spillingu við Asíu og Austur-Evrópu en staðreyndin er sú að þetta

er farið að banka verulega á dyrnar hjá okkur. Við höfum nú þegar nokkur dæmi þar sem að menn telja að hagræðing úrslita hafi átt sér stað á Íslandi. Ég tel að í öllum hinum Norðurlöndunum hafi menn eitthvað þurft að takast á við mál sem tengjast hagræðingu úrslita“ (Vísir.is, 6. janúar 2017).

Að vera trúr efninu og sjálfum sér

Í fræðilegum þælingum af þessu tagi reynir höfundur að vera hlutlægur. Hvað merkir að vera hlutlægur? Hugtakið hlutlægni má skilja á ýmsa vegu. Austurrísk-enski vísindag og stjórnmálaheimspekingurinn Karl Popper segir að þekkingin sé aðskilin frá einstaklingnum. Að vera hlutlægur merkir samkvæmt því að vera trúr þekkingunni sjálfri án tillits til hugsunar eða mats einstaklingsins (Macrina, 2005). Annar fræðimaður, David B. Resnik, segir þetta á skiljanlegri hátt í fræðigreini (1999). Hann telur að vísindaleg hlutlægni sé fyrst og fremst fólgin í heiðarleika, varkárni og sveigjanleika.

Hlutlægni er bæði mikilvæg í rannsóknnum og ritstörfum hvort sem þau byggja á sögulegum gögnum, afleiddum textum eða gögnum sem aflað er frá lifandi einstaklingum. Því er litið á það sem nauðsyn að fræðimenn og rithöfundar rannsaki sjálfa sig í einhverjum mæli. Þeir þurfa að gera grein fyrir afstöðu sinni til rannsóknarefnisins, eigin skoðunum og viðhorfum. Hið sama er lesendum slíks efnis auðvitað hollt að gera. Þetta er hluti af þeirri siðfræði rannsókna sem fræðafólk ástundar af bestu getu. Fræðimenn eiga að skipuleggja fræðastarf sitt þannig að niðurstöðurnar gefi ekki villandi upplýsingar. Þeir setja fram eins nákvæmar og heiðarlegar upplýsingar um niðurstöður sínar og unnt er.

Hvernig snýr framangreind umfjöllun að þessu riti sem byggir að verulegu leyti á rannsóknnum höfundar, meðal annars rannsókn hans á ýmsum hliðum umfjöllunar um íþróttir fyrr og nú? Áhrif skoðana höfundar á efnisval, umfjöllun og niður-

stöður rannsókna er í sjálfu sér eitt af því sem hafa verður í huga þegar skrif höfundar eru metin. Þetta á ekki síst við þegar svo mikilvægir þættir eru undir, tengdir drengskap og siðferði.

Hnitmiðaðir kaflar

Þá er komið að því að kynna uppbyggingu þessa fyrsta hluta og helstu viðfangsefnin sem tekin verða fyrir. Um leið er ástæða til að árétta tilgang hennar sem er að fræða frekar en skemmta, gagnrýna fremur en þóknast, miðla hugmyndum fremur en staðreyndum. Leitast er við að setja efnið fram á auðskilinn hátt í stuttum og hnitmiðuðum köflum.

Í fyrsta kafla er á gamansaman hátt fjallað um reynslu höfundar af því að alast upp í fjölskyldubundnum íþróttáhuga og smitast af íþróttáhuga annarra. Tilgangur kaflans er þó öðrum þræði að skýra örlítið afstöðu höfundarins til efnis síns.

Í öðrum kafla verður fjallað um grunnhugtök bókarinnar, drengskap, heiðarleika og siðferði. Sagt verður frá því hvernig þessi hugtök urðu til og hvert innihald þeirra var og er. Loks verður gerð tilraun til að tengja þau almennt við íþróttir, íþróttaiðkun og íþróttastarf.

Í þriðja kafla verða skoðuð áhrif trúarbragða heimsins á hugsjónaarf íþróttanna, allt frá fjarlægum trúarbrögðum til fornra norræna trúarbragða og þjóðtrúarinnar. Íslenskur menningararfur verður skoðaður og tenging arfsins meðal annars við þjóðsögurnar.

Í fjórða kafla er litið til kristinnar trúar í íþróttalegu samhengi og kynnt til sögunnar nýtt hugtak: vöðvakristnin.

Í fimmta kafla verður síðan fram haldið umfjöllun um hugsjónaarfinn þar sem

sjónum er nú beint að samtímanum á Íslandi. Síðasta öld er undir og fjallað um hvernig hugmyndir manna um siðferði, drengskap og heiðarleika virðast hafa þróast. Fjallað verður um þá hugsjóna- bylgju sem til Íslands barst við endurreisn Ólympíuleikanna nærri aldamótunum 1900 og átti þátt í að mynda hugsjónagrunn ung- mennafélags hreyfingarinnar og íþrótt- hreyfingarinnar í heild á Íslandi. Loks verður fjallað um skólaíþróttir, tilkomu þeirra og hlutverk.

Í sjötta kafla verður fjallað um mátt peninga innan samfélagsins og áhrif þeirra innan íþróttahéimsins. Meðal þess sem tekið verður fyrir er fjármálaspylling í rekstri íþróttamannvirkja og íþróttasamtaka, fjár- hættuspil af ýmsu tagi, atvinnumennska og áhrif hennar, auglýsingar og markaðshyggja hvers konar.

Í sjöunda kafla er fjallað um valdið og hvernig það verður til og virkar í sam- skiptum fólks í íþróttum. Sérstaklega er fjallað um þá aðila sem í krafti valds síns í íþróttum geta haft margvísleg áhrif, bæði til ills og góðs. Þar má nefna stjórnendur, þjálfara, dómara, fyrirlíða og stjórn mála- menn en einnig fjölmiðlafólk og íþrótt- fræðimenn.

Í áttunda kafla er fjallað um margs konar fordóma í íþróttum, kynbundið ofríki, kynþáttanið, fordóma gagnvart samkyn- hneigðum og hinsegin kynhneigð og kynvitund, þjóðernisfordóma og fordóma gagnvart fötluðum. Þá er fjallað um einelti og lýðræðisskort sem oft byggir á slíkum fordómum og fáfræði.

Í níunda kafla verður tekið fyrir það sem kalla má óheiðarleika í íþróttum. Þar má telja ýmis minniháttar brot, sýnileg sem falin, innan hópíþróttar sem einstaklings- íþróttar. Athygli verður beint að hvers kyns leikaraskap sem tíðkast mjög á vörum dögum og fjallað um þróunina í ýmsum

íþróttagreinum, hvernig þær verða harðari og grimmdarlegri. Þá er tekið fyrir ofbeldi í íþróttum, þegar ásetningurinn er beinlínis að skaða einstaklinginn og minnka þar með líkur hans á sigri. Í tengslum við það verður fjallað um svokallaðar „ofbeldisíþróttir“.

Í tíunda kafla er athyglinni beint að áhangendum íþróttar, bæði iðkendum og þeim sem njóta íþróttanna sem áhorfendur og stuðningsmenn og sem foreldrar og aðstandendur þeirra sem iðka íþróttir. Loks er fjallað um þann ljóta hóp sem kallast íþróttabullur en þær hafa sett ljótan blett á íþróttaviðburði hér á landi sem erlendis.

Í ellefta kafla verður fjallað um notkun ýmissa efna til að bæta afkastagetu og árangur í íþróttum. Sum þessara efna eru lögleg og hafa lengi tíðkast, önnur teljast til lyfja eða eiturlyfja og eru ólögleg í íþróttum. Sterar eru eitt þessara efna sem geta haft mikil áhrif á íþróttagetu, jafnt sem útlit og heilsu þeirra sem þeirra neyta.

Í tólfta kafla verður fjallað um fræði- mennsku tengda íþróttum innan ýmissa fræðigreina. Einnig er þar komið inn á vísindasiðferði og heiðarleika í rann- sóknum.

Í þrettánda kafla sem er lokakafla bókarhlutans verður fjallað um hvernig megi leita leiða til að bæta siðferðið í íslenskum íþróttum og íþróttalífi. Þar er meðal annars stungið upp á að samdar verði jákvæðar og uppbyggjandi siðavið- miðanir fyrir allar íþróttagreinar, stjórn- endur og þátttakendur.

Áður en eiginleg efnisumfjöllun um íþróttir á Íslandi hefst birtist í næsta kafla brot úr sjálfsævisögu höfundar og um hlut- lægni. Tilgangur þeirrar umfjöllunar er að varpa á gamansaman hátt ljósi á áhuga hans á íþróttum og skýra aðkomu hans að þeim. Um leið getur hún skýrt þá afstöðu sem ef til vill skín í gegnum skrif hans.

1. kafli:

Í kapphlaupi á Kleppstúni

Í þessum kafla verður fjallað um bakgrunn höfundar hvað varðar íþróttir og íþróttáhuga. Komið er að íþróttabátttöku hans í æsku og á fullorðinsárum, allt þar til hann gerðist fræðimaður í íþróttافرæðum. Þennan kafla er gagnlegt að skoða, ekki bara til að skemmta sér við spennandi efni, heldur til að skilja þau viðhorf sem síðar eiga eftir að skína í gegnum skrif höfundar.

Meðfæddir íþróttahæfileikar

Höfundur ólst upp við þá móðurmjólk að vera af Hurðarbaksættinni. Það fól í sér að fylgjast náið með glímuafrekum móðurbræðra sinna, þeirra Rúnars og Gísla Guðmundssona og að eltast við öll glímumót sem haldin voru í Hálogalandi, venjulega á messutíma á sunnudögum. Samtímis bárust stanslausar fréttir af því austan úr Flóa að frændsystkini höfundar væru sífellt að sigra á alls kyns íþróttamótum, Helga, Mummi, Siggí og Dúdda. Þetta hafði áhrif á saklausa barnssálina sem varð strax handviss um meðfædda íþróttahæfileika sína og fullvissu um að komast langt á þessu sviði. Annað kom í ljós þegar frá leið.

Í Kleppsholtinu var ekkert íþróttafélag starfandi. Höfundur sá við því. Vorið sem hann var átta ára, þann 21. maí 1955,

stofnaði hann tvö félög. Frjálsíþróttafélag Vaskra Drengja, skammstafað FVD, og Glímufélag Vaskra Drengja, skammstafað GVD. Í félögunum var auk hans aðallega Árni Mogens Björnsson, vinur og jafnaldri. Hreiðar bróðir höfundar var einnig í félögunum og stundum fleiri strákar í götunni. Ef þeir voru með uppsteyt við formanninn og stofnandann voru þeir umsvifalaust reknir úr félögunum. Einnig ef þeir gerðu harða hríð að afrekum þeirra Árna og félagsmetum. Samkvæmt dagbók höfundar frá 1961 átti höfundur tíu félagsmet í FVD, Árni átti tíu, aðallega í spretthlaupum, Hreiðar tvö, sennilega í stangarstökki og langhlaupi, og svo átti einn pennavinur höfundar í Borgarfirði að nafni Steinar Matthíasson (síðar þýskukennari) fimm met. Samkvæmt þessu kepptu þeir í einum 25 til 30 greinum frjálsíþróttar!

Höfundur var tólf til fjórtán ára þegar hann vann flest þessi ódauðlegu afrek sín.

Þessi tvö félög störfuðu á Kleppstúninu í að minnsta kosti sex ár. Stundum voru æfingar reyndar á blettinum heima hjá höfundi í Efstasundi 28. Það voru þó aðallega glímuæfingarnar.

Félögin urðu fleiri. Þann 31. maí 1956 höfðu þeir eignast fótbolta og stofnuðu þá Knattspyrnufélagið Óðinn, skammstafað KFÓ.

Þann 21. júlí 1958 stofnaði höfundur Sundfélagið Hafþór, skammstafað SFH. Æfingar fóru fram í gömlu sundlaugunum í Laugardal, auk þess sem synt var í sjónum við Kleppsvík undir stjórn sjálboðapjálfrans Gauja í Efstasundi 30. Eina keppnisgreinin var 200 metra sund með frjálsri aðferð. Metin eru týnd en eru sjálfsagt skráð í skýrslur Norrænu sundkeppninnar sem Íslendingar og þar með félagar SFH sigruðu í ár eftir ár þar til aðrar norrænar þjóðir sáu sitt óvænna og lögðu keppnina niður.

Þann 1. janúar 1959 eignuðust piltarnir handbolta og körfubolta og þá voru stofnuð félögin Handknattleiksfélagið Óðinn, skammstafað HFÓ, og Körfuknattleiksfélagið Óðinn, skammstafað KKFÓ. Þessi félög störfuðu flest í stuttan tíma. Ástæðan var sú hve erfitt var að skipta tveimur til þremur félagsmönnum í tvö lið. Einstaka sinnum fengu þeir þó fleiri með.

Ólögleg íþróttastarfsemi

Höfundur minnst þess einnig að hafa stofnað eitt ólöglegt íþróttafélag. Ef til vill er það ástæða þess að ekkert finnst um þetta félag í dagbókinni. Þetta var Hnefaleikafélag Vaskra Drengja, skammstafað HVD. Móðir höfundar saumaði handa honum tvo boxhanska. Félagarnir þrír, höfundur og tveir vinir hans, Árni og Ingimundur Tryggvi Magnússon (síðar viðskiptafræðingur), hófu æfingar. Hreiðari bróður höfundar var bannað að vera með af því að móðir hans vildi ekki leyfa eldri strákunum að berja hann. Hann var tveimur árum yngri en þeir. Þremmenningarnir æfðu þannig að tveir og tveir æfðu í einu í bílskúrnum í Efstasundi 28. Hvor hafði einn boxhanska. Þar sem höfundur átti hanskana var hann alltaf með hægri hanskan þegar hann æfði. Svo reyndu þeir að kýla hver annan eftir bestu getu eftir gamalli kennslubók í hnefaleikum sem hét Kennslubók í hnefaleikum eftir Edvin L. Hajslet (1948; Eggert G. Þorsteinsson, 1948). Æfingar félagsins fengu snöggan endi skömmu eftir stofnun þess. Höfundur tókst að koma góðri hægri handar sveiflu beint á hökuna á Ingimundi svo að hann seig út af og hálfrotaðist. Þegar hann kom til sjálfs sín reif hann af sér hanskan og strunsaði út. Þeir tveir sem eftir voru nenntu ekki að

Afrekaskrá hins unga íþróttamanns

Persónuleg met höfundar árið 1961, þegar hann var fjórtán ára, voru þessi samkvæmt dagbók hans, nákvæmlega skráð:

Stökkgreinar:

Hástökk 1,35, sett 1960.
Hástökk án atrennu 1,31, sett 1961 – í sviga stendur „vafasamt“.
Langstökk 5,05, sett 1959.
Langstökk án atrennu 2,47, sett 1961.
Þrístökk 10,96, sett 1959.
Þrístökk án atrennu 7,80, sett 1961.
Stangarstökk 2,00, sett 1961.
Stangarstökk án atrennu 1,52, sett 1960 – ekki er reyndar alveg vitað hvernig sú keppni fór fram.

Kastgreinar:

Kúluvarp 9,10, sett 1959.
Spjótkest 26,25, sett 1960.
Spjótkest án atrennu 16,58, sett 1960.
Spjótkest með vinstri 12,36, sett 1960.
Kringlukast 22,40, sett 1960.
Kringlukast með vinstri 15,52, sett 1960.

Hlaupagreinar:

50 metra hlaup 7,0 sek, sett 1960.
100 metra hlaup 11,9 sek, sett 1958.
200 metra hlaup 33,5 sek, sett 1960.
600 metra hlaup 1:40:0, sett 1960 – hringurinn í kringum kálgarðana á Kleppstúninu mældust 600 metrar, það réði lengdinni.
1500 metra hlaup 5:17:7, sett 1958.
3000 metra hlaup 12:10:1, sett 1958.
12000 metra hlaup 60:00:0, sett 1958.

Fjölþrautir:

Fimmtarþraut 5.186 stig, sett 1960 – í sviga aftan við stendur „óörugg stigatafla“.
Tugþraut 7.552 stig, sett 1960 – í sviga aftan við stendur „óörugg stigatafla“.



halda þessu áfram. Þeir voru of góðir vinir til að vilja vera að lemja svona hvor annan.

Landsfrægur þristökkvari

Veturinn 1961-1962 lögðu þessi félög svo öll upp laupana. Þá gekk höfundur ásamt Árna vini sínum í Frjálsíþróttadeild Ármanns. Þeir sóttu æfingar, þá fimmtán ára, og stóðu sig bara nokkuð vel innan félagsins. Þann 17. júní árið 1962 áttu þeir að taka þátt í alvöru frjálsíþróttamóti á Laugardalsvellingum. Þeir skráðu sig í langstökk, þristökk og 100 metra hlaup.

Höfundur mætti með glænýja gaddaskó sem hann hafði fengið lánaða hjá frænda sínum en hafði ekki haft tíma til að máta þá eða æfa sig á þeim fyrir keppni. Fyrsta keppnisgreinin var þristökk og fyrsti keppandinn var hann. Hann tók glæsilega atrennu, hljóp á miklum hraða að plankanum, hitti hárnákvæmt á hann og spyrnti sér frá jörðu með miklum krafti sem margfaldaðist við langa gaddana undir skónum. Sennilega hefur aldrei sést jafn langt og glæsilegt fyrsta stökk í þristökki á Laugar-

dalsvelli, hvorki fyrr né síðar að stökkum Vilhjálms Einarssonar meðtöldum. Lengd og hæð stökksins komu höfundi í opna skjöldu. Jafnvægið riðlaðist í lokin og hann kom skakkt niður á fótinn við landingu. Hann fann ægilegan sársauka í ökklanum og lyppaðist niður á stökkbrautina, svona einn til tvo metra frá sandgryfjunni. Þetta var ægilega sárt fyrst en svo dofnaði fóturinn. Höfundur var hættur að finna til þegar kom að honum aftur í næstu umferð. Hann gerði því aðra tilraun en hún fór út um þúfur. Honum tókst tilhlaupið vel. Þó hann færi varlega og stykki af ásettu ráði mjög stutt fyrsta uppstökki gaf fóturinn sig og hann haltraði á öðrum fæti til dómara og sagði sig úr keppni. Strax eftir stökkið lét hann einnig vita að hann tæki heldur ekki þátt í 100 metrunum eða langstökkinu. Hann fékk síðan ís á fótinn, klæddi sig endanlega úr gaddaskónum og settist upp í stúku, horfði á Árna vin sinn og hvatti hann til dáða.

Árna gekk ágætlega, náði bronsi í greinunum þremur enda höfðu þeir verið fjórir skráðir til keppni í þeim öllum. Svo kom að verðlaunaafhendingunni sem fór fram í beinni útsendingu íslenska ríkisútvarpsins. Þá kemur í ljós að dómaramenn höfðu gert afdrifarík mistök. Þeir höfðu skráð Árna úr keppni í öllum greinunum þremur en fært öll afrek Árna yfir á höfund. Það var því þrisvar tilkynnt fyrir alþjóð að hann hefði unnið bronsverðlaun á þessu merka móti. Að vísu hvíslaði Árni lágum rómi að þeim sem afhentu verðlaunin að hann hétu Árni en Guðmundur þessi hefði hætt keppni. Þetta þurfti hann að gera þrisvar en höfundur sat uppi í stúku og hlustaði af mikilli athygli á að hann hefði unnið bronsið í þremur greinum. Þeir Árni eru góðir vinir en hann hefur aldrei skilað bronspeningunum sem höfundur vann þarna með þjóðina alla sem vitni. Það skal

Frímann Helgason skrifaði um íþróttir í Þjóðviljann, heimilsblað höfundar og átti sinn þátt í að kveikja áhuga hans á íþróttum.



tekið fram að Árni telur höfund ýkja stórlega. Hann hafi aðeins fengið ein bronsverðlaun enda hafi það bara verið í þrístökkinu sem svo fáir kepptu. Ýkjurnar gera söguna betri, rétt eins og í íþróttumfjöllun fjölmiðlanna. Hvers vegna ætti höfundur því að breyta henni?

Örlög antísportistans

Að fenginni reynslu barna- og unglingsára varð höfundur einskonar „antísportisti“. Hann neitaði að taka þátt í nokkrum íþróttum á námsárum sínum í menntaskóla og háskóla, fékk vottorð í leikfimi og því fór fyrir lítið ágæt leikfimikennsla Þóris Þorgeirssonar í Menntaskólanum að Laugarvatni. Í skólakeppni þótti hann algjörlega ótækur í hópíþróttir eins og körfu, blak og fótbolta. Höfundur var uppteknastur af að ganga í augun á stelpunum á þessum árum. Eina íþróttin sem hann gat eitthvað í var kúluvarp sem var ótæpt stundað undir húsvegg skólans á kvöldin. Þar var hann bestur bæði með og án atrennu. Það situr að minnsta kosti þannig eftir í minningunni.

Eitt vorið í Menntaskólanum að Laugarvatni tók höfundur sig reyndar til og ætlaði að hressa upp á hreystina. Fór hann út að hlaupa með tveimur skólabræðrum sínum.

Þótti framtakið svo mikill viðburður að um það var saminn háðssöngur:

*Auðunn, Óli og Gvendur Sæm
fóru út að hlaupa
Hlupu út í skóg og sungu: „Hæ og hó“.
Óli var í afar stórum undirkjól
Auðunn var með með pungbindi
og Gvendur Sæm var ber
Og hæ og hó og hæ og hí.
Kannski að þeir fari bara á fyllerí!*

Ekki er vitað hvaða mannvits- og skáldbrekka samdi þennan ófögnuð, nafnið gæti byrjað á Erlendur, en mikið þótti bekkjarfélögunum gaman að kyrja hann!

Nú tók við 25 ára íþróttahlé. Þessu hléi lauk þegar höfundur hafði eignast þrjá syni sem ólmir vildu taka þátt í íþróttum. Þá vaknaði gamli íþróttamaðurinn í höfundi. Hann varð aftur áhugasamur, nú sem íþróttapabbi á hliðarlínunni. Fór hann með þeim í íþróttiferðir um allt land og til útlanda einu sinni. Þetta var fótboltaferð til Færeyja með Ungmennafélaginu Fjölni. Höfundur tók þá þátt í foreldrastarfi og settist í stjórnir og ráð í íþrótt- og ungmennafélögum þeirra. Einnig smitaðist hann svo af íþróttaiðkun sona sinna að vikulega í einn vetur skrapp hann með bróður sínum í badminton.

Árið 1991 fór höfundur að kenna dönsku, íslensku og fleira í Skógum undir Eyjafjöllum. Þar voru strákarnir synir hans áfram í íþróttunum og gengu í Ungmennafélag Austur-Eyfellinga. Höfundur var drifinn í það líka og náði meira að segja að verða HSK-meistari í frjálsum með félaginu. Það var þannig að félögin innan Skarphéðins kepptu sín á milli með því að safna stigum fyrir þátttöku. Hann fór með í að safna stigum fyrir félagið og stökk þrístökk (ekki í gaddaskóm) og langstökk og fór

rúman metra í hástökki, auk þess sem hann hljóp 100 metrana á hálfri mínútu eða svo. En svo kom vandamálið. Hann fengi ekki stigin nema hlaupa 1500 metrana á undir hálf tíma. Íslandsmetið þá var 3 mínútur, 41:55 sekúndur

Fyrir honum var tíminn ekki aðalvandamálið, heldur að komast þetta, enda reykti hann á þessum árum og var 30 kílóum þyngri en nú eða um og yfir 110 kg. En þetta tókst með því að Ólafur Elí Magnússon formaður félagsins og þjálfari gekk með honum alla hringina og studdi hann og hvatti þar til hann komst í mark. En hann var ekki hæfur til kennslu daginn eftir, tilkynnti sig mikið veikan.

Í Skógum tókst honum einnig að láta þann draum sinn rætast að komast í fót-boltalið. Þegar nemendur skoruðu á kennara í kappleik vantaði markmann. Höfundur fékk lánaða gula vinnuvettlinga og stóð í markinu með þrýði. Þau 20 mörk sem nemendur skoruðu í leiknum voru ekki honum að kenna, heldur afsþyrnulegum varnarmönnum og útispilurum kennara. Hitt var verra að undir lok fyrri hálfleiks þegar hann sparkaði frá marki í fyrra skiptið sem honum tókst að verja skot, sparkaði hann svo fast að hann tagnaði í lærinu. Eftir það varð hann að biðja aðra í liðinu að sjá um útspörkin. Hann var haltur í þrjár vikur eftir þetta.

Árið 2001 fór höfundur að kenna íslensku og fræðilega ritun við Íþróttufræðasetur Kennaraháskóla Íslands á Laugarvatni. Bæði nemendur og kennarar

setursins voru og eru miklir áhugamenn um íþróttir og hreyfingu. Gamall áhugi hans á íþróttum sem fyrirbæri vaknaði af dvala. Hann valdi því fljótlega að sameina menntun sína og nývakinn íþróttáhugann í eigin rannsóknum og námi. Á vissan hátt varð hann með starfi sínu við Íþróttufræðasetrið orðinn hluti tveggja heima: Íslensks íþróttahéims þar sem allir eiga að taka þátt í baráttunni fyrir íþróttum, hreyfingu og góðri heilsu og íslensks rannsóknahéims með akademísku umhverfi þar sem allir berjast gegn öllum um alltof lítið rannsóknafé. Innan íslensks rannsóknahéims var loks heimur íslenskra íþróttarannsókna (aðallega á Laugarvatni) þar sem örfáir akademískir fræðimenn rannsaka heilsu, þol, kraft og lífsstíl íslenskra barna, unglinga og eldra fólks. Menning, samfélag, saga, heimspeki, bókmenntir, málnotkun og jafnvel almenn kennslufræði voru varla til þar í neinum mæli þegar höfundur hóf þar störf svo að honum fannst full þörf á að bæta þar úr.

Meðal þess sem höfundur hefur lært af eigin fortíð er aðdáun á heiðarleika og drengskap í íþróttum og megn andúð á öllu svindli. Hurðarbaksfólkið var annálað fyrir að vera mesta drengskaparfólk í íþróttum og á Kleppstúninu var sams konar drengskapur ástundaður að mestu. Kannski var það vegna þess að hann varð sjálfur aldrei neinn afreksmaður eða keppnismaður að neinu marki sem honum hélst svona vel á öllum þessum hugmyndum. Næsti kafli fjallar um heiðarleikann.

2. kafli: Heiðarleiki í íþróttum

Í þessum kafla verður fjallað um þau hugtök sem lögð eru til grundvallar þessari bók, drengskap og heiðarleika. Merking þeirra til forna og fram til nútímans er dregin fram. Þau eru síðan tengd þeim siðfræðikenningum sem hæst ber í umræðunni. Loks verða íþróttirnar dregnar inn í umfjöllunina og reynt að skilgreina hvað sé gott siðferði í íþróttum og hvernig ástunda megi drengskap og heiðarleika í íþróttastarfi.

Til þess að geta fjallað um íþróttasiðfræði er nauðsynlegt að skilgreina hana og afmarka. Í því skyni er nauðsynlegt að skoða hugsjón íþróttar því að í rauninni má líta á þá hugsjón sem eins konar siðareglur fyrir þá sem íþróttir stunda eða koma nærri þeim á einhvern hátt. Þessi siðfræði á sér nokkrar rætur sem nauðsynlegt er að fjalla um.

Dygðir, skyldurækni eða notagildi?

Íþróttahugsjón síðustu áratuga og þar með siðfræði íþróttar á Íslandi virðist fengin í arf frá fyrri hluta 20. aldar þegar íþróttir nútímans hófust. Á Íslandi á hún þó einhverjar rætur í hetjuhugsjón fornaldar (sem sagnfræðilega telst reyndar til miðalda). Að einhverju leyti er þessi

siðfræði því öðruvísi en meðal annarra þjóða en að hluta til sú sama því að viðhorf hetjubókmennta, sem íslenskar fornþókmenntir mega teljast til, virðast að mestu sameiginleg hinum vestræna heimi. Mest eru þó líkindin ef til vill í bókmenntaarfi Norður-Evrópuþjóða.

Líkindin eru þó ekki síður áberandi milli forngrískra íþróttar og norræns hetjuskapar. Hvor tveggja byggja á dygðum sem eru í verulegum mæli félagslegar en einnig háðar samfélagi og tíma. Aðaldygðir hetjusamfélaganna til forna voru *hugrekki* og samskipta- og persónueinkenni tengd því eins og *heiður*, *vinátta*, *hófsemi* og *viska* (MacIntyre, 2008). Aristóteles byggir dygðirnar á því sem er mannum gott, kallað *eudaimonia* á grísku sem merkir „blessun, hamingju, blómstrun“ einstaklingsins, bæði sem mannveru og félagsveru. Fyrir honum mynda dygðir og lög einnig einingu, gagnstætt því sem oft er reiknað með í nútímanum (Kraut, 2007). Á margan hátt eru dygðir Aristótelesar og lýsingar hans á þeim dæmigerðu persónum sem eru prýddar þeim (eða skortir þær) keimlíkar þeim gildum sem lýst er í Íslendingasögum. Úr fornsögunum íslensku getum við nefnt „hinar ljósu hetjur“ og viðhorf þeirra til sæmdar og heiðarleika, til dæmis Gunnar á Hlíðarenda, Kjartan Ólafsson, Ólaf konung Tryggvason, Höskuld Hvítanesgoða, Kára Sölmundarson, Gunnlaug ormstungu, Hrafnkeli Freysgoði og fleiri. Heimspekingurinn Alasdair MacIntyre orðar það þannig árið 2008 í bók sinni *After Virtue. A Study in Moral Theory* (131) (þýðing höf.):

Hetjusamfélög, eins og þeim er lýst í kviðum Hómers eða sögum Íslendinga og Íra, kunna eða kunna ekki að hafa verið til. en samt sem áður skipti sú skoðun sköpum að

Þau hafi verið til fyrir klassísk og kristin samfélög er skilgreindu tilurð sína sem uppgjör við hetjusamfélögin sem á undan komu. Þau lýstu gildum sínum sem afurðum slíks uppgjörs.

Hvort lýsingar Íslendingasagna á raunveruleika íþrótta hinna fornu hetja gefi óbrengrleika mynd af þeim veruleika er erfitt að meta. Lýsingar þeirra eru í anda bókmennta en ekki blaðamennsku eða sagnfræði. Ákveðinn þráður virðist þó liggja milli Íslendingasagna og nútíma hugmyndafræði um íþróttir og íþróttasiðferði þar sem síðari tími Íslandssögunnar miðast að miklu leyti við þessa fortíð, hvort sem hún er raunsönn eða færð í stílinn.


Líkindin við gríska og suður-evrópska hefð eru einnig sláandi. Heimspekingurinn Aristóteles færði rök fyrir því að dygð væri *meðalhóf tveggja lasta eða öfga*. Þannig væri hugrekki til dæmis meðalvegur *hugleysis* og *fíflirfsku*. Í siðfræði Aristótelesar liggur áherslan ekki á athöfnum manna, heldur skapgerð þeirra. Ekki á því hvað þeir gera við tiltekna aðstæður, heldur hvers konar athafnir þeir hafa tilhneigingu til þess að velja. Í þessu ljósi má skipta íþróttadygðum í tvennt, einstaklings- og

hópstyrkjandi dygðir (Kristján Kristjánsson, 1998; Kraut, 2007)):


Einstaklingsstyrkjandi dygðir (e. agent instrumental virtues) á sviði íþrótta eru til að mynda árvekni, varkárni, sjálfsstjórn, hugrekki, ákveðni, þrek, staðfesta, forsjálni og útsjónarsemi.

Hópstyrkjandi dygðir (e. group instrumental virtues) eru aftur á móti til dæmis samstarfshæfni, heiðarleiki, drengskapur, hæfni til að fylgja öðrum og leiðtogahæfileiki.

Greinilegt er að allar þessar dygðir prýða góða íþróttamenn. Sumt í íþróttahugsjóninni styðst einnig við skyldusiðfræði Immanuel Kant (McCormick, 2005; Atli Harðarson, 1989). Hún felst í því að þar er lögð áhersla á réttmæti athafna, skyldurækni og virðingu fyrir réttindum annarra. Í íþróttum kemur þetta fram í skilyrðislausri kröfu um samstöðu, aga og hlýðni við regluverk íþrótta. Reyndar hefur lengi loðað við íþróttir, íþróttakennslu og þjálfun að ekkert skipti þar eins miklu máli og agi og reglur. Af öllum sviðum mannlegra athafna hafa



Heimspekingurinn
Aristóteles




Heimspekingurinn
Immanuel
Kant

íþróttir því þótt standa einna næst hermennsku.

Við þetta má bæta að sú sérstaka *siðfræði jafnréttisstefnunnar* sem þróast hefur og mótask alla síðustu öld krefst jafnréttis kynjanna og jafnrar stöðu þeirra (Messner, 1994). Skiptir þar engu hvaða arm femínismans fólk telur sig styðja. Hið sama gildir raunar um jafnrétti kynþátta, fatlaðra og ófatlaðra, samkynhneigðra og gagnkynhneigðra, jafnrétti eftir búsetu og þjóðerni og fleira mætti upp telja. Ef til vill má líta svo á að hugmyndafræði jafnréttissinna sé angi af siðfræði Kants.

Þriðja siðfræðikenningin sem sjá má innan íþróttahugsjónarinnar er kenning Stuart Mills um nytjastefnuna. *Nytjastefnan* felst í því að sú breytni sé rétt sem stuðlar að almennri hamingju eða velferð en röng ef hún dregur úr henni (Kristján Kristjánsson, 1992). Samkvæmt þessum skilningi ættu þær reglur og sú breytni sem gerir sem flesta ánægða eða kemur til móts við hagsmuni þeirra að vera sú rétta en sú sem gerir fólk óánægt eða beinist gegn



Heimspekingurinn John Stuart Mill

Glímuslagur

*Heill oss, bræður, glímum, glímum!
Gæfan fylgir verknað þeim.
Maður ætti á öllum tímum
að æfa sig að standa á tveim.
Það eru brögð í tímans tafli,
torveld, krókótt mörg ein braut.
Það þarf snilld með öllu afli,
ef á að standast hverja þraut.*

*Eg skal ekki ljóða í líking,
ljóst er málið eins og rós.
Burt með alla sálarsýking
svo að kvikni meira ljós.
Meira afl og meiri spenning,
meiri æfing, fegurð, list!
Til að þróa þessa menning
þá er glíman okkar fyrst.*

*Glíman eins og á að glíma,
íþrótt sönn að hæfi manns,
snögg í líking loftsins bríma,
létt og heit sem andi hans.
Glíman var á vegum mínum
von og gleði marga nótt:
Blámann undir augum þínum
íslensk glíma rekur fljótt.*

*Áfram sveinar, glímið, glímið!
Guð og Jakob sóttust að,
tróðu niður næturhrímið,
nett og lipurt bræddu það.
Hér er ógn af ís að bræða,
eldið brögð um kuldasvið!
Styðji ykkur hilmir hæða,
hiti ykkur. Glímið þið!*

(Jón Þorsteinsson)

hagsmunum þess að vera röng. Óhætt er að segja að þetta sé til dæmis sú hugmyndafræði sem flestir íslenskir fjölmiðlar reyna að fara eftir varðandi umfjöllun um íþróttir með því að leggja mesta áherslu á það sem fjölmiðlamenn telja að almenn- ingur hafi mesta ánægju af. Reyndar má einnig halda því fram að nútíma þingræði vestrænna ríkja styðjist að verulegu leyti við nytjastefnuna – það sé réttast sem nýtist meirihlutanum sem best. Um hagsmuni hinna ýmsu minnihlutahópa er minna fjallað. Þetta sést vel í stefnuskrám flokka og ríkisstjórna, auk þess sem þingræðið byggir á meirihlutavaldi og hagsmunum meirihlutans.

Í hnotskurn leggja þessar þrjár megin- stefnur áherslu á ólíka þætti samskipta og gilda: *Dygðir – skyldur – nytsemi*. Hvernig skyldu svo þessir þættir kallast á við hetju- og íþróttahugsjón Íslendinga eins og hún hefur þróast um aldir og fram til okkar daga?

Hin forna hetjufrægð

Dr. Björn Bjarnason frá Viðfirði skrifaði bókina *Íþróttir fornanna á Norðurlöndum* árið 1908. Viðhorf hans eru mjög rómantísk og mótuð af sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Bókin var skrifuð á dönsku sem doktors- ritgerð en síðan þýdd og umrituð yfir á Íslensku. Bókin var endurútgefin óbreytt árið 1950. Hún er í rauninni eina yfirlits- verkið um íþróttir og vopnaburð norrænna fornanna sem ritað hefur verið til þessa. Í bók sinni telur Björn upp nokkur aðal- einkenni á hetjum fornaldar skv. forn- sögunum sjálfum. Í mikið styttri endursögn er lýsingin þannig:


Hetjan er fríð sínum, há á velli, grönn og bein, sterk, fim og vígkæn, augun frán og snör. Hetjan er stórlát, dáðrík og frægðarfús, sigursæl, kjarkmikil og stefnuföst, lífsglöð og ber harm sinn í hljóði. Hún er orðstillt, athugul, skap- felldin og orðheppin, baráttuglöð og áhættusækin. Hún er áræðin og hraust. Hún berst í broddi fylkingar og hlýðir því sem æðra settir skipa fyrir um. Hetjan er grandvör, orðheldin og hrein- skilin, örlát og framagjörn, göfuglynd og heiðarleg. Hún er háttprúð í hvers- dagsfari, hófsöm og alþýðleg, spök og ann fróðleik og skáldskap.

Mörg þessara einkenna eru siðferðislýs- ingar. Lýsingar á andlegum og samfélags- legum gildum minna um margt á siðfræði Aristótelesar sem færði rök fyrir því að dygð væri meðalhóf tveggja lasta eða öfga. Jens Glebe-Möller setti þennan boðskap upp í sex boðorðum hinnar íslensku forn- hetju, ásamt öðrum fræðimanni (Glebe- Möller og Pedersen, 1987):

1. *Verðu heiður ættar þinnar og þinna nánustu hvað sem það kostar.*
2. *Hefndu illverka gegn ættmennum þínum.*
3. *Vertu hughraustur og þolinn í bar- dögum.*
4. *Vertu örlátur.*
5. *Vertu trúr ætt þinni og konungi þínum. Ef andstæðingar eiga báðir rétt á stuðningi þínum er dauðinn eina leiðin út úr þeim vanda. Betra er að deyja með sæmd en lifa við vansæmd.*
6. *Vertu orðheldinn. Svik eru dauðasök.*

Samkvæmt heimspekingnum Alisdair Mac- Intyre (2008) byggjast bæði grískar og róm- verskar íþróttir og norrænn hetjuskapur til forna á dygðum sem eru í verulegum mæli

Jóhannes Jósefsson,
annálaður íþróttamaður á
fyrri hluta 20. aldar.



samfélagslegar þótt auðvitað verði að gæta þess að nákvæm merking hugtaksins „dygð“ er ætíð að hluta háð samfélagi og tíma. Aðaldygðir hetjusamfélaganna virðast hafa verið *hugrekki* og dygðir tengdar því eins og *heiður*, *vinátta*, *hófsemi* og *viska*. Aristóteles byggir dygðirnar á því sem er manninum gott, *eudaimonia* – blessun, hamingju, blómstrun, ekki aðeins sem einstaklings heldur sem félagsveru. Fyrir honum mynda dygðir og lög einnig einingu, gagnstætt því sem oft er reiknað með í nútímanum. Á margan hátt eru dygðir Aristótelesar og lýsingar hans á þeim dæmigerðu persónum sem eru prýddar þeim keimlíkar þeim gildum sem lýst er í Íslendingasögum eins og Kristján Kristjánsson heimspekingur (1998) hefur bent á.

Enginn kostur er að meta hvort íslenskar fornsögur gefi óbrenslaða mynd af raunveruleika íþróttanna hinna fornu hetja. Lýsingar þeirra eru bókmenntalegs eðlis en ekki ritaðar í stíl blaðamennsku eða sagnfræði. Íslendingasögur og aðrar íslenskar fornþekktir geyma frásagnir af örlögum hetja og betri bænda árunna 900–1200

e. Kr. Fræðimenn telja þær þó almennt traustar heimildir um gildi og dygðir þess tíma sem þær fjalla um og kannski enn frekar ritunartíma síns (Ólafur Briem, 1972; Sigurður Nordal, 1942). Síður sé hægt að treysta frásögnum af einstaka atburðum og persónum. Frásagnarhættir Íslendingasagna eru flóknir og gefa kost á ýmiss konar túlkun: Bókmenntafræðilegri, félagsfræðilegri, siðfræðilegri og trúfræðilegri. Þó má ekki gleyma því að þær eru skráðar eftir að Ísland var kristnað en fjalla um atburði sem sumir gerðust í heiðni.

Fer heimur versnandi?

Einstaklingshyggja hefur alltaf verið til í einhverjum mæli en sjaldan verið eins ríkjandi og í samfélagi nútímans hér og í nágrannalöndunum. Einstaklingshyggja er andstæða félagshyggju sem vinsæl var á fyrri hluta síðustu aldar og síðan aftur eftir 1970. Henni verður best lýst með því að hver einstaklingur eigi fyrst og fremst að hugsa um sjálfan sig og vini sína, ættingja

eða aðra sem hann vill sjálfur, frekar en að einstaklingar og samfélag hafi gagnkvæmum skyldum að gegna.

Andóf gegn einstaklingshyggjunni kemur fram í aukinni umræðu um siðferði síðustu misseri og ár. Sú umræða hefur snúist um spillingu, siðleysi og glötuð gildi. Fullyrt er að nú rísi úr hafi nýtt Ísland eins og eftir ragnarök, hlaðið nýjum gildum og siðalögmálum (Svafa Grönfelt o.fl., 2008). Íþróttir hafa ekki verið dregnar inn í þessa umræðu en vissulega gæti það þó verið forvitnilegt. Er líklegt að íþróttirnar séu eitthvert eyland siðgöfgi og háleitra gilda á meðan siðleysi viðgengst á öðrum sviðum samfélagsins? Hefur heiðarleiki og siðferði í íþróttum ef til vill verið að þróast í svipaða átt og samfélagið allt síðasta áratuginn og jafnvel lengur? Hvort er hvati afreka og árangurs íþróttafélaga, liða og einstaklinga nútímans fjárhagslegur eða félagslegur? Er heiðarleg samkeppni ekki lengur til? Lansmenn eru iðnir við að gagnrýna það kerfi sem skapar ofurlaun og bónusa fyrir íslenskra bankapilta á fertugsaldri. Á það sama við um ofurlaun og bónusa fótbolta-pilta á þrítugsaldri?

Í viðskiptalífinu hefur það viðhorf ríkt að allt sé leyfilegt svo framarlega sem það skili fjárhagslegum árangri og komist ekki í háamæli. Er þetta svona í íþróttunum líka? Finnst fólki í lagi að íslenskir landsliðsmenn í einhverri íþrótt beiti í tvísýnum leik fantabrögðum og brotum, bara ef dóm-ararnir sjá ekki til? Og fyrst stjórnmála-flokkar mega þiggja fé af þeim sem hafa hagsmuni af góðri niðurstöðu pólitískra umræðna og ákvarðana, er þá nokkuð að því að íþróttadómarar og jafnvel leikmenn þiggi fé af þeim sem hafa sérstakan hag af að úrslit leikja verði þeim vilhöll? Loks má nefna að almenningur vill sem best og dramatískust afrek á íþróttasviðinu. Er þá nokkuð að því að íþróttamenn reyni að sjá

til þess að fólk fái það sem það hefur greitt fyrir með því að koma á mót eða horfa á íþróttir í sjónvarpi – jafnvel þótt það kosti það að íþróttamaðurinn bæti örlítið við getu sína með neyslu einhvers konar lyfja eða stera? – Í stuttu máli, gerum við aðrar siðferðiskröfur til íþróttar en til dæmis viðskiptalífs eða stjórnmála?

Oft er bent á vaxandi einstaklings- og peningahyggju innan samfélagsins og þar með talið íþróttar (McNamee, 2008; Giddens, 1991). Í íþróttum virðist einstaklings- og peningahyggja valda sterkri árangursdýrkun á kostnað þátttöku. Meðal íþróttamanna í ákveðnum greinum virðist það vera viðtekin sýn að tilgangurinn helgi meðalið, eðlilegt sé að íþróttamenn reyni að auka árangur sinn og fjárhagslegan ábata hvað sem það kostar.

Eigin hagsmunir og sjálflægni

Veruleiki íþróttar á Vesturlöndum virðist gegnsýrður nútíma einstaklingshyggju. Fræðimaðurinn Anthony Giddens (1991) talar um nútímann sem „öld sjálfsselskunnar“. Þannig dýrki nútíminn færni og snilli hins sjálfhverfa einstaklings. Það séu aðeins ánægjulegar aukaverkanir ef þessir hæfileikar leiða af sér atferli sem verður öðrum að gagni. Félagslegur ábati er alltaf álitinn afleiðing en ekki hvati slíks atferlis. Reyndar er það svo að oft er gert meira úr þessum félagslega þætti til að fella atferlið betur að pólitískum eða siðferðilegum viðmiðum. Til dæmis er dregið fram og gert mikið úr því hve mikilvægt sé fyrir þjóðarhag að eiga góða íþróttamenn, flotta þátttakendur í Júróvisjón eða snjalla tónlistarmenn.

Þótt einstaklings- og afrekadýrkunin hafi greinilega náð yfirhöndinni á flestum

sviðum íþrótta, má segja að andstæða hennar hafi aldrei viðurkennt ósigur sinn til fulls. Fjöldi fólks stundar íþróttir á Íslandi án þess að það tengist nokkurs konar metastreitingi eða samkeppni, nema þá ef til vill við sig sjálft. Hér má nefna útivist af ýmsum toga, skokk, gönguferðir, sund, hjólræðar og jafnvel veiðiskap. Tilgangurinn er þá ekki afrek, met eða sókn í verðlaun eins og áður sagði, heldur fremur ánægja stundarinnar, bætt heilsa og samvera.

Fleiri hugsjónakerfi hafa haft áhrif á íþróttirnar án þess að þau tengist beinlínis íþróttum og siðfræðikenningum. Þannig hafa stjórnmalahugsjónir, skoðanir og ýmsar hefðir haft mikil áhrif á afstöðu fólks til íþrótta. Næsti kafli fjallar um trúar-



Anthony Giddens félagsfræðingur. Hann rannsakaði sjálflægni nútímans en á sínum tíma skrifaði hann prófritgerð um íþróttir.

brögðin sem löngum hafa innihaldið sterkustu siðalögmál manna og sem slík hlotið að hafa sterk áhrif á ríkjandi hugsanagang innan íþróttanna á hverjum stað og á hverjum tíma.

Gömul saga — og ný

Það er gömul saga og ný að mennirnir eigi í sífelldu og eilífu kappstríði. Á líf einstaklingsins má líta sem samfellda keppni sem hefst við fæðingu og lýkur á dánardægri. Það er móðir náttúra sem ytir okkur út í þetta stríð og móðir náttúra hefur gert einstaklinginn hæfan til þessarar keppni. Frá þessu sjónarmiði má segja að lífið sjálft sé íþróttin mesta.

Lífeðlisfræðin geymir aragrúa dæma um það hvernig einstaklingurinn ávinnur sér þá kosti sem gera hann hæfastan til að heyja lífsbaráttuna og hvernig líf manna, dýra og jurta er barátta og keppni um sem besta lífsafkomu.

Líf mannsins er vettvangur fjölbreyttrar keppni. Grunnþónn þeirrar keppni er árangur í lífsbaráttunni. Einn stælir hug sinn og anda, annar líkama sinn til ýtrustu átaka og afkasta. Það er þröngsýnn andans maður sem forsmáir

náungann fyrir líkamsdýrkun. Jöfn er heimskja þess sem telur að líkamsefning án stælingar andans sé eina leiðin til árangurs. Vitrir menn og lærðir forsmá ekki íþróttir. Til sönnunar þess er sagan um Aristoteles og Platon, sem eru upphafsmenn fimleikakerfis — en að því víkjum við síðar í greininni.

Fáir munu þeir Íslendingar vera sem ekki hafa notið íþrótta ýmist sem þátttakendur eða sem áhorfendur. — Í heimi íþróttanna gerast atburðir sem eru æsandi, hrífandi og spennandi öðrum þræði en að hinum þræði til hvetjandi, þroskandi og vitna um viljastyrk, ötulleika og staðfestu. Ef veggir og brautir íþróttavalla fengju mál gætu þeir sagt sögur um einvígi án lífláts, um keppni þar sem aðeins einn gat sigrað en allir hurfu þó á braut sem vinir. Utan þessara helgu staða íþróttanna, gerast einnig slíkir atburðir — því íþróttamennskan og hinn sanni íþróttaandi er alls staðar ómissandi, ekki hvað síst í hinni mestu íþrótt allra íþrótta, íþróttinni, sem við köllum líf. En allir hlutir eiga sína sögu. Við sem i

dag sjáum mann í fimleikum, sundi, knattspyrnu eða einhverri grein frjálsíþrótta gerum okkur sjaldan það ómak að hugsa um það að allar þessar greinar íþrótta eiga sér aldagamla sögu, sumar tilkomnar af hefðbundnu starfi margra kynslóða. Þær hafa átt sín blómaskeið og sína banntíma. Þær hafa verið í hávegum hafðar — eins og nú — og það hefur áður um aldaraðir verið sagt: citius — altius — fortius, Ólympíuleikir setja sinn svip á ókyrrt líf jarðarbúa í dag. Þeir hafa skotið rötum — en fullorðnir menn á meðal vor muna þó upphaf þeirra. En Ólympíuleikarnir fornu náðu yfir 11 alda tímabil. — Þeirra saga er löng og ekki bein, frekar en rennsli lækjar fram sléttlendi. Blómaskeiðið var langt. Bjartast var það er hellensk menning náði hæst — dimmast var það þegar Rómverjar innleiddu atvinnumennskuna í íþróttirnar og siðleysi, óheildarleiki og mútur mótuðu kappmótin. Saga er alltaf marglit og löng saga hefur flesta litina. (Mbl 1956, bls. 44)

3. kafli:

Trúarbrögðin íþróttir

Rannsóknir á íþróttum eru mjög þverfræðilegar og tengjast mörgum fræðigreinum. Dæmi um fræðigreinar sem hafa fjallað um íþróttir er trúarbragðafræði. Séra Gunnar Stígur Reynisson orðar þetta samspil eða samlíkingu skemmtilega í blaðaviðtali 23. júní 2013 en þar segir hann (23):

Þeir sem trúa ekki á fótbolta, ef hægt er að orða það þannig, þeir sem eru trúlausir fatta þetta ekki, skilja þetta ekki. ... Þeir fatta ekki og skilja ekki hvernig hægt er að hafa svona mikinn áhuga á fótbolta – þetta er bara leikur. Eða þeir sem eru trúlausir segja: Hvernig getur þú trúað á Guð – hann er ekki til. Knattspyrna er bara svo miklu meira, þetta er eitthvað sem er í hjartanu í okkur. Sama er með Guð, þó við sjáum hann ekki er hann í hjartanu í okkur.

Um þessi tengsl og margt fleira fjöllum við í kaflanum hér á eftir og byggjum á rannsóknnum ýmissa fræðimanna, auk höfundar.

Fjarlæg trúarbrögð

Tengja má íþróttir við flest eða öll trúarbrögð heims. Í Kína hafa til dæmis fundist vísbendingar um að til forna hafi menn stundað þar keppni í fiskveiðum, sundi og ýmsum bardagaíþróttum. Margir vísindamenn eru þeirrar skoðunar að Kínverjar hafi verið fyrstir til að innleiða siðferðisleg gildi í íþróttir og tengja saman íþróttir, hugleiðslu og almenna heilbrigði. Dæmi um þetta er Tai Chi sem þróaðist í Kína til forna og hefur náð fótfestu víða, meðal annars hér á landi.

Í nýrri bók eftir norska fræðimanninn Ove Olsen Sæle (2015) segir frá því að íþróttir hafi skipt máli strax í hinum fornu menningartímabilum heimssögunnar.

Dæmi um það eru svokallaðir hlaupandi sendiboðar í Evrópu, Afríku, Indlandi og Kína. Þeir þekktustu í þessum hópi hafi þó verið inka-hlaupararnir sem kallaðir voru *chasquis*. Vitað er að Súmerar stunduðu íþróttir, einkum í tengslum við hlaup sendiboða. Einnig við sérstakar íþróttahafnir eða keppnismót þar sem keppt var í hnefaleikum, glímu, boltaleikjum og fimleikum.

Egypskar fornminjar frá því 3100 til 3000 f. Kr. sýna einnig að Egyptar stunduðu ýmsar íþróttir, eins og bogfimi, glímu, hnefaleika, hlaup, kappreiðar, sund, róður og boltaleiki. Bæði í Mesópótamíu og Egyptalandi hlupu menn „til að gleðja guðina“.

Indíánaþjóðflokkar í Ameríku stunduðu einnig íþróttir. Til dæmis stunduðu mayaþjóðin og aztekar í Mið-Ameríku sérstakan trúarlegan knattleik. Við hlið hofsins var byggður steinlagður knattleiksvöllur fyrir þennan leik. Þetta var liðakeppni þar sem átti að snerta eins konar gúmmibolta með mjöðminni. Tilgangur leiksins var að koma boltanum í gegnum hring sem hékk út frá

hofsveggjum. Minnir leikurinn talsvert á körfubolta nútímans ef mjaðmarhnykkurinn er undanskilinn. Stundum endaði þessi leikur með grimmilegum hætti þegar leikmanni eða þræl var fórnað til guðanna til sigurs og frjósemi jarðar með því að hálshöggva hann á staðnum og rífa úr honum hjartað.

Þessar þjóðir stunduðu einnig annan knattleik sem gekk út frá baráttu sólar- og mánaguðanna. Honum lauk stundum álíka illa, með mannfórnum og blóði. Apach-indíánar stunduðu boðhlaup fyrir unga ókvænta karla til að blíðka guðina og auka á karlmennsku þeirra. Einnig voru stundaðar ýmsar aðrar íþróttir meðal indíána, og voru þær til dæmis efni sérstakra margra daga íþróttahátíða, *lacrosse*.

Zulu-knattleikurinn í Durban í Suður-Afríku er þekktur úr sögunni. Hann var eins konar blanda fornrar menningar og nútíma knattspyrnu. Hann var hluti helgiathafnar sem hófst með því að þjálfarar, leikmenn og stuðningsmenn sváfu naktir í stórri dæld nálægt varðeldi. Galdrælknirinn á staðnum, *inyanga*, stundaði heilunarstörf sín sem fólust meðal annars í því að stinga létt með hníf á hné og olnboga. Hjá cherokee-indíánum var þetta eins. Þar var einnig talið að guðirnir ættu sinn þátt í leiknum. Ef liðið tapaði hafði galdrælknirinn ekki staðið sig í stykkinu, var rekinn og annar ráðinn í staðinn. Þetta minnir á þá árátta nútímans að þegar stórliðin tapa leikjum er vinsælt að láta þjálfarana fjúka.

Þessi staða íþróttanna í trúarbrögðum „frumstæðra þjóða“ bendir til þess að kannski megi í þeim leita uppruna íþróttanna á Vesturlöndum nútímans, að minnsta kosti að einhverju leyti. Hvað þá með Evrópu til forna?

Seifur,
æðsti
guð
Grikkja
til forna.



Grísk-rómversk trúarbragðaglíma

Íþróttir vestrænna ríkja hvíla frá fornu fari á traustum grunni trúarbragða, allt frá dögum Forn-Grikkja og Forn-Rómverja. Í þessum forna menningarheimi (700 f.Kr. til 400 e.Kr.) var litið svo á að íþróttir væru hluti átrúnaðarins og afrek íþróttamannsins var fórn hans til guðanna (Sansole, 1988; Reid, 2009). Ólympíuleikarnir og leikar einstakra borgríkja voru til að mynda nátengdir grískum goðheimum, þeir voru haldnir til heiðurs aðalguðum grískrar trúar og guðlegum verndurum hvers borgríkis. Dans var einnig hluti trúarbragðaiðkunarinnar. Seifur var aðalverndari Ólympíuleikanna til forna og íþróttaiðurinn var færður honum, eiðurinn um að halda allar reglur leikanna. Hetja og fyrirmynd leikanna var Herakles sem upphaflega var maður en varð að guði vegna líkamlegrar færni og íþróttafreka sinna. Litið var á íþróttafærni og líkamlegan styrk sem guðdómlegan. Vel þjálfaður líkami sýndi heilaga fegurð sköpunarverksins. Íþróttahetjur voru líkari guðunum en aðrir menn og urðu þannig

eftir dauða sinn fyrirmyndir annarra manna, sérstaklega æskunnar sem alin var upp í íþróttum og líkamlegum þrótti.

Aðrir aðalguðir Grikkja sem virðast hafa haft nán tengsl við íþróttir eða íþróttaleikni eru þrír: Appolo var meðal annars talinn guð bogfiminna, Ares var stríðsguð og Hermes var sendiboði guðanna og mikill hlaupari. Auk þess voru sigurvegarar á Ólympíuleikum gjarnan teknir í guðatölu, einkum ef þeir sigruðu oft en einu sinni.

Með Rómverjum kom nokkuð annar svipur á íþróttirnar. Þær urðu „markaðsvænni“, grimmdarlegri, miskunnarlausari og dramatískari. Atvinnumennskan hélt innreið sína. Þar með fjarlægðust þær nokkuð trúarbrögðin en urðu þess í stað skemmtun fyrir þá sem horfðu á, þróun sem sést vel í íþróttum nútímans. Tengsl trúarbragða og íþróttarofnuðu þó engan veginn. Meðal rómverskra íþróttaguða eru Júpíter sem var aðalguð Rómverja, hernaðarguðinn Mars og sendiboðinn og hlauparinn Merkúr.

Allan þennan tíma voru íþróttir mjög áberandi og sterkur þáttur í uppeldi og menntun ungmenna. Að vísu voru áherslur mismunandi milli tímaskeiða og borgríkja. Þannig var íþrótt- og hernaðaruppeldi mun sterkara í Spörtu en til að mynda í Aþenu. Alls staðar var það nátengt trúarlegu og þjóðernislegu uppeldi.

Kappsamir íþróttar-Æsir

Dygðahugsjónir norrænnar sögualdar tengjast dygðum forngrískra samfélaga. Sama gildir um hinn heiðna norræna sið, einnig þar eru líkindi við trúarbrögð Grikkja og síðar Rómverja. Í íslenskum fornritum kemur einnig fram að íþróttir tengdust



Ýmis íþróttafélög heita eftir hinum fornu guðum, m.a. Þór og Óðni.

ásatrúnni, meðal annars með því að einkenni og kostir sumra goða voru gjarnan tengdir íþróttaleikni þeirra og líkamsburðum (Snorri Sturluson, 1935).

Fræg er sagan af för Þórs til Útgarda-Loka sem líktist mest íþróttar- eða keppnisferð þar sem keppt var í ýmsum íþróttum. Guðinn Loki keppti við jötuninn Loga í kappáti, Þjálfí fóstursonur Þórs keppti við Huga í spretthlaupi, Þór keppti sjálfur í kappdrykkju og lyftingum og glímdi við Elli kerlingu. Jötnar höfðu rangt við og báru sigur úr býtum. Í annarri ferð kastaði Þór steini í tröllskessu sér og öðrum til bjargar (sbr. sleggjukast nútímans).

Aðrir guðir sem sérstaklega eru tengdir afli og líkamlegri færni eru þessir: Óðinn var helsti guð Ásatrúarinnar og mikill skylmingakappi og raunar alhliða bardagaguð. Týr er djarfur og hugaður og ása hraustastur. Höður er annálaður fyrir afl sitt þótt blindur sé og kastaði spreki í gegnum Baldur og drap hann þannig óvart. Víðar er mállaus en afar sterkur. Váli þótti hittinn mjög, sennilega með boga og spjóti,

hugsanlega þó grjóti. Ullur var bæði leikinn á boga og mikill skíðaguð. Gyðjan Gná þótti bera af í að sitjaq hest og Magni sonur Þórs þótti firnasterkur. Í Völuspá (1928) er getið um að guðirnir hafi teflt skák þegar friður ríkti.

Það er því ljóst að íþróttir og líkamleg færni hafa skipt miklu máli í norrænni Ásatrú. Einnig virðist heiðarleiki og drengskapur hafa skipt miklu. Mörg þeirra viðhorfa sem mótuðust í heiðinni trú hafa lifað áfram í þjóðtrú og menningu Íslendinga og því þá ekki þessi viðhorf til íþróttanna?

Íþróttahjátrú

Áberandi er meðal íþróttafólks, sérstaklega kapólskra þjóða, hve oft það krossar sig og lítur til himna. Sjálfsagt er þetta til þess hugsað að þakka Guði fyrir velgengnina eða biðja Guð um hjálp. Leikmenn signa sig fyrir kappleiki og biðja bænir, frjálsíþróttamenn snúa augliti sínu til himna og ákalla guð sinn áður en keppni hefst. Karlar og konur kyssa hálsmen sín, skerða ekki neglur eða snúa sér í átt til Mekka. Hjátrú í íþróttum er þannig verðugt rannsóknarefni og hefur

Íþróttakeppni í Jötunheimum

Því næst koma þeir fyrir konunginn, Útgarða-Loka, og kvæddu hann. En hann leit seint til þeirra og glotti við tönn og mælti: „Seint er um langan veg að spyrja tíðinda. Eða er annan veg en eg hygg að þessi sveinstauli sé Ökuþór? En meiri muntu vera en mér list þú. Eða hvað íþróttar er það er þér félagar þykist vera við búinir? Enginn skal hér vera með oss sá er eigi kunni nokkurskonar list eða kunnandi umfram flesta menn.“ Þá segir sá er síðast gekk, er Loki hét: „Kann eg þá íþrótt er eg em alþúinn að reyna, að enginn er hér sá inni er skjótara skal eta mat sinn en eg.“

...

Þá spyr Útgarða-Loki hvað sá hinn ungi maður kunni leika. En Þjálfur segir að hann mun freista að renna skeið nokkur

við einhvern þann er Útgarða-Loki fær til. Hann segir, Útgarða-Loki, að þetta er góð íþrótt og kallar þess meiri von að hann sé vel að sér búinn of skjótleikinn ef hann skal þessa íþrótt inna, en þó lætur hann skjótt þessa skulu freista. Stendur þá upp Útgarða-Loki og gengur út, og var þar gott skeið að renna eftir sléttum velli. Þá kallar Útgarða-Loki til sín sveinstaula nokkurn er nefndur er Hugi og bað hann renna í köpp við Þjálfur.

...

Þá spyr Útgarða-Loki þór hvað þeirra íþróttar mun vera er hann muni vilja birta fyrir þeim, svo miklar sögur sem menn hafa gjört um stórvirki hans. Þá mælti Þór að helst vill hann taka það til að þreyta drykkju við einhvern mann. Útgarða-Loki segir að

það má vel vera og gengur inn í höllina og kallar skutilsvein sinn, biður að hann taki vítishorn það er hirðmenn eru vanir að drekka af. Því næst kemur fram skutilsveinn með horninu og fær Þór í hönd.

...

Þá mælti Útgarða-Loki: „Það gera hér ungir sveinar er lítið mark mun að þykja, að hefja upp af jörðu kött minn. En eigi mundak kunna að mæla þvílíkt við Ásaþór ef eg hefði eigi séð fyrr að þú er miklu minni fyrir þér en eg hugði.“

...

„Kalli mér hingað kerlinguna fósturu mína, Elli, og fáist Þór við hana ef hann vill. Felld hefur hún þá menn er mér hafa litist eigi ósterklegri en Þór er.“

(Snorra-Edda: För Þórs til Útgarða-Loka)

verið rannsakað (Sæunn Sæmundsdóttir, 2013; Brevers o.fl., 2011).

Mikil spenna ríkir oft fyrir íþróttamót og íþróttakappleiki. Ekkert má út af bera sem truflað gæti einbeitingu íþróttamannsins. Þetta andrúmsloft er tilvalinn jarðvegur fyrir hjátrú enda er algengt að íþróttamenn séu hjátrúarfullir. Hjátrúin er liður í því að skapa ákveðið hugarástand sem á að aðstoða íþróttamanninn þegar að keppni kemur. Menn halda fast í siði og venjur sem þeir hafa trú á að hjálpi þeim að ná góðum árangri en hafa að sama skapi illan bifur á því sem talið er ólánsmerki. Þó að hjátrú sé stundum persónubundin er hún í aðalatriðum svipuð milli manna og ekki virðist skipta máli hvaða íþrótt er stunduð né með hvaða íþróttafélagi er æft.

Í erlendum rannsóknum og greinum hefur margt komið fram um hjátrúarhegðun íþróttamanna. Hún er allt frá því að vera í sömu skóm í öllum leikjum yfir í atriði eins og að verða að sjá töluna 13 á leið í leik, vera í treyjunni á vissum vegakafli á leiðinni í leik, leika sama lagið fyrir keppni eða jafnvel reykja sígarettu um morguninn á keppnisdegi. Ekki virðist mikill munur á milli íþróttagreina hvað þetta varðar.

Innan íþróttasálfræði er hegðun og hugsun þeirra sem eru í íþróttum rannsökuð. Íþróttasálfræðingar fást við hjátrú í starfi sínu og samkvæmt þeim er hún ekki alltaf neikvæð og getur hjálpað íþróttamönnum að öðlast það sjálftraust sem þeir þarfnast til að læra nýja tækni við að takast á við sálfræðistríðið sem oft fylgir íþróttagreinum. Að einhverju leyti kann þetta að vera liður í nauðsynlegri sjálfssefjun eða sjálfsdáleiddslu íþróttamanna fyrir keppni.

Hjátrú virðist einnig algeng hjá íslenskum íþróttamönnum. Nokkrar frásagnir íþróttafólks tengjast hjátrú og klæðnaði. Aðrar tengjast ákveðnum athöfnum eða aðstæðum, eins og naglalakki,

rauðu ljósi, keppnisstað, svörtum köttum og hvenær pissað er fyrir leik. Einnig voru sögur sem tengdust hjátrú og mat. Þá er algengt að íþróttafólkið tengi tölur við hjátrú sína.

Busanir í íþróttum eru angi af hjátrúnni og virðast afar algengar. Nýliðar eru sviptir svefni og mat, látnir taka þátt í eða herma eftir kynferðislegum uppátækjum, borða ógeðslegan mat og stela úr búðum. Þeir eru látnir sinna störfum sem aðrir nenna ekki, svo sem að ganga frá boltum og þess háttar, og eiga að þjóna hinum. Busanir ganga út á að láta nýliðana fara hjá sér og koma þeim í óþægilegar aðstæður. Það sem nýliðarnir þurfa að ganga í gegnum er misalvarlegt en takmarkmið virðist vera að niðurlægja þá á einhvern hátt. Busanir á Íslandi hafa aðeins verið í sviðsljósinu og hafa sumir lýst áhyggjum sínum vegna þeirra (Ómar Ragnarsson, 2012) á meðan aðrir eru allsendis áhyggjulausir (Kolbeinn Tumi Daðason, 2012).

Trúarlegir þættir eru greinilega hluti íþróttamenningar, jafnt á Íslandi sem erlendis. En fyrst minnst er á menningu er freistandi að skoða áhrif þjóðmenningarinnar á íþróttir og öfugt: Hvaða áhrif hafa íþróttir á menningu landsins, eins og bókmenntir og listir? Næst verður því fjallað um það sem venjulega er kallað því hátíðlega heiti: Menningararfurinn.

Íþróttir og menningararfur

Íslendingasögur, raunar fornbókmenntirnar í heild, eru margslungnar og bjóða upp á ýmiss konar nálgun. Ein þeirra er íþróttir og íþróttaiðkun. Keppni og metingur er stór hluti atburðarrásarinnar en sjaldan í anda hins sanna ungmennafélagsanda þótt hetjuhugsjónin sem slík sé í sjálfu sér ungmennafélagsleg. Hinn sanni ungmenna-



Danski fræðimaðurinn Jens Glebe-Möller sérhæfði sig í forníslenskum bókmenntum og hefur skrifað margar greinar og bækur um þau efni.


félagsandi felst í því að meira máli skipti að vera með en að sigra. Sérhver fornhetja varð hins vegar að skara fram úr að minnsta kosti í einni íþróttagrein. Góður íþróttamaður var sveit sinni eða liði til sóma og framdráttar, rétt eins og í stiga-söfnun einstakra keppenda fyrir íþróttafélagið sitt í nútímanum.

Fornsögurnar eru mikilvægur hluti af sjálfsmynd og sjálfsskilningi þjóðarinnar. Án þeirra væri íslensk menningararfleifð fátækari, í það minnsta allt öðruvísi. Þær eiga því erindi við íslenskan almenning. Þær eru skemmtilegar, vel skrifaðar og spennandi þótt einstakir lesendur geti þurft örlitla örvun eða aðstoð til þess að gera sér grein fyrir því.

Íslensk fornrit juku á sínum tíma áhuga ungs fólks á íþróttum enda voru íþróttahetjur fornsagnanna fyrirmyndir þeirra sem stofnuðu ungmennafélögin, sérstaklega hvað varðar afstöðu til hins heilbrigða og vel þjálfða einstaklings. Íþróttahetjur nú-

tímans virðast í hugum æskufólks gegna svipuðu hlutverki og hetjur fornaldar. Í ljósi vinsælda íþróttameðal alls þorra ungs fólks er ekki ólíklegt að vekja megí áhuga nemenda á fornsögunum með því að nálgast þær í gegnum keppnisandann sem þar ríkir.

Íslendingasögur eru listaverk af bestu gerð. Þær ná vel til yngsta fólksins ef það fæst til að lesa þær (Guðmundur Sæmundsson og Ingibjörg Jónsdóttir Kolka 2008). Hvaða stökkpallur er betri til þess að fá ungt fólk til að njóta þessara verka en sá sem þeir hafa svo mikinn áhuga á í sínu daglega lífi? Þetta er stökkpallur íþróttahetjuskapar og ekki síður fyrirmyndanna úr íþróttunum. Þessi nálgun tengir saman íþróttahetjur fornaldar og nútímans og dýpkar þannig skilning og upplifun nemendanna af hvorum tveggja. Hverjir skara fram úr? Hvernig verður fólk frægt og fyrir hvað? Hvers vegna leitar fólk fyrirmynda á meðal hinna frægu? Hversu göfugir eru þeir og hversu breyskir þurfa þeir að vera



Ólafur Briem, fræðimaður og íslenskukennari.

til þess að almenningur geti samsamað sig þeim?

Næsta stig menningararfsins við forn-sögurnar eru þjóðsögurnar. Óhætt er að fullyrða að íþróttir komi víða fyrir í íslenskum þjóðsögum þótt það hafi því miður ekki verið rannsakað á sama hátt og

og fornbókmenntirnar. Reyndar vísar dr. Björn Bjarnason (1950) stundum í þjóð-sögur í umfjöllun sinni um íþróttir forn-manna, til dæmis um afrek Grettis sterka Ásmundarsonar og annarra útilegumanna.

Samnorrænn sögu- og bókmenntaarfur er einkar ríkur af þemum, minnum, ein-stökum persónulýsingum og atburðum sem gefa tilefni til íþróttabókmenntalegra vangaveltna (Nordic Narratives, 2004; Litterære fortællinger om idræt i Norden, 2010). Íslendingar hafa í rauninni staðið sig ágætlega varðandi sagnfræðilega umfjöllun um íþróttir. Það er vel því að nútíminn byggir á sögunni. Sagan kennir samtím-anum að þekkja sjálfan sig og jafnvel fram-tíðina. Einnig hjálpar sagan nútímamönnum að skilja hvers vegna þeir hugsi á þann hátt sem þeir gera og hvaðan séu komnar hugmyndir þeirra um heiðarleika, siðferði og fleira sem tengist íþróttum.

Umfjöllunin færist nú nær samtím-anum. Kristindómur nútímans er hreint ekki ósnortinn af íþróttum þótt margir haldi annað. Einnig í þeim kristindómi er margt sem áhrif hefur á íþróttir og íþróttasiðferði.

Völuspá (brot)

*8. Tefldu í túni,
teitir vóru,
var þeim vettergis
vant úr gulli,
uns þrjár kómu
þursa meyar
ámáttkar mjög
úr Jötunheimum.*

*62. Þar munu eftir
undursamlegar
gullnar töflur
í grasi finnast,
þær er í árdaga
áttar höfðu.*

(Ólafur Briem, 1968)

Áhrínsorð

*Í gær lést á heimili sínu ... og svo
birtist mynd í Mogganum af knatt-
spyrnudómaranum sem ég hafði
aldrei séð fyrr nema svartklæddan á
harðaspretti fram og aftur völlinn á
hvítum mjóum fótleggjum með
flautu í munninum. Ég sá skyndilega
fyrir mér trylltan skarann á bekkj-
unum sem hrópaði ókvæðisorð að
þessum flautandi dökkklædda
manni: Útaf með dómarann! Útaf
með helvítis dómarann!*

(Þórður Helgason)

4. kafli: Vöðva- kristnin


Að sönnu fer ekki mikið fyrir íþróttum í hinni helgu bók, að minnsta kosti ekki í þeirri merkingu sem okkur er töm. Frásögnin af glímu þeirra Davíðs og Golíats má þó skoða sem eins konar íþróttakeppni þess tíma. Páll postuli notar gjarnan íþróttamyndmál í skrifum sínum í Nýja testamentinu vegna þess að hann taldi það málfar ná vel til fólks. Er jafnvel talið að hann hafi stundað íþróttir í menntaskóla í heimabæ sínum, Tarsus. Annars er álitíð að Rómverjar hafi bannað Ólympíuleikana árið 393/394 e. Kr. vegna þess að þá var Rómaveldi orðið kristið og litið var á leikana sem heiðna athöfn, jafnvel heiðna trúarathöfn (Gunnar Stígur Reynisson, 2009; Hoffman, 1992; Kyrkan och idrotten under 2000 år, 2015; Sæle, 2015).

Kristnar miðaldir

Frekar lítið fer því fyrir íþróttum í kaþólsku skólahaldi miðalda (476 - 1517), eins og í klausturskólum og dómkirkjuskólum sem einkum menntuðu munkum og presta (Sæle, 2015). Aðeins í riddaramenntuninni var lögð áhersla á íþróttamannslegar dygðir, vopnfimi, stolt, heiður, hugrekki, gjafmildi og fágun. Þeir sem ætluðu að verða riddarar voru frá 7 ára aldri undir handleiðslu

sérstaks siðameistara en frá 14 ára aldri dvöldu þeir með riddurum. Síðan var vaninn að menn yrðu slegnir til riddara 21 árs gamlir. Þetta frávík riddaranna minnir um margt á hernaðar- og íþróttaupveldi Spartverja.

Þegar Lútherstrúin tók við hélt bók-námið áfram sæti sínu í öndvegi menntunar og uppeldis en þó er álitíð að Marteinn Lúther (1483 - 1546) hafi haft jákvætt viðhorf til íþróttar út frá notagildi þeirra og gagnsemi fyrir manninn. Kalvínistar og píetistar voru hins vegar mun neikvæðari. Þannig hefur það verið allt fram á síðustu öld eða þar til ný Ólympíuhugsjón ruddi sér braut um aldamótin 1900.



Kristilegt félag ungra manna og Kristilegt félag ungra kvenna eru afsprengi vöðvakristninnar.

Vöðvar hnykklaðir á 19. öld

Ýmislegt merkilegt gerðist raunar á íþróttasviðinu í Evrópu á 19. öld. Þar er fyrst að nefna hreyfinguna *Vöðvakristni* sem kom fram á sjónarsviðið um miðja öldina. Hún byrjaði á Englandi en breiddi svo úr sér til annarra heimsálfa, þar á meðal til Bandaríkjanna. Fyrsta þrepið var *klassíska þrepið*. Annað þrepið var *evangelískt þrepið*. Þriðja þrepið var síðan

skátahreyfingin og KFUM og K-hreyfingin og að síðustu er svo fjórða þrepið – Ólympíuhreyfing nútímans undir forystu Pierre de Coubertin baróns (1863 - 1937) (Sæle, 2015).

Vöðvakristnin hafði mikil áhrif út fyrir mótmælendakirkjuna, meðal annars á katólsku kirkjuna og jafnvel enn fjarlægari trúarbrögð og menningarheima eins og Islam, Gyðingdóm og Mormónatrú. Þessi hreyfing vildi nýta íþróttir til að ná til æskunnar í gegnum leik og gleði. Hún var í fyrstu andvíg samkeppni og afreksdýrkun. Sjá má greinileg áhrif vöðvakristninnar á Íslandi bæði í stofnun og uppgangi ungmennafélagshreyfingarinnar, í starfsemi skátahreyfingarinnar og í íþróttastarfi sr. Friðriks Friðrikssonar (1868–1961) innan KFUM og síðar Vals og Hauka.

Meira að segja páfinn

Íþróttir og trú tengjast einnig á ýmsan hátt nú á tímum víða um heim. Á fundi með nokkrum ítölskum atvinnuknattspyrnumönnum sagði Benedictus páfi XVI. að það væri vilji hans að knattspyrna yrði tæki til að efla menntun, heilbrigð gildi og heiðarleika, samheldni og bróðurkærleik, einkum meðal yngri kynslóða (Pope backs football life lessons, án árs). Mörg þeirra ensku knattspyrnuliða sem nú teljast meðal sterkustu liða í heimi voru stofnuð af kirkjunni eða á trúarlegum grunni (Lupson, 2006).

Íslenskir klerkar

Tengsl íslensku kirkjunnar við íþróttir á sér margra áratuga sögu. Prestar kirkjunnar tóku til að mynda margir þátt í stofnun, uppbyggingu og stefnumótun ungmennafélagshreyfingarinnar í byrjun 20. aldar.

Sterkustu áhrifin voru þó þau sem tengjast æskulýðsfrömuðinum og píetistanum sr. Friðriki Friðrikssyni en hann stofnaði KFUM og KFUK í Reykjavík. Um hann og starf hans verður sérstaklega fjallað síðar.

Innan guðfræði og trúarbragðavísinda hefur áhugi á íþróttum farið vaxandi. Vert er þar að minnast Skotans sr. Roberts Jacks (1913 – 1990). Hann kom til Íslands sem knattspyrnuþjálfari og lærði til prests á Íslandi. Meðal annars þjálfaði hann knattspyrnulið Vals sem var afar sigursælt á þessum árum (Pétur Þ. Ingjaldsson, 1990; Róbert Jack, 1990; Pétur Sigurgeirsson, 1990).

Auk sr. Roberts Jacks var séra Friðrik mikill frumkvöðull. Íþróttirnar lifa í gamla félaginu hans, KFUM og K, sem tæki í starfinu. Um það má sannfærast með því að skoða heimasíðu þess. Það efnir árlega



Sr. Gunnar Stígur Reynisson prestur í Hornafirði — fóltpoltapresturinn eins og hann er stundum nefndur.



Knattspyrnulið KA 1938. Aftasta röð frá vinstri: Eðvarð Sigurgeirsson, Þórhallur Guðlaugsson, Árni Ingimundarson, Jakob Gíslason og Stefán Traustason. Miðröð: Róbert Jack, þjálfari, Guttormur Berg, Tómas Steingrímsson, Helgi Schiöth og Karl Benediktsson formaður KA. Fremsta röð: Júlíus Jónsson, Páll A. Pálsson og Georg Jónsson.

til landskeppni í knattspyrnu fyrir yngstu félagana, 9 – 12 ára. Haldið er árlegt miðnæturiþróttamót fyrir 13 – 16 ára unglinga af öllu landinu. Í sumarbúðum KFUM og KFUK í Vatnaskógi, Vindáshlíð, Ölveri, Kaldárseli og Hólavatni eru íþróttir mikilvægur og stór þáttur dagskrárinnar fyrir krakkana (Vefsíða KFUM og K, 2017).

Því er einnig rétt að halda því til haga að íslenskir prestar eru gjarnan beðnir að vígja íþróttasali og íþróttavelli þegar þeir eru teknir í notkun. Innan kirkjunnar er þó lítið íþróttastarf nú um stundir. Nokkrir einstaklingar innan hennar hafa þó tekið þátt í íþróttum, til dæmis lyftingum, frjálsíþróttum, knattspyrnu og sundi, aðrir eru fastir og áhugasamir gestir á íþróttavöllum í sókn sinni og jafnvel víðar. Almennt má þó

halda því fram að kirkjan hafi ekki tekið við þeim kyndli sem séra Friðrik rétti henni. Hann trúði því að íþróttir og kirkjan ættu svo margt sameiginlegt að kirkjunni bæri að hlúa að íþróttastarfi æskunnar. Flestir prestar nútímans virðast á öðru máli.

Íslenskir fræðimenn eru þó farnir að sýna tengslum íþróttar og trúar áhuga. Mjög nýstárleg er BA-ritgerð sr. Gunnars Stígs Reynissonar prests í Hornafirði frá 2009 þar sem hann spyr hvort knattspyrna sé lífsstíll og menning eða trú. Svar hans er ekki eindregið. Það sé háð því hvernig trúarbrögð séu skilgreind. Hins vegar sé alveg ljóst að knattspyrna hafi haft mikil áhrif á þau samfélög manna þar sem hún hafi orðið vinsæl. Til áréttingar því má nefna að í Argentínu er sérstakur kristinn söfnuður



Diego Maradona er átrúnaðargoð í heimalandi sínu og víðar og um hann starfar sérstakur trúarsöfnuður.

helgaður hetjunni (og hálfguðinum) Diego Maradonna. Um þennan söfnuð er fjallað heilmikið og skemmtilega í heimildakvikmyndinni *Maradona* frá 2009 í leikstjórn Emir Kusturica.

Hingað til hefur verið fjallað um þá þætti sem helst mótuðu íþróttahugsjónirnar í upphafi nútíma íþróttastarfs en það er talið hefja innreið sína á Íslandi upp úr aldamótunum 1900. Allir þessir þættir eiga það sameiginlegt að líta á íþróttir sem hollan og mannbætandi leik fyrir æskufólk. Jafnframt gera þær kröfur til íþróttafólksins sjálfs um að halda í heiðri þessi gildi og sýna drengskap og heiðarleika.

Þá er komið að því að skoða íþróttirnar sjálfar. Hafa þær þróast á þann veg sem hugsjónirnar vísa? Um það eru menn ekki sammála svo að spennandi verður að lesa

Kraftapresturinn

Sr. Gunnar Sigurjónsson sóknarprestur í Digranesprestakalli í Kópavogi stundar lyftingar með góðum árangri. Hann sagði í viðtali : *“Enda fer það vel að stunda líkamsrækt samhliða trúrækni. Þetta vissi Páll postuli. Hann skrifar í Fyrri Korintubréfi sem við lásum í Steve gym blessuninni um daginn:*

“Vitið þér ekki að þeir, sem keppa á íþróttavelli, hlaupa að sönnu allir, en einn fær sigurlaunin? Hlaupið þannig að þér hljótið þau. Sérhver, sem tekur þátt í kappleikjum, neitar sér um allt. Þeir sem keppa gjöra það til þess að hljóta forgengilegan sigursveig, en vér óforgengilegan.

Þess vegna hleyp ég ekki stefnulaust. Ég berst eins og hnefaleikamaður, sem engin vindhögg slær. Ég leik líkama minn hart og gjöri hann að þræli mínum, til þess að ég, sem hef predikað fyrir öðrum, skuli ekki sjálfur verða gjörður

rækur.” (1.Korintubréf 9:24-27)

Allt þetta vil ég gjöra eins og Páll og gera líkama minn að þræl mínum. En ekki vera þræll hans.”




5. kafli: Þar sem hugsjónir ráða för

Íþróttahugsjón síðustu áratuga og þar með siðfræði íþróttanna á Íslandi virðist fengin í arf frá fyrri hluta 20. aldar. Hún er að mati höfundar að verulegum hluta byggð á hetjuhugsjónum fornaldar. Að einhverju leyti er þessi siðfræði öðruvísi en meðal annarra þjóða, þó að talsverðum hluta sú sama því að viðhorf hetjubókmenntanna virðast að mestu sameiginleg hinum vest-ræna heimi, ekki síst norðurevrópskum samfélögum. Líkindin við gríska og suður-evrópska hefð eru einnig sláandi.

Ólympíuhugsjón barónsins


Ólympíuleikarnir skiptast í sumar- og vetrarólympíuleika. Í þeim fyrri er einkum keppt í frjálsíþróttum en í þeim síðari í vetraríþróttum (Vefsíða Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, 2017). Ólympíuleikarnir eru byggðir á Ólympíuleikunum fornu sem haldnir voru í Grikklandi og voru endurvaktir af Frakkanum Pierre de Coubertin (1863 – 1937) seint á 19. öld. Fyrstu sumarólympíuleikarnir voru haldnir árið 1896 í Apenu en fyrstu vetrarólympíu-



Pierre de Coubertin barón, upphafsmaður nútíma Ólympíuleika.

leikarnir árið 1924 í Chamonix í Frakklandi. Upphaflega voru þessi tvö mót haldin á sama ári. Frá 1994 hefur verið tveggja ára bil á milli þeirra.

Ólympíuleikarnir voru haldnir í Grikklandi fjórða hvert ár og nafnið er dregið af borginni Ólympíu í Elís-héraði á vestan-verðum Pelópsskaga þar sem þeir voru haldnir (Young, 1985) frá árinu 776 f. Kr. Þessir leikar snerust ekki eingöngu um íþróttakeppnina. Þeir voru ekki síður trúarhátíð til heiðurs Seifi sem var æðsti guð Grikkja. Aðeins frjálsbornir karlmenn tóku þátt sem keppendur. Giftum konum var meinuð öll þátttaka og máttu þær því ekki horfa á karlana keppa. Einungis ungum og ógiftum stúlkum var slíkt heimilt. Íþróttirnar urðu þannig snemma vígi karlmennsk-



unnar og má sjá þetta sama í íslenskum fornþekktum. Konur máttu horfa á og hvetja karlana til dáða en ekki taka þátt.

Um það bil 45 þúsund manns komu til að fylgjast með Ólympíuleikunum sem fóru fram í júlí fjórða hvert ár og stóðu yfir í viku. Tveggja vikna helgihald fylgdi í kjölfarið. Allar erjur á milli borgríkja voru lagðar af á meðan á leikjunum stóð og má segja að friðarboðskapur Ólympíuhreyfingar nútímans eigi rætur í þeirri staðreynd. Ólympíuleikarnir fóru fram á fjögurra ára fresti í nærri 1100 ár til ársins 393 e. Kr. Hugsjónir Ólympíuleikanna lifðu þó áfram og voru endurvaktar í lok 19. aldar. Þann 23. júní árið 1894 var Alþjóða Ólympíunefndin stofnuð.

Ólympíueldurinn er eitt þekktasta tákn Ólympíuleikanna. Í minningu uppruna nútíma Ólympíuleika er eldurinn tendraður með geislum sólar í bænum Ólympíu í Grikklandi nokkrum mánuðum fyrir upphaf leikanna. Ný útgáfa af kyndli er gerð fyrir hverja Ólympíuleika og hver hlaupari eða kyndilberi heldur á sínum kyndli sem hann notar til að tendra kyndilinn hjá þeim hlaupara er tekur við. Loginn má aldrei slökkna. Kyndilberar hlaupa frá Ólympíu til gestgjafaborgar Ólympíuleikanna þannig að eldurinn fer yfir héruð, landamæri og heimsálfur. För kyndilsins tilkynnir komu Ólympíuleikanna til íbúa þeirra landa sem hann á leið um og kynnir jafnframt nýja menningu og hefðir.

Ólympíuhringirnir fimm eru fléttaðir saman á hvítum bakgrunni á fána Ólympíuleikanna til að sýna að olympismi er allsstaðar og á Ólympíuleikum mætist íþróttamenn frá öllum heimshornum. Pierre de Coubertin útskýrir merkingu fánans þannig:

„Fáni Ólympíuleikanna [...] hefur hvítan bakgrunn með fimm samfléttuðum hringjum í miðjunni: bláum, gulum, svörtum, grænum og rauðum [...]. Þessi hönnun er táknræn, hún táknar fimm heimsálfur heimsins, sameinaðar af anda Ólympíuleikanna, þar sem litina sex má finna í öllum fánum heimsins í dag“ (Markmið Ólympíuhreyfingarinnar, 2017).

Einkunnarorð Ólympíuleikanna er samansett úr þremur latneskum orðum: CITIUS (hraðar) – ALTIUS (hærra) – FORTIUS (sterkar). Þessi þrjú orð hvetja íþróttafólkið til að gera sitt allra besta á meðan á leikunum stendur. Til að skilja einkunnarorðin til hlýtar má bera þau saman við hina svonefndu *Ólympísku trúarjátningu*:

Það mikilvægasta í lífinu er ekki að sigra, heldur að berjast. Það er ekki nauðsynlegt að bera sigur úr bítum heldur að hafa barist af lífi og sál (Markmið Ólympíuhreyfingarinnar, 2017).

Saman tákna kjörorð og trúarjátning Ólympíuleikanna þá hugsjón sem Coubertin trúði á sem mikilvæga lífslexíu sem hægt væri að öðlast með því að taka þátt í íþróttum: Það að gera sitt allra besta og kappkosta að ná sem allra bestum persónulegum árangri væri takmark sem

væri vel þess virði að reyna að ná. Vissulega minnir orðalag trúarjátningarinnar óþægilega mikið á hermennsku og einkunnarorðin minnst hvergi á mismunandi aðstæður einstaklinganna, svo sem kyn, aldur, fötlun eða aðra þætti í fari mannsins (Sæle, 2013).

Frá og með leikunum í Andwerpen 1920 er venja að íþróttamaður frá gestgjafþjóð Ólympíuleikanna sverji Ólympíueiðinn fyrir hönd annarra íþróttamanna við setningarathöfnina:

Í nafni allra keppenda heiti ég því að við munum til sæmdar íþróttunum og liðssveitum okkar, taka þátt í leikunum með sönnum íþróttanda og virða þær reglur sem þeir byggjast á (Markmið Ólympíuhreyfingarinnar, 2017).

Á leikunum í Mexíkó 1968 var einnig tekinn upp sá siður að láta einn dómara vinna heit fyrir hönd allra dómara og starfsmanna.

Loks er rétt að nefna að markmið Ólympíuhreyfingarinnar eru sett fram í Ólympíusáttmálanum. Þessi eru þar helst:

- *Að þroska þá líkamlegu og sálrænu eiginleika sem íþróttaiðkun byggir á.*
- *Að beita íþróttum til að glæða skilning og vináttu milli ungs fólks og vinna þannig að betri og friðsælli heimi.*
- *Að vinna að útbreiðslu Ólympíuhugsjónarinnar og beita henni til að skapa velvild milli þjóða heims.*
- *Að safna íþróttamönnum saman til íþróttahátíðar á fjögurra ára fresti – Ólympíuleikanna.*



Ólympíueldurinn tendraður. Gríska leikkonan Thalia Prokopiou, t.h., í hlutverki æðstu hofgyðjunnar, afhendir Anna Skoulikidou Ólympíueldinn eftir að hann var tendraður með íhvolfum stálspegli við Hof Heru í hinni fornu Ólympíu þangað sem uppruni Ólympíuleikanna er rakinn árið 776 f.Kr.

Ólympíuandi í verki

Bandaríska hlaupakonan Abbey D'Agostino hefur hlotið mikið lof fyrir framgöngu sína í undanrásum í 5.000 metra hlaupi á Ólympíuleikunum í Ríó - hún þykir hafa sýnt hinn sanna ólympíuanda.

D'Agostino og Nikki Hamblin frá Nýja Sjálandi rákust saman þegar hlaupið var rúmlega hálfnað þannig að Hamblin féll. Myndavélar sýndu hvernig D'Agostino gerði hlé á hlaupi sínu, tók undir hendur Hamblin, reisti hana á fætur og hvatti hana til að halda áfram. Sem Hamblin og gerði. ...

D'Agostino virtist hins vegar hafa snúið sig illa. BBC segir frá því að hin nýsjálenska Hamblin hafi haldið aftur af sér til að byrja með til að hvetja keppinaut sinn til að klára hlaupið en varð síðan að hugsa um sjálfa sig. Þegar D'Agostino kom loks í mark, langsíðust, var það Hamblin sem beið hennar (RÚV.is, 17. ágúst 2016).

Fulltrúi Ólympíuhreyfingarinnar á Íslandi er ÍSí – Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Áður en lengra er haldið er rétt að líta næst til þess hver sé hugmyndalegur bakgrunnur hinnar íþróttahreyfingarinnar sem óx og dafnaði við hlið ÍSí, ungmennafélagshreyfingarinnar sem sameinuð er í Ungmennafélagi Íslands.

Ungmennafélagsandinn

Hetjugildi fornsagnanna speglast nokkuð vel í fyrstu íslensku íþróttafélögunum á árunum upp úr 1900 en þá getum við sagt að nútímaíþróttir hefji innreið sína fyrir alvöru í íslenskt samfélag. Fyrsta ungmennafélagið var stofnað á Akureyri 7. janúar 1906. Tilgangur félagsins var samkvæmt stórfróðlegri bók Jóns M. Ívarssonar sagnfræðings - *Vormenn Íslands. Saga UMFÍ í 100 ár* (2007):

- *Að reyna af alefli að vekja löngun hjá ungdóminum til þess að starfa fyrir sjálfa sig, land sitt og þjóð.*
- *Að temja sér að beita starfskröftum sínum í félagi og utan félags.*
- *Að reyna af fremsta megni að styðja, viðhalda og efla allt það sem er þjóðlegt og rammíslenskt, er horfir til gagns og sóma fyrir hina íslensku þjóð.*

Samkvæmt þessari sömu bók voru ungmennafélögin mikil þjóðræknis-, siðbótar- og mannræktarfélag. Í íþróttunum var lögð áhersla á líkamlega reisn og góða framgöngu. Menn skyldu bera höfuðið hátt og ganga rösklega fram. Fegurð íþróttanna, heiðarleiki og drengskapur í fornum anda

voru höfuðdyggðirnar (Olga Björt Þórðardóttir, 2014; Sesselja Guðmunda Magnúsdóttir, 1997; Viðar Hreinsson, Jón Torfason og Höskuldur Þráinsson, 1992).

ÍSí var stofnað árið 1912, byggt á svipuðum gildum og ungmennafélögin eins og sjá má í annarri merkri bók, *Íþróttabókinni. ÍSí. Saga og samfélag í 100 ár* sem út kom árið 2012 í ritstjórn Steinars J. Lúðvíkssonar. Með báðum þessum hreyfingum fóru kvennaíþróttir að verða til en í afskaplega litlum mæli til að byrja með. Áherslan var á íþróttir karlanna og keppnis- skap sem auðvitað var talið til höfuðdygða íþróttakarla en þótti frekar óviðkunnanlegt í fari kvenna.

Stjörnustríð og metastreitingur

Auðvitað voru ekki allir sammála gildum UMFÍ, KFUM og ÍSí fyrstu áratugina eftir stofnun þeirra. Deilurnar snerust meðal annars um nýja strauma frá útlöndum. Keppni og metingur er sjaldan í anda „hins sanna ungmennafélags-anda“ sem felst í því að meiru skipti að vera með en sigra. Þó er ekki hægt að segja að þessi andi hafi verið í miklu samræmi við elstu norrænu hetjugildin því að fornu hetjurnar vildu skilyrðislaust sigra og kepptu sín á milli til þess.

Árið 1937 birtist grein eftir Gunnar Ólafsson í *Skinfaxa*, tímariti UMFÍ, um þjálfun íþróttamanna. Greinin er endurbirt í áðurnefndu riti Jóns M. Ívarssonar um sögu UMFÍ. Gunnar hrósaði þar happi yfir því að hér á landi væri ekki eins mikil stjörnudýrkun og erlendis. Hinsvegar hefði aukist mjög gagnrýni á íþróttaaufrek Íslendinga eftir slaka frammistöðu þeirra á Ólympíuleikunum í Berlín. Taldi Gunnar því:

Chelsea fékk verðlaun fyrir þróð-mennsku

Chelsea fékk í dag viðurkenningu frá enska knattspyrnusambandinu fyrir þróðmennsku á síðustu leiktíð. Aðeins einn leikmaður Chelsea fékk að líta rauða

spjaldið en það var Michael Essien.

Chelsea hlaut 30.000 pund í verðlaun en það jafngildir 5,5 milljónum íslenskra króna. Þá hlaut Sunderland viðurkenningu en stuðningsmenn félagsins þóttu haga sér best allra. Félagið hlaut 20.000 pund í verðlaunafé en það jafngildir 3,7

milljónum króna. (Mbl.is, 7. október 2011).



fullkomlega tímabært að fara að hafa augun opin og vera á verði gegn metastreitingi þeim og keppnisbrjálæði sem sumstaðar erlendis virðist ganga nokkuð langt. Við eigum ekki að iðka íþróttir vegna afrekanna, metanna. Afrekin eru algert aukaatriði, aðeins eðlileg afleiðing af góðri og skynsamlegri æfingu (Jón M. Ívarsson, 2007: 107).

Stjörnudýrkunin og áhersla á keppnisþróttir og það sem Gunnar kallar „metastreiting“ tókust á við almenningsíþróttirnar á 20. öldinni og náðu yfirhöndinni, þrátt fyrir varnaðarorð sr. Friðriks Friðrikssonar og margra annarra. Á þessu sviði urðu þessi nýtilkomnu gildi undir en þau fornu komust til vega á ný. Afrekadýrkun fornaldar hafði þó ávallt samfélagslega skírskotun og mikilvægi á meðan hin nýja var einstaklingsbundnari en um leið þjóðernisleg þegar menn fóru að keppa á alþjóðavettvangi. Sömu vangaveltur er að finna meðal íþróttufrömuða um allan heim á svipuðum tíma (Maddox, 2012; Guttmann, 1978).

Einstaklingshyggjan eins og hún birtist í samfélagi nútímans hér og í nágrannalöndunum er andstæða félagshyggju sem vinsæl var á síðustu öld eða upp úr 1930 og síðan aftur eftir 1970. Þetta félagslega viðmið hefur ef til vill fengið nokkra uppreisn æru nú eftir skipbrot bankaóhófsins 2007 - 2008. Einstaklingshyggju verður best lýst með því að hver einstaklingur eigi fyrst og fremst að hugsa um sjálfan sig og vini, ættingja eða aðra sem hann vill sjálfur, frekar en að einstaklingar og samfélag hafi gagnkvæmum skyldum að gegna.

Þótt einstaklings- og afrekadýrkunin hafi greinilega náð yfirhöndinni á flestum sviðum íþróttar, hefur andstæða hennar aldrei viðurkennt ósigur sinn til fulls. Fjöldi fólks stundar íþróttir á Íslandi án þess að það tengist nokkurs konar metastreitingi eða samkeppni, nema þá kannski samkeppni við sjálfan sig. Hér má nefna útivist af ýmsu tagi, skokk, gönguferðir, sund, hjólræiðar, jafnvel veiðiskap. Tilgangurinn er þá ekki afrek, met eða sókn í verðlaun, heldur fremur ánægja stundarinnar, bætt heilsa og samvera með öðrum. Kannski þó örlítil keppni við sjálfan sig.



Kristín Rós Hákonardóttir sundkona og Vilhjálmur Einarsson þrístökkvari. Þau eru í hópi fræknasta íþróttafólks sem Ísland hefur átt.

Íþróttahugsjónin

Fólk lítur gjarnan á íþróttir sem uppeldis-tæki og hollan félagskap fyrir æsku og ungmenni landsins (Rúnar Vilhjálms-son, 2006). Vissulega má það til sanns vegar færa. Það er meðal annars ástæðan fyrir því hvers vegna foreldrar vilja gjarnan stuðla að íþróttaiðkun barna sinna, sveitar-félög styrkja íþróttastarf og ríkið telur sig vilja efla íþróttir (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 2015).

Íþróttaiðkun er þannig talin gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu og tengist mörgum ólíkum flötum samfélagsins, svo sem menntun, menningu, afþreyingu og ferðamennsku (Menntamálaráðuneytið,

2006). Mörg störf eru álitin skapast vegna íþróttar, heibrigðiskostnaður lækki, skóla-starf verði betra og ýmis óæskileg félagsleg frávik á borð við ofbeldi, afbrot og vímu-efnaneyslu haldist í lágmarki.

Íþróttaiðkun er einnig álitin styrkja jákvæða félagslega og persónulega þætti meðal einstaklinga og stuðla þannig að betri heilsu, jafnrétti, samvinnu og aga. Mikil félagsleg samskipti eigi sér stað í íþróttum og félagsleg sambönd myndist og styrkist. Börn og unglingar læri og tileinki sér aga, reglur, jafnrétti, heiðarleika og virðingu og læri auk þess að vinna saman með drengskap að leiðarljósi (Ingibjörg Hinriksdóttir, 2009; Sessions, 2004).

Að áleti flestra eiga íþróttir ekki samleið með neyslu áfengis, tóbaks eða annarra

fíkniefna (Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, 2016). Á unglingsárunum skiptir jafningjahópurinn mjög miklu máli fyrir unglinga og góð samskipti við aðra getur dregið úr líkum á frávíkshæðun á borð við áfengisneyslu (Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, 2001). Unglingarnir vilja ekki valda félögum sínum vonbrigðum með því að gera eitthvað sem ekki er viðurkennt. Því miður hefur þó áfengisneysla meðal íþróttamanna mælst nokkuð mikil, að minnsta kosti innan ákveðinna íþrótta-greina og aldursflokka (Óli Stefán Flóventson, 2012).

Þátttakan sjálf skiptir líka máli í þessu samhengi. Þeir unglingar sem taka þátt í íþróttum eru einfaldlega of uppteknir til að geta stundað frávíkshæðun. Þeir hafa ekki tækifæri, tíma eða áhuga á því að reykja eða neyta áfengis í sama mæli, eru uppteknir af því að vera á æfingum flesta daga vikunnar.

Rannsóknir á ungu fólki sýna að þeir sem stunda íþróttir með íþróttafélagi reykja síður en aðrir, borða hollari fæðu og eru í betra líkamlegra formi. Þeir neyta síður lyfja og stera en aðrir. Verulega hefur dregið úr áfengisneyslu unglinga á grunn-skólaaldri síðustu ár. Árið 2004 höfðu um 48% unglinga í 10. bekk orðið ölvaðir en árið 2018 hafði prósentan lækkað í um 14%.

Árið 2003 æfðu 18–21% unglinga íþróttir með íþróttafélögum en árið 2018 æfðu 15–18% unglinga íþróttir með íþróttafélögum (Ungt fólk, 2018).

Margir reikna með því að íþrótta-þátttakan eigi sinn þátt í minnkandi neyslu og virki því ágætlega sem forvörn (Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, 2016) í víðri merkingu þess orðs.

Skólaíþróttirnar

Íþróttir hafa allt frá tímum Forn-Grikkja verið hluti þeirrar menntunar sem ungu fólki hefur verið boðið upp á (Jarvie, 2012). Þannig var lögð rík áhersla á íþróttir í skólum Apenu og Spörtu svo að dæmi séu tekin. Meðal Rómverja var því líkt farið. Kristnir riddaraskólar kenndu einnig íþróttir af miklu kappi. Vafalaust var þetta ekki eingöngu af umhyggju fyrir æskunni eða til að koma til móts við leikþörf hennar og ánægju af því að þjálfra líkama sinn heldur var hér ekki síður verið að ala upp hermenn til að berjast fyrir land sitt eða ríki gegn óvinum þess.

Íþróttir eiga sér langa sögu og hafa gegnt mikilvægu hlutverki á Íslandi allt frá landnámstíð. Íslendingar, bæði konur og karlar, hafa upplifað bæði gleði og sorg í gegnum íþróttir. Íþróttaafrek Íslendinga hafa í gegnum tíðina verið bæði stór og smá en lifa þó alltaf með þjóðinni. Íþrótta-starf á Íslandi er mikilvægur þáttur í þjóðlífi landsmanna og snerta íþróttir marga þætti þjóðfélagsins. Eins og fram kemur í riti Menntamálaráðuneytisins frá 2006, *Íþróttavæðum Ísland – Aukin þátttaka – breyttur lífsstíll* eru íþróttir hluti af menntun, menningarstarfi, afþreyingu, ferðamennsku, auk þess sem þær eru atvinnuskapandi. Regluleg hreyfing gegnir mikilvægu hlutverki í heilbrigði einstaklinga vegna þess að hreyfing stuðlar að aukinni hreysti og betri líðan og auka lífsgæði einstaklinga.

Meiri hluti hreyfingar og íþrótta æskufólks á sér stað í skólum og íþróttafélögum en mikill hluti fullorðinna stundar einnig reglulega hreyfingu utan félaga. Sjónvarpsstöðvar sýna beint marga íþróttaviðburði eins og heimsmeistarakeppni í knattspyrnu



Ríkharður Jónsson — Rikki (1929 — 2017), einn fræknasti knattspyrnumaður 20. aldarinnar. Skagamenn voru nær ósigrandi á meðan hann var í liðinu og allir strákar vildu bera númer hans, nr. 8.

og Ólympíuleikana. Áhorfið er mikið um allan heim svo sjá má að áhrif íþróttá vestræn samfélög er gríðarlega mikið. Að sögn norska prófessorsins Sigmund Lolands (2000, 2007, 2011) endurspeglar íþróttir viðmið og gildi samfélagsins og hvetja til heilbrigði og velferðar. Íþróttir eru taldar vera góð afþreying og að sama skapi byggja þær upp jákvæða sjálfsmynd.

Heilsusamlegt samfélag byggist meðal annars á því að börn og ungmenni upplifi íþróttir sem mikilvægan og jákvæðan þátt í lífinu. Börn og unglingar þurfa að hreyfa sig en rannsóknir hafa sýnt fram á að þau sem stunda hreyfingu á yngri árum eru líklegri til að hreyfa sig þegar þau verða eldri og viðhalda þar með betri heilsu. Regluleg hreyfing barna eykur þroska þeirra, jafnt líkamlegan sem og félagslegan. Íþróttir styrkja þau og rækta geð þeirra. Samkvæmt Embætti landlæknis (2008) á hreyfing barna og unglinga að standa í 60 mínútur dag hvern, bæði af miðlungspungri og þungri ákefð. Þessum tíma megi þó skipta niður í styttri tímabil yfir daginn.

Offita hjá börnum og unglingum hefur tvöfaldast á síðustu 25 árum og fyrirfinnst hjá einum þriðja hluta barna á yngsta stigi í grunnskóla. Margir fræðimenn telja að



Sigíður Sigurðardóttir var fyrst kvenna til að verða kosin Íþróttamaður ársins. Það var árið 1955. Hún var handboltakona, fyrirliði íslenska landsliðsins. Alls hafa aðeins fimm konur hlotið titilinn Íþróttamaður ársins.

íþróttir, almenn hreyfing og bætt næring séu lykillinn að því að viðhalda rétttri líkamsþyngd. Auk þess að bæta líkamlega, andlega og félagslega heilsu hafi það sýnt sig að börn og unglingar sem stunda íþróttir nái betri námsárangri, hafi betra sjálfstraust og síður sé hætta á hegðun vandamálum. Hreyfing hafi áhrif á heilastarfsemi, bæti athygli og minni, veiti slökun í skamman tíma á eftir, skapi betra lundarfar og hæfileika til þess að leysa úr vandamálum.

Fyrstu heimildir um íþróttakennslu í íslenskum skólum eru frá 18. öld í Hóla-skóla og Skálholtsskóla. Þar var iðkuð glíma (Þorsteinn Einarsson, 1957a, 1957b, 1977) samhliða öðru námi. Íþróttakennsla var þó ekki hluti af námsefni við skólann heldur voru það nemendur sem iðkuðu glímu af eigin hvötum sér til skemmtunar og hollustu. Það var síðan árið 1950 sem reglur voru settar um að stunduð yrði íþróttakennsla í barnaskólum að minnsta kosti

Íþrótt vamma fyllt

*Guðmundur Andri Thorsson
skrifar:*

Egill Skallagrímsson, frumskáld okkar Íslendinga, þakkar í Sonatorreki sínu Óðni fyrir „íþrótt vamma firrða“, hina vammlausu íþrótt. Hann lagði kannski ekki nútímaskilning í orðið „íþrótt“, en hvað veit maður svo sem; hann stundaði um sína daga ýmsar íþróttir eins og lesa má í sögu hans, og ekki beinlínis vammlausar allar – til dæmis varð knattleiksiðkun hans á barnsaldri tilefni til hans fyrstu mannvíga af því að honum líkuðu ekki blygðunarlausir yfirburðir mótherjans, enda sjálfur „kappsamur mjög og reiðinn“. Þá var hann sjö ára. Það skánaði lítið skapið með aldrinum. ...

Er ekki tóm vitleysa að gera svo eindregna aðgreiningu íþróttar og lista? Skilgreining á list þegar ég var krakki hljóðaði upp á að þar væri um að ræða mannlega iðju sem hefði

notagildi sitt í sjálfri sér; við búum til skál til að geyma ávexti og svo búum við til skál sem hrindir frá sér öllum ávöxtum jafnharðan; er bara þarna; og er þá ílátið orðið að listaverki.

Hið sama gildir um vel heppnaða íþróttaviðburði á borð við Brennó eða Yfir við gamla fjósið í Karfavoginum á mínum leikárum – og líka alla þessa boltaleiki sem við fylgjumst mörg hver áfjád með og borgum fólki há laun til að stunda af listfengi; rétt eins og við borgum listamönnum fyrir að iðka sínar kúnstir fyrir okkur.

Öll dýr stunda sínar sérstöku íþróttir sem hafa notagildi sitt fólgnar í sjálfum sér; fuglarnir taka kollsteypur og svífa í ólýsanlegum bogum um loftin blá en köngulóin spinnur sinn fagra vef og er með sérstöku sniði hjá hverri og einni, eins og lopapeysan hjá íslenskum konum; hin íslenska húsflyga stundar þá áhættusæknu jaðaríþrótt að reyna að komast eins mikið ofan í vitin á sofandi manneskju og mögulegt er án þess að týna lífinu en kisa brýnir

klærnar á forboðnum stólsetum; hundurinn hleypur, hesturinn stekkur – og kýrnar leika við hvurn sinn fingur. En mennirnir – þeir halda landsmót og ólympíuleika þar sem þeir stökkva og hlaupa, grýta þungum hlutum og eltast við bolta. Og sumt fólk gerir þetta af slíku listfengi að aðrir menn hafa yndi af því að horfa á það. ...

„*Mens sana in corpore sano*“ sögðu Rómverjar, „heilbrigð sál í hraustum líkama“. Þetta er góð áminning um jafnvægi sálar og líkama og það hvernig okkur ber að rækta hvort tveggja með gagnkvæmri hliðsjón. Lýsingarorðið *sanus* þýðir ekki bara heilbrigður heldur líka skynsamur, eðlilegur – óbrjálaður, í sjálfum sér. ...

En heilbrigður líkami er líka óbrjálaður af of einhæfri þjálfun tiltekinna einangraðra eiginleika. Það getur naumast verið nokkrum manni hollt að vera til dæmis alltaf í þrístökki, sem allir sjá hversu fáránleg aðferð er við að koma sér á milli tveggja staða ... (Vísir.is, 8. ágúst 2016).

einu sinni í viku. Eftir það hafa skólaíþróttir verið fastur liður á stundatöflum íslenskra grunnskóla (Ingimar Jónsson, 1983; 2004).

Peningar og íþróttir – þetta tvennt finnst mörgum ekki eiga saman. Málið verður skoðað nánar í næsta kafla.

6. kafli: Græðgis- væddar íþróttir

Peningar eru orðnir mikilvægur þáttur í öllu íþróttastarfi rétt eins og á flestum öðrum sviðum samfélagsins. Í þessum kafla verður skoðað hvernig peningar og markaðslögmál móta íþróttirnar og hafa breytt þeim viðhorfum sem íþróttir hafa byggt á.

Markaðshyggja og samfélagsgræðgi

Íslenskt samfélag er í auknum mæli orðið markaðsmiðað rétt eins og flest vestræn samfélög. Öll starfsemi verður allt niður í smæstu einingar peningamiðuð og þetta nær yfir allar stofnanir samfélagsins. Fjármál og hagfræðilegir útreikningar verða til dæmis mikilvægasta viðmiðið þegar árangur heilbrigðiskerfisins er metinn. Sama gildir um önnur svið sem áður miðuðust við allt annað, svo sem skólakerfið, samgöngumálin, náttúruverndina, félagsmálakerfið og menningarstarfsemina. Allt er þar miðað við fjárhagslega útkomu. Endurbætur eru ekki gerðar nema sýnt hafi verið fram á fjárhagslega hagkvæmni þeirra. Í samræmi við þetta er leitast við að setja snjalla hagfræðinga og klóka viðskiptafræðinga í stjórnendastöður stofnana og fyrirtækja,

óháð því hvað þau fást við. Þetta á ekki bara við um opinberar stofnanir, heldur ýmsar aðrar samfélagslegar stofnanir. Þessi þróun er komin alla leið innan verka-lýðshreyfingarinnar og samtaka atvinnurekenda. Innan skamms má hugsanlega búast við að markaðsspekingur verði kosinn biskup Íslands. Þetta er það sem kalla má markaðsvæðingu. Er ekki líklegt að þessu sé eins farið innan íþróttanna? Það verður nánar skoðað hér á eftir og byrjað á íþróttafólkinu sjálfu.

Atvinnumenn í hálaunabaráttu

Langt er orðið síðan atvinnumennska í íþróttum hófst í öðrum löndum. Einkum var þetta í hópíþróttum eins og knattspyrnu, körfubolta og handbolta en síðar bættust við greinar eins og golf og fleiri einstaklingsíþróttir. Lítt hefur þó frést af greiðslum til sundmanna eða frjálsíþróttamanna



Albert Guðmundsson var fyrsti atvinnumaður Íslendinga í knattspyrnu. Síðar varð hann heildsali, forseti KSÍ og loks þingmaður.

nema þá sem verðlaunafé á sérstökum mótum og tekjur fyrir að leika í auglýsingum. Til að byrja með áttu Íslendingar fáa sem þóttu nógu góðir til að vera atvinnumenn erlendis en nú á dögum má segja að atvinnumennska sé mjög algeng á Íslandi. Fyrstu íslensku atvinnumennirnir erlendis voru knattspyrnumennirnir Albert Guðmundsson og Þórólfur Beck. En atvinnumönnum fjölgar. Nú eru íslenskir atvinnumenn víða erlendis og á háum launum og atvinnumennska tíðkast í stórum stíl til dæmis í meistaraflokkum íslenskra knattspyrnu- og körfuboltaliða (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 2015).

Eftir því sem markaðsvæðingin innan íþróttá jókst var þetta ekki lengur spurning um laun íþróttamannanna heldur fóru hin erlendu félög að verðleggja samninga sína við þá og selja samningana hvert öðru. Íslensk félög komust smátt og smátt inn í þennan dans í kringum gullkálfa og fóru að fá greitt fyrir þá liðsmenn sína sem réðust í atvinnumennsku erlendis. Þetta gerði þeim kleyft að breyta sér í atvinnumannalið. Þau fóru að gera samninga við liðsmenn sína og greiða þeim alls kyns bónusa, útvega þeim atvinnu við þjálfun og annað. Þetta átti einkum við um lið sem leika í hæsta gæðaflokki, meistaraflokka og sérstaka afreksmenn en eftir því sem fjár-



Friðrik Ólafsson stórmeistari í skák. Þeir sem ná þessari stöðu í íþróttinni fá eftir það greidd mánaðarleg laun úr ríkissjóði.

ráðin hafa aukist hefur atvinnumennskan færst neðar í aldri.

Leikmenn liðanna sitja þó engan veginn við sama borð. Konur eða stúlkur fá

Elta peningana

Oscar dos Santos Emboaba Júnior verður í janúar líklega launahæsti knattspyrnumaður veraldar. Þessi 25 ára gamli sóknarmaður mun ef að líkum lætur slá út bæði Lionel Messi og Cristiano Ronaldo í launum þegar hann flytur

til Kína og klæðist búningi Shanghai SIPG. Félagið mun greiða honum 57 milljónir á viku, eða 400 þúsund pund. Það gera 228 milljónir á mánuði. ...

Gamla brýnið Jame Carrager segir í grein í Daily Mail að það hryggi hann að sjá Oscar fara til Kína. „Þetta er ekki til þess fallið að hjálpa ferlinum. Hann

mun tala um að kínverska deildin sé að stækka og hann hlakki til að vinna með Andre Villas-Boas og að upplifa þetta nýja ævintýri. En allir vita að þetta er bara bull. Hann er að elta peningana. Ekkert annað en peningar ráða för“ (DV.is, 20. desember 2016).



Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, íþróttamaður ársins 2018 og golfari, er atvinnuíþróttakona á háum launum.

mun lægri greiðslur frá félögum sínum og sama á við um yngri liðsmenn félaganna. Þá eru greiðslur afar misjafnar og er hver einstakur liðsmaður verðlagður eins og hver önnur vara eftir hæfileikum í viðkomandi íþrótt. Fjárhagur félaganna er einnig misjafn þannig að sum félög geta ekkert greitt liðsmönnum sínum á meðan önnur geta greitt upphæðir sem skipta verulegu máli. Þannig ná þeir til sín hæfileikamiklum liðsmönnum fátækari félaga. Mikil leynd hvílir alla jafna yfir því hvað hver og einn fær greitt og eru leikmenn hvattir til að segja ekki hver öðrum hvað þeir fá í sinn hlut.

Íþróttamenn fá einnig greiðslur sem ættaðar eru úr erlendum sjóðum þegar landslið ná árangri í stórmótum eins og Evrópumeistaramótum og heimsmeistaramótum. Hluti þeirra greiðslna rennur til

íþróttamanna, ýmist landsliðsmanna eða félagsmanna sem þá eru til dæmis keyptir í hin ýmsu lið. Þarna ríkir því markaðshyggjan hrein og tær og reyndar enn tærari en víða annars staðar í samfélaginu.

Aðrar greiðslur til íþróttamanna eru greiðslur fyrir þátttöku í auglýsingum fyrirtækja. Oftast eru þetta félög í hópi kostenda viðkomandi félags og er það þá hluti kostunarsanmnings að íþróttamenn leiki í auglýsingum þeirra. Stundum fá einstakir íþróttamenn ekkert greitt, stundum háar upphæðir, einkum þeir frægustu sem þá er talið að hafi mesta auglýsingagildið. Frægustu íþróttamenn heims gera oft stóra auglýsingasamninga við fjölþjóða-fyrirtæki og fá jafnvel enn betur borgað fyrir þá en fyrir atvinnumennskuna í viðkomandi íþrótt.

Purfti að kaupa dóttur sína

„Eftir að hafa upplifað síendurtekið niðurbrot gerði Heiða sér grein fyrir því að hún yrði að koma sér út úr aðstæðum áður en enn verri skaði hlytist af. Af illri nauðsyn hætti hún því í Val í lok maí. Hildur upplifði sama niðurbrot en ætlaði að reyna að þrúka út tíma-bilið. Það kom þó að þeim tímamarki að hún gat ekki meira og fór einnig fram á það að fá að fara frá félaginu,“ segir Ragnheiður í pistli sínum og bætir við:

„Þetta voru þeim gífurlega þung og erfið spor, þar sem

að þær voru að skilja við uppeldisfélagið Val og marga frábæra liðsfélaga. En af illri nauðsyn tóku þær þetta skref, því ytra umhverfi var ekkert að breytast.

Við fengum staðfestingu á því að þær mættu fara í hvaða félag sem að þær vildu. Einnig fengum við foreldrar staðfestingu á því á fundi nýlega að peningar myndu ekki standa í vegi fyrir þeim. En það reyndist öðru nær og þegar upp var staðið þurftum við að kaupa Hildi dóttur okkar fyrir 200.000 kr. frá félaginu, til að hún gæti spilað fótbolta með því félagi sem að hún valdi sér, Breiðabliki.“

Valshjartað lítills metið

Ragnheiður, sem var á sínum tíma landsliðskona í knattspyrnu, vann á tíma sínum hjá Val fjölda titla sem leikmaður, segir forgangsröðina ekki rétta hjá Hlíðarendafélaginu.

„Þarna er mannauðurinn og Valshjartað lítills metið og selt fyrir einhverja þúsundkalla. Er þetta virkilega þess virði?“ spyr Ragnheiður (RÚV.is, 5. ágúst 2016).

Ástæða er til að nefna það hér að sumir íþróttamenn fá greitt úr afreksmannasjóðum íþróttahreyfingarinnar. Þær greiðslur eru þó ekki ætlaðar sem atvinnumannalaun heldur sem greiðslur til að mæta tímabundnum kostnaði og tekjutapi vegna æfinga fyrir stórmót eins og Ólympíuleika þar sem engin peningaverðlaun eru veitt. Á þessum greiðslum og atvinnumannagreiðslum er þó hugsanlega aðeins stigsmunur en ekki eðlismunur.

Atvinnuíþróttamaður ehf.

Í skýrslu frá 2015 er gefið dæmi um feril íþróttamanns sem verður atvinnumaður. Þar segir í skjölum sem Þórólfur Þórlindsson hefur tekið saman (43-44):

Leikmaður A. Hann er 18 ára gamall þegar hann gerir þriggja ára samning við uppeldisfélagið sitt á Íslandi. Hann fær greiddar 25.000 kr. á mánuði í 10 mánuði á ári. Hann fær 10.000 kr. í bónus fyrir að vinna leik þegar hann er í byrjunarliði (50% lægra ef hann er varamaður).

Leikmaður A er seldur eftir tvö tímabil með uppeldisfélagi sínu í efstu deild fyrir 20.000.000 ISK til Skandinavíu. Hann gerir þriggja ára samning. Leikmaðurinn á 10% af söluverðinu og fær því 2.000.000 ISK til sín þegar hann er seldur. Hann fær greidda 1.000.000 kr. á mánuði í 12 mánuði. Hann fær 100.000 kr. í bónus fyrir sigurleik í byrjunarliði. Umboðsmaður leikmannsins fær 1.000.000 kr. fyrir

hvert ár sem leikmaðurinn er hjá félaginu.

Leikmaður A er seldur til Evrópu (Hollands, Belgíu, Austurríkis, Sviss) fyrir 150.000.000 ISK. Íslenska félagið á 10% af þeirri sölu eftir að 20.000.000 ISK sem fengust fyrir fyrstu söluna hafa verið dregnar frá. Það gera aukalega 13.000.000 ISK (í heildina hefur því íslenska félagið fengið 33.000.000 ISK og fær eftirleiðis samstöðubætur ávallt þegar leikmaður er seldur milli félaga.

Leikmaðurinn fær greiddar 3.500.000 kr. á mánuði í 12 mánuði. Hann fær 450.000 kr. í bónus fyrir sigurleik í byrjunarliði. Hann fær einnig frían bíl og bensín.

Umboðsmaður leikmannsins fær 3.000.000 kr. fyrir hvert ár sem leikmaðurinn er hjá félaginu.

Leikmaður A er seldur til stórliðs. Erfitt er að festa fingur á slíkum greiðslum með áreiðanlegum hætti. Þó má ljóst vera að upphæðirnar sem nefndar hafa verið hér á undan geta margfaldast við slík félagaskipti.

Leikmaður A lýkur knattspyrnuferli sínum erlendis og

flytur heim til Íslands. Á atvinnumannaferli sínum erlendis hefur leikmaðurinn hagnast fjárhagslega, aukið þekkingu sína á mismunandi menningarheimum, lært ný tungumál og komið sér upp alþjóðlegum samböndum. Allt eru þetta þættir sem geta nýst viðkomandi einstaklingi hér á landi í kjölfar atvinnumannaferils í íþróttum.

Það er alveg ljóst að hér hafa miklir fjármunir verið með í spilu. Haldi fólk að það hafi ekki áhrif á einstaklingana sem um þá véla veður það í villu og svíma. Um þau áhrif verður fjallað síðar.

Kostun og auglýsingar

Íþróttafélögin hafa mjög umfangsmikinn rekstur. Fyrir utan það að reka æfingastarfsemina með æfingagjöldum og greiða laun til þjálfara reka þau flest íþróttamannvirki af einhverju tagi, ein eða í félagi við aðra, til dæmis sveitarfélög eða skóla. Til að standa undir slíkum rekstri koma félögin sér gjarnan upp kostendum sem þá fá í staðinn ýmsa fyrirgreiðslu, auglýsingar á

Veðmálahneyksli

Einn efnilegasti tennisleikari heims hefur verið kærður í Ástralíu fyrir veðmálasvindl í keppni sem fram fór í október.

Dagblaðið Age í Melbourne greindi frá því í gær að þar sé um að ræða

Oliver Anderson en hann sigraði á Opna ástralska unglingamótinu fyrir 18 ára og yngri fyrir ári síðan. ...

Anderson liggur hins vegar undir grun fyrir að hafa haft rangt við í leik í október síðastliðinn á Traralgon Challenger mótinu. Anderson vann leikinn

sem um ræðir en tapaði fyrsta settinu og virðist málið snúast um fyrsta settið í viðureigninni. Hann hagræddi því ekki úrslitum í strangasta skilningi enda er hægt að veðja á allt milli himins og jarðar í íþróttakeppni hjá veðbönkum (Mbl.is, 6. janúar 2017).

bestu stöðum innan húss sem utan, auk þátttöku íþróttamanna í auglýsingum sem minnst var á hér að framan (Coakley og Pike, 2009; Grunseit o.fl., 2012, Þórólfur Þórlindsson o.fl., 2015; Guðbjörg Hildur Kolbeinsdóttir, 2006; Guðrún Helga Sigurðardóttir, 2000). Þá eru búningar merktir kostendum á áberandi hátt og gólf innan-hússvalla kirfilega skreytt merkjum þeirra. Blaða- og sjónvarpsauglýsingar frá félögum sjálfum er alsett merkjum kostenda svo að efni auglýsingar týnist, hvort sem verið er að auglýsa æfingar, leiki eða annað tengt íþróttum. Jafnvel hefur verið gengið svo langt að heiti félags víki fyrir kostanda í nafni mannvirkis, eins og Vodafone-höllin, Alvogen-völlurinn og DHL-höllin. Í ríki markaðshyggjunnar er það löngu liðin tíð að fyrirtæki styðji málefni og félög vegna áhuga á þeim sem slíkum án þess að þau láti á sjálfum sér bera við hvert tækifæri.

Æfingagjöld fyrir börn og unglinga eru afar há hjá sumum félögum. Ekki endilega hjá þeim „fátækustu“ heldur kannski ekki síst hjá þeim félögum sem hafa mest umleikis.

Ríki og sveitarfélög hafa sýnt verulega viðleitni til að styrkja íþróttafélögin svo sem með þátttöku í rekstri íþróttamannvirkjanna, niðurgreiðslu á æfingagjöldum eða styrkjum til fjölskyldna vegna þátttöku barna í íþróttastarfi. Í staðinn hafa félögin þá getað veitt meiri fjármunum í greiðslur til leikmanna. Þó hafa sum þeirra verið misdugleg við að styrkja keppnisferðir félagsliða sinna eftir því hvort um karlalið eða kvennalið er að ræða. Einnig hefur lengi viðgengist að greiða þjálfurum kvennaliða og dómurum í kvennamótum minna en í samsvarandi karlamótum og karlaliðum.

Fjármálaspilling eða feluleikur?

Eins og gefur að skilja býður markaðsumhverfi af því tagi sem hér hefur verið rakið upp á margs konar freistingar sem jaðrað geta við siðbrot. Þær eru sjálfsagt ekki meiri en á mörgum öðrum sviðum samfélagsins og ómögulegt er að staðhæfa neitt um það hvort þeir sem koma að málum innan íþróttasíðans standist þær freistingar betur en aðrir. Vitað er þó að margir falla í freistni og nýta sér aðstöðu sína til að græða meira fé eða auka frama sinn.

Mikil auraráð atvinnufólks og þeirra sem nýlega eru hættir í atvinnumennsku hafa stundum í för með sér að þau láta undan fíknum og lifa hátt, hærra en nokkrum er hollt. Slíku líferni fylgir gjarna áfengisneysla, notkun vímuefna, fjárhættuspil, lauslæti, bíla- og bátasöfnun og fleira slíkt. Dæmi eru um að fólk leggist í veðmál, fari að veðja um úrslit leikja eða einstakra keppnisviðureigna (Jón Þór Ólafsson, 2016). Verst er þegar fólk fer jafnvel að leggja peninga undir í eigin kappleikjum eða viðureignum og gerir sér svo jafnvel far um að bíða ósigur til að græða meira fé. Mútugreiðslur hafa einnig verið boðnar og þegar til að stýra úrslitum. Flest þekkt dæmi um þetta eru erlend en ástæðulaust er að reikna með að Ísland sé laust við slíka óáran. (Fjárhættuspilarar veðja á íslenska leiki, 2013; Eiríkur Stefán Ásgeirsson, 2017). Auðvitað er þetta ekki reglan heldur frekar undantekning. En dæmin eru of mörg.

Í rekstri og stjórnun íþróttasamtaka eru einnig ýmis dæmi um laumuspil og fjármálaspillingu og þá einna helst í þeim sem ríkust eru. Fjármunir virðast þarna sem víðar kalla á meiri fjármuni. Til að auka tekjur sínar starfrækja íþróttasamtök happ-



Ekki eru allir sammála um að rekstur happdrættis á borð við Lottó samræmist góðum íþróttanda. Ennþá umdeildari eru spilakassar.

drætti og auðgast þannig meðal annars á fíkn þeirra sem ekki geta staðist slíkar freistingar. Lottó er af sama meiði. En auðvitað eru margir aðrir heiðvirðir aðilar sem stunda slíkt, svo sem háskóli lýðveldisins, góðgerðarsamtök og fleiri.

Mútur eru einnig viðhafðar innan íþrotta, bæði til að stýra úrslitum íþrottaviðureigna og til að færa ákveðnum landsamböndum ábatasöm mót. FÍFA-hneykslið er alþekkt dæmi en það snerist um að einstök landssambönd báru fé á þá einstaklinga sem sæti eiga í þeim ráðum sem ákvarðanir taka um staðarval vegna heimsmeistaramóta í knattspyrnu (Formleg rannsókn hafin á Blatter, 2016). Þetta virðist hafa tíðkast lengi og allar líkur eru á að það haldi áfram þótt ef til vill þurfi hér eftir að fara laumulegar með það. Loks má nefna íslenskt dæmi, einnig úr knattspyrnunni, þar sem stjórnendur útdeildu háum fjárhæðum til sjálfra sín af fé sem sambandi þeirra áskotnaðist erlendis frá vegna árangurs íslenskra knattspyrnumanna sumarið 2016 (Geir fékk tveggja

mánaða laun í bónus á meðan aðrir fengu einn mánuð, 2016).

Íþróttatengdur hliðarrekstur

Margskonar rekstur og atvinnustarfsemi tengist íþróttum sem sýnir að íþróttir geta verið mjög atvinnuskapandi. Byggja þarf velli og reisa íþróttahús, framleiða alls kyns búnað og tæki, fatnað, veifur, aðgöngumiða og svo framvegis. Sumt af þessu tengist íþróttafélögunum beint, annað er í höndum annarra, skyldra eða alls óskyldra. Stundum hefur rekstur af þessu tagi á vegum íþróttasamtaka verið gagnrýndur, einkum ef um er að ræða vörur sem ekki eru beinlínis taldar hollar ungu fólki eða sæmandi íþróttum. Þannig þótti ekki við hæfi þegar íslenskt íþróttafélag fór að reka bar og selja bjór og annað áfengi (Eigendur Rauða ljónsins kveðja, 1999). Erlendis er þó slík bjórsala styrkur stofn í fjáröflun sumra íþróttafélaga.

Áhrif peninga á íþróttir

Á það hefur verið bent að peningar hafi talsverð áhrif á íþróttirnar sjálfar, breyti þeim á ákveðinn hátt (Coakley og Pike, 2009). Þannig hafi leikhlé í ýmsum hóp-íþróttum fyrst og fremst þann tilgang að auglýsa og selja vörur kostenda og fyrirtækja af ýmsu tagi. Breytingar á búningum séu gerðar til að auka áhorf og þar með sjónvarpstekjur fjölmiðla og íþróttasamtaka. Reglum í boltaleikjum hafi jafnvel verið breytt þannig að fleiri brot séu leyfð og viðurlög gerð sveigjanlegri. Þar með verði íþróttin áhorfendavænni, vinsælli og skapi um leið auknar tekjur. Telja má líklegt

að fleiri lestir innan íþróttanna séu beinar afleiðingar fjárhagslegra sjónarmiða og þrýstings, til dæmis notkun lyfja, svindl og leikaraskapur af ýmsu tagi.

Peningar í hófi

Fjármunum verður ekki úthýst úr íþróttum enda varla ástæða til þar sem þeim fylgir mikill kostnaður. Hins vegar væri til mikilla bóta ef gætt væri meira hófs á þessu sviði, bæði alþjóðlega og innanlands. Ríki og sveitarfélög eiga svo sannarlega að standa þétt að baki íþróttahreyfingunni enda er margsannað að æskan skemmtir sér vel við íþróttaiðkun, sem einnig veldur betri heilsu alla ævina. Þá má ekki vanmeta þroskandi uppeldisáhrif íþróttanna fyrir æskuna. Til þess að styrkja þessa jákvæðu þætti þarf að reita burt illgresið og eyða óæskilegum áhrifum peninganna. Íþróttahreyfingunni er vel treystandi til þess að sinna þessum jákvæðu þáttum ef hún þarf ekki eilíflega að leggja allan sinn kraft og mannauð í fjármál og fjármögnun. Að sjálfsögðu er ekkert að því að leita til einkaaðila, svo sem um að gefa verðlaunagripi og verðlaunapeninga til íþróttamanna, jafnvel hjálpa þeim að kaupa búninga og annað en það er óþarfi að þessir einkaðilar fái í staðinn að eigna sér heilu hallirnar og vellina og merkja íþróttakrakkana í bak og fyrir með auglýsingum sínum. Það er miklu sannari gjöf sem krefst þess ekki að gefandinn sé auglýstur í staðinn út um allar koppa-grundir.

Eins og sjá má í þessum kafla getur vald fært peninga, rétt eins og trúin sem „fært getur fjöll“. Sá sem kemst í stjórn-



Guðrún Arnardóttir þykir ekki hafa týnt sálu sinni í sókn eftir peningum og hætti á toppnum til að sinna öðrum þáttum lífsins.

unarstöðu innan íþróttahreyfingarinnar á meiri möguleika en aðrir til að hagnast sjálfur á henni með því að greiða sjálfum sér há laun og bónusa. Þetta virkar einnig í hina áttina. Peningar geta fært vald. Þeir sem eiga fjármagn eða sitja á gullkistunni fá við það eitt meira vald en aðrir. Að vísu þekkjast ekki örugg íslensk dæmi um það að kostunaraðilar geri kröfur um að ráða einhverju í rekstri félaganna eða skipan keppnisliða. Dæmin eru til erlendis og í rauninni er ekkert fráleitt að slík dæmi séu einnig til hér á landi þótt ekki hafi farið hátt. Næsti kafli fjallar einmitt um áhrif valdsins á íþróttirnar.

7. kafli:

Misbeiting íþróttavalds

Hér er fjallað um valdið. Vald er í sjálfu sé ekki vont fyrirbæri heldur miklu fremur hvernig með valdið er farið, skipulagið sem unnið er eftir og hvernig verkaskiptingin er. Einstaklingum er treyst til að skipuleggja og stjórna en þeir fá til þess ákvörðunarvald úr lýðræðislegum kosningum eða með ráðningarsamningi. Samkvæmt franska heimspekingnum Michel Foucault (2002) er vald samkomulag um ákveðin tengsl eða verkaskipti. Valdníðsla eða misbeiting valds sé allt annars eðlis. Ofríki sé í raun ofbeldi.

Í heimi íþróttar eins og í samfélaginu almennt eru margir sem hefur verið falið ákveðið vald til fjölbreyttra verkefna. Misjafnt er hvernig þeim hefur gengið að fara með þetta vald.

Fyrirliðar

Í hverjum íþróttahópi hvort heldur sem er hjá áhugfólki eða afreksfólki er gjarnan einhver einn sem í krafti persónuleika síns eða skapferlis velst ósjálfrátt sem leiðtogi. Það sem einkennir hann fremur en aðra er að félagar hans treysta honum og eru tilbúnir til að hlíta forystu hans. Í hópíþróttum er alltaf einn í hverju liði sem tekur þetta hlutverk að sér. Yfirleitt er það að beiðni þjálfarans eða hann er kosinn af hópnum. Best er að það sé í raun sá sem er leiðtogi og er treyst. Fyrirliði þarf einnig að

Stóri-Sam til í að svindla

Eins og fram kom á Vísi fyrir skemmstu er Sam Allardyce hættur sem þjálfari enska landsliðsins í fótbolta. Allardyce entist aðeins 67 daga í draumastarfinu.

Í gær birti The Telegraph mynband þar sem Allardyce samþykkir 400.000 punda greiðslu fyrir að aðstoða austurlenska viðskiptajöfra við að fara á sveig við reglur enska knattspyrnusambandsins (Vísir.is, 27. september 2016).

vera fær um að koma fram fyrir hönd hópsins sem talsmaður hans, til dæmis gagnvart fjölmiðlum og stjórnendum félags, og þarf því að vera góð fyrirmynd (Viðar Halldórsson, 2016).

Mikilvægt er að fyrirliði fari vel með vald sitt. Því miður eru dæmi um hið gagnstæða, bæði utan vallar, í einkalífinu eða á meðan á keppni stendur. Fyrirliði sem misnotar vald sitt í íþróttaliði til að kúga eða brjóta á liðsfélaga sínum utan vallar er ekki hæfur til slíkra starfa. Erlend dæmi eru til um fyrirliða karlaliðs í knattspyrnu sem í krafti valds síns var talinn hafa tælt unnustu liðsfélaga síns til að sofa hjá sér.

Dáðir og dýrkaðir þjálfarar

Þjálfarar og reyndar ekki síður íþróttakennarar hafa í krafti starfs síns mikið og óskorað vald. Iðkendur treysta þeim oft skilyrðislaust, einkum ungir þróttaiðkendur (Benedikt Bragi Sigurðsson, 2016). Þeir inna af hendi mikið starf sem oft er illa borgað, tímafrekt og streituvaldandi. Ekki

þarf að óttast neitt misjafnt hjá flestum þeirra sem eru vel menntaðir í íþróttfræðum og kunna vel til mannlegra samskipta. Séu menn hins vegar ekki menntaðir í því sem þeir eru að gera geta orðið ýmis mistök í samskiptum þeirra við iðkendur sína. Mistök sem geta haft afdrifarík áhrif á feril íþróttafólks og árangur í íþrótt sinni.

Þjálfarar og íþróttakennarar þurfa að

gæta þess vel að ýta ekki undir né taka þátt í eineltistilburðum gagnvart einstökum íþróttaiðkendum. Þeir verða einnig að gæta þess að stjórna ekki með of mikilli hörku eða fautaskap eða gera of miklar kröfur. Það er alltof algengt að þjálfarar falli í slíka gryfju enda finnst mörgum að íþróttir séu eins konar hermennska eða komi að minnsta kosti í stað hennar í okkar herlausa landi. Af einhverjum ástæðum eru sög-

Rekinn eftir áreitni og ráðinn hjá öðru félagi

Fyrrverandi handboltakona sem var áreitt kynferðislega af þjálfara sínum er óánægð með framgöngu HSÍ í málinu. Þjálfarinn var rekinn eftir að upp komst um brot gegn annarri konu en var síðar ráðinn hjá öðru liði.

Bryndís Bjarnadóttir spilaði handbolta með Val til fjölda ára en þegar hún var fimmtán ára gömul kom reyndur þjálfari inn í hópinn og hóf að spjalla við hana í gegnum netið.

„Hann vildi vera vinur minn og vann sér inn traust hjá mér. Nema að þessi maður var 15 árum eldri en ég og þjálfari minn. Alltaf gekk þetta lengra og lengra þar til það var orðið kynferðislegt. Hann var farinn að segja mér hvað ég ætti að gera við sjálfa mig og hvernig hann myndi vilja að við værum saman kynferðislega," segir Bryndís.

Hún segir handboltann hafa verið ómissandi þátt af

lífinu og því hafi hún látið á engu bera. „Mér fannst skárna að eiga þessi samtöl við hann, segja það sem ég hélt að hann myndi vilja heyra en gráta síðan fyrir framan tölvuna og mæta á æfingar eins og ekkert væri. Hann var sá sem réði því hvort ég myndi spila eða ekki," segir Bryndís.

Segir stjórnarmeðlim vita af áreitninni

Þegar önnur stelpa sagði frá áreitni þjálfarans töluverðu síðar steig Bryndís einnig fram. Hann var þá rekinn frá Val en leitaði til annarra félaga. Nokkur félög höfnuðu honum áður en hann fékk inni hjá öðru.

„Ég veit það fyrir víst að félagið, eða meðlimur í stjórninni, veit af þessu, eða að minnsta kosti vissi þegar þau réðu hann. Og þau gerðu það samt," segir hún.

Þegar Bryndís sneri seinna til starfa hjá Val upplifði hún að málinu væri tekið létt hjá mörgum innan félagsins. „Þá fékk ég stundum nafnlausar símhringingar frá strákum í félaginu þar sem þeir gerðu grín að atvikinu og voru að

þykjast vera þjálfarinn minn," segir Bryndís.

Boðið til Katar af HSÍ

HSÍ var látið vita af málunum og vildi fjölskylda Bryndísar að manninum yrði bannað að starfa innan hreyfingarinnar. Við því var ekki brugðist og þá meðal annars vegna skorts á sönnunum og vísað var til þess að hann væri einungis í sjálfboðaliðastarfi á þeim tíma.

„Það var sagt að hann myndi ekki koma nálægt yngri landsliðum lengur, ekki fara í keppnisferðir með stelpum. Þangað til ég sé hann allt í einu á HM í Katar og frétti að honum hefði verið boðið þangað af HSÍ. Af því hann hafði staðið sig svo vel fyrir það sérsamband," segir Bryndís.

Hún telur að taka þurfi mun betur á svona málum þannig að treysta megí á öruggt umhverfi innan íþróttafélaga. ... „Það að koma fram á ekki að þýða að þolandinn eigi á hættu að það bitni á honum," segir Bryndís (DV, 2018, 13. janúar).



Sepp Blatter fyrrverandi forseti FIFA er talinn hafa misbeitt valdi sínu og tekið við mútum.

urnar um litlu herforingjana í íþróttakennslu og þjálfun útbreiddar. Og þessir herforingjar munu vera af báðum kynjum.

Mörg dæmi eru um það að karlkynsþjálfarar hafi stofnað til kynlífssambands við kvenkynsiðkendur sína og jafnvel átt með þeim börn. Þetta þekkist einkum innan einstaklingsíþróttar, svo sem frjálsíþróttar og fimleika, en einnig í hópíþróttum. Dæmi um þetta eru ekki öll erlend. Auðvitað er hér oftast um fullorðin fólk að ræða en aðstöðumunur þjálfara annars vegar og iðkenda hins vegar til að taka þátt í slíku sambandi eða hafna því er ærið misjafn.

Dómarar geta gert mistök

Dómarar eru afskaplega mikilvægir í íþróttum. Þeirra hlutverk er að tryggja að heiðarlega sé barist og óþökkaskap úthýst með

því að fylgja reglum hvernar íþróttar. Þessar reglur ramma inn starf þeirra en innan þess ramma er oft talsvert svigrúm. Langflestir reyna af fremst megni að nota það til að gera viðureignina sem þeir eru að dæma sem drengilegasta en um leið verða þeir að gæta þess að halda spennunni og trufla ekki flæði leiksins. Þetta getur verið afar vandasamt og stundum verður dómurum á. Dæmin um svonefnda „heimadómara“ eru þekkt um allan heim, einnig sögurnar um dómara sem taka ákveðna leikmenn fyrir, þola þá ekki, leggja þá jafnvel í einelti. Stefán Arnaldsson (2010) bendir á að yfirleitt séu þeir íþróttakappleikir þar sem dómararnir verða mjög áberandi frekar misheppnaðir og leiðinlegir.

Dómarar geta gert mistök eins og aðrir. Þeir eru mannlegir. Þess vegna er afar leitt að sjá hvernig sumir leikmenn atast í dómurum með ókurteisi, bendingum og dónalegu látbragði ef þeir eru ekki sam-mála einstökum dómum þeirra. Stundum

eru þessi dónatilþrif liður í leikaraskap leikmanna, þar sem þeir reyna að brjóta dómarann niður og þvinga hann til að dæma síður lið sitt með því að mótmæla dómum hans. Sérstaklega er þetta einkum reynt gagnvart ungum og lítt reyndum dómurum. Verst er þó hvernig ýmsir leikmenn reyna með leikaraskap að fá andstæðing sinn dæmdan fyrir brot sem hann hefur alls ekki framið. Slíkt er auðvitað engin íþróttamennska og tilgangslaust að halda því fram að þetta sé „hluti af leiknum“. Þetta er misjafnt eftir íþróttagreinum en einkum ber á þess háttar tilþrifum í knattspyrnu.

Nú til dags fá dómarar yfirleitt greitt fyrir vinnu sína. Þeir fá ekki mikið greitt og oft miklu minna en leikmennirnir. Talsvert ójafnræði viðgengst þó í þeirra röðum. Þeir sem dæma í unglingaleikjum fá minna en dómarar fullorðinna leikmanna, dómarar í keppni fatlaðra minna en ófatlaðra og þeir sem dæma í leikjum kvenna fá minna en þeir sem dæma karlaleiki. Ekki hefur þó tekist að sýna fram á að vinnan sé tiltakanlega misjöfn eftir þessum viðmiðum.

Stjórnsamir íþróttastjórnmennur

Stjórnmennur, stjórnmenn og starfsmenn íþróttafélaga og íþróttasambanda, vinna mikið starf og leggja mikið á sig fyrir félög sín. Mikið sjálfboðastarf er til dæmis stundað af slíkum stjórnmönnum (Þórdís Lilja Gísladóttir 2006). Starfi þessa fólks fylgir talsvert vald enda er erfitt að sjá hvernig annað ætti að vera. Sem betur fer fara flestir vel með þetta vald sitt en þó eru þess dæmi um allan heim að valdinu sé misbeitt í þágu eiginhagsmuna þeirra sem stjórna. Sumir þeirra þola alls ekki að neitt

sé efast um ákvarðanir þeirra. Þannig er lýðræðið stundum fótum troðið í íþróttahreyfingunni og æðstu stjórnendum hennar fært vald sem þeir ættu ekki endilega að hafa. Í stað þess að kalla eftir tillögum um fólk í nefndir og ráð tilnefna stýrur og stjórar sitt fólk og láta kjósa það. Gegn slíku ofríki ættu aðrir fullorðnir þátttakendur að berjast.

Stundum beita stjórnmennur valdi sínu til að hjálpa einstaklingum sem þeir halda sérstaklega upp á, svo sem með því að kynna þá fyrir erlendum liðum eða hjálpa þeim að ná fótfestu í íslenskum liðum. Kannski má líta á slíkt sem góðverk. Verra er þó þegar stjórnmennur beita valdi sínu til að kúga eða halda niðri þeim sem standa sérlega illa að vígi eða sem þeir hafa persónulega ímugust á. Börn og unglingar eru oft notuð til verka sem eldri iðkendur ættu að sinna. Að selja happdrættismiða eða aðgöngumiða eru dæmi um slík störf. Stúlkur eru niðurlægðar og fá minni stuðning og hvatningu en aðrir iðkendur og kynjuð orðræða notuð, jafnvel til að niðurlægja þá karla eða stráka sem ekki þykja standa sig nægilega vel. Skammaryrði eins og „kelling“ eða „stelpur“ eru oft notuð í slíkum tilvikum. Verst er þó þegar stjórnmennur nýta sér stöðu sína til að tæla eða neyða stúlkur til að eiga við sig kynferðislegt samband. Þess eru því miður einnig dæmi á Íslandi.

Stökkpallur í stjórnmálin

Nokkuð er um að stjórnmennur í íþróttahreyfingunni hafi nýtt sér frægð sína til að komast til vegs og virðingar í stjórnmálum. Albert Guðmundsson formaður KSÍ reið þar á vaðið og var þingmaður Sjálfstæðisflokks og Borgaraflokksins sem hann stofnaði



Willum Þór Þórsson.

meira að segja utan um sig. Sonur hans, Ingi Björn, var knattspyrnuhetja og fór á þing fyrir Borgaraflokkinn, Frjálslynda hægriflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn.

Ellert B. Schram formaður KSÍ og síðar forseti ÍSÍ varð þingmaður Sjálfstæðisflokksins og síðar Samfylkingarinnar. Hermann Jónasson var glímukóngur en síðar formaður Framsóknarflokksins og ráðherra. Willum Þór Þórsson knattspyrnuþjálfari sat á þingi fyrir Framsóknarflokkinn. Hið sama gerði Siv Friðleifsdóttir badmintonmeistari. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir forseti Skákambands Íslands varð þingmaður VG. Ísólfur Gylfi Pálmason íþróttakennari varð þingmaður Framsóknarflokks og sveitarstjóri. Gísli Halldórsson forseti Íþróttabandalags Reykjavíkur var borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Kristján L. Möller íþróttakennari og íþróttafulltrúi var þingmaður Samfylkingarinnar og ráðherra.

Þetta eru aðeins dæmi sem sýna að nokkuð greiður aðgangur virðist fyrir þá

sem þess óska úr íþróttahéiminum inn í stjórn málin. Ljóst má vera og eðlilegt að þeir sem koma inn í stjórn málin úr íþróttahreyfingunni nota og hafa notað áhrif sín í sveitarstjórnnum og á Alþingi til að styðja við íþróttalífið í landinu á einn eða annan hátt, svo sem með því að stuðla að fjárframlögum til þeirra. Þetta er í sjálfu sér ekki slæmt ef fulls jafnræðis er gætt milli íþróttagreina og félaga.

Loks má nefna að ríkisvaldið og þar með stjórn málamenn hafa tekið þátt í mótun og eflingu íþróttastarfs á ýmsum tímum. Ráðherra menntamála er jafnframt íþróttamálaráðherra og til langs tíma starfaði íþróttafulltrúi ríkisins innan ráðuneytisins. Þá er á vegum ráðuneytisins starfræktur Íþróttasjóður ríkisins sem styrkir bæði einstök félög og einstaklinga. Að vísu hefur stundum tekist svo illa til að í stjórn sjóðsins sitji einstaklingar sem hafa þótt tengjast styrkhöfum um of. Kannski er erfitt að komast hjá því og vafalaust reyna allir að vera sem hlutlausastir og faglegastir í störfum sínum.

Fjórða valdið

Ekki er hægt að skilja svo við umræðuna um vald innan íþróttar að minnast ekki á valdið sem fylgir fjölmiðlunum. Margir íþróttamenn hafa kosið að gerast fréttamenn, einkum íþróttafréttamenn. Slík störf færa þeim ótvírætt ákveðin völd og möguleika til að hafa áhrif í íþróttahéiminum. Eins og öllu valdi er vissulega hægur vandi að misbeita þessu valdi, meðvitað eða ómeðvitað. Sumir draga taum einnar íþróttagreinar umfram aðrar, beina athygli lesenda, hlustenda eða áhorfenda að einum íþróttamanni öðrum fremur, halda með ákveðnum liðum eða íþróttafélögum eða láta blindast af kynjagleraugum sjálfs

sín. Sumir láta sig jafnvel berast með (peninga)straumnum og líta á sig sem einhvers konar talsmann íþróttaforystunnar.

Vissulega er óhætt að fullyrða að langflestir íþróttafréttamenn eru meðvit-aðir um þessa hættu og gæta sín afar vel. En auðvitað geta orðið slys og mistök. Oftar en einu sinni hefur skinið í gegn að lýsandi í knattspyrnuleik haldi með öðru liðinu. Þetta vita allir sem fylgjast með lýsingum og eru ef til vill hættir að láta það fara í taugarnar á sér. Finnst það jafnvel svolítið heimilislegt og sætt.

Verra er þegar fréttamenn lýsa leikjum þar sem íslenska landsliðið í einhverri íþrótt keppir og erlenda landsliðið sem keppt er við fær sjaldan að njóta sannmælis meðan tuddaskapur og ásetningsbrot íslenskra leikmanna eru afsökuð í bak og fyrir. Hvers konar siðferði er slík fréttamennska? Einnig má gagnrýna sterklega framkvæmd árlegs vals íþróttamanns ársins þar sem kynjagleraugu íþróttafréttamanna, áhugaleysi á íþróttum fatlaðra, bakgrunnur þeirra sjálfra sem boltastrákar og taumlaus aðdáun á atvinnuþróttamönnum og ofurlaunum þeirra virðist ráða för. Því hafa komið fram hugmyndir um að æskilegra væri að kjósa íþróttamann og íþróttakonu hópíþrótta sér, fatlaðra sér og svo framvegis.

Fimmta vald íþróttafræðimanna

Sé hægt að tala um fjórða vald fjölmiðlanna er einnig hægt að tala um fimmta vald fræðimannanna. Íþróttafræðimenn hafa talsverð völd innan íþróttaheimsins, til dæmis í vali á rannsóknarviðfangsefnum, ákvörðunum um skipulag og framkvæmd íþróttafræðináms og íþróttakennaranáms. Það má til dæmis vel gagnrýna íslenska íþróttafræðimenn fyrir að leggja litla áherslu á íþróttasiðfræði, íþróttahugvísindi og íþróttafélagsfræði í akademísku íþróttanámi. Þá hafa þau sem mestu ráða á þeim vettvangi í HÍ fremur lítinn áhuga á íþróttakennslu sem slíkri en þeim mun meiri áhuga á afreksíþróttum og líkamlegri getu. Loks eru sum þeirra eins og margir aðrir háskólaborgarar því miður iðnari við að niða niður skóinn hvert af öðru en að standa saman um heildarhagsmuni íþróttanna.

Næsta viðfangsefni stendur íþróttalífínu nær. Í næsta kafla verður reynt að svara spurningunni: Er það virkilega svo að mismunun, fordómar og einelti viðgangist innan íþróttanna?

„Vangefið lið“

„Dómgæslan í gær minnti helst á lélegan brandara,“ skrifaði Karl Erlingsson, aðstoðarþjálfari Íslandsmeistara Gróttu í handknattleik kvenna, en hann fór mikinn á samfélagsmiðlum eftir tap liðsins fyrir Haukum í Olís-deild kvenna á laugardag, 29:25.

„Gríðarleg framför hjá HSÍ eða hitt þó heldur, dómarauglið heldur áfram. Þvílíkt rugl. Eigum við ekkert betra skilið? Látum það vera að þessir fábjárnar hafa aldrei spilað hand-bolta sjálfir. En óþarfi að setja hálf vangefið lið í búning og láta þá dæma?“ skrifar Karl í Facebook-færslu, sem síðan var eytt en mbl.is hefur undir höndum.

Og áfram hélt hann þar sem næst var farið í eftirlitsmann HSÍ á leiknum, Kristján Halldórsson. „Skrípaleikur í boði Kristjáns Halldórssonar. Hvað á þetta fifl að fá að ganga langt í að eyðileggja íslenskan handbolta?“ skrifar Karl meðal annars. Hann kom inn í þjálfarateymi Gróttu í sumar, en hann hefur meðal annars stýrt yngri landsliðum Íslands (Mbl.is, 3. október 2016).

8. kafli: Mismunun, fordómar og einelti í íþróttum

Innan íþróttar þekkjast rétt eins og á öðrum sviðum þjóðlífsins alls kyns fordómar. Sumum finnst það eðlilegt og við því sé ekkert að gera. Hins vegar má á það benda að íþróttir eru gjarnan taldar eiga að efla drengskap og heiðarleika. Falla fordómar, einelti og annað slíkt undir þá skilgreiningu? Í þessum kafla verður fjallað um þessa þætti.

Íþróttastjórnendur og íþróttafréttamenn ástunda til dæmis verulega aldurs- og kynjamismunun. Þetta má sjá á þeirri áherslu sem afreksíþróttir ungra karla njóta umfram íþróttir fatlaðs fólks, kvenna, unglinga og fólks eldri en 30 ára, bæði í skipulagi íþróttastarfsins og í íþróttafjölmíðlun. Þetta kemur svo sem engum á óvart en hvað með aðra fordóma?

Stundum gerist það „í hita leiksins“ að stuðningsmenn láta í ljósi kynþáttahatur, karlrembu, andúð á samkynhneigð, fasisma, þjóðernisrembing, nágrannaríg eða fagna óföllum, jafnvel meiðslum og sársauka andstæðinga í stað þess að styðja og hvetja lið sín. Nóg er af slíkum dæmum úr vestrænu íþróttalífi. Afstaða íslensks íþróttalífs til gagnkynhneigðar og til útlendinga, að minnsta kosti eins og hún var til skamms tíma, kemur einkar vel fram í tveimur ágætum kvikmyndum. Í kvikmyndinni *Strákarnir okkar* (2005) er þemað gagnkynhneigð innan íþróttar. Raunar er sama þema í stuttmyndinni *Bræðrabyltu* (2007). Afstaðan til útlendinga í íþróttum kemur hins vegar vel fram í kvikmyndinni

Öll hinsegin

Forsetar hafa ef til vill ekki mikið svigrúm þegar kemur að klæðaburði en leyfði Guðni sér þó að bæta regnbogalituðu bindi við jakkafötin í tilefni dagsins. Í ræðu sinni vék hann sérstaklega að fordómum gegn hinsegin fólki í íþróttum og uppskar mikinn fögnuð fyrir vikið. „Ég er mikill áhugamaður um íþróttir, lifði lengi og hrærðist í heimi íþróttar. Ég

vil sérstaklega hvetja alla til að taka á fordómum sem enn þarf að glíma við í heimi íþróttanna. Á Íslandi hefur lesbía orðið forsætisráðherra. Vonandi fáum við bráðum homma í eitthvert okkar ágætu karlalandsliða,“ sagði Guðni. ...

„Við erum hér öll á hátíð hinsegin fólks en í lokin bið ég ykkur um að hugleiða þetta. Í orðunum er viss þversögn en er það ekki þannig að í raun erum við öll hinsegin á einhvern

hátt. Þegar vel er að gáð er bara enginn eins og fólk er flest.“ (Vísir.is, 7. ágúst



Africa United (2005). Allar þessar þrjár kvikmyndir eru beinlínis gerðar til að vinna gegn fordómum í íþróttum og raunar í samfélaginu öllu.

Kynbundinn ójöfnuður

Um misrétti kynjanna í íþróttum væri hægt að skrifa heila bók enda margar slíkar komið út (Bryson, 1994; Griffin, 1998; Gunnar Valgeirsson, 1984; Hult, 1994; Kjartan Ólafsson, 2006). Á margan hátt má líta svo á að íþróttir séu vígi karlmennskunnar þótt mörg virki hafi fallið undanfarin ár. Í fornsögunum er til að mynda ekki getið um íþróttaiðkun kvenna þó svo að þær séu gjarnan nálægar þegar karlarnir etja kappi þar sem íþróttaiðkunin var oft liður í tilraunum karlanna til að ganga í augun á konunum.

Íþróttaiðkun kvenna á Vesturlöndum hófst í kvennaskólum 19. aldar. Áhersla var lögð á að stunda íþróttir sem afþreyingu og áhugamál. Íþróttaiðkunin mátti þó undir engum kringumstæðum grafa undan eða draga úr ímynd konunnar sem kynveru (Bryson, 1994; Hargreaves, 2000, 2002; Hult 1994). Fyrirmyndin að íþróttum karla er hins vegar í herþjálfun (Messner, 1994). Þessa sjást einnig glögg merki í íþróttum karla til forna (Meinander, 1997) þar sem hermennskuíþróttir skipa stóran sess og tilgangurinn virðist vera að efla hermennsku einstaklinganna, styrk þeirra, hraða og leikni með áhöld eins og spjót, sverð og boga. Sumir íþróttakynjafræðingar telja að íþróttir hafi átt stóran þátt í að viðhalda staðalímyndum um konur og kynjahlutverk á 20. öldinni. Íþróttir sem slíkar hafi verið stofnun í samfélaginu sem gerði kúgun kvenna afsakanlega og jafnvel æskilega (Sigríður Matthíasdóttir, 2004). Þessi túlkun



Vanda Sigurgeirsdóttir var ein fyrsta íslenska konan til að þjálfra karlalið í knattspyrnu. Hún hefur einnig látið til sín taka í baráttu gegn einelti.

gæti einnig átt við um norrænu fornhetjurnar.

Ímyndir kynja og kynhlutverka verða til í orðræðu samfélagsins, ekki síst fyrir tilstilli fjölmiðla og áberandi einstaklinga, eins og leikara, söngvara eða annars frægs fólks sem gjarnan verða fyrirmyndir (Eygló Árnadóttir, 2011). Með einföldun og ýkjum draga þessir einstaklingar eða þeir sem um þá fjalla fram aðalatriði en sleppa því sem flækir eða gerir skilin óljósari (Guðný Gústafsdóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2010). Íþróttafólk er tvímælalaust í hópi þeirra sem skapa þessar ímyndir.

Annað hugtak sem gjarnan er notað í þessu samhengi er tákn. Táknmál orðræðunnar um kynin sýna þetta sama og hér að framan hefur verið rætt en á annan og athyglisverðan hátt. Í þjóðlífinu hefur



Vala Flosadóttir stangastökkvari.

konan annars vegar verið tákn náttúrunnar og landsins í krafti fegurðar sinnar og aðdáunar karlanna en hins vegar tákn hins villta og taumlausa í eðli fólks. Fjallkonan er tákn Móður jarðar, en fegurðardísinn tákn hinnar ungu nútímakonu (Þorgerður Hrönn Þorvaldsdóttir, 2001). Vissulega má samsinna því að þessar tvær táknmyndir séu þær sem mest eru áberandi og séu aðal-táknmyndirnar í þessu sambandi.

Ekki skiptir máli hvort um kvennaíþróttir er fjallað út frá sögulegum þáttum, hugmyndafræði, ímyndum eða táknmyndum. Niðurstaðan verður í öllum tilvikum hin sama: Konur iðka ekki íþróttir á eigin forsendum heldur fyrst og fremst á forsendum karla. Það er svo sem ekki við öðru að búast þegar þær koma á þeim forsendum inn í þetta vígi karlmennskunnar.

Beinir kynjafordómar koma víða fram í íþróttahéiminum. Íþróttakonur fá verulega minni athygli í fjölmiðlum en íþróttakarlar og til íþróttar þeirra er veitt minna fé (Kjartan Ólafsson, 2006). Þær sem komast í atvinnumennsku fá talsvert lægri laun en karlarnir og oft þurfa konurnar að safna sjálfar fyrir kostnaði vegna þátttöku í mótum, vegna ferðalaga og vegna ferða í æfingabúðir. Áhorf á kvennaíþróttir er verulega minna en á karlaíþróttir, bæði

hvað varðar aðsókn á kappleiki og mót og einnig í útvarpi og sjónvarpi. Þar með auglýsa fyrirtæki síður í kringum mót kvenna og styrkja síður kvennaliðin. Þjálfarar í kvennaíþróttum fá minna greitt en í karlaíþróttum og sjaldgæft er að konur séu fengnar til að þjálfar karla. Þótt margar konur séu vel menntaðar og mjög hæfar til þeirra verka. Það vakti mikla athygli þegar Vanda Sigurgeirsdóttir þjálfaði KR um tíma.

Kynþáttanið og þjóðremba

Vissulega væru það ýkjur að halda því fram að kynþáttanið sé áberandi eða algengt í íslenskum íþróttum. Það er hins vegar mun meira áberandi víða erlendis. Dæmi þess hafa þó skotið upp kollinum hérlandis. Hér hafa íþróttamenn af öðrum kynþáttum sest að og starfað. Til dæmis eru blökkumenn í flestum körfuboltaliðum efstu deildar. Þessum mönnum er yfirleitt vel tekið af félögum sínum jafnt sem andstæðingum. Þó kemur fyrir að ofstopafullir áhorfendur hrópi að þeim ókvæðisorðum eða reyni að niðurlægja þá á annan hátt.

Stolt og hvatning til dáða sem því fylgir fyrir okkar litlu þjóð að eiga góða fulltrúa á alþjóðavettvangi íþróttanna er mjög áberandi og hefur verið allt frá því íþróttir hófust til vegs á fyrri hluta 20. aldar (Kellas, 1991). Það tengist vafalítið rómantísku viðhorfi landsmanna til sjálfstæðis þjóðarinnar og tengslum þess við hetjuskap fortíðarinnar. Aðá mati Kolbeins Óttarssonar Proppé (2003) verður þessi umræða oft frekar ýkt og kjánaleg og þar með niðurlægjandi.

Þessi þjóðremba kemur stundum fram í orðræðunni sem frekar illt umtal eða fjandskapur um andstæðingana. Dæmi um slíkan andstæðing er sænski handbolta-

maðurinn Staffan „Faxi“ Olsson sem lengi var talinn einn besti handboltamaður heims og valinn besti maður úrslitaleiksins um heimsmeistaratitilinn árið 1990 sem Svíar unnu. Í *Morgunblaðinu* er hann kallaður „Gullfaxi“ og farið mörgum fögrum orðum um frammistöðu hans. Í viðtali við DV fjórum árum síðar er hann hins vegar spurður eftir leik: „Nú virðist þú vera óvinur númer eitt í sænska liðinu í augum íslenskra áhorfenda. Hvernig er það?“ Annar er franskur knattspyrnumaðurinn Zinedine Zidane sem ásamt öðrum Frökkum „rigndi upp í nefið á“ í jafnteflisleik við Ísland árið 1998 en árið 2000 er hann til dæmis kallaður „aðalstjarna heimsmeistaranna“.

Þó væri ekki sanngjarnt að saka íþróttafréttafólk um að veitast almennt að snjöllum andstæðingum íslensks afrekis í íþróttum. Dæmi um hið gagnstæða eru til dæmis „Íslandsvinir“ eins og danski skákmaðurinn Bent Larsen, brasilíski þrístökkvarinn Ferreira da Silva, enski kraftamaðurinn Geoff Capes og eistneski tugþrautarmaðurinn Erkki Nool sem allir öttu kappi við íslenska afreksmenn og ætíð var skrifað um á Íslandi af mikilli virðingu.



Faxi—Staffan Olsson, handboltamaður og síðar landsliðsþjálfari Svía.

Grindavík kallar

Leikmenn kvennaliðs Grindavíkur í knattspyrnu fá engar viðbótagreiðslur fyrir að hafa tryggt sæti sitt í efstu deild á meðan karlaliðið fær fimm til sex milljónir í bónusgreiðslu fyrir árangurinn. Formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur segir ástæðuna vera að félagið fái dræmar tekjur af kvennaboltanum. Liðskonur sem DV.is ræddi við segja að um ekkert einsdæmi sé að ræða. ...

„Maður tekur þetta vissulega inn á sig. En þetta er samt ekkert nýtt. Þetta virðist vera mjög algengt hérna í Grindavík: Þetta viðhorf að strákarnir séu alltaf betri og fá þar af leiðandi alltaf meira,“ segir Unnur Guðmundsdóttir leikmaður Grindavíkur í samtali við blaðamann og bætir við að bónusgreiðslurnar séu ekki fyrsta tilvikið þar sem karlkyns leikmönnum sé gert hærra undir höfði. „Bara til að nefna dæmi þá hefur kvennaliðið ekki farið í

æfingaferð síðan 2013. Eins fá strákarnir nýja búninga á hverju ári.“

Annar leikmaður liðsins, Guðný Eva Birgisdóttir, tekur í sama streng:

„Þetta er auðvitað bara fáránlegt og það sem er sorglegt er að við erum orðnar svo vanar því að það sé gengið fram hjá okkur að í rauninni kipptum við okkur ekkert upp við þetta í þetta skiptið“ (DV.is, 28. september 2016).

Rasismi í Frakklandi

Foxillur Mario Balotelli spurði áhorfendur hvort „rasismi væri löglegur í Frakklandi,“ eftir 1-1 jafntefli Nice í Bastia um helgina.

„Úrslitin í Bastia í gær voru rétt, við þurfum að vinna betur til að ná okkar markmiði. Dómarinn var líka góður en ég þarf að spyrja Frakka. Er eðlilegt að áhorfendur í Bastia gefi frá sér apahljóð og „uh uh“ allan leikinn og enginn segi neitt?,“ spurði Balotelli eftir leikinn.

„Er rasismi löglegur í Frakklandi? Eða aðeins í Bastia? Fótbolti er frábær íþrótt en fólk eins og í Bastia gera hann viðbjóðslegan.“

Tvö stig voru tekin af Bastia tímabilið 2007-2008 vegna rasisma stuðningsmanna í Ligue 2 leik (Vísir.is, 21. janúar 2017).

Hommafóbia

Kynhneigð hefur ekki verið áberandi í íþróttumræðu eða íþróttumfjöllun og um hinsegin íþróttafólk hefur ríkt mikil þöggun þótt mikil breyting hafi átt sér stað á allra



Guðmundur Sigurjónsson glímumaður.

síðustu árum. Glímumaðurinn, síðar glímubjálfarinn og sjúkrapjálfarinn Guðmundur Sigurjónsson var dæmdur fyrir samkynhneigð árið 1924 en sá dómur var að mestu þaggaður niður og hann hélt áfram þjálfun eftir nokkurra ára fjarveru frá landinu (Þorvaldur Kristinsson, 2016). Konur í kvennalandsliði Íslands í knattspyrnu hafa stigið fram og opinberað samkynhneigð sína án þess að það hafi vakið teljandi hneykslun eða umtal. Hins vegar hafa ýmsir hinsegin íþróttamenn sagt frá því að þeir hafi orðið fyrir óþægindum vegna kynhneigðar sinnar.

Í janúar 2007 skrifaði Klara Bjartmarz grein í Fréttabréf Samtakanna 78 sem bar heitið: *Stunda samkynhneigðir ekki íþróttir?* Þar segir að á Íslandi hafi ekki verið gerðar rannsóknir á íþróttapáttöku samkynhneigðra en niðurstöður erlendra rannsókna bendi til að ekki sé marktækur munur á íþróttapáttöku samkynhneigðra og gagnkynhneigðra. Samkynhneigðir hætti þó frekar í íþróttum en gagnkynhneigðir. Þriðja hver lesbía og fjórði hver hommi í íþróttum eða jafnvel enn fleiri hafi mátt þola fordóma. Í flestum tilvikum séu þessir fordómar frá eigin liðsfélögum og þá aðallega í formi neikvæðra ummæla (Coad, 2008; Griffin, 1998; Woog, 1998).

Í ágúst 2009 birtist viðtal í Fréttablaðinu við Hafdís Erlu Hafsteinsdóttur og Vilhjálmm Inga Vilhjálmsson frá íþróttafélaginu Styrmi sem stofnað var 2006 (Samkynhneigðir geta líka verið afburða íþróttafólk, 2009). Allir félagsmenn þess eru samkynhneigðir. Hafdís Erla telur að samfélagið geri samkynhneigðum erfitt fyrir að koma út úr skápnum því ungt samkynhneigt fólk sé alið á sömu fordómum og aðrir í samfélaginu. Vilhjálmmur telur að ný kynslóð íþróttþjálfara og iðkenda sé lausari við fordóma en þeir sem eldri eru. Hvorugt þeirra telur að við íþróttahreyfinguna eða íþróttafélög sé að sakast, ástandið spegli aðeins normin í samfélaginu.

Hávær þögn um fatlað fólk

Orðræðan í samfélaginu um íþróttir fatlaðs fólks speglar mjög orðræðuna um þennan hóp fólks í samfélaginu. Ólympíumót fatlaðra er stærsta íþróttamót fatlaðs fólks. Það var fyrst haldið samhliða Ólympíuleikunum í Róm árið 1960 (Íþróttasamband fatlaðra, e.d.). Íslenskir keppendur hafa unnið til fjölda verðlauna á mótum þessum. Ólympíumót fatlaðra er samsvarandi



Íslenskir fatlaðir íþróttamenn hafa gert garðinn frægan á erlendri grund. Hér sést hópur þeirra á æfingu.

Ólympíuleikunum að því leyti að þar keppa eingöngu bestu íþróttamenn úr röðum fatlaðs fólks. Það er því á færi fárra að ná settum lágmörkum. Þrátt fyrir árangur íslenskra þátttakenda hefur mótið fengið takmarkað rými í íslenskum fjölmiðum. Þessi takmarkaða umfjöllun um íþróttafrek fatlaðra íþróttamanna er greinilegur hluti orðræðunnar og gefur vísbendingar um lítinn áhuga samfélagsins á afrekum fatlaðra íþróttamanna (Kristín Björnsdóttir, 2006, 2009; Tveir fara á heimsleika þroskaheftra, 2009).

Rétt er einnig að benda á þá þögn sem ríkti um útilokun fólks með þroskahömlun frá Ólympíumóti fatlaðra eftir að ófatlaðir spænskir körfuboltamenn þóttust vera

Ein kona í hópnum

Ísland verður með þrettán alþjóðadómara í knattspyrnu á þessu ári en íslensku dómarnir fengu á dögnum afhent FIFA-merki sem stað-

festir að þeir séu alþjóðlegir dómara. Ísland er áfram með fjóra FIFA-dómara en það eru þeir Gunnar Jarl Jónsson, Vilhjálmmur Alvar Þórarinnsson, Þorvaldur Jónsson og Þóroddur Hjaltalín. Þetta er þriðja árið sem þessir

fjórir eru FIFA-dómara en Vilhjálmmur Alvar Þórarinnsson er sá nýjasti af þessum fjórum. Ísland er síðan með átta FIFA-aðstoðardómara en það eru þau Bryngeir Valdimarsson, Oddur Helgi Guðmundsson, Birkir Sigurðarson,

Andri Vigfússon, Gylfi Már Sigurðsson, Jóhann Gunnar Guðmundsson, Frosti Viðar Gunnarsson og Rúna Kristín Stefánsdóttir sem er eina konan í hópnum (Vísir.is, 20. janúar 2017).

Út úr skápnunum

Þrír knattspyrnumenn sem spila á meðal þeirra bestu á Englandi eru á barmi þess að opinbera það að þeir séu samkynhneigðir.

Þetta fullyrðir John Nicholson sem á sæti í nefnd sem sér um mál tengd íþróttum, menningu og fjölmiðlum í Bretlandi. ...

Ljóst er að þetta væri stórt skref fyrir knattspyrnuheiminn en hingað til hafa leikmenn í hæsta gæðaflokki ekki viljað opinbera svona hluti.

Sumir óttast að mæta fordómum en á síðustu árum hefur það þó aukist í íþróttum að menn stígi skrefið og opinberi kynhneigð sína (Pressan.is, 13. desember 2016).

með þroskahömlun og fóru með sigur af hólmi á Ólympíumótinu í Sydney árið 2000 en þetta var í annað sinn sem íþróttamenn með þroskahömlun fengu að vera með á Ólympíumóti fatlaðra (International Paralympic Committee, e.d.). Þegar blaðumfjöllun er skoðuð er mikilvægt að beina sérstaklega sjónum að þögninni eða því sem ekki er sagt eða fjallað um. Bann við þátttöku allra íþróttamanna með þroskahömlun í öllum íþróttagreinum frá öllum löndum á Ólympíumóti fatlaðra virðist ekki hafa vakið áhuga blaðamanna því eingöngu tvær íslenskar blaðagreinar á Ólympíuárinu 2004 fjölluðu um þetta mál. Þögnin og takmörkun orðræðunnar um afreksiþróttir fatlaðs fólks er raunar svo hávær að færa má rök fyrir því að hér sé um meginsteff að ræða (Guðmundur Sæmundsson og Kristín Björnsdóttir, 2011).

Í þessari umfjöllun togast á staðalmyndir um fatlað fólk sem börn og kynlausar verur. Þetta er sú sama mynd af

fötluðu fólki og birtist í samfélagsorðræðunni almennt, myndin af ósjálfbjarga fólki sem aldrei vex frá foreldrum sínum og er því börn alla ævi, fólk sem þarf umönnun fjölskyldu sinnar og er jafnvel byrði fyrir samfélagið. Það er ekki einu sinni gert ráð fyrir því að þau giftist eða eignist börn (Rannveig Traustadóttir, 2003, 2006; Shapiro, 1994). Hér eru miklir fordómar á ferð.

Fordómar og einelti tengjast oft og sögur um einelti í íþróttum eru lífsseigar. Um það verður næst fjallað.

Einelti í íþróttum

Einelti viðgengst innan íþróttanna. Það virðist hafa þann eina tilgang að koma í veg fyrir að aðrir nái betri árangri en þeir sem stjórna eineltinu. Þetta gerist bæði utan og innan vallar, í daglegu lífi íþróttamannanna, innan eigin hóps og meðal annarra þjóðfélagsþegna. Einna verst eru þau dæmi sem snerta íþróttir í skóla, á stað þar sem verður að vera hægt að treysta því að einelti sé ekki til.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er heilbrigði og velferð einn af grunnþáttum skólasterfsins. Í skólaíþróttum þarf heilbrigði að byggjast á líkamlegri, félagslegri og andlegri vellíðan sem ræðst af flóknu samspili einstaklings, umhverfis og aðstæðna. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja skal áherslu á í skólaíþróttum eru hreyfing, næring, jákvæð sjálfsmynd, hvíld, skapandi hugsun, andleg vellíðan, jákvæð samskipti, hreinlæti, öryggi, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra. Allir skólar eiga að hafa einhver úrræði gegn einelti.

Vitað er að einelti á sér stað í skólaíþróttum (Brynjólfur G. Brynjólfsson, án árs; Byrne, 1994; Miracle og Rees, 1994).

Oft biðja börn um að fá að sleppa við íþróttir og sund. Mikilvægt er þá að komast að því hvort um einelti sé að ræða. Margir krakkar ganga jafnvel svo langt að reyna að sleppa við íþróttir eða sund með því að fá vottorð hjá lækni. Það gildir oftast um þá sem eru slakir í íþróttum og standa höllum fæti. Þeir eru skildir útundan til dæmis með því að velja þá ekki eða þeir eru valdir síðast í lið. Einnig eru þeir oft settir í þær stöður á vellinum sem fæstir vilja vera í. Oft er þeim kennt um ef illa gengur eða ef liðið tapar. Þolandi eineltisins er oft hafður sem varamaður og fær ekki að taka jafnan þátt og aðrir. Gert er gert grín að honum, hvernig hann hreyfir sig, hleypur, kastar eða sparkar. Þetta er sem betur fer á undanhaldi með bættri þekkingu kennara og opinni umræðu um efnið.

Einelti á sér þó enn stað í búningsklefum. Þar eru börn berskjaldaðri fyrir grófum athugasemdum og áreiti því að þar er víða lítið eftirlit. Þolendurnir eru þá niðurlægðir með því að bleyta eða skemma föt þeirra, gera grín að þeim og útliti þeirra með orðum og látbragði eða þeir beittir líkamlegu ofbeldi.

Ýmis ráð eru til sem gætu spornað gegn einelti. Nú eru flestir íþróttakennarar hættir að láta nemendur um að velja í lið, heldur gera það sjálfir. Þá ættu kennarar að

vara sig á mælingum á borð við svokallað „píptest“ eða tímatökur þar sem líklegt er að þeim sem koma lakast út verði mis-kunnarlaust strítt. Íþróttatímar þurfa að vera einstaklingsmiðaðri og henta bæði nemendum sem eru slakir og góðir í íþróttum. Íþróttakennarar þurfa að vera mjög vakandi í starfi sínu og grípa strax inn í ef stríðni eða einelti á sér stað. Mikil vakning hefur orðið síðustu ár hvað þetta varðar og er það vel.

Til þess að koma í veg fyrir einelti í búningsklefum er mikilvægt að alltaf séu starfandi hæfir baðverðir sem viti hvernig eigi að koma auga á einelti og hvernig eigi að bregðast við.

Langflestir sem að skólaíþróttum koma er afar hæfir, vel menntaðir og faglegir í starfi sínu. Því miður hafa þó heyrst sögur um íþróttakennara með kvalalosta sem hafa sérstaka unun af að gera lítið úr þeim nemendum sínum sem eru slakir í íþróttum. Einnig eru til dæmi um baðverði sem standa yfir krökkunum, gera lítið úr þeim og niðurlægja þau. Sadismi af slíku tagi á ekki að þekkjast og hann verður að uppræta.

Í næsta kafla verður enn meiri óheiðarleiki skoðaður, fantaskapur og hrekkir, jafnvel svæsnasta ofbeldi.



9. kafli: Alls kyns óheiðarleiki

Margs konar óheiðarleiki tíðkast allvíða í hópíþróttum og hefur gert lengi. Víst eru freistingarnar til staðar og möguleikarnir margir þar sem nánast er útilokað að dómara geti fylgst með öllu sem fram fer. Oft falla ófögur orð manna á milli í hita leiksins. Niðurlægingar, hótanir og stóryrði af ýmsu tagi eiga sér stað, jafnvel uppnefni og svívirðingar sem ekki líkjast neinu öðru en einelti og fordómum (Dixon, 2007). Ef karlkyns leikmenn kvarta undan þessu við dómara eða aðra eru þeir kallaðir „kellingar“ og „aumingjar“, „tittir“ og „homm-ar“. Kvarti íþróttakonur fá þær sam-bærilegar svívirðingar yfir sig. Reyndar er talið af minna sé um framkomu af þessu tagi meðal íþróttakvenna en íþróttakarla. Kannski byggist það álit á að fólk trúir ekki slíku upp á konur en kannski er önnur menning meðal kvenna, mýkri og tillits-samari. En undantekningarnar eru þó til.

Í knattspyrnu eru alls kyns ódrengileg bellibrögð of algeng svo sem að traðka á ristum leikmanna eða leikkvenna, sparka í leggi, stíga af þeim skóna og reyna að meiða þau þar sem þau eru veik fyrir, til dæmis vegna meiðsla sem þau eru að jafna sig á úr fyrri leikjum. Hættulegar tæklingar eru reyndar í þeirri von að dómari sjái ekki (Mean Machine, 2001). Hið sama gildir um handboltamenn. Frægt er fantabragð Júgóslava frá fyrri árum að grípa í hæl

manna sem eru í loftinu að skjóta og snúa snögg upp á þannig að þeir lendi illa og jafnvel meiðist. Sem betur fer sést þetta sjaldan nú til dags enda stórhættulegt. Í körfubolta sjást menn reyna að hrinda hver öðrum og beita skriðþunga til að fella andstæðinginn eða setja hann úr jafnvægi. Svo er körfubolti kallaður „íþrótt án snert-ingar“ eins hlálegt og það nú er. Jafnvel í blaki hafa menn fundið leiðir til að meiða andstæðinga sína, helst án þess að dómara sjái.

Raunar virðist það nokkuð ríkjandi í hópíþróttunum að ódrengskapur og óíþróttamannsleg framkoma sé í lagi, svo framarlega sem hún gagnast liðinu og dómara veita henni ekki athygli.

Þjófstart og þjösnaangur

Dæmi um óheiðarleika í einstaklingsíþróttum eru sennilega ekki eins mörg og í hópíþróttum. En þau eru til ef að er gáð. Hjólreiðamenn, víðavangshlauparar og skíðamenn byrjuðu til dæmis snemma að reyna að stytta sér leið. Þá eru til dæmi um frjálsíþróttamenn í kastgreinum sem hafa reynt að nota of létt áhöld og því eru áhöld þeirra vigtuð fyrir keppni. Þjófstart í hlaupum er margþekkt fyrirbæri og er mikið á sig lagt til að uppræta það. Einnig er reynt að koma í veg fyrir að hlauparar stytta sér leið með því að hlaupa inn á aðrar brautir en þeim ber. Þá gilda strangar reglur um ýmsan búnað í einstaklingsíþróttum, svo sem skófatnað, boxhanska, skauta, skíði og svo framvegis, allt til að fyrirbyggja svindl.

Önnur tegund óheiðarleika í einstaklingsíþróttum er þegar íþróttakonur eða íþróttakarlar reyna að „taka andstæðinginn á taugum“ eins og það er kallað. Til þess

eru notaðar ýmsar aðferðir, svo sem svipbrigði og látbragð, niðurlægjandi orð eða annað sem talið er bera árangur (Dixon, 2007).

Loks eru dæmi um að hlauparar ýti á andstæðinga sína og þvingi þá til að fara af braut sinni — og verða þannig dæmdir úr leik. Þá sjást þess stundum merki að hlauparar séu króaðir inni í hóp eða hlaupið fyrir þá til að trufla þá.

Ýmist eru það íþróttamennirnir sjálfir sem sýna óheiðarleika af því tagi sem hér hefur verið nefnt eða aðstoðarmenn þeirra eða þjálfarar, jafnvel áhorfendur og stuðningsmenn.

Leiftrandi leikaraskapur

Hugtakið leikaraskapur (e. gamesmanship) er vel þekkt í íþróttum, í rauninni mjög algengt og oft hluti af því sem þjálfarar og stjórnendur ætlast til af íþróttafólki að það geri (Howe, 2004). Oftast er það notað um alls kyns uppgerð og svindl í afreksíþróttum svo sem þegar leikmenn gera allt of mikið úr brotum andstæðinganna á sér og leika þau jafnvel frá grunni. Blekkingar af þessu tagi eru mjög algengar, til dæmis í boltaíþróttunum. Stjórnurnar láta sig falla emjandi af kvölum án þess andstæðingurinn hafi nokkurn tíma snert þá. Íþróttamönnum er jafnvel hrósað í hástert fyrir að vera lunknir við að „fiska“ dóma, einnig víti. Fari bolti út af er það alltof oft sem leikmenn beggja liða reyna ekki með látbragði og merkjasendingum að sannfæra dómara um að þeir eigi innkastið. Margir eru þeir markmenn sem halda því statt og stöðugt fram að skoruð mörk hjá þeim séu rangstöðumörk í þeirri von að markið verði dæmt af.

Siðleysið í þess háttar leikaraskap sýnir virðingarleysi við leikreglurnar og óheiðarleika leikmannsins gagnvart andstæðingum sínum. Í rauninni má jafnvel líta svo á að leikmaður sem hagar sér þannig verði sjálfum sér til skammar og niðurlægingar öðrum fremur. Það er út í hött að halda því fram að þetta sé hluti leiksins og íþróttamenn verði að læra að taka því.

Reglur sveigðar og brotnar

Oftast er það svo að sá ódrengskapur og óheiðarleiki sem talinn hefur verið upp hér að framan er andstæður reglum íþróttarinnar. Það er ekki ætlast til þess að menn gerist sekir um slíkt. Samt gerist það. Þetta er því beinlínis svindl og kostar íþróttamenn refsingar ef upp kemst. Þjálfarar og leikmenn hafa þó fundið það út að stundum geti borgað sig að brjóta reglurnar, einkum ef refsingin er tiltölulega lítil í samanburði við þann ávinning sem brotið færir einstaklingnum eða liðinu. Til að koma í veg fyrir að andstæðingur skori mark í knattspyrnu er nánast allt leyfilegt. Þetta er hugarfar sem smám saman hefur orðið ríkjandi í íþróttunum, ef til vill vegna þess að meira er í húfi en áður, peningar og titlar.

Annað sem gerst hefur er að reglum sé breytt og meira leyft en áður að álit þeirra Coakley og Pike (2009). Þetta sé einkum áberandi í hópíþróttunum. Grundvallarreglan um að sérlega strangt skuli tekið á vísitandi broti eða villu er að álit þeirra til að mynda ekki lengur mjög virk. Villur og brot séu orðin eðlilegur hluti af leiknum og sýni aðeins skv. fjölmiðlum og leikmönnum sjálfum að „stelpurnar séu fastar fyrir“ og „ákveðnar í að selja sig dýrt“ — ekki síst ef um samherja eða íslenska landsliðið er að


Mátti lemja kærustuna en ekki tvo karla

NFL-liðið San Francisco 49ers rak í gær Bruce Miller frá félaginu eftir að hann gekk í skrokk á feðgum á hóteli í San Francisco.

Faðirinn er sjötugur en það stöðvaði ekki Miller frá því að kýla hann í andlitið. Er sonurinn fór að skipta sér af fékk hann sömu meðferð frá Miller. Feðgarnir þurftu báðir að leita sér lækni- stoðar og faðirinn ku vera brotinn á nokkrum stöðum. Ástæðan fyrir

þessum átökum var deila um hótélherbergi í San Francisco. Er Miller kom á hótelið voru öll herbergin upptekin. Hann bankaði þá á eitt herbergið sem hann taldi sig eiga. Feðgarnir neituðu eðli- lega að fara og voru í kjölfarið lamdir af Miller. Miller yfirgaf hótél-

ið en var handtekinn skömmu síðar. 49ers var fljótt að bregðast við og rak Miller sem er búinn að vera hjá félaginu síðan 2011. Hann var líka handtekinn í mars síðastliðnum fyrir að ganga í skrokk á kærustunni sinni (Vísir.is, 6. september 2016).



Hinn frægi fótboltafantur, Vinnie Jones.

ræða. Sé um andstæðinga að ræða eru þeir auðvitað réttilega fordæmdir fyrir slík tiltæki og dómarnir „blindir“ að dæma þá ekki til hörðustu refsinga fyrir.


Ofbeldi og árásir

Stundum ganga brotin gegn andstæðingum í íþróttum svo langt að líta má á þau sem

hreint ofbeldi. Þegar talað er um ofbeldi er átt við hvers kyns valdbeitingu sem beitt er gegn vilja þess sem fyrir henni verður. Ofbeldi er þannig ekki samkvæmt reglum íþróttanna og er raunar andstæð almennum lögum. Ofbeldi innan íþróttahimsins er þannig hægt að kæra og lög- reglu ber að rannsaka slík mál rétt eins og önnur ofbeldismál.

Sögur um ofbeldi hafa oft heyrst úr íþróttaheiminum, ekki aðeins úr keppni og íþróttaviðureignum. Nauðgunarmál og kynbundið ofbeldi gegn konum kemur stundum upp í tengslum við íþróttamót. Það má einnig kalla það ofbeldi ef þjálfarar eða stjórnendur notfæra sér yfirburðastöðu sína og neyða íþróttaiðkendur til kynlífsathafna eða raunar hvers sem er sem er andstætt vilja þeirra. Ofbeldið getur þannig verið bæði líkamlegt og andlegt.

Í íþróttunum sjálfum getur ofbeldi verið fólgið í beinum líkamlegum árásum eins keppanda á aðra keppendur í þeim tilgangi að slasa hann eða meiða, sbr. sögurnar af enska knattspyrnumanninum Vincy Jones sem oftast en einu sinni gerðist sekur um að meiða andstæðinga sína vísitandi (Mean Machine, 2001).



Gunnar Nelson glímukappi.

„Ofbeldisíþróttir“

Sumar íþróttir eru kallaðar „ofbeldisíþróttir“. Venjulega er þá átt við íþróttir eins og hnefaleika, „kick-boxing“, júdó, jujitsu, glímu og fangbrögð af ýmsu tagi.

Nafngiftin er þó ekki fyllilega réttmæt ef höfð er í huga skilgreiningin hér að ofan á „ofbeldi“. Orðið „slagsmálaíþróttir“ eða „áflogaíþróttir“ eru líka óheppileg vegna þess neikvæða tóns sem þau bera með sér.

Kynferðisafbrot

35 ára karlmaður hefur verið handtekinn fyrir að hafa brotið kynferðislega gegn þremur 16 ára stúlkum á opnunarhátíð knattspyrnumótsins Gothia Cup í Gautaborg í Svíþjóð í gærkvöldi. Maðurinn á að hafa káfað á stúlkunum og kysst þær. Stúlkurnar gátu svo bent lögreglunni á manninn og var hann

handtekinn og færður í yfirheyrslur. Verið er að ákveða hvort krafist verði gæsluvarðhalds yfir manninum. Atvikið á að hafa átt sér stað undir lok opunarhátíðarinnar þegar um 50 þúsund keppendur sem staddir voru á opnuninni á Ullevi-leikvangnum í Gautaborg voru í þann mund að yfirgefa völinn (Mbl.is, 19. júlí 2016).

...

Mál 35 ára gamals karl-

manns sem handtekinn var vegna kynferðisbrots eftir opnunarhátíðina á Gothia Cup í Svíþjóð í vikunni hefur nú undið upp á sig. Við frekari rannsókn kom í ljós að um var að ræða þjálfara eins knattspyrnuliðsins sem tók þátt á mótinu. ...

Hefur nú verið ákveðið að reka liðið úr keppni og er það á leið til síns heima-lands nú (Mbl.is, 22. júlí 2016).



Sennilega væri best ef við notuðum gömul íslensk orð og kölluðum þessar íþróttir „glímuíþróttir“. Þær eiga það allar sammerkt að í þeim gilda mjög ákveðnar reglur og þær hafa það ekki að markmiði að meiða eða drepa, heldur að sigra – rétt eins og aðrar íþróttir.

Varðandi hættu á meiðslum í þessum íþróttum má benda á að sú hættu er fyrir hendi í nánast öllum íþróttum að íþróttafólk meiði sig í hita leiksins. Sumt illa, annað minna. Þau taka því ákveðna áhættu þegar þau taka þátt í íþróttum, einkum ef þau taka þátt í keppni. Stundum eru óhöpp og meiðsli andstæðingnum að kenna og þá ber að refsa honum samkvæmt reglum viðkomandi íþróttar eða samkvæmt refsilögum en stundum gerist það vegna óvarkárnar íþróttakarlsins eða íþróttakonunnar sjálfar og því engum um að kenna öðrum en henni eða honum sjálfum.

Næst vikur sögunni út fyrir íþróttavöllinn sjálfan og til þeirra sem fylgjast með af áhorfendapöllum, sófum stofunnar heima hjá sér eða á börum.

Konur í íþróttum segja sögur af kynferðisofbeldi og áreitni

Konur í íþróttum hafa sent frá sér yfirlýsingu og samantekt sagna af kynferðislegri áreitni og ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir í tengslum við metoo--byltinguna.

Þær segja ljóst að kynbundið ofbeldi, áreitni og mismunur vera vandamál í hinum karllæga íþróttahæmi Íslands líkt og á öðrum stöðum í samfélaginu. Þær segja sjást í frásögnunum að vandann megi finna í framkomu þjálfara, stjórnarmanna, nuddara og sjúkrapþjálfara, dómara, sjálfbóðaliða, fjölmiðla, sem og hjá öðrum iðkendum.

Ein sagan greinir frá því að eftir að íþróttakonu var nauðgað af þjálfara sínum hafi hún grennst töluvert og átt mjög erfitt með að borða og

sofa. Hún hafi síðan greint tveimur landsliðsþjálfurum frá nauðguninni svo þeir vissu hvað hún var að ganga í gegnum. Nokkrum dögum síðar hafi einn aðstoðarlandsliðsþjálfari komið upp að henni og sagt að hún ætti að líta á björtu hliðarnar, kannski var það gott að henni hafi verið nauðgað því nú væri hún svo grönn.

Konurnar segja fordæmi fyrir því að konur sem staðið hafa á rétti sínum og látið vita af ofbeldi sem þær hafa verið beittar, fái á sig orð fyrir að vera erfiðar í samstarfi með tilheyrandi útskúfun og óréttlæti, ef það á annað borð er tekið mark á orðum þeirra. Gerendur sem hafa verið reknir á einum stað séu einfaldlega ráðnir annars staðar. Einnig séu dæmi um það að íþróttafélög hafi ekkert gert í málunum þrátt fyrir að brot geranda hafi verið upplýst.

„Stúlkur og konur eiga skilið að fá að iðka íþrótt sína í öruggu umhverfi og vera lausar við kynbundið misrétti og kynferðis-

lega áreitni af öllum toga. Við setjum því fótinn niður og biðjum um leik-hlé. Við sættum okkur ekki við mismunun, ofbeldi eða áreitni og köllum eftir breytingum,“ segja konurnar.

Þær krefjast þess að málið sé tekið föstum tókum, að öll íþróttafélög, sérsambönd, þjálfarar og aðrir innan íþróttanna, líti í eign barm og lofi stúlkum og konum breytingum til framfara. Þá krefjast þær þess að umhverfi íþróttanna breytist, að konum sé gert kleift að segja frá ofbeldi án þess að það komi niður á framtíðarmöguleikum þeirra innan íþróttarinnar, að á þær sé hlustað, að með þeim sé staðið og að þeim sé trúað. Síðast en ekki síst krefjast þær þess að geta stundað íþróttir án þess að verða fyrir ofbeldi eða áreitni.

Undir yfirlýsinguna skrifa 462 íþróttakonur (Kjarninn, 2018, 11. janúar).

10. kafli:

Áhangendur og íþróttabullur

Ekki fer á milli mála að íþróttir eru ríkur þáttur í afþreyingu íslensku þjóðarinnar, ekki síður en þeirrar rómversku til forna. Þetta á við um þann mikla fjölda barna, unglinga og fullorðins fólks sem tekur beinan þátt í íþróttum sem iðkendur. Einnig á þetta við þá sem fylgjast með íþróttum sem stuðningsmenn og mæta á leiki og mót, svo og þá sem fylgjast af miklum áhuga með íþróttum í fjölmiðlum.

Iðkendur – öll þjóðin?

Árið 2015 var gefið út af Félagsvísindastofnun HÍ og ÍSí ritið ÍPRÓTTIR Á ÍSLANDI - umfang og hagræn áhrif. Áfangaskýrsla 2015. Höfundar eru Þórólfur Þórlindsson og fleiri. Samkvæmt henni eru tvö landsamtök um íþróttir, ÍSí og UMFÍ. Hlutverk UMFÍ er að halda utan um alla starfsemi þeirra 300 ungmennafélaga sem starfa á Íslandi en félagsmenn þeirra eru samanlagt yfir 100 þúsund. Í flestum félögunum snýst starfið að mestu um íþróttir en þó ekki öllum. UMFÍ er hluti af ÍSí. Í áfanga-

skýrslunni frá 2015 segir (20, tilvísunum skýrslunnar sleppt):

Í skýrslu ÍSí um starfsemi íþróttahreyfingarinnar 2009 kemur fram að tæplega 148.000 Íslendingar voru félagar í a.m.k. einu íþróttafélagi innan ÍSí eða ríflega 46% landsmanna. Iðkendur innan ÍSí voru tæplega 82.000 eða 25,7% þjóðarinnar árið 2009 og ríflega 84.000 árið 2011, eða 26,4% þjóðarinnar ... Flestir (93%) stunduðu eina til tvær íþróttagreinar. Flestir iðkendur ársins 2009 voru hjá Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur (TBR) eða 3.618. Tíu fjölmennustu íþróttafélögin eru öll starfandi á höfuðborgarsvæðinu og fer rúmlega 23% iðkunar fram hjá þeim. Öll félögin utan TBR og Golfklúbbur Reykjavíkur (GR) eru starfandi hverfisfélög með viðtæka starfsemi og margar deildir. Tæplega 60% iðkunar á Íslandi árið 2009 voru stundaðar af aldurshópnum 20 ára og yngri og voru iðkendur undir átján ára tæplega 48% iðkenda á Íslandi ... Samkvæmt skýrslu ÍSí (2011) má sjá að um 52% allra barna og ungmenna, 15 ára og yngri, stunda íþróttir innan íþróttahreyfingarinnar hér á Íslandi.



Íþróttabörn. Mynd frá Fimleikadeild Gróttu.



Ekki má gleyma því að aðeins hluti íþróttabátttöku landsmanna sem á sér stað innan íþróttahreyfingarinnar. Næstum 2/3 ungmenna í 9. og 10. bekk stunda t.d. íþróttir eða æfingar sem eru hvorki á vegum skóla né íþróttafélaga. Þá sýna rannsóknir að yfir 70% Íslendinga á aldrinum 16 - 67 ára stunda líkamsrækt. Þá stunda um 60% eldri borgara á aldrinum 70 - 85 ára íþróttir eða líkamsrækt. Í skýrslunni segir (24):

Af því sem fram hefur komið má færa talsvert sterk rök fyrir því að íþróttabátttaka í nútímasamfélögum sé almenn meðal borgara samfélagsins. Einnig bendir ýmislegt til þess að ástundun íþróttar og hlutverk íþróttar í samfélaginu muni halda áfram að aukast á komandi árum.

Sófahetjur og „sérfræðingar“ á hliðarlínunni

Íþróttir eru mjög mikilvægur hluti af lífi margra einstaklinga í heiminum. Ólympíuleikarnir, heimsmeistaramótið í knattspyrnu, Tour de France og fleiri stórmót sem haldin eru vekja áhuga milljóna manna um allan heim. Á ári hverju eru haldin stórmót í íþróttum. Íþróttáhugamenn ferðast mörg hundruð kílómetra, fjarri sínu heimalandi, til að vera viðstaddir þessa stórvíðburði. Enn fleiri milljónir fylgjast með beinum útsendingum og samantektum frá þessum mótum í sjónvarpi.

Sumarið 2014 komst Stjarnan í 4. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar í knattspyrnu og dróst á móti ítalska stórliðinu Inter Milano. Inter Milano varð Evrópu-meistari árið 2010 og ekki á hverjum degi sem íslenskt félagslið mætir slíku stórliði. Strax varð uppselt á leikinn hérna heima en seinni leikur liðanna fór fram í Milanó á hinum sögufræga San Siro-velli. Margir

Baulað á afreksmann

Franski stangarstökkvarinn Renaud Lavillenie grét á verðlaunapallinum í Ríó í nótt er áhorfendur bauluðu á hann. Lavillenie varð í öðru sæti í stangarstökki karla og náði því ekki að verja Ólympíumeistaratitil sinn frá því í London. Brasilíumaðurinn Thiago Braz da Silva tók gullið.

Áhorfendur bauluðu á Lavillenie fyrir síðasta stökkið hans enda vildu þeir að Brassinn fengi gull. Lavillenie kunni ekki að meta þennan dónaskap og sendi þeim skilaboð með því að beina þumalputtanum niður. Það hafði ekki gleymst og var baulað hraustlega á Frakkann á pallinum í nótt (Vísir.is, 17. ágúst 2016).

Kýld fyrir að hlæja að Englendingum

Bresk kona á þrítugsaldri var kýld í andlitið eftir leik Íslands og Englands á Evrópumótinu í knattspyrnu en fyrir dómi kom fram að hún hefði hlegið að Englendingum eftir leikinn með þeim afleiðingum að vinur hennar gaf henni einn á kjammann (Mbl.is, 22. júlí 2016).

ferðuðust til Ítalíu til að vera viðstaddir leikinn. Þetta er dæmi um hvað íþróttaáhugamenn eru tilbúnir til að ferðast langt til að vera viðstaddir mikla íþróttaviðburði. Sömu sögu má segja um íslenska karla-landslíðið í knattspyrnu og þátttöku þess í EM sumarið 2016. Þúsundir Íslendinga ferðuðust til Frakklands á leikina og fylgdust með „strákunum okkar“. Hið sama gerðist á HM sumarið 2018 í Rússlandi.

Íþróttaáhugamenn eru greinilega tilbúnir að fórna ýmsu til að komast á stórviðburði í íþróttum. Kínverskur bóndi, Tsén Gvanmíng, ákvað að fara á Ólympíuleikana í London en eini möguleiki hans til að komast þangað var að fara hjólandi og það gerði hann. Hann ferðaðist 60.000 km um 16 lönd og lenti meðal annars í flóði og 30° frosti á leiðinni. Tsén er mikill aðdáandi Ólympíuleikanna og vildi að allur heimurinn styddi þá. Hann vildi einnig dreifa hinum sanna Ólympíuanda á leið sinni. Hann komst auðvitað á leiðarenda (McDermott, 2012).

Stuðningsmanna-söfnuðir

Stjörnudýrkun, áhersla á keppnisíþróttir, met og afrek náði yfirhöndinni á fyrri helmingi 20. aldar á kostnað almenningsíþrótta og íþróttapátttöku vegna fegurðar og líkamlegrar og andlegrar heilsu ungmenna (Cudd, 2007). Að sumu leyti var hér um þjóðernisstefnu að ræða því að flestar þjóðir notuðu íþróttir í þeim tilgangi að styrkja þjóðarvitund sína og bæta ímynd sína meðal íbúa heimsins. Þessir þættir eru afar áberandi í hópi stuðningsmanna landsliða sem stofna sérstök stuðningsmannafélög, láta semja stuðningsmannasöngva, klæðast búningum liðsins, ferðast um allan heim til að fylgja liðum sínum. Sterkasta einkenni þessara félaga sem hóps er annars vegar stjörnudýrkunin og hins vegar þjóðremba (Young, 2002). Ekki er því undarlegt að fjölmiðlar skuli leika á einmitt þessa strengi í umfjöllun sinni um íslenska afreks-

íþróttamenn á alþjóðavettvangi. Þetta nær ekki aðeins til boltastrákanna, heldur einnig til annarra afreksmanna í íþróttum, jafnvel einstaklingsíþróttum. Um „stelpurnar okkar“ gegnir öðru máli en þær eru þó smám saman að nálgast þennan hóp og þess háttar umfjöllun.

Þegar um félagslið er að ræða má sjá sömu tilhneigingar og sömu tilfinningar, væntingar og kröfur. Stjórnudýrkunin er engu minni þar. Í stað þjóðrembingins er þar komin staðarhyggja eða „lókalpatriótismi“. Fólk gerist afar einbeitt stuðningsfólk liðsins í sínum borgarhluta, sínum bæ eða sinni sveit (Young, 2002).

Margir íþróttamenn telja að tilvera og starf stuðningsmanna sé ákaflega mikilvægt. Þeir séu til dæmis í fótboltanum „12. maðurinn á vellinum“. Raunar er líka talað um svonefnda „heimadómara“ og „meistaradómara“ með sömu orðum en það er allt önnur saga. Neikvæð hlið þessarar starfsemi er að stuðningsmenn félaga verða stundum sér og liðinu sem þeir halda með til skammar með dónalegum óhljóðum og niðurlægingum í garð andstæðinga sinna, jafnvel sinna eigin liðsmanna sem mistekst eitthvað í hita leiksins. Fæstir íþróttamenn eru hrifnir af slíku og fyrirverða sig fyrir það ef það er í miklum mæli.

Æpandi íþróttforeldrar

Sérstakur kapituli í siðferðislegu samhengi eru aðstandendur íþróttamanna, einkum foreldrar ungra barna sem stunda íþróttir. Enginn efast um að mikilvægt sé að foreldrar fylgist með börnum sínum í íþróttunum, hvetji þau og veiti þeim styrk. Ýmis íþróttafélög gera sér fulla grein fyrir þessu og leggja mikla áherslu á foreldrastarfið. Þau leggja sig einnig fram um að uppræta

slæma hegðun sumra foreldra, einkum hömlulausra feðra. Það er nefnilega þannig að „hin hliðin“ á þessu eru þau vandamál sem fylgja foreldrum á hliðarlínunni. Fúkyrði þeirra eru víðfræg og óteljandi eru dæmi um að orðið hafi að vísa þeim af velli fyrir munnsöfnuð og siðlaus köll til barna sinna, ásamt niðurlægjandi hrópum um önnur börn á vellinum. Það er sárt fyrir hvaða barn sem er að hlusta á föður sinn verða sér svo til háborinnar skammar, allir í liðinu vita hvaða pabbi þetta er. Mesta skömmin er að sjá föður sínum vísað af svæðinu fyrir dónaskapinn. Í Smugunni árið 2012 var birt eftirfarandi frétt sem sýnir ekki aðeins þetta heldur óendanlega karlrembu föðursins í viðbót. Fyrirsögnin var: „Ekki láta stelpuna sóla þig!“ – fótbolta-pabbar á testósteróni (2012):

„Ekki láta stelpuna sóla þig,“ var hrópað inn á knattspyrnuvöll þar sem tvö lið í fimmta flokki karla áttust við á Smárahvammsvelli í Kópavogi í gær. Þar lék stúlka með öðru liðinu og lét svona hróp ekki á sig fá, segir þjálfari. Foreldri knattspyrnudrengja segist undrandi á því að hafa horft upp á feður æpa svona inn á völlinn. Breiðablik og Fylkir áttust við í fimmta flokki stráka í gær. Þessir krakkar eru fæddir árin 2000 og 2001. Leikirnir voru fjórir en hvort lið um sig tefldi fram A-, B-, C- og D-liði. Í A-liði Breiðabliks lék stúlka með strákunum.

Foreldri sem fylgdist með leiknum segir við Smuguna að sumir feðurnir á hliðarlínunni hafi hrópað niðrandi ummæli um stúlkuna inn á völlinn. Þeim hafi samt ekki verið beint til hennar, heldur drengjanna á vellinum. Það hafi verið eins og



Hér eru miklar tilfinningar á ferð.

stelpa hafi farið „í testósterónið“ á einhverjum feðranna á vellinum. Þeir hafi kallað „verið nú meiri menn en stelpa,“ „ekki láta stelpu valta yfir ykkur“ og fleira í þeim dúr inn á völlinn, segir foreldrið í samtali við Smuguna. Þetta hafi haft í för með sér að strákarnir hafi verið farnir að gera grín að stelpunni. Hún hafi samt sem áður staðið sig mjög vel og skorað í leiknum. Foreldrið, sem ekki vildi koma fram undir nafni, þar sem um börn sé að ræða, segist munu ræða við þjálfara um málið.

Hans Sævarsson er þjálfari fimmta flokks stráka hjá Breiðabliki og þjálfar jafnframt meistaraflokk kvenna. Hann lýsir því að efnilegar

stúlkur spili stundum með karla-liðum Breiðabliks í yngri flokkum. Hann segist ekki hafa fylgst mjög náið með því hvað kallað var inn á völlinn í gær. Hann hafi þó heyrt setningar eins og „ekki láta stelpuna sóla þig“.

„Ég sá bara að hún var upp með sér þegar hún sólaði gæjann og hann rann á rassinn. Svo sólaði hún bara tvo í viðbót.“

Hann segir við Smuguna að sér finnist að orðnotkun af þessu tagi hafi farið minnkandi undanfarin ár.

„Þetta er ellefta árið sem ég þjálfar og mér finnst þetta alltaf vera að minnka“.



Stundum skapast mikil hættu á áhorfendapöllum og liðin þurfa að sjá til þess að þar sé öflug öryggisgæsla.

Íþróttabullur og bölvandi skemmdarvargar

Þá er komið að íþróttabullunum sem sumir íþróttamenn og íþróttaleiðtogar afneita og segja ekki koma íþróttum við (Byrne, 1994; Hanin, 2000). Þetta séu glæpamenn, gungur eða ribbaldar sem noti íþróttaviðburði til að sína óeðli sitt og ragmennsku. Ef til vill er það þó ekki alls kostar rétt enda minnir framferði ýmissa æstustu og fordómafyllstu stuðningsmannanna (og foreldra) á framferði íþróttabullna (Stefán Karl Kristjánsson, 2005). Bullurnar sjálfar líta á hegðan sína sem eins konar íþrótt en munurinn er sá að þær ráða ekki við geðshræringu sína. Vegna þess að þær hafa hvorki hæfileika né sjálfstraust til að berjast sjálfar úti á vellinum, verða áflog og skemmdarverk eina leið þeirra til að „taka þátt“ í íþróttum. Þær finna sér hlutverk í íþrótt-

unum án beinnar þátttöku í þeim og líkjast þannig að einhverju leyti klappstýrum, trommurum, söngkórum á áhorfendapöllum eða jafnvel stjórnmálamönnum sem mæta á leiki eingöngu í pólitískum tilgangi.

Nokkuð er misjafnt eftir þjóðum hve útbreidd iðja íþróttabullna er. Sennilega eiga þær sér lengsta sögu í Englandi, landi kurteisi og sjentilmenna. Það land sem kemur næst á listanum er Rússland. Það er því afskaplega erfitt að staðhæfa um íþróttabullur út frá menningu eða þjóðar-einkennum. Sennilega blómstrar slík iðja þó frekar í margmenni en fjölmenni og það kann að skýra hve fá dæmi eru til úr íslenskum raunveruleika um íþróttabullur. Skýringin á því kann þó að vera önnur en íbúafjöldi, hún gæti allt eins verið sterk og áhrifamikil, árangursrík þöggun.

Margir telja lítið sem ekkert skylt með íþróttum og notkun ólöglegra lyfja. Hún verður skoðuð í næsta kafla.

11. kafli: Skaðvald- arnir mestu

Notkun stera og lyfja í íþróttum hefur aukist og valdið missætti meðal íþróttamanna. Ýmis mál af þessu tagi hafa komið upp á undanförunum árum og áratugum innan ýmissa íþróttagreina. Annars vegar eru hreinir einstaklingshyggjumenn sem njóta stuðnings þeirra sem vilja græða á íþróttum. Þeir halda því fram að það sé einkamál íþróttamannsins að ákveða hvort hann vilji örva líkama sinn til meiri afreka með notkun lyfja. Til er fólk sem telur að lyfjaeftirlit trufla það að hámarksárangur náist. Undir þetta tekur annar hópur fólks sem skoðar málin út frá markaðslögmálum og gróða. Hins vegar er svo miklu stærri hópur sem bendir á siðleysi slíkrar hegðunar sem skaði ekki aðeins sanngirni keppninnar heldur eyðileggi hugmyndina um íþróttir sem leik. Þá skaða slík efni líkama þeirra sem nota þau þótt auðvitað séu þetta stundum lyf sem geta hjálpað veiku fólki að ná heilsu. Í íþróttum eiga þau ekki við.

Fæðubót eða fölsk afrek

Elstu heimildir um efnafræðitilraunir í viðleitni til að bæta árangur í íþróttum koma frá Ólympíuleikunum til forna árið 668 fyrir Krist. Íþróttamenn rannsökuðu á þeim tíma mismunandi mataræði í þeirri von að bæta

frammistöðu sína. Þeir komust meðal annars að því að gott væri að borða fíkjur í slíkum tilgangi (Hlynur Áskelsson 2016). Í árdögum fæðubótardufts fyrir íþróttamenn var mjög algengt að blanda í það sterum og hormónalyfjum og enn berast fréttir af að íþróttamenn telji sig hafa verið blekktar með slíkum blöndum. Tilgangurinn er hins vegar ljós – að auka sölu á dufti sem hefur hraðverkandi áhrif.

Fyrir nokkrum árum kom á markað fæðubótarefnið Jack3d sem notað skyldi til þess að veita fólki aukna orku fyrir æfingar. Nokkru seinna kom í ljós að Jack3d innihéldi ólöglegt efni sem heitir 1,3 dimethylamylamine eða DMAA eins og það er oftast kallað. Ákveðið var að banna efnið þar sem meðal aukaverkana voru mikil hækkun á blóðþrýstingi, geðrænar truflanir, heilablæðingar og heilablóðfall (McNeillage, 2012). Í febrúar 2013 áttust við Stjarnan og Grindavík í leik í úrslitum

Rússar viðurkenna skipulega notkun ólöglegra lyfja

Yfirmaður rússneska lyfjaeftirlitsins, Anna Antseliovich, hefur viðurkennt að lyfjanotkun meðal rússneskra íþróttamanna sé kerfisbundin og að opinberir aðilar hafi komið að henni. ... Ummæli hennar koma í kjölfar birtingu hinnar svokölluðu McLaren-skýrslu en í henni er sjónunum beint að umfangsmikilli lyfjanotkun rússneskra íþróttamanna. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að rúmlega 1.000 rússneskir íþróttamenn hafi notað ólögleg lyf til að bæta árangur sinn eftir því sem segir í frétt TV2 (Pressan.is, 28. desember 2016).

bikarkeppnarinna. Nokkrir leikmenn voru teknir í lyfjapróf eftir leikinn og fáeinum dögum seinna kom í ljós að einn leikmaður Grindavíkur hefði fallið á lyfjaprófinu. Efnið sem hafði fellt hann var DMMA. Leikmaðurinn hafði samkvæmt heimildum stjórnar Körfuknattleiksdeildar Grindavíkur farið þrívægis í lyfjapróf áður og aldrei mælt með neitt ólöglegt. Í ljós kom að hann hafði fengið að smakka drykk hjá erlendum leikmanni Grindavíkur rétt fyrir leikinn og sá drykkur hét einmitt Jack3d. Leikmaðurinn fékk sex mánaða bann og missti af úrslitakeppninni sem fór fram stuttu seinna en erlendi leikmaðurinn sem átti efnið fékk ekkert bann (Henry Birgir Gunnarsson, 2013).

Árið 2011 keyptu nokkrir starfsmenn hjá The Anti-Doping research í Los Angeles tíu fæðubótarefni hjá netversluninni Amazon.com og framkvæmdu rannsóknir á efnum til að ganga úr skugga um hvort þau innihéldu ólögleg efni. Í ljós kom að fæðubótarefnin innihéldu mikið af sterum. Dæmi um þá stera sem fundust voru t.d. Madol, Tren og Methasterone og fundust þeir í vörum sem bera heitið P-Plex, X-Tren og M-Drol. Þessir sterar geta valdið mjög miklum lifrarskaða ef þeir eru teknir í miklu magni í langan tíma. Þessar vörur voru framleiddar hjá fyrirtæki sem heitir Competitive Edge Labs (Shiple, 2011).

Í maí 2013 kom fram að keilukappi hefði fallið á lyfjaprófi eftir að greinst höfðu 28ng/ml af niðurbrotsefninu Methandienone sem tilheyrir ákveðinni sterategund. Einstaklingurinn hafði fengið sér próteinsafa hjá nákomnum aðila sem hafði blandað safann fyrir hann og bætt út í hann svokölluðum D-Bol-sterum. Keilukappinn fékk sex mánaða keppnisbann og gat ekki farið með íslenska landsliðinu út í keppni undir lok sumarsins (Kolbeinn Tumi Daðason, 2013).

Ýmis dæmi eru til um að þjálfarar hafi hvatt íþróttaiðkendur til að neyta ólöglegra lyfja eða stera, jafnvel sett slíkt í drykki þeirra að þeim forspurðum. Greinilega er full ástæða til þess fyrir íþróttamenn að vara sig. Sum fæðubótarefni eru auðvitað ekki ólögleg. Margir kannast við aukna sykurneyslu fyrir keppni, einkum að tekinn sé inn þrúgusykur, koffín eða aðrir snöggverkandi orkugjafar. Nú á dögum er mikið framleitt af orkudrykkjum og hvers kyns fæðubótarefnum í duft- eða töfluformi. Hins vegar vakna alltaf spurningar um hvort það sé drengileg íþróttamennska að auka árangur sinn með sérstökum efnum. Þá má spyrja á móti: Hvar liggja mörkin á milli þess að neyta holls matar og drykkjar annars vegar og innbyrða óeðlileg árangursbætandi efni hinsvegar (Kuhland, 2014)?

Drykkjuskapur í íþróttum

Oft er talað um íþróttir sem forvörn og er þá einkum átt við að þeir unglingar sem stunda íþróttir leiðist síður út í áfengisdrykkju eða eiturlyfjaneyslu. Þorgímur Þráinsson fyrrverandi knattspyrnukappi og núverandi rithöfundur og fyrirlesari hefur rökstutt þetta manna best og haft heilmikil áhrif á íþróttamenn því að sannast sagna hafa þeir ekki alltaf tekið mark á þessum boðskap.

Áfengi dregur úr getu líkams til afreka og er einnig vont meðal fyrir sálina (Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, 2001). Til þess að halda uppi góðri snerpu og hraða þarf samstarf heila, tauga og vöðva að vera í góðu lagi og ekki þarf nema lítið áfengismagn til þess að hafa áhrif á starfsemi heilans þannig að þetta samstarf raskist. Sömu sögu er að segja um styrk og sprengi-

kraft sem verður minni eftir áfengisneyslu þar sem öll samhæfing í að beita vöðvum riðlast. Áfengi hefur einnig slæm áhrif á þol þar sem neysla þess eykur vökvatap við áreynslu og dregur þannig úr þoli líkamans. Það hefur einnig komið fram í mörgum rannsóknum að unglingar sem stunda íþróttir með íþróttafélögum drekka minna áfengi og sjaldnar en þeir sem ekki stunda íþróttir. Þetta á raunar einnig við um reykingar og eiturylf.

Þar sem almennt er litið svo á að áfengi og íþróttir fari ekki saman mætti halda að þeir íþróttamenn sem hafa náð langt létu áfengi algjörlega í friði eða neyttu þess einungis sjaldan og í mjög litlu magni. Dæmi eru þó um alkóhólista í hópi afreksmanna í íþróttum. Talsvert margir íþróttamenn stunda heilmikla áfengisnotkun, ýmist einir eða oftast með félögum sínum og vinum í íþróttunum. Vegna þessa skapast stundum vandræði í keppnisferðum og á stórmótum (Óli Stefán Flóventson, 2012).

Dóp og eiturylf

Sjaldgæft er að íþróttamenn neyti venjulegra eiturylja á borð við kókaín, hass, LSD eða annað slíkt, enda auka slík lyf ekki árangur í íþróttum. Þau geta hins vegar í



Kúluvarparinn Gunnar Huseby átti við mikinn áfengisvanda að stríða og er talið að hann hefði náð mun lengra í íþrótt sinni ef Bakkus hefði ekki verið honum til trafala.

einhverjum mæli og við ákveðnar aðstæður deyft sársauka eða spennu og aukið einbeitingu. Því falla alltaf einhverjir í þá gildru að neyta þeirra, rétt eins og ungt fólk almennt.

Ýmsar íþróttir geta valdið sársauka, jafnvel miklum sársauka, vegna langvarandi líkamlegs álags og átaka. Hjólreiðar og langhlaup eru góð dæmi um íþróttir sem geta verið afar sársaukafullar. Slíkan sársauka hafa íþróttamenn hneigst til að deyfa með ýmiskonar verkjalyfjum. Hið sama gildir þegar íþróttamenn meiðast og ættu í rauninni, líkamans vegna, að taka sér hlé frá æfingum og keppni. Þess í stað grípa margir til hvers kyns verkjalyfja til að geta lokið æfingum, keppni eða kappleikjum.

Eini Rússinn

Rússar fá ekki að keppa í frjálsíþróttakeppni Ólympíuleikanna eftir að Alþjóðafrjálsíþróttasambandið setti þá í allsherjargann en það er þó ein undantekning frá þeirri

reglu. Langstökkvarinn Darija Klisjina hefur nú fengið leyfi að keppa í langstökki á leikunum en þó ekki undir merkjum Rússa. Hún keppir fyrir óháða.

Alþjóðafrjálsíþróttasambandið var búið að gefa henni grænt ljós og nú

hafa mótshaldarar í Ríó einnig veitt henni endanlega þátttökurétt. Darija Klisjina var ein af 136 Rússum sem sóttu um undanþágu frá banni Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins en hún var sú eina sem náði í gegn (Vísir.is, 27. júlí 2016).

Bjór á vegum KR

Elsku vinir mínir! Það væri mér mikils virði ef þið gæfuð ykkur tíma til að mæta í kvöld á björkvöld með okkur strákunum í meistaraflokki KR. Þetta er mikilvægur liður í fjáröflun okkar fyrir æfingaferð. Það væri líka frábært ef sem flestir gætu deilt viðburðinum svo að allir fái fréttirnar af þessari snilld!

Þetta ætti að verða mjög skemmtilegt kvöld þar sem við leikmenn skemmtum okkur og höldum frábært parti með vinum og stuðningsmönnum. 2000 kr. inn (2 drykkir innifaldir). Bjór(0,5L), rauðvín og hvítvín á 500 kr. Pub Quiz hefst kl. 21.00 og svo verður beer pong, lukkuhjól og bara gaman!

Vonast til að sjá sem flesta í kvöld. Áfram KR.

(Skilaboð á Facebook)

Notkun lyfja og eiturlyfja er yfirleitt bönnuð í íþróttum nema um sé að ræða lyf við krónískum sjúkdómum sem þá er neytt í samráði við lækna. En þessu er erfitt að fylgja eftir og margir reyna að fara á svig við þessar reglur í trausti þess að þeir verði ekki svo „óheppnir“ að lenda í lyfjaefirliti

Drukkinn undir stýri

Roberto Firmino framherji Liverpool hefur verið ákærður fyrir að keyra fullur. Firmino var stoppaður af lögreglunni í Liverpool þann 24 desember. Þessi 25 ára gamli framherji þarf að mæta fyrir dómara í lok janúar (Pressan.is, 26. desember 2016).

(Waddington, 2000; Þórólfur Þórlindsson, 2005). Margir þjálfarar taka þátt í þessum brotum og njóta aðstoðar umfangsmikils lyfjaiðnaðar sem sífellt leitast við að framleiða lyf og stera sem finnast ekki í blóði eða vessum líkamans.

Steratröll með stóra vöðva

Egyptar og Rómverjar til forna trúðu því að eistu og getnaðarlimir spendýra innihéldu lækningamátt. Forngrískir íþróttamenn nýttu sér fjölbreytt efni unnin úr plöntum og eistum sem áttu að miða að því að bæta árangur í íþróttum. Snemma beygðist því sá krókur.

Sterar, öðru nafni anabólískir-andrógenískir sterar, falla undir flokk hormóna sem innihalda náttúrulega karlhormónið *testósterón*. Því má ekki rugla saman við aðrar gerðir af sterum eins og til dæmis bólgueyðandi stera sem hafa engin vefaukandi áhrif og því litla hættu í för með sér á misnotkun. Þegar testósterón var fyrst einangrað árið 1935 í Hollandi var það unnið úr eistum nautgripa.

Í kringum 1950 uppgötvuðu íþróttamenn að sterar gætu aukið vöðvamassa (Hlynur Áskelsson, 2016; Coakley og Pike, 2009; Pate, Trost, Levin, og Dowda, 2000; Waddington, 2000; Þórólfur Þórlindsson, 2005). Fyrsta skráða tilfellið þar sem testósterón var gagnert notað til að bæta árangur var þó ekki fyrr en 1941 þegar 18 vetra veðhlaupahesti var gefið lyfið fyrir keppni. Þessi innspýting lukkaðist vel og hesturinn vann marga sigra á hlaupa-brautinni. Fyrstu heimildir um notkun stera meðal íþróttamanna eru frá árinu 1954. Það var á móti í Austurríki þar sem rússneskir lyftingamenn gerðu garðinn frægan.

*Jón Páll Sigmarsson,
sterkasti maður heims og
einn vinsælasti
íþróttamaður landsins.
Talið er að hann kunni að
hafa notað anabólíska
stera og þeir hafi átt þátt í
ótímabæru andláti hans.*



Eftir það breiddist notkun lyfjanna hratt út í vaxtarrækt, frjálsíþróttum og öðrum greinum þar sem árangur byggir á vöðvastyrk eða kröfum um hraða endurheimt fyrri orku.

Sumar greinar ganga út á að keppa um útlit, vöðvamassa og líkamsburði, greinar eins og fitness og vaxtarrækt. Ekki kemur því á óvart að það íþróttafólk sem vill ná langt í þeim greinum sem margir telja á mörkum þess að geta talist íþróttir notfæri sér stera og telji sig hafa til þess fullan rétt vegna þess að íþróttin gengur beinlínis út á að stjórna útliti og vexti líkamans í allar áttir. Það verði best gert með því að stjórna fæðuupptöku, þjálfun og notkun þeirra efna sem helst gagnast, þar á meðal stera. Þetta fólk skaði ekki aðra með þessari steranotkun og hvetji ekki aðra til að neyta þeirra. Þeir séu tilbúnir til að taka hugsanlegum afleiðingum steranotkunarinnar, rétt eins og aðrir íþróttamenn þurfa að takast á við afleiðingar af sinni þjálfun og iðkun.

Notkun stera hefur farið vaxandi síðustu áratugi einkum á meðal almennings sem sækist eftir auknum líkamsstyrk og bættu útliti. Nýlegar rannsóknarniður-

stöður sýna að stærsti hópur steraneytenda eru þeir sem stunda íþróttir sér til ánægju, afþreyingar og bætts útlits en ekki keppnisíþróttamenn.

Þegar sterar eru teknir inn í stórum skömmtum geta þeir aukið vöðvastyrk til mikilla muna og þar af leiðandi stórbætt árangur í ákveðnum íþróttum langt umfram það sem hægt er að ná með náttúrlegum hætti. Hins vegar eru ýmsar neikvæðar aukaverkanir sem fylgja neyslunni, bæði líkamlegar og andlegar.

Fræðimenn hafa mikil áhrif með rannsóknnum sínum og skrifum, ekki síður en til dæmis fjölmiðlafólk eða íþróttastjórnendur. Um þá fjallar næsti kafli.

12. kafli: Fræði- mennska í íþróttum

Engum dylst að íþróttir skipa allstóran sess í menningu fólks sem tómstundir, viðfangsefni barna og unglunga og sem vinsælt fjölmiðlaefni. Þrátt fyrir það hafa þær ekki verið áberandi viðfangsefni þeirra sem stunda rannsóknir eða veita fé til slíkra rannsókna. Íþróttir hafa síðustu áratugi ekki notið sérlega mikillar virðingar á Íslandi sem fræðilegt viðfangsefni enda þótt það sé nú að breytast. Þannig hafa rannsóknir dr. Viðars Halldórssonar íþróttafélagsfræðings (1997, 1998, 2002, 2012) til dæmis fengið mikla athygli bæði hér á landi og erlendis. Rannsóknir dr. Janusar Friðriks Guðlaugssonar íþróttufræðings (1997, 2005, 2014) á námskrám, þjálfun, skólaíþróttum og hreyfingu og heilsufari eldra fólks hafa einnig skipt sköpum í fræðilegri umræðu. Fræðileg umfjöllun um íþróttir út frá hugvísindalegum eða menningarlegum sjónarhóli er þó fremur fágæt á Íslandi síðustu áratuga. Frá fyrri tíð voru tengsl hugvísinda og íþróttar meiri eins og síðar verður fjallað um.

Ekki hefur komið út tímarit af fræðilegum toga, tileinkað íþróttum, annað en *Íþróttufræði* sem gefið var út tvisvar í allveglegri útgáfu af nemendum Íþróttar-



Dr. Viðar Halldórsson.



Dr. Janus Friðrik Guðlaugsson.

fræðaseturs og Rannsóknarstofu í íþrótt- og heilsufræðum og var að hluta fræðilegt, þó ekki ritrýnt. Þá hefur Íþróttakennarafélag Íslands gefið út rit sitt *Íþróttamál* og hafa þar stundum birst greinar um fræðileg efni. Fræðsluefni hefur einnig birst í *Skinfaxa*, málgagni UMFÍ, og sama má segja um hin ýmsu rit tengd íþróttum sem komið hafa út tímabundið eða um lengri tíma, auk veglegra ársrita og árbóka, vefsíðna og yfirlitsrita.

Rannsóknarfé úr ýmsum áttum

Eitt af því sem hamlar íþróttarannsóknnum er hversu litlu fé er veitt til þeirra. Íþróttasjóður ríkisins veitir að vísu fé til íþróttarannsókna en aðeins broti þess fjár sem hann hefur til umráða. Hitt fer til styrkja til íþróttafélaga til að bæta aðstöðu þeirra og búnað. Í síðustu árum hefur þó aukist að fé sé veitt úr sjóðnum til íþróttfræðimanna. Það er þó aðallega til rannsókna sem ekki teljast beint til íþróttarannsókna, heldur fremur á sviði lífeðlisfræða, næringarfræða og heilsu og annarra fræða sem tengjast íþróttum á ýmsan hátt.

Í tengslum við rannsóknir, þar á meðal íþróttarannsóknir, hefur stundum orðið vart siðbrota. Þess eru dæmi að athafnasamir og virkir fræðimenn séu í úthlutunarnefndum sjóða eða rannsóknarráðum háskóla sem ýmsu ráða um leikreglur rannsókna. Séu þeir þar ekki sjálfir hafa þeir plantað samstarfsmönnum sínum þar sem sjá til þess að réttir rannsakendur eða rannsóknarhópar fái þá styrki sem í boði eru. Þessir sjóðir eru yfirleitt kallaðir „samkeppnissjóðir“ en auðvitað er samkeppnin frekar skökk þegar svona háttar til.

Önnur siðbrot sem tengjast rannsóknum er þegar fræðimenn hnupla hver frá öðrum. Til dæmis eru niðurstöður stundum teknar frá nýútskrifuðum meistara- og jafnvel doktorsnemum. Þeir sem þetta gera eru jafnvel virtir fræðimenn, leiðbeinendur fórnarlambanna eða þeim nákunnugir. Sem betur fer er þessi tegund spillingar ekki algeng hér á landi en hún er þó tíðari á sumum fræðasviðum en öðrum.

Íþróttir eru mjög þverfræðilegt fyrirbæri og rannsóknir á þeim geta byggt á aðferðafræði og rannsóknarhefðum úr mörgum fræðigreinum. Í eftirfarandi undirköflum verður fjallað lauslega um stöðu íþróttarannsókna og þær tengdar ýmsum öðrum fræðigreinum. Umfjöllunin hér hefst á raunvísindum, þeim fræðasviðum sem standa fjærst hugvísindum, en færist síðan nær þeim.

Íþróttaraunvísindi

Eðli sínu samkvæmt tengjast íþróttir mjög raunvísindum, nánar tiltekið lífvísindum, þar með talið læknisfræði. Einnig er lífeðlisfræði og hreyfingafræði ríkur þáttur íþróttarannsókna og raunar uppistaðan í flestum þjálfraðilegum rannsóknum, auk íþróttasálarfræði. Þetta gildir um allan hinn vestræna heim, jafnvel víðar. Um þetta má sannfærast ef skoðuð eru helstu alþjóðleg tímarit sem fjalla um íþróttir á fræðilegan hátt. Hið sama má sjá ef skoðuð eru viðfangsefni háskóla á sviði íþróttfræða.


Ýmsir íslenskir fræðimenn hafa tengt íþróttir við læknisfræði og heilsu, til dæmis lífsstíl. Sé litið til háskólastarfsemi þeirra sem sinna fræðilegum störfum innan íþróttfræða hafa þær síðusta áratuginn eða svo að mestu snúist um líkamsástand,

lífsstíl með tilliti til hreyfingar, þjálfunarfræði, útivistar, næringarfræði og lýðheilsu. Allmargir meistaranemar hafa lokið námi eða eru langt komnir í meistaranámi í íþróttufræðum en langflest verkefni þeirra byggja á þeirri raunvísindalegu nálgun sem áður var nefnd, með örfáum undantekningum. Hið sama gildir um BS-ritgerðir á íþrótt- og heilsubrautum Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur, þær eru flestar raunvísindalegs eðlis og fjalla um þjálf-fræðileg efni, mælingar, heilsu, næringu og líffræðilega þætti.

Íþróttasálfræði og félagsvísindi

Í félagsvísindum hafa íþróttir oft komið við sögu í rannsóknum og fræðastarfi enda virðast félagsfræðingar fljótt hafa gert sér grein fyrir samfélagslegu hlutverki íþróttar. Með félagsvísindum er hér átt við félagsfræði, stjórnmálafræði, þjóðfræði, lögfræði, viðskiptafræði, uppeldis- og menntunarfræði og skyldar greinar. Tengd félagsfræðinni eru sálfræði og sálfélagsfræði og því vel ég að telja sálfræði til félagsvísinda þótt hún sé um þessar mundir vistuð innan HÍ á Heilbrigðissviði. Íþróttasálfræði er viðurkennd undirgrein sálarfræða um allan heim og mikið um þau fræði ritað, einkum í Bandaríkjunum en einnig víðar.

Á Íslandi er íþróttasálfræði ekki kennd sem sérgrein innan sálvísinda en námskeið eru haldin í henni á íþrótt- og heilsubraut HÍ og á íþróttabraut HR. Rannsóknarverkefni hafa nokkur verið unnin á síðustu árum, bæði meistaraverkefni og BS-verkefni. Á Íslandi er heldur ekki mikið um íþróttafélagsfræðinga. Nokkrir hafa þó komið að skrifum um íþróttir, lýðheilsu og samfélag, til dæmis Þórólfur Þórlindsson



Dr. Þórólfur Þórlindsson.

prófessor HÍ (2005; Þórólfur Þórlindsson o.fl., 2015). Árið 1984 skrifaði Gunnar Valgeirsson lokaverkefni sitt í félagsfræði um íþróttir og fjölmiðla. Hann birti grein um hluta niðurstaðna sinna í *Samfélags-tíðindum* árið 1984 og síðan skrifaði hann grein með erlendum félaga sínum í erlent tímarit (1986). Loks hefur dr. Viðar Halldórsson félagsfræðingur mikið fjallað um íþróttir (1997, 1998, 2002, 2012, 2017).

Lögfræði telst til félagsvísinda og einnig þar er mikið fjallað um íþróttir út um allan heim. Hér á Íslandi hefur þó fyrst og fremst og nær eingöngu verið fjallað um þær í lokaverkefnum laganema, bæði BA-verkefnum og meistaraverkefnum. Meðal álitamála sem þar hefur verið fjallað um er áhættutaka í íþróttum og þar með eigin ábyrgð ef til árekstra eða meiðsla kemur. Þá hefur verið fjallað um tengsl reglna í íþróttum og laga, um ofbeldi meðal stuðn-

ingsmanna, um lyfjamál og loks um skattamál.

Íþróttastjórnun (e. sport management) er allvinsæl fræðigrein víða erlendis þótt lítið hafi farið fyrir henni á Íslandi. Þessi grein fjallar meðal annars um stjórnun viðburða, rekstur félaga og mannvirkja og þjóðhagsleg áhrif íþróttar og íþróttaviðburða. Mörg lokaverkefni hafa verið unnin á þessu sviði, einkum í viðskipta- og hagfræði en einnig í fleiri greinum.

Fræðileg skrif um íþróttir í skólum hafa ekki notið mikillar athygli hérlandis þrátt fyrir mikil skrif um kennslumál almennt. Að vísu hafa margar fræðandi greinar, sumar eftir fræðimenn í íþróttافرæðum, birst í tímariti Íþróttakennarafélagsins, *Íþróttamálum*, en vísindagreinar eftir fræðimenn eru afar fáar. Í íþróttar- og heilsufræði HÍ hafa nokkrar meistaraþrófsritgerðir fjallað um ákveðna þætti íþróttakennslu. Lokaritgerðir BS- og B.Ed.-nema í ýmsum greinum, einkum íþróttar- og heilsufræðum í HÍ og HR hafa loks mjög margar fjallað um ýmsa þætti íþróttakennslu.

Íþróttir virðast við fyrstu sýn vera tilvalið viðfangsefni fyrir mann- og þjóðfræðinga enda hafa ýmsir erlendir þjóðfræðingar ritað um þær. Fáir íslenskir þjóðfræðingar hafa þó sýnt þeim verulegan áhuga. Í þessu sambandi er þó vert að minnast á meistaraþrófsritgerð Sæunnar Sæmundsdóttur í félagsmála- og tómstundafræðum um hjátrú og busun í íþróttum (2013).

Íþróttafjölmiðlar hafa fengið nokkra fræðilega umfjöllun. Þannig ritstýrði Kjartan Ólafsson við Háskólann á Akureyri mikilli skýrslu árið 2006 um íþróttir og fjölmiðla, þar sem dregnar eru fram miklar upplýsingar, meðal annars um skiptingu á milli kynja í fjölmiðlaumfjöllun.

Í heild má segja að félagsvísindin hafi fjallað allnokkuð um íþróttir. Sumar undirgreinar þeirra vísinda eiga þó eftir að skoða




þær mun betur enda margt forvitnilegt þar sem vert væri að fjalla um, ekki síður en í hugvísindunum sem næst verða teknar fyrir.

Íþróttahugvísindi

Óhætt er að segja að íþróttir hafi a.m.k. hér á landi öðlast einna minnstan sess í fræðum hugvísinda. Það er að sumu leyti í samræmi við það sem tíðkast í öðrum vestrænum samfélögum, einkum Evrópu. Í Bandaríkjunum eru íþróttir sem umfjöllunarefni hugvísindamanna lengra komin í flestum greinum. Hér á landi hefur áhugi fræðimanna á þessum sviðum á íþróttum verið hverfandi fram til þessa.

Umfjöllunin hefst á sagnfræðinni og tengslum hennar við íþróttir en þau tengsl hafa lengi verið nán þótt heldur hafi þau minnkað á seinni árum, hvað varðar fræðilega umfjöllun. Þar á móti má segja að



alþýðleg skrif um íþróttasöguleg efni hafi aukist, t.d. með útgáfu ýmissa árbóka og sögulegra rita um íþróttir o.fl. Fyrst úr þessum ranni sagnfræðinnar ber að nefna að Björn Bjarnason sagnfræðingur skrifaði árið 1908 doktorsritgerð sína við Kaupmannahafnarháskóla um íþróttir fornmanna sem út kom á íslensku árið 1908 og aftur 1950. Þetta er grundvallarrit sem fjallar um viðhorf og hetjudýrkun fornmanna, íþróttir þeirra, vopnaburð og líkamsuppeldi eins og áður hefur verið minnst á.

Ingimar Jónsson skrifaði doktorsritgerð (1968) sína við Leipzigháskóla árið 1964 um sögu íþrótta á fyrri hluta 20. aldar auk þess sem hann hefur skrifað um sögu íþrótta á Íslandi (1983) og fleira sem varðar íþróttasagnfræði (1976a, 1976b, 2004). Hið sama má segja um Þorstein Einarsson íþróttafulltrúa sem hefur tekið saman ýmis ágrip af sögu íþrótta á Íslandi (1957a,



Jón M. Ívarsson íþróttasagnfræðingur.

1957b, 1977, án árs a, án árs b) sem m.a. hafa verið nýtt í akademísku starfi.

Frá seinni árum má nefna íþróttasögu-rannsóknir Jóns M. Ívarssonar og bækur hans um sögu UMFÍ (2007) og HSK (2010). Loks ber að nefna sögu ÍSÍ (Steinar J. Lúðvíksson, 2012) sem nýlega kom út í tilefni 100 ára afmælis sambandsins.

Einn meistaranemi í íþrótta- og heilsufræði hefur ljáð lokaritgerð sinni sagnfræðilegan vinkil en það er Soffía Björg Sveinsdóttir sem skrifaði ritgerð (2012) um íslensk-kanadíska ólympíuliðið Fálkana sem sigraði í ísknattleik árið 1920.

Íþróttaspeki (þá aðallega siðfræði en einnig heimspeki líkamsbeitingar og hreyfingar) er nokkuð vinsælt umfjöllunarefni fræðimanna utan Íslands, t.d. í Noregi með mönnum eins og Sigmund Loland (2007, 2011) og Gunnar Breivik (2012) og Englandi þar sem fræðimenn á borð við Mike McNamee (2008) og Leslie A. Howe (2004) starfa. Saman skrifuðu þeir McNamee og Loland grein árið 2000. Á Íslandi hafa íþróttatengdir heimspekiþankar einkum hverfst um hetjuhugsjónir til forna en þar hafa helst gert sig gildandi

Dr. Ingimar Jónsson færir ÍSÍ að gjöf tvær bækur sínar um vetrarólympíuleika. Með honum á myndinni er Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ..



eldri fræðimenn eins og Ólafur Briem (1972), Sigurður Nordal (1942), Einar Ólafur Sveinsson (1943) og Hermann Pálsson (1974, 1981), að ógleymdum Birni Bjarnasyni (1950) og þeim Jens Glebe-Möller og Ole Pedersen (1987). Einnig er sjálfsagt að nefna Einar Pálsson sem hefur ritað um hugmyndaheim fornsagnanna, meðal annars um baksvið Njálu (1969). Þá má einnig nefna yngri fræðimenn eins og heimspekingana Vilhjálm Árnason (1985) og Kristján Kristjánsson (1998) sem báðir hafa velt fyrir sér hetjumyndinni til forna.

Í beinu framhaldi af íþróttahæim-spekinni má skoða trúarbrögð og íþróttir. Íþróttir hvíla frá fornu fari á traustum grunni trúarbragða, allt frá dögum Forn-Grikkja. Þá var lítið svo á að íþróttir væru hluti átrúnaðarins og afrek íþróttamannsins fór hans til guðanna. Í íslenskum fornritum kemur einnig fram að hvers kyns íþróttir tengdust ásatrúnni, meðal annars með því að einkenni og kostir goðanna voru gjarnan tengd íþróttaleikni þeirra og líkamsburðum.

Þetta viðhorf til íþróttar sem ríks hluta í persónuleika einstaklinganna gengur svo aftur í Íslendingasögum. Fjöldmörg dæmi eru um að íþróttaleikni sé hluti persónulýsingar og ekki aðeins það, heldur sterkur

þáttur í spennu og uppbyggingu margra sagna. Þjóðsögurnar geyma einnig margar frásagnir af fornum íþróttahetjum eins og Gretti Ásmundarsyni og fleirum.

Að sönnu fer ekki mikið fyrir íþróttum í Biblíunni. Nýrri og nýstárlegri er þó BA-ritgerð Gunnars Stígs Reynissonar (2009) þar sem hann spyr hvort knattspyrna sé lífsstíll og menning eða trú (sjá fyrri kafla).

Íþróttabókmenntir eru næsta svið hugvísindalegra íþróttarannsókna. Út kom árið 2011 norræn fræðibók um íþróttabókmenntir, *Litterære fortællinger OM IDRÆT I NORDEN : Helte, erindringer og identitet*. Hins vegar hefur afar lítið verið skrifað um nýrri íslenskar íþróttabókmenntir. Júlían Meldon D'Arcy fyrrverandi prófessor í ensku við HÍ hefur þó sinnt íþróttabókmenntarannsóknum og skrifað um þær greinar, sú fyrri frá 2003 og sú síðari með höfundu þessar skýrslu 2004.

Sums staðar erlendis, til dæmis í Bandaríkjunum, er lítið á íþróttabókmenntir sem þroskaða bókmenntagrein þar sem fjallað er um margt annað en íþróttirnar sjálfar. Þar er oft mikið fjallað um þætti eins og kynþáttavandamál, spillingu og afbrot, sjálfsmynd og fullkomnun, smábæjalíf og fjölskyldutengsl, stjórnmál og öldrun.

Háskólamenntun í listum og hönnun er hins vegar frekar ung þannig að ekki eru mörg lokaverkefni sem tengjast íþróttum á því sviði. Í tungumálanámi í íslenskum háskólum hefur örlað á lokaverkefnum sem tengjast íþróttum.

Fátt er til um íslenskt tungutak íþróttanna nema stöku lokaritgerðir.

Lokakafli þessa hluta bókarinnar fjallar um hvað sé til ráða í siðferðisefnum íþróttanna, hvort ástæða sé til að reyna að snúa þróuninni við í siðferðisefnum íþróttanna og þá hvernig.

Rússar viðurkenna umfangsmikið lyfjasamsæri í íþróttum

Yfirmaður rússneska lyfjaeftirlitsins, Anna Antseliovich, hefur viðurkennt að lyfjanotkun meðal rússneskra íþróttamanna sé kerfisbundin og að opinberir aðilar hafi komið að henni. Hún segir þó að ekkert bendi til að rússnesk stjórnvöld hafi átt hlut að máli, hér hafi ákveðnar stofnanir tekið þátt án vitneskju stjórnmalamanna. Þetta segir hún í viðtali við The New York Times. Haft er eftir Antseliovich að um samráð

stofnana hafi verið að ræða í þessum málum. Hún segir í viðtalinu að ekkert bendi til að rússnesk stjórnvöld hafi stutt þetta lyfjamisferli og að ekkert bendi til að ríkisstjórn landsins hafi átt hlut að máli.

Ummæli hennar koma í kjölfar birtingu hinnar svokölluðu McLaren-skýrslu en í henni er sjónunum beint að umfangsmikilli lyfjanotkun rússneskra íþróttamanna. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að rúmlega 1.000 rússneskir íþróttamenn hafi notað ólögleg lyf til að bæta árangur sinn eftir því sem segir í frétt TV2.

Meðal þeirra íþróttamanna sem eru nefndir til sögunnar í skýrslunni eru

vinningshafar frá Ólympíuleikunum í Lundúnum 2012 og Vetrarólympíuleikunum í Sotji í Rússlandi 2014. Fram hefur komið að á Vetrarólympíuleikunum í Sotji hafi rússneska leyniþjónustan komið að málum og aðstoðað rússneska íþróttamenn við að skipta á þvagsýnum til að þeir gætu leynt lyfjamisnotkun sinni.

Í byrjun mánaðarins sagði Vitaly Mutko, ráðherra íþróttamála í Rússlandi, að ekkert benti til að um kerfisbundna lyfjamisnotkun hafi verið að ræða hjá rússneskum íþróttamönnum en nú virðist afstaða rússneskra yfirvalda vera að breytast út á við (Pressan.is, 28. desember 2016).

13. kafli: Siðbót, þó ekki Lúthers

Í þessum lokakafla 1. hluta er ætlunin að setja fram hugmyndir eða tillögur um hvernig bæta megi siðferðið í íþróttum og íþróttahéminum öllum. Almennur virðist vera á þeirri skoðun að íþróttirnar eigi ekki aðeins að spegla það siðferði sem ríkir almennt í samfélaginu, heldur vera vettvangur þar sem ungt fólk er alið upp til bætts siðferðis. Fólk vill að íþróttamenn séu fyrirmyndir annarra í siðferðisefnum og íþróttahreyfingin sé í einu og öllu sýnidæmi um hvernig samfélög manna séu mótuð af siðfágun og heilbrigðum vinnubrögðum.

Í bók sem þessari er aðeins hægt að ljá máls á örfáum atriðum til bóta. Eigi raunverulegur árangur að nást í þessa átt verður íþróttahreyfingin að taka málið upp á sína arma, halda um það ráðstefnur og fundi, með velvilja og stuðningi allra annarra sem að íþróttamálum koma svo sem stjórnvalda og almennings í landinu. Undanfarin misseri hafa þess sést dæmi að vilji sé fyrir slíku starfi, svo sem í sameiginlegu verkefni UMFÍ og ÍSÍ, *Sýnum karakter* (sjá síðar). Nauðsynlegt er að taka tillit til þess að breytingar af þessu tagi gerast ekki í skyndingu, heldur með þróun sem tekur langan tíma. Vonandi þó ekki of langan.



Hvað mætti hverfa?

Gott er að hefja þessa umfjöllun með því að spyrja: Hvað það er í íþróttum sem gott væri að herja á til að bæta siðferðið?

Það viðhorf að eiginhagsmunir og sjálf-lægni séu eðlileg viðmiðun innan íþróttar þarf að minnka, helst að hverfa. Með því móti getur afrekadýrkunin látið undan síga og þessi sterka þörf fyrir að vera bestur, hvað sem það kostar, víki til hliðar. Þá er nauðsynlegt að draga úr alltumlykjandi mikilvægi samkeppninnar og þeirrar sterku þarfar sem nú ríkir innan íþróttar að sigrá, hvaða ráðum svo sem beitt er til þess. Ofbeldi þarf að hverfa úr íþróttum og sama gildir um vísvitandi tilraunir til að skaða andstæðinginn og meiða. Sama gildir um reglur hvernar íþróttagreinar, brot á þeim eiga aldrei að vera hluti leiksins. Draga þarf verulega úr vægi fjármagns fyrir íþróttirnar, peningagræði eða gróðavon getur aldrei samrýmt anda íþróttanna. Stjórnendum verður að gera ókleyft að misbeita valdi sínu, hvort sem það eru fyrirliðar, þjálfarar, dómarar, leiðtogar, fræðimenn eða aðrir.

Hvernig er þetta hægt? Sumir mundu segja að þetta væri ekki vinnandi vegur. Þessir þættir séu orðnir samvaxnir íþróttunum, nauðsynlegur „kostnaður“ á móti öllu því góða sem íþróttirnar koma til leiðar. Í samfélagi þar sem spilling viðgengst á flestum sviðum og fjármagníð ræður allri för sé algjörlega úr takti að gera einhverjar sérstakar siðgæðiskröfur til íþróttar. Þær verði aldrei neitt annað en óraunsætt tuð eða í besta falli gamaldags.

Aðrir hafna þessum rökum og telja slíkt tal uppgjöf, hvort sem það er innan íþróttar eða annars staðar. Það sé einmitt mikilvægt að hefja fána siðbótar á loft innan íþróttanna vegna uppeldisgildis þeirra og



sterkra áhrifa á uppvaxandi æsku. Hér á eftir verða nokkrar hugmyndir reifaðar.

Siðareglur íþróttafólks

Íþróttafólk þarf að koma sér upp siðareglum, ekki flóknum eða nákvæmum, heldur skýrum og auðskiljanlegum. Best væri ef samtök íþróttafólksins sjálfs semdu slíkar reglur með sem mestri aðkomu „grasrótarinnar“, hins almenna íþróttafólks á öllum aldri og mismunandi kynjum, fatlaðs sem ófatlaðs.

Í þessum reglum þyrfti að koma fram að hagsmunir hópsins, liðsins, félagsins, sveitarinnar og landsins skuli vera í öndvegi. Virðing fyrir andstæðingnum ætti einnig að vega þungt. Þá ætti þar að vera skylda hvers íþróttakarls og íþróttakonnu að fylgja reglum sinnar íþróttar til hins ítrasta.

Siðareglur íþróttastjórnenda og íþróttakennara

Á grunni þeirra siðareglna sem íþróttafólk hafi sett sér gæti næsta skref verið að stjórnendur í íþróttum kæmu sér saman um sínar eigin siðareglur. Þar bæri hæst krafan um lýðræði, jafnrétti kynja og aldursflokka, bann við allri misbeitingu valds og aðstöðu og yfirlýsing um að fjárhagslegir hagsmunir stjórnendanna eða

félaganna megi aldrei vega þyngra en siðareglur íþróttanna og íþróttafólksins.

Undir þessar reglur gætu fallið íþróttaleiðtogar og starfsmenn íþróttasamtaka en einnig til að mynda þjálfarar, dómarar, mótshaldarar og aðrir starfsmenn íþróttanna og íþróttahúsa. Vilji fólk það heldur gæti auðvitað hver hópur um sig samið sínar eigin reglur. Þannig væri kannski full ástæða til að semja sérstakar siðareglur fyrir íþrótt- og sundkennara. Að vísu falla þeir klárlega undir siðareglur kennara almennt. Vegna séraðstæðna sinna og líkamlegra snertinga, tíðs eineltis og viðkvæmni æskufólks fyrir sjálfu sér væri full ástæða til að þeir ættu sér sérstakar skýrar reglur um hvað má og hvað ekki. Það væri líka velkominn stuðningur við íþróttakennarana sjálfa

Siðareglur íþróttafélaganna

Þá er komið að íþróttafélögunum. Ekki er síður þörf á að þau setji sér siðareglur í sama anda og þær sem nefndar eru hér að framan. Sumar íþróttahreyfingar hafa sett í gang nafnbætur innan sinna vébanda um „fyrirmyndarfélög“. Það ætti að vera skýlaus krafa til félaga ef þau vilja koma til greina fyrir slíka nafnbót og til að halda henni að í gildi séu siðareglur félaganna og einnig siðareglur stjórnenda innan þeirra sem og íþróttaiðkenda.

Rétt er að taka fram að sérsamböndum og heildarhreyfingum íþróttanna, svo sem UMFÍ og ÍSí, ætti öðrum fremur að vera skylt að setja sér slíkar siðareglur. Það mundi hvetja einstök sambönd og félög til dáða ef stóru íþróttahreyfingarnar sýndu þarna gott fordæmi.

Siðareglur íþrótt- fréttamanna

Fréttamenn eiga sér sínar siðareglur, skráðar og óskráðar, og íþróttfréttamenn falla undir þær. Í ljósi þeirra viðkvæmu fréttumfjöllunar sem þeir sinna þar sem börn koma við sögu ættu þeir einnig að setja sér sérstakar reglur þar sem fram kemur að þeir skuli virða og styðja siðareglur innan íþróttanna og fylgjast vel með að þær séu haldnar.

Um allar þessar siðareglur hér að ofan gildir að sjálfsgöðu að leitað sé til sérfræðinga um setningu þeirra og um eftirlit með því að þær séu haldnar. Þar má ekki gefa neitt eftir ef árangur á að nást, en hins vegar gæti verið hollráð að hafa einhvern umpóttunartíma í byrjun og viðurlög væg til að byrja með. Jákvæð hvatning er þó ekki síður mikilvæg, svo sem verðlaun og viðurkenningar af ýmu tagi fyrir góð tilþrif á sviði siðbótar.

Sýnum karakter

Árið 2016 fór af stað samstarfsverkefnið „Sýnum karakter“ innan íþróttahreyfingarinnar. Á vefsíðunni Sýnum karakter.is (2018) er gerð grein fyrir verkefninu á skýran og skilmerkilegan hátt. Þar segir:

„Sýnum karakter“ er átaksverkefni um þjálfun sálrænnar og félagslegrar færni barna og ungmenna í íþróttum. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á að hægt sé að þjálfa og styrkja sálræna og félagslega færni iðkenda eins og líkamlega færni.

Áherslan í íþróttþjálfun hefur til þessa verið á líkamlega og tækni-

lega færni. Helsta markmið með verkefninu er því að hvetja þjálfara og íþróttafélög til að leggja enn meiri og markvissari áherslu á að byggja upp góðan karakter hjá iðkendum, með þjálfun sálrænna og félagslegra eiginleika barna og ungmenna. Þjálfun karakters barna og ungmenna í íþróttum gerir íþróttafélögum kleift að sinna hvort í senn uppeldishluta og afrekshluta íþróttastarfsins, því góðir karakterar eru vel í stakk búnir til að takast á við lífið og einnig til að ná árangri í íþróttum.

Sýnum karakter er viðbót við stefnu og annað fræðsluefni íþróttahreyfingarinnar og byggir á því að nokkru leyti. Þar er bætt við hagnýtum upplýsingum og aðferðum sem þjálfarar geta nýtt sér í þjálfun barna og ungmenna með einföldum hætti. Verkefnið er þó hvorki altækt né endanlegt. Þvert á móti er því ætlað að þróast og dafna með framlagi þjálfara – og annarra sem áhuga hafa – sem hafa tækifæri til að koma með ábendingar og frekari fræðslupunkta inn í verkefnið. Verkefnið Sýnum karakter er að þessu sögðu hugsað sem upphaf að faglegri vinnu í þjálfun karakters en ekki sem endapunktur.

Markhópur verkefnisins Sýnum karakter er öðru fremur fyrst og fremst þjálfarar barna og ungmenna í íþróttum. Mikilvægt er þó að allir sem koma að íþróttastarfi barna og ungmenna, stjórnarfolk, starfsfolk, kennarar og foreldrar, kynni sér innihald og áherslur verkefnisins. Ef allir vinna saman að því að bæta og styrkja karakter



ungu kynslóðarinnar þá verður framtíð þeirra - og okkar allra - enn bjartari og betri.

Grunnhugmyndin að verkefninu kemur frá dr. Viðari Halldórssyni, félagsfræðingi við Háskóla Íslands, og Valdimari Gunnarssyni hjá UMSK. Á undanförnum misserum hefur verkefnið verið prófað og próað innan UMSK og er nú svo komið að stærstu íþróttahreyfingar Íslands, Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ), hafa tekið höndum saman um það að koma verkefninu á framfæri út í íþróttahreyfinguna. Styrktaraðilar verkefnisins eru Íslensk Getspá og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Þetta samstarfsverkefni er vissulega spor í rétta átt. Þótt undirritaður sakni heimspékilegs og siðferðilegs þáttar í stefnu og markmiðum verkefnisins er það góður vettvangur til að koma slíkum boðskap til þjálfara og stjórnenda íþóttahreyfingarinnar. Gagnrýna má reyndar notkun erlenda orðsins „karakter“.

„Fair Play“

Erlendis hefur sums staðar farið af stað siðbót innan íþróttar undir heitinu „Fair

Dr. Ove Olsen
Sæle,
prófessor við
Björgvinjarhás
kóla.



Play“ (Sæle, 2013). Spannandi gæti verið að reyna eitthvað slíkt hérlandis, helst þó undir einhverju íslensku heiti eins og t.d. „Drengskapur“. Þó er það orð kannski of kynjað til að nota í slíkri herferð. Annar möguleiki væri „Háttvísi í leik“. Nafnið skiptir þó ekki mestu, heldur innihaldið. Eins og heitið gefur til kynna væri hér um viðhorfsáherslu að ræða sem fælist í að ýta undir siðgæði innan íþróttanna á jákvæðan hátt. Hægt væri að hugsa sér árleg verðlaun til einstaklinga, félaga eða liða sem sýnt hafa af sér sérstakan drengskap, siðfágun og heiðarleika í íþróttaiðkun sinni og íþróttastarfi. Öllum væri heimilt að tilefna til þessara verðlauna sem gætu verið í nokkrum flokkum en valið yrði í höndum 10 manna dómnefndar sem í sætu til dæmis siðfræðingur, tveir fyrrverandi íþróttamenn, íþróttaleiðtogi, tveir íþróttakennarar, tveir þjálfarar og tveir fræðimenn um íþróttir. Forseti Íslands væri verndari viðurkenninganna og skipaði í dómnefndina.

Verðlaun af þessu tagi gætu haft enn hollari áhrif en hin árlegu verðlaun „Íþróttamanns ársins“ og verið ágæt viðbót við þau sem hvatning fyrir íslenskt æskufólk.

Úr Gunnarsrímunum eftir Sigurð Breiðfjörð

Úr fyrstu rímu (frumhent):

49. Austur fríðu Fljóts- í –hlíð
fundist bærinn getur,
ekki er víða á vorri tíð
vænna höfðingssetur.

50. Mestar Gunnar menntir bar
mikið hár og digur,
hildar kunnur verkum var
vann því flestan sigur.

51. Herjans loga hlífum að
höndum tveimur reiddi,
skaut af boga og hæfði hvað
hugur og auga beiddi.

52. Í hildarklæðum hetjan frökk,
helst var rammur kraftur,
léttur hæð í loftið stökk
líka fram og aftur.

53. Synda kunni og ránarrið
renndi skjótt sem selur.
Engan Gunnar íþrótt við
einn sér jafnan telur.

54. Fríðleik maður bestan ber
og bjarta húð sem trafið,
réttnefjaður en það er
upp að framan hafið.

Úr fjórðu rímu (stikluvik þríhent):

37. Skundar teitur skeiðar á
skjómaþrumu valdur,
menn á heitir sína sá
sókn að veita bestu þá.

38. Fjárins grúa vinnum vér
verði ferð til bóta.
Sig nær búa fólkið fer
ferjugrúa hinna sér.



Sigurður Breiðfjörð skáld

39. Að þeim vaða víkingar
voða æði sýna,
eggsteinsblaða íman þar
enn til skaða hafin var.

40. Hver einn dregur harðmynntan
hjör og fer að beita.
Gunnar vegur margan mann
mikillega barðist hann.

41. Bólgin unda raðast rið
rauð á súðir niður.
Ærið mundi mannfallið,
marar stundu birnir við.

42. Gunnar æðir eirðarlaust
eyðir þjóðar lífi.
Einatt skæð að eyrum braust
eggja hræðilega raust.

43. Hljóða og veina hlífarnar,
holund skolar búka,
straumum einum æða bar
æla skeinur blóðrauðar.

44. Náði oft og óðum slá
unnum Gunnar lýði,
tvö á lofti loga þá
ljósin Hrofta þjóðir sjá.

45. Höndum tveimur vígur var
vopnaheppni drengur,
flatti beima fjölda bar
frægri hveim er móti var.

46. Þeir Hallgrímur hlaupa á
hlunna – Gunnars – vara.
Hann að ímu arngeir brá,
andlátssvíma margir fá.

47. Margan vætir blóðugt bað,
byrstur ristir þegna,
Gunnar lætur grimmum að
gildum fæti þá stiklað.

48. Þarf ei eggja óvininn
ímugrímur harði,
að honum leggur arngeirinn,
undan seggur snerist hinn.

49. Stiklar yfir eina slá,
otað lætur skildi.
Fleini rifinn sundrast sá
svo áþrífir voru grá.

50. Inn í slána fleinninn fer.
Færi sér nú Gunnar,
hann með láni hjörinn ber
handlegg frána kappans mer.

51. Höggið brýtur handlegginn,
hót þá bítur eigi.
Nauðum flýta nennir hinn,
niður hrýtur arngeirinn.

52. Gunnar þrífur hann og hjó
Hallgrím allan gegnum.
Út bar lífi undin spjó,
í einu fífutýrinn dó.

Úr fimmtánda rímu (frumstiklað):

18. Gunnar kvað: Þá göngumst við
geyst að hestastríði,
vor mun skaði verða það
víst þó nokkuð bíði.

19. Leiddust þá fram hrossin há,
Héðinn Gunnars leiðir,
keyra sá skal eftir á,
atið þreyta beiðir.

20. Rauðum þar á rokki var
ráður Hlíðarenda,
stöng hann bar til burða snar
og belti ofan lenda.

21. Hrossin fráú hlaupast á
hófa reyna framan,
bítast þá svo mengið má
mest að henda gaman.

22. Þorgeir tér við hlýra hér:
Hrindum jói vorum,
gætum vér hvort Gunnar hér
getur haldið sporum.

23. Hesti fláir hrinda ná
hefja vilja þrætur.
Gunnar þá sinn gilli á
ganga fastar lætur.

24. Afturábak við þetta þjak
Þríhyrningar steypast,
fákur hrakinn bjó þeim blak
bræður máttu sneypast.

25. Upp fá staðið eftir það
illskan geð þó særi,
Gunnari vaða vogast að,
vék hann sér úr færi.

26. Kol hinn gráa hetjan há
handað milli þrífur
langt sér frá þeim fleygði, á
fantinn óvit svífur.

27. Gunnars hest af mætti mest
meiða Þorgeir náði
augað lesti, út það sést
óðum hanga gáði.

28. Gunnar sló með þrótti þó
Þorgeir högg á kjamma,
óvit bjó þeim eyddi ró
ofurhöggið glanna.

Úr tuttugustu rímu (ferskeytt):

57. Svo ég hefi séð í skrá
síst þó Njála kynni
að Gunnar fimmtugsaldri á
æfi lyki sinni.

58. Stand er flest í veröld valt
og bístartími naumur,
svo að lokum líður allt
því lífið manns er draumur.

(Sigurður Breiðfjörð, 1973)

Annar hluti:



Ragnhildur Gyða Magnúsdóttir er íþróttamaður og hefur einnig stundað fræðistörf.

Spríkl eða alvöru fræðigrein?

Inngangur: Íþróttir sem viðfangsefni

Í þessum inngangskafli verður fjallað vítt og breitt um helstu álitaefni þessa hluta. Fyrst verða teknar fyrir í stuttu máli ýmsar skilgreiningar á orðinu *íþróttir*. Í síðari hluta kaflans verður efni þessa bókar hluta rakið.

Hvað eru íþróttir?

Áður en fjallað er um siðfræði íþróttar er nauðsynlegt að skilgreina íþróttir annars vegar og siðfræði hins vegar. Einstakar fræðigreinar notast gjarnan við eigin skilgreiningar á þessum hugtökum. Til dæmis líta íþróttafélagsfræðingar, líkt og margir íþróttalíffræðingar og þjálffræðingar, oft

svo á að íþrótt verði að innihalda líkamlegan þrótt eða áreynslu til að geta talist til íþróttar (Coakley og Pike, 2009) og útiloka þannig íþróttir eins og skák, bridds og ámóta greinar. Þetta er ekki alltaf heppilegt. Hentugra getur verið að fara hér eftir þeirri orðræðu og merkingu sem tíðkast meðal almennra málnotenda en þar teljast ofantaldar greinar til íþróttar. Sé það gert er einnig nauðsynlegt að vera undir það búinn að merkingin geti verið misjöfn eftir tímabilum, stöðum, félagshópum og jafnvel menningarkimum. Í þessari bók er fyrst og fremst átt við íþróttir í merkingunni „skipulagðar afreks- eða keppnisíþróttir“ nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Íþróttir má þó nálgast á ýmsa vegu eins og skilgreiningar á þeim í tímanna rás bera merki um. Ein leiðin er að skilgreina þær sem ákveðna tegund leikja (Sæle, 2013). Þess ber þó að geta að þótt íþróttir séu skilgreindar sem ein tegund leikja eru allir leikir ekki endilega íþróttir samkvæmt þeim skilningi. Til þess þurfa þeir að uppfylla fjögur skilyrði:

Fótboltabullur handtekur á sunnudag

Sjö króatískar fótboltabullur voru handteknar fyrir leik Íslands og Króatíu á sunnudag. Morgunblaðið hefur þetta eftir Ásgeiri Þór Ásgeirssyni yfirlögregluþjóni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Lögreglan fékk ráðleggingar frá lögreglumönnum frá Króatíu.

Aukinn viðbúnaður var í kringum landsleikinn á Laugardalsvelli á sunnudag. Króatískir lögreglumenn veittu lögreglunni ráð vegna fyrri atvika þar sem króatískar fótboltabullur hafa komið við sögu. Ásgeir Þór segir við Morgunblaðið að um 50 króatískar fótboltabullur hafi komið til landsins. Þær hafi ekki verið með miða á leikinn en ætluðu samt að komast á hann og valda usla. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk liðstyrk frá lögreglunni á Akureyri og Suðurnesjum vegna leiksins. Auk þeirra voru 20 sersveitarmenn frá ríkislögreglustjóra við störf (Rúv.is, 13. júní 2017).

1. *Keppnin þarf að snúast um leikni.*
2. *Leiknin þarf að byggjast á líkamlegri eða andlegri áreynslu.*
3. *Leikurinn þarf að njóta víðtækrar þátttöku eða fylgis.*
4. *Framkvæmdin þarf að einkennast af stöðugleika.*

Gegn skilgreiningunni á íþróttum sem leikjum gengur sú staðreynd að íþróttir Grikkja til forna voru hreint ekki neinn leikur eða skemmtan, heldur grafalvarleg iðja fullorðinna manna til að öðlast hylli guðanna. Má jafnvel segja að íþróttir hafi verið af sama meiði og siðfræði og heim-speki Grikkja: Sannleiks- og þekkingarleit (MacIntyre, 2008; McNamee, 2008). Senni-

lega er því nauðsynlegt í ljósi þessa að aðgreina nútímaíþróttir frá íþróttum Forn-Grikkja enda aðstæður gjörbreyttar.

Önnur skilgreiningaraðferð skilgreinir íþróttir út frá uppruna sínum, hvort og að hve miklu leyti þær spruttu upphaflega úr athöfnum daglegs lífs, fæðuöflun, hernaði, tómstundum eða trúarbrögðum. Þannig mundi til dæmis spjótkast teljast til fæðu-öflunar- og/eða hernaðariþróttar á meðan knattleikir mundu teljast til tómstunda-íþróttar (Jarvie 2006).

Enn ein aðferð væri lýsandi: Að skilgreina þær út frá framkvæmdinni, eins og leikni íþróttamannsins, samkeppninni sem á sér stað eða úrslitum. Hins vegar þarf þetta þrennt ekki alltaf að fara saman. Ef til

Rasistar grættu leikmann Partizan Belgrad

Everton Luiz, brasil-ískur leikmaður Partizan Belgrad, varð fyrir kynþátta-níði í nágrannaslag gegn Rad Belgrad í gær.

Stuðningsmenn Rad Belgrad beittu Everton kynþátta-níði; gáfu frá sér apahljóð og hróp-uðu ókvæðisorð að honum. Everton gekk tárvotur af velli eftir að leik-

urinn var flautaður af.

„Ég gat ekki haldið aftur af tárunum því ég var beittur kynþátta-níði allan leikinn,“ sagði Everton sem varð fyrir vonbrigðum með viðbrögð leikmanna Rad. „Það sem hneykslaði mig mest var framkoma mótherjanna. Í staðinn fyrir að róa stuðningsmenn sína studdu þeir þessa hegðun. Ég vil gleyma þessu sem fyrst,“ sagði Brasilíumaðurinn (visir.is, 20. febrúar 2017).

Spiluðu þjóðsöng frá nasistatíma- bilinu fyrir viðureign þýskrar tenniskonu

Tennissamband Bandaríkjanna hefur beðist afsökunar á afar óheppilegri atviki sem kom upp á landsliðakeppninni Fed Cup á Hawaii um helgina. Fyrir mistök var þjóð-söngur Þýskalands frá nasistatíma-

bilinu fluttur fyrir viðureign hinnar þýsku Andreu Petkovic og Alison Riske frá Bandaríkjunum. Petkovic og þýska liðið voru að vonum ósátt með þennan misskilning. „Þetta er skandall. Þetta var án efa það versta sem ég hef lent í,“ sagði Petkovic. Tennis-samband Bandaríkjanna baðst afsökunar á þessari up-pákomu og sagði að þessi mistök myndu ekki endurtaka sig. Petkovic tapaði viðureigninni við Riske, 7-6 og 6-2 (Visir.is, 12. febrúar

Morðinginn hefur samið við félag - Allt brjálað í Brasilíu

Markvörðurinn Bruno Fernandes var í dag kynntur sem nýr leikmaður Boa Esporte sem leikur í brasilísku B-deildinni. Endurkoma hans í fótboltann hefur skapað mikla reiði í Brasilíu. Árið 2013 var Bruno, sem er fyrrum fyrirliði Flamengo í Brasilíu, dæmdur í 22 ára fangelsi fyrir að myrða kærustu sína. Konan hét Eliza Samudio og var 25 ára gömul en saman áttu þau son. Samudio var pyntuð áður en hún var myrt, líkið var svo bútað niður af Bruno og gefið rottweiler hundunum hans. Bruno var nýlega látinn laus úr fangelsinu en þegar hann tilkynnti að hann ætlaði að snúa aftur í fótboltann urðu viðbrögðin í samfélaginu hörð. Fjölskylda Samudio hefur lýst yfir reiði sinni og hópar hafa staðið fyrir mótmælum. Þrír styrktaraðilar Boa Esporte riftu samningum sínum við félagið eftir að koma Bruno var staðfest og tölvuárás var gerð á heimasíðu félagsins. Spurningar voru af skornum skammti á fréttamannafundinum í dag þegar Bruno var kynntur til leiks en hann sagði að Guð myndi vísa sér rétta leið (fotbolti.net., 14. mars 2017).

vill er samkeppnin jafnvel mikilvægasti þáttur íþróttanna sem snúast þar með um eitt og aðeins eitt: Að sigra. Eftirminnilegt er tilsvor Vincent Thomas Lombardis, víðfrægs þjálfara í amerískum fótbolta: „Sigurinn er ekki allt sem máli skiptir, hann er það eina sem skiptir máli“ (Coakley og Pike, 2009).

Raunar má halda áfram þessari röksemdafærslu og nálgast enn eina aðferðina til að skilgreina íþróttir, nefnilega að skilgreina þær út frá markmiði sínu og tilgangi fyrir einstaklinginn og/eða samfélagið. Íþróttir væru samkvæmt því kannski fyrst og fremst tæki fyrir einstaklinginn til að verða hann sjálfur – til að þroskast líkamlega og siðferðilega í víðtækum skilningi (McNamee, 2008). Þetta skiptir að öllum líkindum mestu þegar kemur að uppeldis- og menntunarlegu hlutverki íþróttar, eins og það var til dæmis meðal Forn-Grikkja. Þetta veldur því að ein af megingreinum skólakerfis nútímans eru skólaíþróttir. Íþróttir eiga að kenna æskunni sigur og ósigur og jafnramt að þekkja sjálfa sig og takmörk sín, auka siðferði hennar og þroska andann og þar með að gera hana að betri borgara

og leiðtoga. Þetta gamla markmið á vel við nútímann og hefur í engu tapað gildi sínu.

Áður en lengra er haldið er rétt að kanna betur hvað átt er við með orðinu *íþrótt* í daglegu máli. Orðið er talið vera samsett orð, myndað af orðunum *íð* í merkingunni „íðja“ og *þrótt* sem sé þá kvenkynsmynd orðsins „þróttur“ í sömu eða svipaðri merkingu. Í fornu máli merkti orðið „leikni“ eða „færni“, jafnvel „list“ en í *Íslenskri orðsifjabók* Ásgeirs Blöndals Magnússonar er merking þess útskýrð svo:

íþrótt kv. „leikni, fimi, listsnilld (líkamleg eða andleg); kerfisbundin líkamspjálfun, ...“ (Ásgeir Blöndal Magnússon, 1989: 426).

Í *Íslenskri orðabók* er merking orðsins þannig skýrð:

íþrótt –ar –ir kvk **1** leikni, fimi, snilld, list > *gera e-ð af mikilli íþrótt* **2** (venjulega ft. **íþróttir**) íþr kerfisbundnar æfingar til að þjálfalíkamann (oft til að ná e-m tilsettum árangri, setja met o.þ.h.) > *stunda*

íþróttir / frjálsar íþróttir ákveðnar greinar íþróttar (hlaup, stökk, köst) / *íþróttafrétt / íþróttagrein / íþróttahús / íþróttalög / íþróttamót / íþróttakeppni / íþróttakennari / íþróttafatnaður* (Íslensk orðabók, 2002: 722).

Ekki dugir þó að nota svo víða skilgreiningu í þessu verkefni eða byggja á þeim grunni sem orðabókarfræðin gera.

Kaflar bókarhlutans

Þá er komið að því að kynna uppbyggingu bókarhlutans og helstu viðfangsefni hans. Um leið er ástæða til að áréttar tilgang bókarinnar í heild sem er að fræða frekar en skemmta, gagnrýna fremur en þóknast og að flytja hugmyndir fremur en staðreyndir. Leitast er við að setja efnið fram á auðskilinn hátt í stuttum og hnitmiðuðum köflum.

Í fyrsta kafla verða tilgreindir ýmsir gullmolar úr munnum og pennum íþróttafréttamanna sem höfundur hefur rekist á í rannsóknum sínum. Þessi nálgun er hugsuð fyrst og fremst til gamans.

Í öðrum kafla er sérstaklega fjallað um tvo rithöfunda. Sá fyrri er einn af frumkvöðlum íþróttastarfs á Íslandi frá 20. öld, sr. Friðrik Friðriksson æskulýðsfrömuður og KFUM-foringi, en hann stofnaði tvö knattspyrnufélög samtímans, Val í Reykjavík og Hauka í Hafnarfirði. Auk þess skrifaði hann merka íþróttabók sem hafði mikil áhrif á þá sem lásu, bókina *Keppinauta*. Hinn rithöfundurinn er dr. Sigurður Nordal bókmenntafræðingur og heimspekingur. Framlag hans til íþróttar og íþróttasiðfræði fólst í að skrifa og flytja í útvarpi merka dæmisögu um það hvernig íþróttir geta gífgað manninn. Efniviðurinn er sóttur til róm-

verskrar sögu og menningar en átti ekki síður erindi við íslenskan samtíma.

Í þriðja kafla er athyglinni beint að íslenskum nútímabókmenntum og þeim sporum sem íþróttir hafa skilið eftir sig. Í flestum þeirra ríkir tómlæti gagnvart íþróttum og eru þær nánast ekki nefndar á nafn. Í öðrum ríkir neikvæð afstaða til íþróttar og þeirra sem þær stunda eða kenna. Loks eru fáeinir höfundar sem nýta sér íþróttir til jákvæðra hluta og byggja upp spennu í kringum þær. Höfundar eins og Einar Kárason og Einar Már Guðmundsson eru dæmi um slíkt. Í kaflanum verður einnig reynt að skilgreina hvað séu íþróttabókmenntir.

Í fjórða kafla er röðin komin að konungi íslenskra íþróttabókmennta. Þórgímur Þráinsson hefur skrifað sex unglingabækur sem ótvírætt eru einar vinsælustu íþróttabókmenntir sem skrifaðar hafa verið á Íslandi.

Í fimmta kafla er síðan er fjallað um einstaka höfunda sem gert hafa garðinn frægan á þessu sviði. Þetta eru þau Elísabet Jökulsdóttir, Magnús Scheving og Gunnar Helgason. Komið verður inn á aðrar íslenskar íþróttabókmenntir samtímans.

Í sjötta kafla er fjallað um það skrautlega málfar sem er svo áberandi í allri íþróttaumfjöllun og helstu einkenni þess skýrð. Dregið er fram hlutverk tilfinninga og fyndni í þessu málfari.

Í sjöunda kafla er fjallað um liðssöngva og hlutverk þeirra, bæði landsliðssöngva og aðra liðssöngva. Í kaflalok verður síðan fjallað örlítið um áhrif íþróttar á önnur listform en bókmenntir, einkum þó tónlist.

Í áttunda kafla er greint frá helstu niðurstöðum rannsóknar höfundar á fjölmiðlaorðræðunni um nokkra afreksíþróttamenn þar sem í ljós komu tvö meginstef, afreksdýrkun og þjóðernisstolt. Um þessi stef verða gefin dæmi og fjallað um þróun-

ina eins og hún virðist hafa verið á síðustu áratugum. Þá verður fjallað um tengsl orðræðunnar við siðferði og heiðarleika.

Í níunda kafla er tekin fyrir sú orðræða sem beinist að ákveðnum hópum íþróttamanna, svo sem íþróttakonum og fötluðu

íþróttafólki. Loks er fjallað um kosningu íþróttamanns ársins sem fram fer árlega.

Áður en alvarleg umfjöllun hefst er við hæfi að léttu lund lesenda með gullmolum úr íþróttafréttamennsku síðustu áratuga.



Karabatic-bræður í slæmum málum

Frönsku handknattleiksbræðurnir Nikola og Luka Karabatic voru í dag dæmdir í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. Þá voru þeir einnig dæmdir til að greiða háar sektir. Dómur féll í málinu einungis þremur dögum eftir að Frakkar urðu heimsmeistarar í París.

Málið á rætur sínar að rekja til ársins 2012 en þá veðjuðu fjölskyldur leikmannanna á tap Montpellier fyrir botnliði Cesson-Rennes í frönsku úrvalsdeildinni. Montpellier var þá þegar búið að tryggja sér meistaratítilinn. Úrslit leiksins skiptu liðið engu máli og það tapaði leiknum óvænt. Karabatic-bræður og konur þeirra eru talin hafa grætt rúmlega 255 þúsund evrur eða um 40

milljónir íslenskra króna á þeim tíma.

Dæmt var í málinu sumarið 2015 en dómnunum var áfrýjað. Lokaniðurstaða málsins er að bræðurnir greiði 40 þúsund evru sekt hvor og hljóti tveggja mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm (RUV.is, 1. febrúar 2017).

1. kafli:

Íþróttagullmolar

Íslenskir íþróttafréttamenn og sérfræðingar þeirra hafa látið margt spaugilegt út úr sér um ævina. Það verður að segjast eins og er að uppruni þessara gullmola er alls ekki alltaf ljós. Oft eru þeir sennilega eignaðir röngum fréttamanni og stundum hafa þeir sennilega verið búnir til af einhverjum góðum spaugurum. Dæmin geta þó verið jafn góð fyrir það. Þótt alltaf sé skemmtilegra að sjá þau fyrir sér tengd ákveðnum mönnum. Því verður þó sleppt hér og þess í stað geta lesendur velt fyrir sér: Hverjir komust svo að orði? Gullmolunum er hér raðað í stafrófsröð upphafsorða.

- Allir leikmennirnir hér í kvöld eru á annan meter.
- Beckham er með tattú á innri handleggnum.
- Bjarni Guðjónsson er enn að hita upp ... utan vallar.
- Bresk lið hafa ekki riðið feitum hesti úr þessu móti.
- Bæði liðin eru einum færri.
- Bæði liðin hafa nú leikið í tuttugu og eina mínútu.
- Donadoni reyndi þarna slæma sendingu.
- Ef ég ætti eina ósk þá yrði það að uppbótartími yrði bannaður. Bannaður.
- Ef Guð er Íslendingur þá verður ekki skorað meira í þessum leik ... og ég held röddinni.
- Ef hann hefði hitt boltann hefði hann steinlegið í netinu.
- Eftir eitt ár verður hann árinu eldri.
- Eftir því sem lengra líður á leikinn hallast maður að því að hvorugt liðið vilji tapa.
- Ég held að Frakkland, Þýskaland, Spánn, Holland og England muni komast í fjögurra liða úrslitin ásamt Brasilíu.
- Ég trúir því statt og stöðugt að ef annað liðið skorar mark þurfi hitt að skora tvö til að vinna.
- Fámennasta þjóðin á mótinu en líklega sú allra vinsælasta, þökk sé vinnusemi liðsins, klikkuðum lýsendum og þeirri staðreynd að þeir hata Cristiano Ronaldo.
- Frammarar spila með fimm manna fjögurra manna vörn.
- Fyrir ykkur sem voruð að koma að skjánum ... þið eruð búin að missa helling úr lífinu.
- Guðni raðar sér inn í vítateiginn.
- Hann lítur illa út en samt er erfitt að sjá mun á honum fyrir og eftir samstuðið.
- Hann missti boltann jafnóðum strax.
- Hann rann á hættulegu augnabliki.
- Hann setur kælipokann á ökklaðann svo að líklega er hann ekki meiddur á öxl.
- Hann skallar hann með höfðinu.
- Hann skoraði í orðsins fyllstu merkingu.
- Hann skrúfaði boltann bakvið hægra eyrað á markverðinum.
- Hann varð að fara af leikvelli í leikhléinu.
- Hann ver þetta eins og handbolta-markvörður en vel engu að síður.

Bjarni Fel (f. 1936)

Kristján Sigurjónsson skrifaði um Bjarna Fel á RÚV.is 26.3.2016. Þar segir meðal annars:

Breska blaðið Guardian birtir í dag langa og ítarleg grein um áhrif Bjarna Felixsonar íþróttafréttamanns á uppgang íslenskrar knattspyrnu á liðnum árum. Greinarhöfundur, Scott Murray, bendir á að ýmsar skýringar hafi verið gefnar á góðum árangri íslenskra fótboldamanna undanfarin misseri, ekki hvað síst að íslenska karla-



landsliðið skuli hafa náð að tryggja sér örugglega sæti í úrslitakeppni Evrópumótsins í Frakklandi í sumar. ... Áhrifa Bjarna Fel sé hins vegar sjaldnar getið. Scott Murray færir rök fyrir því í Guardian að Bjarni Fel hafi haft ómæld áhrif á knattspyrnuuppeldi íslensku þjóðarinnar og þar með á unga knattspyrnumenn. Með starfi sínu sem íþróttafréttamaður á Ríkisútvarpinu í áratugi hafi hann alið upp nokkrar kynslóðir fótboldaspilara og aðdáenda með umfjöllun sinni um ensku knattspyrnuna. Hann færði inn í stofu enska fótboldann og lýsti á sinn einstæða hátt því sem fyrir augu bar. Flestir Íslendingar eigi sín uppáhaldslið í ensku knattspyrnunni, lið eins og Liverpool, Manchester United og Arsenal en einnig séu til aðdáendur liða eins og Derby County og Leeds United sem áttu sín blómaskeið þegar Bjarni Fel réð lögum og lofum í umfjöllun um enska fótboldann á Íslandi. ... Knattspyrnuferill Bjarna er einnig rifjaður upp og hann sagður hafa verið traustur varnarmaður. Haft er eftir Bjarna að hann hafi sem sigursæll leikmaður með KR verið hataður um allt land, en að sama skapi verið mjög vinsæll sjónvarpsmaður, þökk sé enska fótboldanum. Greinarhöfundur bætir því svo við að eftir að Bjarni lagði fótboldaskóna á hilluna 1968 hafi lið hans, KR, ekki unnið titil í 27 ár.

- Hann verður að fara af velli. Hann getur ekki stigið í hnéð.
- Knattspyrnustjóri liðsins er ekki á vellinum í dag sem bendir sterklega til þess að hann gæti verið annarsstaðar.
- Króatar eiga erfitt með samleik án knattarins.
- Leiknum er ekki enn ólokið þannig að úrslit verða gerð kunn síðar!
- Leiknum verður sjónvarpað beint í sjónvarpinu.
- Leikur er ekki unninn fyrr en hann er tapaður.
- Lokum augunum og sjáum hvað gerist.



Samúel Örn Erlingsson, íþróttasprettamaður um langt skeið, annálaður fyrir skýran framburð og vandað mál.

- Mér er skítsama þótt við töpum öllum leikjunum, svo fremi sem við vinnum deildina.
- Nei, nei, ef menn ætla að skjóta af svona löngu færi verða menn að fara aðeins nær.
- Nicky Butt hefur löngum verið talinn furðulegur í framan ... eins og allt lið Manchester United.
- Nú er það svart, það er ljóst.
- Nú eru tuttugu sekúndur eftir af leiknum og aðeins tímaspursmál hvenær honum lýkur.
- Og á 76. mínútu tekur Alan Shearer við sér og skorar tvö mörk og tekur ekkert aukalega fyrir það.
- Og hér er að hefjast leikur FH-inga og Hauka og það eru Hafnfirðingar sem byrja með boltann.
- Og Marcello Lippi kveikir sér í vindli og ber greinilega ENGA virðingu fyrir reyklusu deiginum hér á Íslandi.
- Og nú fer að nálgast fyrri hálfleik.
- Og nú hefst seinni hálfleikurinn allur!
- Pavel Kuka er með boltann ... Kuka kemur.. Kuka dettur niður ... og
- Kuka ... skýtur ... en Kuka skeit honum rétt yfir.
- Rio Ferdinand er traustur í þessum leik. Hann hefur ekki stigið feilnótu.
- Ronald De Boer er með boltann en hann er einmitt tvíburabróðir Frank De Boer, þeir eiga afmæli sama dag.
- Seinni hálfleikur er allt annað en fyrri hálfleikur.
- Sennilega hentar það þjóðverjum betur að skora.
- Shearer hefur gulltryggt Newcastle sigurinn, nú er aðeins spurning hvernig þessi leikur fer.
- SKOT ... í stöngina ... hvað var stöngin að gera þarna?
- Skotið ríður af stað.
- Staðan markalaus, hvorugu liðinu hefur tekist að skora mark, núll núll, Liverpool núll, Arsenal núll.
- Varnarmenn Newcastle hafa varla séð það svartara en að hafa Emile Heskey í bakinu á sér allan tímann.
- Vatnið er ekki grænna hinum megin við lækinn.
- Velkomin aftur, en þá er það seinni

*Hemmi Gunn varð íþróttafréttamaður
eftir að knattspyrnuferli hans lauk.
Hans komst oft skemmtilega að orði.*



- hálfleikurinn í Arsenal - Chelsea en staðan er 0 - 1 fyrir Tottenham.
- Það er alltaf viss sigur að sigra Þjóðverja.
- Það er ekki nokkur leið að geta talið allan þann fjölda sendinga sem þarna gekk á milli manna - en þær voru 8.
- Það er mikil barátta um samkeppni í liðinu.
- Það er svo lítið eftir að ef sigurmarkið kæmi núna færi það langt með að vinna leikinn.
- Það eru sömu liðin sem byrja inni á í seinni hálfleik.

Að mynda sterka liðsheild

Allir þjálfarar í hópíþróttum eru sammála því að enginn árangur næst nema að lið búi yfir sterkri liðsheild. Það skiptir ekki minna máli að það skapast ekki góðar minningar eða stórfenglegar upplifanir nema liðsheildin sé sterk. En hvernig verður sterk liðsheild til?

Ég held að það sé ekkert eitt rétt svar við þessari mikilvægu spurningu. En ég get sagt frá minni reynslu og því sem hefur virkað fyrir mig.

Fyrir það fyrsta þá þarf þjálfarinn að skilgreina fyrir sjálfum sér og leikmönnum hvað liðsheild merkir í hans augum. Þetta gerist ekki á einum liðsheildarfundum eða við þvingaðar aðstæður, þetta tekur tíma og þarf að innleiða á réttan hátt með öguðum vinnubrögðum og þolinmæði.

Að mínu mati einkenna eftirfarandi þættir sterka liðsheild:

- Hópur fólks með sameiginlegan draum
- Lið sem er eftirsóknarvert að vera í
- Hæfileikar leikmanna sem passa vel saman
- Vel skilgreind og skýr hlutverk
- Opin, markviss og hreinskilin samskipti
- Gleði, ánægja og jákvætt viðmót gagnvart öllum þáttum
- Hugarfar sigurvegara
- Mikil skuldbinding allra til liðsins og markmiða þess
- Ástríða fyrir því að skara fram úr
- Virðing
- Vellíðan

Alla þessa þætti þarf svo að skilgreina ennþá frekar, hvað þýðir hvert og eitt atriði?

(Frh á mæstu síðu.)

- Það hefði verið flott ef það hefði heppnast.
- Það hefur komið í ljós að ef þú vilt skora mark þá er betra að hitta á rammann fyrst.
- Það yrði algjör skömm ef annaðhvort liðið ynni. Það á að sjáfsögðu við bæði liðin.
- Þarna sjáum við Marcelo Lippi ... hann er ennþá í sama frakkanum og fyrir 3 árum síðan.

(Framhald)

Þegar leikmenn skilja alla undirliði þess að vera sterk liðsheild þá vita allir nákvæmlega til hvers er ætlast af þeim til þess að vera hluti af sterkri liðsheild.

Það eru þrjú lykilatriði sem skipta mestu máli til þess að ná fram sterkri liðsheild. Þau eru :



♦**Markmið** = Ef hópurinn veit ekki hvert hann er að stefna og hvernig hann á að ná markmiðum sínum næst enginn árangur og engin samheldni.

♦**Samvinna** = Það er enginn stærri en liðið. Allir þurfa að vinna saman að settu markmiði. Ef það eru ekki allir að fara í sömu átt þá þarf að bæta úr því strax.

♦**Traust** = Það þarf að ríkja fullkomið traust á milli þjálfara, leikmanna og starfsmanna. Til þess að samvinna og traust verði að sterkum hlekkjum þarf þjálfarinn að vera búinn að skilgreina hlutverk allra og fullkomin virðing borin fyrir öllum hlutverkum.

Þjálfari þarf að hafa hugrekki og virðingu til þess að taka **erfiða samtalið**. Það koma stöðugt upp erfið augnablik í þjálfun. Vandamálin hverfa sjaldnast af sjálfu sér. Það þarf að taka **erfiðu samtölin**, ekki bíða með það.

Farsælasta lausn sterkrar liðsheildar er að tækla vandamál á upphafsstigum. Ef það eru allir að fara í sömu átt þá verða vandamálin yfirleitt smávægileg og vel viðráðanleg.

Í lokin er vert að minnast þess að sterkasta vopn þjálfarans er að hafa hæfileikaríkustu leikmennina og þá sem leggja hvað harðast að sér. Leikmenn sem leiða með góðu fordæmi. Ef hæfileikaríkasti leikmaður hópsins er sá sem leggur mestu vinnuna á sig, setur hann viðmið fyrir aðra. (Freyr Alexandersson, synumkarakter.is, 7. júní 2017).

- Þeir eru með bandarískan Ameríkana.
- Þeir fá hornspyrnu á hættulegum stað!
- Þeir minnka muninn í 2 - 2.
- Þeir skora bara strax í byrjun, á fyrstu upphafsmínútum þessa leiks.
- Þetta er frábær litadýrð. Allir stuðningsmenn Brasilíu eru í gulum treyjum.
- Þetta er glæsileg sending á Cole, en hann á ekki möguleika á að ná boltanum.
- Þetta er skrítn uppstilling hjá þjálfaranum. Hann lætur byrjunarliðið byrja út af.
- Þetta er snyrtilega gert. Þetta eru

snyrtileg tilþrif. Snyrtilegur leikmaður!!

- Þetta er svo fast, þetta er svo nákvæmt, þetta er svo fallett! Rosalegt mark!
- Þetta kvöld var bara alls ekki okkar dagur.
- Þið megið ekki gleyma að bæði lið vilja vinna þennan leik!

Að gamninu slepptu tekur nú við umfjöllun um tvo mikla andans menn sem báðir skrifuðu einna fyrstir manna á 20. öld mjög áhrifamiklar skáldsögur um íþróttir.

FAIRSPORT

Til eru alþjóðleg samtök sem berjast gegn óheiðarleika í íþróttum. Þau kalla sig FairSport sem mætti útleggja Heiðarleiki í íþróttum. Þessi samtök hafa einkum barist gegn lyfjamisnotkun og barist fyrir því að aðstoða þá sem koma upp um slíka notkun og annan óheiðarleika, jafnvel þótt þeir hafi sjálfir tekið þátt í þeim. Stofnendur samtakanna eru Jim Swartz, Ed Stier, Louisa Watt and Johann Koss. Vefsíða samtakanna er á eftirfarandi slóð: <https://fairsport.org/>



Rasmussen var í fremstu röð í þessari erfiðu íþróttagrein á fyrsta áratug aldarinnar. Fjórum sinnum sigraði hann á sérleiðum í hinni heimsfrægu keppni Tour de France. Auk þess var hann á góðri leið með að sigra í keppninni árið 2007 þegar liðið sem hann keppti fyrir rifti samningi hans. Rasmussen hlaut síðar tveggja ára keppnisbann en árið 2013 viðurkenndi hann í fyrsta skipti að hafa neytt ólöglegra lyfja, nánast allan sinn feril (mbl.is, 26.1.2017).

2. kafli: Tvö andans heljarmenni skrifa um íþróttir

Einhvern veginn er það svo að menn búast ekki við því að upptök nútíma íslenskra íþróttabókmennta á fyrri hluta 20. aldar liggi hjá annars vegar þjóðkunnum og trúarheitum presti, hins vegar hjá dádasta og virtasta bókmenntafræðingi aldarinnar. Þannig er það nú samt. Þessi kafli er til-einkaður þessum andans heljarmönnum.

Séra Friðrik

Æskulýðsleiðtoginn séra Friðrik Friðriksson fæddist 25. maí 1868 í Svarfaðardal. Eftir að faðir hans dó leystist fjölskyldan upp og fór Friðrik þá í vist á ýmsum bæjum. Sem unglingur átti hann við hugsýki að etja eftir allar hremmingar bernskunnar en náði sér og varð mjög trúður. Hann fór að lesa og hugsa um að mennta sig. Til þess fékk hann stuðning fjarskyldra ættmenna og vina.

Hann komst inn í Latínuskólann í Reykjavík og varð stúdent þaðan árið 1893. Hann hélt síðan til náms við Kaupmannahafnarháskóla. Þar lauk hann cand. phil.-prófi ári síðar en lagði síðan stund á læknisfræði og málfræði. Í Kaupmannahöfn



Sr. Friðrik Friðriksson.

dvaldi hann til ársins 1897. Síðustu þrjú árin var hann orðinn píetisti og starfandi félagi í Kristilegu félagi ungra manna (KFUM) í Kaupmannahöfn og hætti raunar námi í Kaupmannahöfn til að komast heim til Íslands til að stofna þar KFUM.

Eftir komuna til Íslands innritaðist hann í Prestaskólann og lauk þaðan prófi árið 1900. Ári áður, eða 1899, hafði hann stofnað KFUM og Kristilegt félag ungra kvenna (KFUK) í Reykjavík.

Séra Friðrik var vígður prestur og skipaður við Laugarnesspítala sama ár og hann lauk guðfræðiprófi árið 1900. Hann gegndi síðar prestþjónustu í nokkrum prestaköllum, ýmist í afleysingum eða tímabundið. Á þessum fyrstu árum stundaði hann einnig kennslustörf, meðal annars í Kvöldskóla KFUM sem hann stofnaði, Menntaskólanum í Reykjavík og Gagnfræðaskóla Reykjavíkur.



Stytta af sr. Friðriki eftir Sigurjón Ólafsson.

Árin 1913 – 1916 dvaldist hann í Norður-Ameríku, ferðaðist meðal íslenskra safnaða og vann að kristilegu ungmenna-starfi, auk þess að gegna starfi safnaðar-prests. Hann flutti til Íslands árið 1916 og starfaði eftir það sem foringi KFUM en einnig sem prestur. Til Danmerkur fór hann mjög oft, meðal annars árið 1939. Sú ferð varð til þess að hann dvaldi öll stríðsárin þar í landi.

Séra Friðrik var mikilvirkur rithöfundur. Meðal annars skráði hann ítarlega ævisögu sína en samdi einnig skáldsögur. Hann var jafnframt gott sálmaskáld og ljóðapýðandi. Komu sálmar hans og ljóð út að honum látnum 1968 (Friðrik Friðriksson, 1968). Séra Friðrik lést 9. mars 1961 (Sigurður Guðjónsson, 1968; Friðrik Friðriksson, 1928, 1933).

Stofnun Vals og Hauka

Árið 1908 var stofnuð unglingadeild innan KFUM í Reykjavík. Fljótlega fæddist sú hugmynd hjá sr. Friðriki og KFUM-drengjunum að stofna knattspyrnufélag. Þann 11. maí 1911 var svo haldinn fundur þar sem sex piltar stofnuðu Fótboltafélag KFUM. Nafni félagsins var sama ár breytt í Knattspyrnufélagið Val. Við vígslu fyrsta Valsvallarins á Melunum haustið 1911 hélt séra Friðrik Friðriksson leiðtogi unglingadeildarinnar ræðu þar sem hann áminnti piltana um heiðarleika í leik og starfi. Einnig að friður, kærleikur, samheldni, fegurð og atorka ætti að ríkja og aldrei ætti að þrífast neitt ósæmilegt og ljótt innan íþróttarinnar (Sigurður Guðjónsson, 1968; Vefsíða Vals, 2017).

Árið 1931 stóð séra Friðrik fyrir því að stofna knattspyrnufélagið Hauka í Hafnarfirði. Þá predikaði hann fyrir drengjunum á stofnfundi að þeir skyldu ávallt hafa í huga heiðarleika í leik og starfi og að í íþróttum skyldi ríkja friður, agi, samstaða, fegurð og kraftur en aldrei neitt ósæmilegt eða rangt (Sigurður Guðjónsson, 1968; Vefsíða Hauka, 2017).

Séra Friðrik skrifaði ekki vísindagreinar eða fræðilegar ritgerðir. Það eru því fyrst og fremst bókmenntaverk hans sem draga fram skoðanir hans á kristinni trú, æskufólki og íþróttum, fyrir utan ötult starf hans á þeim vettvangi. Það var einlæg sannfæring hans að æskufólk væri mikilvægasti aldurs-hópurinn fyrir framgang kristindómsins. Lífið í Guði og kirkjan yrðu að neyta allra ráða til að tengjast æskufólki landsins. Sú íþrótt sem flestir iðkuðu væri því mikilvægur þáttur í trúarferlinu. Hann taldi auk þess að íþróttir væru einstakt tæki til að styrkja kristin gildi eins og heiðarleika, samheldni og virðingu fyrir öðrum.



Skáldsagan Keppinautar

Í tilefni af stofnun knattspyrnufélagsins Hauka í Hafnarfirði gaf sr. Friðrik árið 1931 út bókina Keppinauta sem hann samdi að mestu árin 1918 - 1919 fyrir unga vini sína í Knattspyrnufélagi KFUM, síðar Knattspyrnufélaginu Val (Friðrik Friðriksson, 1931). Sagan gerist í Bandaríkjunum og fjallar um stofnun og starf tveggja knattspyrnufélaga í litlum bæ. Bókin hefur mjög sterkan siðferðisboðskap auk hins kristilega og boðar heilindi, heiðarleika og drengskap, fagrar hugsanir, bindindi, hófsemi og leikgleði. Boðskapur hans og gildi staðsetja hann mjög afdráttarlaust meðal þeirra sem styðja hin rómátísku og siðrænu viðhorf til íþróttar. Að sjálfsögðu bætir hann við sínum eigin kristnu áherslum og boðskap sem samræmist í sjálfu sér vel hinum fornu gildum drengskapar og heiðarleika. Þau kristnu áhersluatriði að leggja meiri áherslu á þátttöku og fegurð íþróttanna en sigur og afrek virðast þó stríða áberandi gegn keppnisskapi fornhetjanna og einbeittri sigurþrá þeirra.

Ræða farandsalans McFairland sem áður var knattspyrnuhetja en hafði leiðst út í drykkjuskap og óreglu lýsir vel skoðunum sr. Friðriks. Þar segir meðal annars:

Stundið íþróttina vegna íþróttarinnar sjálfar, hún er vel þess verð,



Ljóð um knattspyrnuna (brot)

*Helst mun leiksins heiður styðja
hófstillt lund en framagjörn.
Drengileg sé dáð og iðja
drengileg í sókn og vörn.
Engin þeysing út í bláinn,
ekkert spark í fátí sett.
Öll sé leikmanns æðsta þráin
að allt sé fagurt, djarft og rétt*

*Fram, fram, frækið lið!
Fram, fram, sækið þið!*

*Að því marki sem leikinn láti
lærdóm verða á þroskabraut,
tamning viljans með glóð í gáti,
glæðing dyggða í hverri þraut.
Þá að lokum er lífið þrýtur
leik er slitið, marki náð,
sigurlaun og hnossið hlýtur
hann er sýndi trú í dáð.*

(Sr. Friðrik Friðriksson)

*en ekki vegna ávinnings eða
frægðar. ... Stundið leikinn þannig
að sem flestir hafi gagn af honum
en ekki vegna kappleikjanna.
Kappleikir eru niðurdrep hinnar*

sönnu listar ef þeir eru gjörðir að markmiði. Þeir geta verið góðir við og við vegna uppörvunar en verði knattspyrnustarfið miðað aðallega við þá skemmir slíkt leikinn fyrir mörgum ... Notið þessa fögru list til að þroska líkama og sál, auka líkamlegan og andlegan þrótt (Friðrik Friðriksson, 1931: 116-117).

Önnur persóna sögunnar, knattspyrnuþjálfarinn Theódór, vísar um þetta sama í biblíuna þar sem segir: „Sá sem yfirvinnur sjálfan sig er meiri en sá sem vinnur borgir“ (133). Páll postuli fær að eiga síðasta orðið hjá Theódóri: „Ef einhver fer að keppa í leikjum verður hann ekki krýndur nema hann berjist löglega“ (133).

Boðskapur og gildi sr. Friðriks setja hann mjög afdráttarlaust í hóp þeirra menntamanna sem aðhyllast hin rómantísku viðhorf. Hann var greinilega þjóðhollur sjálfstæðissinni, rétt eins og foringjar ungmennafélagshreyfingarinnar og einnig íþróttahreyfingarinnar allrar á þessum fyrstu áratugum 20. aldar. Hins vegar og að sjálfsgöðu bætti hann við sínum kristnu áherslum.

Séra Friðrik minnst hvergi á íþróttaiðkun kvenna í bók sinni og ekki virðist hafa verið stofnað neitt knattspyrnufélag innan KFUK. Örugglega hefur þetta hvorki verið úthuguð stefna né meðvitað misrétti. Miklu fremur hefur þetta verið arfur fornra viðhorfa sem enn réðu ríkjum á þessum tíma. Þetta sýnir raunar að „gömlu, góðu gildin“ voru ekki aðeins góð, því að í þeim var einnig mismunur, ekki aðeins með tilliti til kynja, heldur einnig gagnvart fötluðum og ýmsum minnihlutahópum.

Í orðastað séra Friðriks

*Hér áður var knattspyrnan göfug og glæst
og garpar á velli sem skoruðu hæst
Þeir voru hreinir í huga
vildu heiminum duga
Þeir voru hetjurnar sólunni næst*

*Þessir drengir svo fimlega léku sinn leik
af leikni og drengskap með höfuðin keik
Þeir sóluðu saman
og í sigri var gaman
sína samherja enginn þá sveik*

*En hvað er á seyði, hví brestur svo brátt?
Hví bilast og skekkist á ferlegan hátt
Er þetta íþróttin okkar?
Er það auðsvon sem lokkar?
Hví eyðist sú drengskapar sátt?*

*Nú eru veðmál og mútur og spilling og spé
sprettharðir vaða þeir leðju í hné
Flest í gróðavon glatast
og með græðginni fatast
í gulldansi um bónusa og fé*

*En víst eru flestir sem finnst þetta illt
þótt fátt geti aðhafst og engu um bylt
Því að forystan fína
með alla fjármuni sína
svo forrík kýs vera og spillt*

*En látum ei hugfallast hetjur og lið
hefjum upp fánann gegn útlenskum sið!
Ef stöndum við styrkir
bæði sterkir og virkir
Þá við stefnum á framtíðarmið.*

(Guðmundur Sæmundsson)





Dr. Sigurður Nortal prófessor.

Prófessor Nortal

Að því er fram kemur á vefsíðu Árnastofnunar var dr. Sigurður Nortal prófessor einn áhrifamesti fræðimaður tuttugustu aldar á sviði íslenskra fræða. Með ritum sínum um íslenskar bókmenntir, fjölda greina og fyrirlestra auk kennslu sinnar við Háskóla Íslands mótaði hann skilning á bókmenntum og menningu Íslendinga frekar en flestir aðrir Íslendingar og hafði meiri áhrif á túlkun og greiningu bókmenntanna en nokkur annar. Hann var auk þess skáld og sendi frá sér ljóð og sögur.

Sigurður fæddist 14. september 1886 að Eyjólfsstöðum í Vatnsdal. Foreldrar hans voru Björg Sigurðardóttir, síðar húsfreyja á Hamri í Svínavatnshreppi, og Jóhannes Nortal síðar íshússtjóri í Reykjavík. Hann ólst upp hjá föðurbróður sínum, Jónasi

Guðmundssyni, bónda á Eyjólfsstöðum, og konu hans Steinunni Steinsdóttur.

Sigurður var sendur til mennta og tvítugur varð hann stúdent frá Lærða skólunum í Reykjavík. Sex árum síðar lauk hann magistersprófi frá Kaupmannahafnarháskóla. Tveimur árum eftir það, eða 1914, varði hann doktorsritgerð sína við sama skóla. Árið 1922 varð hann rektor Háskóla Íslands í eitt ár en hann gegndi prófessorsstöðu við skólann frá 1918 til 1945 og frá 1945 prófessorsstöðu án kennsluskyldu. Skólaárið 1931 - 1932 var hann prófessor í bókmenntum við Harvard-háskóla. Árin 1951 - 1957 var hann sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn. Árið 1966 var hann síðan útnefndur heiðursdoktor við Kaupmannahafnarháskóla.

Sigurður Nortal lést í Reykjavík 21. september 1974. Synir hans voru Jóhannes Nortal seðlabankastjóri og Jón Nortal tónskáld (Vefsíða Árnastofnunar, 2017).

Dæmisaga doktorsins

Árið 1940 hélt dr. Sigurður Nortal bókmenntafræðingur sex útvarpserindi í ríkisútvarpinu um málefni sem tengdust heimspæki og siðfræði. Síðasta erindið í flokknum var smásagan *Ferðin sem aldrei var farin* - *Dæmisaga* sem hann hafði raunar samið 23 árum fyrr, eða árið 1917, þá 31 árs gamall (Sigurður Nortal 1943a, 1943b). Þessi saga er því í rauninni samín á mjög svipuðum tíma og skáldsaga sr. Friðriks Friðrikssonar sem nefnd var hér að framan.

Saga Sigurðar fjallar um ungan rómverskan auðmann, Lucius Cesilius Metellus, sem leiðist út í óhóf og hóglífi en ratar svo á rétta braut, hvattur af keisara sínum til að undirbúa sig sem best fyrir mikla og erfiða ferð í þágu ríkisins eftir nokkur ár. Hann undirbýr andann með því að tileinka sér

heimspeki vitrustu manna ríkisins en líkamann undirbýr hann með iðkun íþróttar. Hann breytist við þessa iðkun og fer að njóta þessara viðfangsefna vegna þeirra sjálfrar. Þegar keisarinn tilkynnir honum tíu árum síðar að ferðin verði aldrei farin ákveður Lucius að halda áfram þessum nýju lífnaðarháttum vegna þess að honum líður betur eftir umskiptin og hann finnur að þetta er honum mun hollara.

Þetta er að sjálfsgöðu dæmisaga eins og nafn hennar gefur til kynna. Boðskapur hennar er fyrst og fremst siðferðilegur og beint til Íslendinga sem þjóðar. Íþróttirnar eru þarna notaðar sem uppistaða í því að móta heilbrigðan einstakling. Raunar minnir umfjöllunin mjög á skrif annarra fræðimanna um sameiginleg einkenni íþróttar og heimspeki meðal Forn-Grikkja, leitina að sannleika og þekkingu (Reid, 2009).

Á margan hátt liggur þráður frá þessum tveimur bókmenntaverkum til íslenskra íþróttabókmennta síðari tíma. Áður en um þær og boðskap þeirra verður fjallað verður nú vikið almennt að íslenskum nútímabókmenntum og hvaða sýn þeir höfundar sem koma við sögu höfðu á íþróttir.

Tíu ár frá marki Bjarna gegn Keflavík: Stríðs-ástand á Skaganum

Í dag, 4. júlí, eru nákvæmlega 10 ár síðan Bjarni Guðjónsson skoraði eitt frægasta, en jafnframt umdeildasta, mark íslenskrar fótboltasögu. Markið fræga kom í 2-1 sigri ÍA á Keflavík í 9. umferð Landsbankadeildarinnar 2007. Bjarni kom Skagamönnum í 1-0 með marki úr vítaspyrnu á 32. mínútu og þannig var staðan allt þar til 11 mínútur voru til leiksloka.

Keflvíkingar spörkuðu þá boltanum út af til hægt væri að huga að Vjekoslav Svaðumovic, framherja ÍA. Skagamenn tóku innkastið og boltinn barst á Bjarna sem skaut honum frá miðju, í boga yfir Ómar Jóhannsson, markvörð Keflvíkinga, og í netið. Og þá varð fjandinn laus. Keflvíkingar urðu æfir og hópuðust að Bjarna sem hélt höndunum uppi eins og til að sanna sakleysi sitt.

Dagskránni lauk ekki þarna og tveir leikmenn fengu skömmu síðar rautt spjald. Páll Gísli Jónsson, markvörður ÍA, fékk reisupassann fyrir stympingar og Einar Orri Einarsson, leikmaður Keflavíkur, sá rautt fyrir gróft brot á Bjarna. Þegar Kristinn Jakobsson flautaði til leiksloka tók Bjarni á sprett til búningsherbergja með Keflvíkinga á hælunum. Skömmu fyrir lokaflautið sagði Kristinn honum að hlaupa til búningsherbergja. (Vísir.is, 4. júlí 2017).

3. kafli:

Óverðugt umfjöllunar- efni nútíma- bókmennta

eftir Jón Thoroddsen sem kom fyrst út árið 1850 (Jón Thoroddsen, 1948). Þar er lýst glímu þeirra Orms og Indriða, söguhetjunnar geðþekku, sem um margt minnir á lýsingar fornra íþróttahetja á borð við Gunnar á Hlíðarenda. Indriði sýndi sérstaka kænsku til að fella Orm, eða eins og sagan segir:

Þar var þúfa ein á glímuvellinum utanverðum; þangað færðu þeir leikinn, og sá Ormur ekki þúfuna, en Indriði stökk öfugur yfir hana, og í sama vetfangi kippir hann Ormi að sér, og urðu honum lausir fætur og fellur áfram á annað hnéð (Jón Thoroddsen, 1948: 22).

Svo vel vill til að í fyrstu skáldsögunni sem kom út á íslenskri tungu er örlítið minnst á íþróttir. Þetta er skáldsagan Piltur og stúlka


Þar með sigraði Indriði. Ekki verður séð að höfundur þyki neitt að þessu bragði jafnvel þótt Ormur mótmæli og vilji endurtaka

Hégómi eða einelti?

Cristiano Ronaldo hefur reist sérstakt safn utan um sjálfan sig í fæðingarborginni Funchal á Madeira eyju undan ströndum Marokkó. Þar er einnig sérstakt Ronaldo hótél með Ronaldo svítum. Í umfjöllun Guardian um safnið CR7 segir að safnið sé utan um gríðarmikið sjálfsálit, eða egó, og enn meiri hæfileika. Þar er bronsstyttta af knattspynu-
hetjunni og tvær til viðbótar í fullri líkamsstærð. Gríðarmikið safn verð-

launagripa er þó helsta aðdráttaraflið. „Melhor Jogador Do Mundo“, segir á veggspjöldunum eða „Besti knattspyrnumaður veraldar“. Í borginni Funchal á Madeira er ekki nokkur vafi á að Cristiano Ronaldo er sá besti. ... Í umfjöllun Guardian segir að safnið virðist byggt utan um fordild og hégómaskap manns sem virðist hugnast fátt betra en horfa á sjálfan sig í spegli. Við nánari skoðun sé þó

ljóst að Ronaldo sé einstakur hæfileikamaður sem hafi afrekað ótrúlegustu hluti á löngum og glæstum ferli.
(RÚV.is, 5. september 2016).





Jón Thoroddsen.

glímuna. Tilgangurinn virðist vera sá að sýna með þessu hversu betur Indriði er gefinn en Ormur. Á sama hátt og í Íslendingasögum eru íþróttirnar notaðar til að bregða hetjuljóma yfir söguhetjuna um leið og þær eru hluti spennuátaka í sögunni.

Þrír flokkar bókmennta

Ekki fer hjá því að íþróttir í einhverri mynd komi fram á stöku stað í skáldsögum samtímans. Umfjöllun um íþróttir í íslenskum sagnabókmenntum má í meginatriðum skipta í þrennt:

- *Bókmenntir sem einkennast af tóm-læti gagnvart íþróttum.*

- *Bókmenntir sem einkennast af neikvæðni gagnvart íþróttum.*
- *Bókmenntir sem einkennast af jákvæðni gagnvart íþróttum.*

Um þessa þrjá flokka verður fjallað í þessum kafla. Einnig verður fjallað um hugtakið og fyrirbærið íþróttabókmenntir, það skilgreint og skýrt.


Þögn og afskiptaleysi

Það fyrsta sem greining á íslenskum nútímasagnaskáldskap leiðir í ljós er hversu áberandi það er í langflestum verkunum að ekkert er fjallað um íþróttir. Þetta er svipuð tilhneiging og í flestum öðrum vestrænum bókmenntum fyrir utan þær bandarísku. Ástæðan er flókin þó nefna megir virðingarmun milli líkamlegra og andlegra hliða einstaklingsins.

Áhugavert er í þessu samhengi að margir frægustu höfundar Íslands minnst nánast aldrei á íþróttir. Þetta á meðal annars við um Nóbelsverðlaunahafann Halldór Kiljan Laxness, með undantekningu í paródíunni Gerplu og einstaka öðrum lýsingum. Fáir höfundar finna þannig hjá sér hvöt til að fjalla um íþróttir í verkum



Halldór Kiljan Laxness.



Indriði G. Þorsteinsson.

sínum. Ástæðan fyrir því er ef til vill ekki svo flókin. Íþróttir teljast ekki til íslenskrar „hámenningar“ og virðast ekki hafa vakið sjálfkrafa virðingu eða listrænan áhuga skáldanna á þeim tíma.

Einnig kann að vera að ástæðan fyrir því hvers vegna ýmsir höfundar ákveða að minnast ekki á íþróttir sé vonbrigði vegna þeirra siðferðisbresta sem þeir telja að finna megi í veruleika íslenskra nútíma-íþróttar eða tilfinningar þeirra fyrir því að íþróttaveruleikinn skeri sig á engan tilþrifamikinn hátt frá íslenskum hvunndagsveruleika. Einnig kann ástæðan að liggja hjá þeim sjálfum sem bókhneigðum menntamönnum. Hvað sem því líður hafa höfundar sagnaskáldskapar að sjálfsögðu fullan rétt til að velja sér umfjöllunarefni eftir eigin duttlungum eða hugðarefnum.

Antísportistar

Stundum er þögnin um íþróttir þó rofin í bókmenntunum, til dæmis af mörgum fulltrúum 1968-kynslóðarinnar sem gjarnan

fyrirlíta allt sem tengist íþróttum. Í sumum bókum þeirra er jafnvel gert grín að íþróttum og íþróttááhuga. Raunar var það algengt stef á þessum árum að fyrirlíta og niðurlægja þá sem fjölluðu um íþróttir eða sýndu þeim áhuga. Ný bókmenntaminni koma fram tengd íþróttum, svo sem heimski íþróttakennarinn, kvalráði íþróttakennarinn eða þjálfarinn, misheppnaði þjóðernisofstopafulli íþróttamaðurinn eða tilgangslaus kvalafull íþróttaiðkun. Engin heildstæð eða tæmandi rannsókn er til á íþróttum í íslenskum nútímabókmenntum. Það sem nefnt verður hér á eftir eru því aðeins dæmi.

Í smásögu Indriða G. Þorsteinssonar, *Sæluviku*, (1951), er ein söguhetjan til dæmis kvenkyns íþróttakennari með fremur sterkar líkamlegar þarfir og nánast karlmannlega ákveðni í karlamálum. Íþróttakennarinn Valur Kárasón í sögu Ragnars Inga Aðalsteinssonar, *Febrúarkrísunum* (1995) stígur ekki í vitið, ekki heldur íþróttakennarinn í *Gauragangi* Ólafs Hauks Símónarsonar (1988). Í sögu Svövu Jakobsdóttur, *Sundi* (1982) kemur illska mannheimsins gagnvart lítilli stúlku fram í tveimur kennslugögnum sundkennarans, skeiðklukkunni sem hann notar til að pína nemendur sína áfram og prikinu sem hann notar til að pota í þá ef honum finnst aðferðirnar og sundtökin ekki nógu vel útfærð. Raunar má segja að heimski íþróttakennarinn og hrottinn sem kennir íþróttir eða sund séu orðnir að minni í frásögnum um æsku fólks.

Sundíþróttin er einnig heilmikil kvöl í smásögu Indriða G. Þorsteinssonar, *Heiðri landsins*, sem hann skrifaði upphaflega árið 1957 (Indriði G. Þorsteinsson 1984b). Ungur sveitapiltur stenst ekki frýjunarorð ungrar, falletgrar stúlku að sunnan að synda 200 metrana og er nærri druknaður fyrir vikið. 200 metrarnir voru, eins og eldra fólk man,

árlegt samkeppnissund norrænna þjóða sem Íslendingar unnu svo oft að öðrum Norðurlandþjóðum fór að leiðast það og lögðu það að lokum niður.

Í bók Péturs Gunnarssonar, *Punktur punktur komma strik* (1976) er gert stólpa-grín að íþróttum og íþróttáhuga:

„Úti á Melum stóðu nokkrar hræður hneptar í rigningu og horfðu á knattspyrnu. Höfðu þær verið færðar hingað með valdi? ... Augnablik fór straumur um sljóan áhorfendaskarann þegar vindhviða kom brunandi upp völlinn og þeytti boltanum í mark“ (69).

Pétur er hér greinilega það sem oft er kallað antisportisti og fer ekkert leynt með það, frekar en rithöfundarnir Ragnar Ingi Aðalsteinsson, Ólafur Haukur Símonarson og þess vegna Svava Jakobsdóttir í ritum sínum.

Hluti söguþráðar

Jákvæðari í garð íþróttu eru til dæmis lýsingar Einars Más Guðmundssonar í *Riddurum hringstigans* (1982) á frænda Óla litla sem er vinur aðalsöguhetjunnar. Sá er ekki bara lögreglumaður, heldur er hann „... líka heiðursfélagi í knattspyrnufélaginu Víkingi, tímavörður á öllum sundæfingum Ægis. Já og annan hvern dag sést hann kasta kringlu á íþróttasíðum möggans“ (23). Og hápunkturinn?

Hvert afmæli nær vanalega hápunkti sínum þegar frændi þinn stendur upp frá borðinu og hlamm-ar sér með kökudisk í djúpan sófa og við strákarnir burstaklipptir í nælonskyrtum stillum okkur uppí



Einar Már Guðmundsson.

röð (þú Óli fyrstur) og fáum hver á eftir öðrum að þukla á honum vöðvana. Þið getið því rétt ímyndað ykkur ... (27)

Annar beljaki birtist árið eftir í bókinni *Þar sem djöflaeyjan rís* eftir Einar Kárasen (1983). Sögusviðið er braggahverfi skömmu eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Beljakinn er Hreggviður, drykkfelldur og aflrammur kúluvarpari, einn sá fremsti á landinu. Margt í lýsingu hans minnir á íþróttagarpinn Gunnar Huseby. Hreggviður er mesti hæglætismaður en lendir þó í uppákomu í bókinni sem vel gæti hafa orðið til sem lausn hans á þeirri siðklemmu að vilja ganga í augun á þeim sem dáðu hann en skorta til þess lögleg meðöl. Hann setur heimsmet í kúluvarpi á innanfélagsmóti, búinn að fá sér neðan í því og ráfa um völlinn allnærri tækjakofanum þar sem kúlnar eru varðveittar. Í ljós kemur að kúlan



Einar Káráson.

sem hann kastaði var ekki karlakúla heldur drengjakúla. Sagan tekur þó ekki af öll tvímæli um hvort Hreggviður hafi brotið af sér vitandi vits eða fyrir mistök. Skömm hans var þó hin sama, einkum eftir að hann hafði dansað stríðsdans og fagnað eins og sá sem sér ævidraum sinn uppfylltan.

Í bókinni er einnig stofnað fótboltafélag. Fyrir því standa Hreggviður og fleiri fullorðnir karlar í braggahverfinu. Tilgangurinn er greinilega uppeldislegur í anda eldri íþróttahugsjónar, að ungdómurinn hafi eitthvað hollt og uppbyggilegt að fást við. Og viti menn, félaginu tekst að sigrá á Reykjavíkurmóti pilta á sínu fyrsta opinbera móti. Hér er höfundurinn greinilega að gæla við þemað um litla liðið sem með samstilltu átaki og dug tekst að sigrast á þeim stóru. Gott fordæmi fyrir íslenska íþróttakappa og raunar ansi algengt minni í íþróttaröðunni á Íslandi.

Hvað er að marka bókmenntir?

Hugmyndir fólks í ákveðnu samfélagi um sjálft sig eru oftast byggðar upp sem frásagnir og því miðla bókmenntir þess venjulega bestu upplýsingunum um ríkjandi sjálfsskilning. Góðar bókmenntir birta

ekki aðeins siðferðilegar og tilfinningalegar útlínur þess raunveruleika sem þær draga upp mynd af, heldur leggja þær fram sinn skerf til þess að afhjúpa innri og ytri mótsagnir í skilningi fólks á þeim raunveruleika. Góðar bókmenntir veita þannig innsýn í eðli og hverfuleik mannlegrar tilveru, ekki síst siðferðilegar víddir hennar. Til dæmis er það góð ráðlegging til þess sem ætlar að rannsaka kynlífssiðferði ákveðins samfélags að skoða fremur bestu bókmenntir þess en kynlífshandbækur eða textabækur. Á hinn bóginn veita lélegar bókmenntir skekka mynd af raunveruleikanum. Þannig mundi sá sem legði traust sitt á klámbókmenntir til að skilja kynlífsþátt vestrænnar siðmenningar fá mjög grunnfært (veruleikafírrt) sjónarhorn á margbreytileika hans.

Á sama hátt lýsa góðar íþróttabókmenntir anda þess óræða og margbreytilega raunveruleika sem ríkir innan íþróttar. Vissulega lýsa íþróttabókmenntir – eins og aðrar bókmenntir – oftast í meira mæli undantekningartilvikum en því hversdagslega. Engu að síður lýsa bestu bókmenntaverkin af þeirri tegund ekki aðeins einhverjum stórafrekum heldur miðla ekki síður skilningi á hlutskipti mannsins í heiminum og þeim gildum sem ráða ríkjum í hverju samfélagi á hverjum tíma. Eins og allar aðrar góðar bókmenntir varpa góðar íþróttabókmenntir ljósi á þann veruleika sem þær fjalla um (Guðmundur Sæmundsson og Kristján Kristjánsson, 2012).

Hvað er þá átt er við með hugtakinu „íþróttabókmenntir“? Hvernig hefur það öðlast merkingu og þróast? Hvernig má beita hugtakinu á íslenskar og norrænar bókmenntir og hvaða gildi getur það haft í hugleiðingum og rannsóknum framtíðarinnar á íslenskri menningu, bókmenntum og tungumáli?

Megingrein íþróttabókmennta er að sjálfsögðu skapandi notkun sagnlistar, ljóðlistar, kvikmyndalistar og leiklistar við að njóta, setja fram og túlka íþróttir, íþróttaviðburði eða íþróttafólk. Júlían Meldon D'Arcy prófessor við Háskóla Íslands (2003; Júlían Meldon D'Arcy og Guðmundur Sæmundsson, 2004) hefur stungið upp á því að til þess að tilheyra þessari grein þurfi viðkomandi verk að uppfylla að minnsta kosti sum eftirtalinna skilyrða:

- *Íþróttagreininni sem um er að ræða þarf að vera lýst á sannfærandi hátt og hún þarf að mynda ósvikinn og markverðan þátt í söguviði, söguþræði eða merkingu textans eða sýningarinnar.*
- *Í öðru lagi þarf að minnsta kosti ein af aðalpersónunum, ef ekki söguhetjan sjálf, að vera beinn þátttakandi í sérstakri íþróttagrein sem er greinilega mikilsverður þáttur í skapgerð hennar, umhverfi eða lífsviðhorfum.*
- *Í þriðja lagi mætti fella hér inn einstök íþróttaatvik eða -frásagnir sem eru ekki óaðskiljanlegur hluti kvikmyndar eða sögu svo fremi þær séu hluti frásagnarháttar verksins, persónulýsinga eða þema þess.*

Til viðbótar þessum skilyrðum nefnir hann að það sé ljóst að eðli og uppbygging íþróttanna sjálfra bjóði upp á þemu og fléttur sem nýtist vel í skáldverkum. Þar má nefna fyrirbæri úr íþróttahéminum eins og leiktíðina, úrslitaleikinn, leikmanninn sem verður fyrir þrýstingi frá foreldrum, félagslegu umhverfi sínu, kynþætti eða trúarbrögðum um að taka eða taka ekki þátt í íþróttum, nýja leikmanninn, liðsstjóra eða



Dr. Júlían Meldon D'Arcy.

þjálfara sem breytir lélegu liði í sigurlið (flétta margra Hollywood-mynda), leikmanninn sem sigrast á meiðslum, slæmu leikformi eða mistökum, gamla leikmanninn sem dregur sig í hlé og sættist við – jafnvel aðstoðar af heilum hug – þann sem tekur sæti hans, frásögnina um nýliðann sem bildungsroman. Enn fleiri fléttur og þemu má sjá meðal stuðningsmanna íþróttagreinar eða íþróttaliðs. Til dæmis hvernig árangur einstaks leikmanns, félags eða landsliðs hefur bein áhrif á líf og hamingju stuðningsmannanna.

Fyrir utan skáldskap hafa einnig verið taldar til íþróttabókmennta tvær aðrar undirgreinar. Sú fyrsta inniheldur yfirgripsmikla og litskrúðuga umfjöllun fjölmiðla um íþróttir, svo sem tilkynningar um íþróttaviðburði, lýsingar, samantektir, viðtöl við íþróttamenn, þjálfara, stjóra og lið, ásamt fréttaskýringum um einstaka leikmenn, lið eða mót; greinar, yfirlit og mat á einstökum

íþrótta-greinum (svo sem framtíð íslensku glímunnar) eða íþróttamönnum (til dæmis áhrif Tiger Woods á iðkun golfíþróttarinnar). Innan þessa flokks eru einnig íþrótta-handbækur og bækur um hvernig eigi að þjálfra og leika einstakar íþróttagreinar eða bækur sem innihalda opinberar reglur og met.

Hin undirgreinin tekur til vísindalegra og fræðilegra skrifa um íþróttir, staðbundinna, þjóðlegra, samfélagslegra, stjórnmálalegra, efnahagslegra og sögulegra skilgreininga á ýmsum íþróttagreinum, liðum og íþróttamönnum. Umfjöllunarefni slíkra skrifa gætu verið breskar fótboltabullur, kynþátta-fordómar í frjálsíþróttum, tengsl stjórnmála og Ólympíuleika, stéttarvitund og kynjamismunur innan íþrótta eða jafnvel áhrif fótboltans á efnahag Akraneskaupstaðar. Vaxandi fjöldi íþróttatengdra viðfangsefna í háskólum Bandaríkjanna og jafnvel í Evrópu hefur leitt til útgáfu bóka um íþrótta-sálfræði, íþrótta-sjúkraþjálfun, íþrótta-heimspeki, íþróttahreyfiaflsfræði og íþróttastjórnun.

Mikilvægur þáttur þessarar undirgreinar eru minningabrot og íþróttafrásagnir ásamt ævisögum og sjálfsævisögum íþróttamanna en margar þeirra teygja sig ekki síður inn á svið bókmennta en sagnfræði. Íþróttaævisögur eru raunar víðurkenntannsóknarefni í sumum bandarískum háskólum þar sem mikil rækt er lögð við bókmenntalegt og sögulegt samhengi í afró-amerískum íþrótta(sjálfs)ævisögum. Af íslenskum bókum af þessu tagi má nefna vinsælar ævisögur íþróttamanna, ævisögubætti um fræga íþróttamenn og bækur og rit sem hafa að geyma eigin frásagnir ýmissa íþróttamanna. Einnig bækur um íþróttaviðburði eins og EM karla í knattspyrnu 2016 og HM 2018 í sömu grein.


Flautað til leiks í Bandaríkjunum

Innan bókmenntaheimsins var áður fyrr og er jafnvel enn nokkur tregða til að viðurkenna svo „líkamlegt“ umfjöllunarefni sem íþróttabókmenntir. Ef til vill er ástæðan sú tilhneiging háskólasamfélagsins að „for-gangsmerkja“ hugann en „jaðarmerkja“ líkamann. Þetta er mjög að breytast, bæði í Evrópu sem og hér á Íslandi.

Íþróttabókmenntir sem fræðilegt viðfangsefni eru að flestra álitu lengst komnar í Bandaríkjunum. Skýring þess kann að vera sú að jafnvel lausleg skoðun á helstu stoðum bandarískra bókmennta á 20. öld sýnir fjölda mikilsverðra höfunda sem skrifuðu bókmenntaverk sem innihalda íþróttir sem mikilvægan þátt. Þar má nefna William Faulkner, Scott Fitzgerald, Ernest Hemingway, James T. Farrell, Sinclair Lewis, John Updike, Bernard Malamud, Philip Roth, Raymond Coover, Don DeLillo og John Irving. Og auðvitað fékk Hemingway Nóbelsverðlaunin með sérstöku tilliti til klassísks íþróttabókmenntaverks síns, *Gamli maðurinn og hafið*, þar sem bæði er fjallað um djúpsjávarstangveiðar og hafnabolta (Hemingway, 1952).

Hér hefur nú verið fjallað almennt um íþróttabókmenntir og hvað þær séu og gefin ýmis íslensk sem erlend dæmi. Í næstu köflum fjöllum við nánar um einstaka þætti. Fyrst verða skoðuð nánar íslensk dæmi um hreinræktaðar íslenskar íþróttabókmenntir þar sem sögurnar hverfast um íþróttirnar sem, meginviðfangsefni. Þar er rétt að byrja á sjálfum konungi þessara bókmennta hér á landi, Þorgrími Þráinssyni.

Ernest Hemingway.



Peningagræði

Oscar dos Santos Emboaba Júnior verður í janúar líklega launahæsti knattspyrnumaður veraldar. Þessi 25 ára gamli sóknarmaður mun ef að líkum lætur slá út bæði Lionel Messi og Cristiano Ronaldo í launum þegar hann flytur til Kína og klæðist búningi Shanghai SIPG. Félagið mun greiða honum 57 milljónir á viku, eða 400 þúsund pund. Það gera 228 milljónir á mánuði.

...

Gamla brýnið Jame Carrager segir í grein í Daily Mail að það hryggi hann að sjá Oscar fara til Kína. „Þetta er ekki til þess fallið að hjálpa ferlinum. Hann mun tala um að kínverska deildin sé að stækka og hann hlakki til að vinna með Andre Villas-Boas og að upplifa þetta nýja ævintýri. En allir vita að þetta er bara bull. Hann er að elta peningana. Ekkert annað en peningar ráða för“.

(DV.is, 20. desember 2016).



4. kafli:

Hetjan Þorgrímur Þráinsson

Þorgrímur Þráinsson er fæddur í Reykjavík 8. janúar 1959. Hann lék með meistaraflokki Vals í knattspyrnu frá 1979 til 1990 og gegndi fyrirliðastöðu síðustu fimm tímabilin. Áður lék hann með Víkingi frá Ólafsvík. Hann varð þrisvar sinnum Íslandsmeistari með Val og tvisvar sinnum bikarmeistari. Þorgrímur lék alls um 180 leiki í efstu deild og 17 landsleiki fyrir Íslands hönd. Þá varð hann bikarmeistari í frjálsíþróttum með FH árið 1988 en hann keppti í spjótkaсти.

Margverðlaunaður

Þorgrímur hefur skrifað fjölda bóka fyrir börn og unglinga. Hans fyrsta bók, *Með fiðring í tánum* (1989), var metsölubók hér á landi. Hann hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin 1997 fyrir bókina *Margt býr í myrkrinu* og aftur árið 2010 fyrir bókina *Ertu Guð, afi?* Spennusöguna *Núll núll* 9 völdu íslensk börn bestu bók ársins 2009 og hlaut hún þess vegna Bókaverðlaun barnanna. Hann átti sjö bækur á lista Íslendinga yfir 100 bestu bækur aldarinnar. Einnig átti hann tvær efstu barnabækurnar í sama kjöri. Aðeins Nóbelskálðið Halldór Kiljan Laxness átti fleiri bækur á listanum.

Fyrsta skáldsaga hans fyrir fullorðna, *Allt hold er hey*, kom út 2004. Alls hefur hann gefið út yfir 30 bækur. Hann var útnefndur borgarlistamaður árið 2013. Bækur hans hafa selst í óvenju stóru upplagi, frá 5.200 til 9.200 eintaka.

Hann var formaður nefndar um bætt heilbrigði þjóðarinnar, skipaður af forsætisráðherra 2005 og skilaði skýrslunni Létta líf árið 2007 með 67 tillögum til úrbóta. Síðastliðinn áratug hefur hann reglulega haldið fyrirlestra í grunnskólum landsins til að hvetja ungt fólk til að elta drauminn, bera virðingu fyrir öllum, bera ábyrgð á sjálfu sér og setja sér markmið.


Íþróttabækur með boðskap

Í bókum Þorgríms Þráinssonar kemur fram mjög ákveðin tenging við heilbrigðan lífsstíl, íþróttaiðkun og hollustu. Tengingin á bæði við lífnaðarhætti og náungakærleik, auk heiðarleika og virðingar og áróðurs gegn notkun fíkniefna. Í bókunum fléttar hann þennan boðskap saman við íþróttirnar. Í raun er siðaboðskapur Þorgríms Þráinssonar sem rithöfundar framhald siðaboðskapar og gilda séra Friðriks Friðrikssonar. Gömlu rómantísku gildin ganga hjá Þorgrími í endurnýjun lífdaga.

Skemmtileg tilviljun er að Þorgrímur keppti með félagi sr. Friðriks, Val, mestan hluta knattspyrnuferils síns, auk þess sem hann keppti með íslenska landsliðinu. Sex af bókum Þorgríms teljast hreinræktaðar íþróttabókmenntir. Þetta eru bækurnar *Með fiðring í tánum*, *Tár, bros og takka-skór*, *Mitt er þitt*, *Svalasta 7an*, *Undir 4 augu* og *Henri og hetjurnar*.

Í viðtali sem Hróðný Kristjánsdóttir íþróttافرæðingur (2004) tók við Þorgrím segir svo um tilgang bóka hans:

Þorgrímur Þráinsson.



Þorgrímur telur að íþróttaiðkun ungmenna skipti miklu máli, mun meira máli en flestir geri sér grein fyrir. Iðkunin geti verið grunnur að glæstri framtíð, innan vallar sem utan, og í heimi íþróttar séu sorg og gleði, vonbrigði, höfnun, sigrar og samkeppni rétt eins og í lífinu sjálfu. Harður en heilbrigður heimur íþróttar er frábær skóli fyrir lífið seinna meir, mótlæti er þroskandi. Heilbrigð hugsun skiptir máli og mikilvægt er að börn og unglingar eflist við mótlæti í stað þess að brotna niður (45).

Siðaboðskapur Þorgríms Þráinssonar er framhald siðaboðskapar UMFÍ og ÍSí og þeirra gilda sem sr. Friðrik hélt að lærisveinum sínum í Val. Ungmennafélagsandinn lifir þarna góðu lífi fyrir utan afrekisdýrkunina. Þar er Þorgrímur líkari fornhetjunum og því ekki alveg samhljóma læri-

föður Valsmanna, enda Þorgrímur mikill keppnismaður og þótti kappsfullur með afbrigðum í leik sínum sem knattspyrnumaður.

Sanngjarnt er að nefna annað frávík Þorgríms frá gömlu rómantikinni: Hann er jafnréttissinnaður gagnvart kynjum því að stelpurnar í sögum hans eru dugmiklar íþróttakonur. Að vísu skrifar hann sögurnar meira út frá sjónarhóli stráka enda þekkir hann þann sjónarhól áreiðanlega betur þótt hann hafi síðar tekið sér fyrir hendur að skrifa ágæta bók með ráðleggingum til fullorðinna karlmanna um hvernig þeim beri að haga sér til að gleðja eiginkonur sínar (Þorgrímur Þráinsson, 2007).

Hér á eftir verður rakið í stuttu máli meginboðskapur helstu íþóttabóka Þorgríms og byrjað á þeirri fyrstu, *Með fiðring í tánum*.

Bókin *Með fiðring í tánum* sem kom út árið 1989 er frumraun Þorgríms Þráinssonar sem rithöfundar. Í ritdómi sínum um

bókina segir Jenna Jensdóttir (1989) að knattspyrnan sé rauður þráður þessarar bókar en hún fjalli engan veginn bara um þessa annars skemmtilegu íþróttagrein. Sagan sé um tánínga og í henni megi finna allt í senn: Löngun til þess að skara fram úr, fyrstu tilfinningar unglings gagnvart ástinni, vináttu og síðan en ekki síst knattspyrnuna frá sjónarhorni unglinga með öllum sínum tilbrigðum. Höfundur þekki vel til persónanna sem hann lýsi í bókinni og frásögn hans sé einlæg, látlaus og blönduð kímni. Hin fingerða snerting höfundar við tilfinningar ástfanginna unglinga.

Tár, bros og takkaskór (1990) er sjálfstætt framhald bókarinnar *Með fiðring í tánum*. Sigurður Haukur Guðjónsson segir í ritdómi sínum um bókina (1990) að það muni fáir leggja þessa bók frá sér fyrr en hún er lesin öll og að þar komi margt til. Í sama ritdómi segir hann að efni bókarinnar svíki engan. Hér sé á ferð heilbrigð æska sem ekki þurfi nein skríslæti til að vekja athygli á sér.

Mitt er þitt (1991) er síðasta bókinn í þríleiknum um Kidda, Tryggva og Skapta. Í ritdómi um þessa bók segir Sigurður Haukur Guðjónsson (1991) að höfundur vinni ákaflega vel úr efni bókarinnar. Hann þurfi engar klúrar myndir eða kitlur undir nára til að halda lesendum við efnið. Í staðinn noti hann til þess smellna myndir í umbúðum þeirrar virðingar sem hann beri fyrir ungu fólki. Hann rífi múr barnskaparins alveg til grunna með meitlum sínum. Stíll höfundar sé léttur, málið fallett og látlaust.

Þá er komið að sautjándu bók Þorgríms, *Svölustu 7unni* (2003). Silja Björk Huldudóttir (2003) segir í ritdómi að hvað efnistöð varðar sverji þessi bók sig kannski mest í ætt við fyrstu bækur Þorgríms, *Með fiðring í tánum* og *Tár, bros og takkaskór* þar sem löngun unglinganna til að skara

fram úr, draumar þeirra um frama á fótboltavellinum og fyrsta reynsla þeirra af ástinni sé í fyrirrúmi. Framan af bókinni sé frásögnin frekar hæg og nokkuð um endurtekningar, sérstaklega í samskiptum Jóels við mömmu sína, sem hann ýmist elski eða fyrirlíti, allt eftir því hvort henni takist að halda sér edru eða ekki. Þrátt fyrir þetta ná Þorgrímur alveg að halda athygli lesenda, ekki síst vegna þess hversu lipur og skemmtilegur stíll hans sé. Hann þekki greinilega vel til þeirra persóna sem hann lýsi og samtölin séu trúverðug. Eins finnst Silju Björk skemmtilegt hve bókinn sé staðsett nálægt okkur í tíma en söguviðið nær frá desember 2002 og fram á vor 2003. Þannig sé töluvert um vísanir í atburði líðandi stundar sem virki mjög vel og geri það að verkum að bókinn standi lesendum enn nær en ella.

Bókinn *Undir 4 augu* (2004) er sjálfstætt framhald bókarinnar *Svölustu 7unnar*. Sigurður Helgason (2004) segir í ritdómi sínum um bókina að höfundi sé oft mikið niðri fyrir. Hann fái margar góðar hugmyndir og hafi greinilega gaman af því að skrifa. Sigurður segir einnig að það gerist svo margt og mikið í þessari bók að erfitt sé að ímynda sér að slíkt gæti gerst í raunveruleikanum. Sigurður segir Jóel, aðalpersónu bókarinnar, upplifa nánast alla þá mannlegu erfiðleika sem nútímaunglingur gæti lent í. Þorgrímur eigi gott með að segja sögu og geri það oft á tíðum mjög vel. Textinn renni ágætlega og bókinn sé fyrir bragðið auðlesin. Ritstörfin séu Þorgrími eiginlega íþrótt segir Sigurður.

Fyrir jólin 2016 kom enn út íþróttabókinn *Henri og hetjurnar* (2016). Nokkrir leikmenn íslenska landsliðsins (og söguhetjur í bókinni) birta umsagnir og dóma um bókina á vefsíðu Forlagsins (2016) sem gaf bókina út. Þar segja þeir meðal annars:

- „Það er mér mikill heiður að fá að vera ein af hetjunum í bókinni hans Þorgríms“ (Aron Gunnarsson fyrirliði).
- „Ég var sjálfur spenntur yfir því hvort mér tækist að finna Henri þegar hann týndist í París“ (Birkir Bjarnason).
- „Bókin um okkur og Henri hélt mér svo vel vakandi að ég sofnaði ekki

fyrir en ég hafði klárað hana“ (Gylfi Sigurðsson).

Auk Þorgríms hafa nokkrir íslenskir rithöfundar spreytt sig á íþróttabókmenntum. Um það fjallar næsti kafli.

Jói útherji

Öll þið eflaust þekkið Jóa,
hann var innherji hjá Val,
síðan útherji hjá KR.
Hann var alveg „spinnegal“.
Því knattspyrna gerði hann oft svo æstan,
að honum engin héldu bönd,
og í einu af sínum háu spörkum
skaut hann niður önd.

Hann er þekktur fyrir sín þrumuskot
og þegar hann leikur knattspyrnu,
þá er það ekkert pot.

Og þetta æði á huga hans allan
og allur tíminn fer,
í að elta bolta, horfa á leiki,
og hrópa og sleppa sér.

Þó væri hann aðdáandi Hermanns,
hann aldrei skoraði,
fyrir en einn dag er hann trylltist
og gegnum mark sitt boraði.

Í gegnum þvögu fram og aftur,
hann einlék og svo reið af spark,
það var óverjandi skot í stöng
og inn í eigið mark
Í úrslitaleik um daginn
í ofsabaráttu



Þá hann átti að taka vítaskyrnu
á síðustu mínútu,
hann hugðist þrykkja honum beint í netið
en þess í stað þá stefndi hann
upp í stúkuna og sleikti
menntamálaráðherrann.
Hann er þekktur ...

Jafnvel uppi í rúmi um nætur
hann þolir ekki við,
þá hann ólmast, svo að konugreyið
hefur engan frið.
Í nótt hann verstan grikk henni gerði
þá gaf henni spark, BOOM!
svo hún endasentist út á gólf,
og hann æpti: „ÞAÐ VAR MARK“!!!
Hann er þekktur ...

(Ómar Ragnarsson)

Fyrir fyrsta kappleikinn

*Þetta er fyrsti leikurinn þinn, barnið mitt,
ég vona að þú sigrir
Ég vona að þú sigrir sjálfs þín vegna, ekki
mín vegna
Það er gott að sigra
ljúf tilfinning eins og heimurinn sé þinn
En þessi tilfinning líður hjá
og það sem situr eftir er það sem þú hefur
lært*

*Það sem þú hefur fræðst er um lífið sjálft
Um það snúast einmitt íþróttirnar - lífið
sjálft
Á einu síðdegi er farið í gegnum allar
hliðar þess:
lífshamingjuna
kvölina
gleðistundirnar
vonbrigðin*

*Það er ómögulegt að vita hvað gerist
Það er ómögulegt að vita hvort þú verður
tekinn út af eftir fyrstu fimm
mínúturnar eða hvort þú endist út
leikinn*

*Það er ómögulegt að vita hvernig þér
gengur
Þú gætir orðið hetja, þú gætir týnst í
hópnum
Það er ómögulegt að vita
Til þess veltur of mikið á tilviljunum
og á því hvert knötturinn skoppar*

*Ég er ekki að tala um leikinn, barnið mitt
Ég er að tala um lífið sjálft
En - það er einmitt um lífið sem leikurinn
snýst
eins og ég sagði*

*Sérhver leikur er líf
og lífið er leikur
alvarlegur leikur
grafalvarlegur*

*En - þannig mætir þú einmitt því sem
alvarlegt er:
Þú gerir þitt besta
Þú tekur því sem að höndum ber
Þú tekur því sem að höndum ber
og lifir með því*

*Það er gaman að sigra
Svo sannarlega er gaman að sigra
En málið snýst ekki um það*

*Það snýst um að sækja til sigurs
gleyma ekki markmiði sínu
Það snýst um að láta sér aldrei nægja það
sem náðst hefur
Týna aldrei markmiði sínu
eða gefa það upp á bátinn*

*Leiktu til sigurs
Svo sannarlega
En tapirðu skaltu tapa sem meistari
Það er ekki sigurinn sem skiptir máli
heldur að berjast til sigurs
(Ókunnur höfundur - Þýðandi: GSæm)*

5. kafli: Fótbolta- mamma, Gunni og Latibær



Elísabet Kristín Jökulsdóttir.

Í þessum kafla verður fjallað um þá nútímahöfunda sem auk Þorgríms Þráinssonar teljast óyggjandi til virkra íþróttaskáldsagnahöfunda á Íslandi. Þar eru einkum þrjú nöfn sem koma við sögu, Magnús Scheving, Elísabet Jökulsdóttir og Gunnar Helgason. Aðrir hafa verið mun afkastaminni á þessu sviði þótt hægt væri að nefna nokkra til viðbótar. Í kaflanum verður einnig fjallað nokkuð um aðrar bækur en skáldverk, svo sem ævisögur og tengd bókmenntaverk. *Fótboltasögur* eftir Elísabetu Kristínu Jökulsdóttur (2001) er beint úr hringiðu fótboltans og er fyrsta bókin í þessum hópi sem um verður fjallað.

Örsögur Ellu Stínu

Elísabet Jökulsdóttir er virt skáldkona sem hefur skrifað margar bækur sem vakið hafa verðskuldaða athygli. Hún er fædd í Reykjavík 16. apríl 1958, dóttir Jökuls Jakobssonar skálds og Jóhönnu Kristjónsdóttur blaðamanns og rithöfundar.

Bók hennar, *Fótboltasögur* (2001), er safn 49 smásagna eða örsagna sem hver um sig fangar eitt örlítið augnablik í lífi knattspyrnumanna, þjálfara, dómara, fótboltamömmu og sjúkraþjálfara. Sögumaður er sjúkraþjálfari liðsins sem sinnir þessum einstaklingum og þeir trúu honum fyrir öllu því sem hrjáir þá. Í þessum stuttu augnablikum fléttast gjarnan saman hlutverk viðkomandi manna á vellinum og í einkalífi þeirra. Sögurnar eru sagðar á máli knattspyrnumannanna sjálfra. Þegar söguhetjurnar fjalla um allt önnur málefni nota þeir einatt fótboltamálið sem líkingar og myndmál. Þetta eru dæmigerðir karlar sem flestir eiga erfitt með að tjá sig nema í gegnum íþróttina. Kvennamálin, tilfinningar, líðan og jafnvel heimspeki er krufin í gegnum frásagnir og tal um einstaka leiki eða hreinlega tjáð í íþróttinni sjálfri. Þannig verður hún tungumál þeirra, jafnvel eina tjáningartækið. Umfjöllunin er tvíþætt alla bókina út í gegn. Annars vegar er það íþróttin og íþróttamaðurinn og hins vegar samskipti og mannlegar tilfinningar hversdagsleikans.

Kynlíf og samskipti kynjanna er efni örsögunnar „Tæklingin“ (25):

Hann sagðist vera aumur í mjóbakinu því hann hefði ekki getað varist konunni sinni, hann sem fylgdi þeirri reglu að koma ekki nálægt henni fyrir leik og hún ekki honum, en hún hefði komist inn fyrir vörnina og hann var að þæla í því hvaða tæklingu hún hefði beitt; það var ekki þessi venjulega tækling og ekki var það tveggjafóta-tækling, svo það hlaut að vera einskonar millifótatækling.

Þarna sjáum við einmitt gott dæmi um „íþróttagervinguna“, hvernig íþróttaslangr-

ið „tækling“ öðlast yfirfærða merkingu í ástarlífi viðkomandi knattspyrnumanns. Sá sem getur ekki lýst samskiptum sínum við hitt kynið öðruvísi en á þennan hátt hlýtur að þjást af töluverðum tjáningarerfiðleikum. Hægt væri að tilfæra mörg dæmi þessum lík til viðbótar úr bókinni sem sýna að höfundurinn hefur sérlega glöggt auga fyrir þessari fötlun karlmannsins, að minnsta kosti margra karlmannna. Einnig liggur beint við að lesandi bókarinnar leiti í henni að sýn Elísabetar sem konu á þennan karlaheim fótboltans. Þar með verður bókin að mikilvægu innleggi í kynjafræði-

Fótboltamamman talar

Upplifun dómarans sem stendur einn gegn öllum fær til dæmis sína umfjöllun í *Fótbolta-sögum* Elísabetar Jökulsdóttur í sögunni „Dómaranum“. „Dómarafílið“ og upplifun hans er sett í nýtt samhengi sem gerir orðin enn sterkari. Fólk á ekki von á slíkum þælingum og í umfjöllun um íþróttir. Þeim mun heldur hafa þær djúp áhrif á lesandann.

Dómarinn fékk að koma á bekkinn eftir leik með leyfi þjálfarans en hann hafði kvartað undan einkennilegum verkjum og þótt enginn okkar talaði um það vissum við allir að dómarar eru viðkvæmir einsog öræfablóm enda varð ég að leggja eyrun við þegar hann byrjaði að tjá sig og sagðist fyrir löngu hafa skrúfað fyrir öll skilningarvit útaf skítkasti og ofsóknum en þá hefði ekki viljað betur til en hinn mikli yfirdómari hefði skrúfað frá innri skilningarvitum hans og innri heyrnin hefði gert það að verkum að hann heyrði andardrátt leikmanna í öllum tilbrigðum og á sama hátt hefði hann fundið svitalyktina af þeim og svo hafði hann séð andardráttinn og svitann liggja eins og fíngerðan vef yfir vellinum og numið bylgjuna af hreyfingum leikmanna og þá hefði hann ekki komist hjá því að finna bragð af leiknum og þegar óbragð kom í munninn dró hann upp flautuna og spjöldin en einmitt þá hafði hið innra sjötta skilningarvit hans orðið virkt og hann hafði heyrt hrópað af þöllum: Taktu forhúðina frá augunum, helvítis dómarafílið þitt. Fyrst hélt hann að þetta væri fyrripartur sem hann ætti að botna en gerði svo einsog honum var sagt og þá varð allt eitthvað svo grátt og hljótt, lyktarlaust og bragðlaust og engin bylgja sem bar hann til og frá um völinn, svo hann spurði hvort hann gæti fengið handayfirlagningu í staðinn fyrir nudd til að komast í sitt fyrra ljóðræna ástand (Elísabet Jökulsdóttir, 55-56).

umræðu samtímans. Sagan „Mamman“ (75 - 76) gerir hluta þessarar umræðu skil:

Einn daginn á ég eftir að ná þessu, sagði mamman þar sem hún stóð og horfði á leikinn en henni var alltaf efst í huga hver hennar staða væri, hvort hún ætti að elda kjötsúpu eða steikja læri fyrir leik, hvort hún ætti að spá liðinu tapi eða sigri, hvort hún ætti að segja gangi ykkur vel eða tu tu-pojpoj, hvort hún ætti að mæta í svuntunni eða treyjunni á leikinn.

Þarna er skoðuð sú hlið sem snýr að konunum að baki körlunum, mæðrum þeirra. Hún gæti raunar alveg eins átt við unnustur eða maka. Sannarlega er þetta dálítið ýkt lýsing en sýnir að Elísabet hefur næmt auga fyrir sjálfssök kvenna, þátttöku þeirra í því ferli sem leiðir til undirokunar og lítilsvirðingar á þeim og hlutverki þeirra. Í mörgum öðrum sögum birtist hins vegar sýn karlanna á konur og hlutverk þeirra. Það er ekki síður kynjafræðileg umræða en hitt og um það má endalaust deila, hvort þau viðhorf séu dæmigerð eða hvort höfundur sýni þeim viðhorfum samúð eða skilning.

Andstæða ástarinnar, firring og tilgangsleysi fær líka sína umfjöllun í *Fótboltasögum* Elísabetar, „Leikur sem var ekki frestað“ (73):

Gosbrunnar, skvettur og pollar, hellidemban og þeir vissu ekki hvar þeir voru staddir, það var ekkert, nákvæmlega ekkert sem benti til þess að þetta væri fótboltavöllur, ekkert, nákvæmlega ekkert sem benti til þess að þeir væru að spila fótbolta þótt þeir væru að sparka í eitthvað, og þótt þeir heyrðu eitthvert baul úr fjarska gátu það

allteins verið mannýg naut og ekki áhorfendur, og pípið í flautunni gat allteins verið í vængbrotnum fugli, já, það var ekkert sem benti til eins eða neins nema að hvað sem þetta var stóð það í níutíu mínútur, og að það var markatafla sem sýndi annaðhvort lausnina á lífsgátunni eða svar guðs til mannkynsins: 2–1.

Hér er sterkt til orða tekið. Kafli af þessu tagi gæti staðið í riti hvaða tilvistarsinna sem er en kannski er það hið nýja samhengi íþróttanna sem gerir orðin enn sterkari. Fólk á ekki von á slíkum þælingum og heimspeki í umfjöllun um líkamsmennt og vont veður. Þeim mun heldur hafa þær djúp áhrif á lesandann.

Landsliðskona blönk

„Nokkrar í liðinu hafa það mjög gott og hafa líka aldeilis unnið og barist fyrir því. Svo veit ég líka um leikmann hjá okkur sem átti ekki fyrir mat síðustu viku hvers mánaðar í langan tíma,“ segir Freyr.

„Nýlega áttu leikmenn sem eru í atvinnumennsku að mæta í flug nokkuð langt frá heimili sínu til að ferðast í útileik með landsliðinu. Þær lentu í gríðarlegum vandræðum þar sem þær áttu ekki pening fyrir fargjaldi í leigubíl eða lest til að komast á flugvöllinn. Vitaskuld áttu þær rétt á endurgreiðslu en áttu samt ekki pening til að leggja út. Leikmenn í A-landsliði fá dagpeninga og ég get sagt þér það að stelpurnar munar verulega um þetta á meðan dagpeningarnir geta verið eins og bland í poka fyrir strákana“ (Vísir.is, 27. desember).



Magnús bóndi í Latabæ

Ef bækur og sjónvarpsefni fyrir börn eru skoðuð má hitta fyrir annan frægan íþróttamann en Þórgím Þráinsson, nefnilega Magnús Scheving, þolfimimeistara og Latabæjarhöfund. Hann er fæddur í Borgarnesi 10. nóvember 1964, hóf að æfa þolfimi á 9. áratug síðustu aldar og náði miklum árangri á örfáum árum. Hann varð Íslandsmeistari í þolfimi árið 1992, Norðurlandameistari 1993 og Evrópumeistari 1994 og 1995. Hann var kosinn íþróttamaður ársins árið 1994. Magnús Scheving skrifaði nokkrar bækur um ævintýraheiminn *Latabæ* (1995, 1996, 1997, 2000, 2008) og stofnaði með eiginkonu sinni fyrirtæki sem framleiðir bækur, leiki, leiknar kvikmyndir og teiknimyndir um þetta sköpunarverk hans, auk erlendra þýðinga á bókunum. Aðalboðskapur þeirra er hreyfing, hreysti, holl fæða og heilbrigður lífsstíll, sérstaklega ætlaður

börnum en Magnús á sjálfur tvö börn. Latabær er nú frægur um allan heim og hefur fengið ýmsar viðurkenningar fyrir heilbrigðan boðskap, gott og hollt mataræði, heiðarleika og gleði. Þættirnir hafa verið sýndir í meira en 100 löndum. Þrátt fyrir vinsældirnar hefur Magnús ekki alltaf fengið jákvæð viðbrögð við bókum sínum (Dagný Kristjánsdóttir, 2006) og margir hafa gagnrýnt hversu markaðsvænt allt verkefnið sé með útgáfu tölvuleikja, kvikmynda, fatnaðar og fleira.

Persónur Latabæjar hafa orðið miklir vinir íslenskra sem erlendra barna en frægastar þeirra eru Íþróttálfurinn (en. Spartacus) sem Magnús lék lengstum sjálfur, Solla stírða (en. Stephanie Meanswell) sem leikin er af Júlíönnu Rose Mauriello og Glanni glæpur (en. Robbie Rotten), leikinn af Stefáni Karli Stefánssyni heitnum.

Gunni (án Felix)

Leikarinn Gunnar Helgason hefur um langt árabíl skemmt íslenskum börnum í sjónvarpi og víðar, oft með félaganum sínum Felix Bergssyni. Saman hafa þeir myndað tvíeykið Gunnar og Felix sem hefur notið mikilla vinsælda. Gunnar er fæddur árið 1965 í Reykjavík.

Gunnar hefur gefið út 8 barnabækur, þar af fimm um þróttarann Jón Jónsson sem er mikill fótboltastrákur. Bækurnar fjalla að mestu um fótboltann, aðaláhugamál þeirra félaga – Gunna, Bjössa, Ingós, Skúla, Kalla, Einars, Sigga, Davíðs og auðvitað Jóns. Bækurnar heita:

- *Víti í Vestmannaeyjum* (2011),
- *Aukaspyrna á Akureyri* (2012),
- *Rangstæður í Reykjavík* (2013)
- *Gula spjaldið í Gautaborg* (2014).
- *Barist í Barcelona* (2019).

Gunnar fékk Vorvindaðlaun IBBY árið 2013 fyrir fótboltabækur sínar og sama ár hlaut hann Bókaverðlaun barnanna fyrir eina af fótboltabókunum. Boðskapur bókanna er fyrst og fremst sú spenna og ánægja sem íþróttunum fylgir.

Aðrar íþróttabókmenntir á íslensku

Íþróttir gegna heilmiklu hlutverki í mörgum erlendum skáldsagnabókum sem út hafa komið á íslensku síðustu áratugina. Ýmsar barna- og unglingabækur um íþróttastráka og -stelpur hafa þannig komið út. Ein af þessum íþróttahetjum er Harry Potter, meistari í Glenfiddich, sem rithöfundurinn J. K. Rowling (1999, 2000a, 2000b, 2001,



2003, 2005, 2007) gerði ódauðlegan. Þá koma íþróttir í einhverri mynd fyrir í fjölmörgum þýddum skáldritum sem óþarft er að rekja hér en sem hafa samt sem áður haft sín áhrif á bókmenntalíf landsmanna.

Vissulega hafa einnig komið út á Íslandi alls konar aðrar íþróttabókmenntir en skáldverk. Þeim má skipta í fimm hópa:

- 1) Ljóð og söngvar um íþróttir
- 2) Ævisögur íþróttamanna, árbækur um einstakar íþróttir, handbækur, leiðbeiningar og fleira af því tagi.
- 3) Íþróttakvikmyndir
- 4) Sérhæfð íþróttatímarit og
- 5) Umfjöllun um íþróttir í fjölmiðlum.

Plássins vegna verður farið hratt yfir sögu.

Ljóð og söngvar

Íslendingar hafa ort um alla skapaða hluti, einnig íþróttir og íþróttamenn. Annars má skipta áhrifum íþróttanna á ljóðlist í tvennt:

- 1) Íþróttaræðsla og íþróttamyndmál gert að stílbrögðum.
- 2) Íþróttir og íþróttamenn eru yrkisefni skálda.

Mjög algengt er að ljóðskáld noti í kveðskap sínum orðalag úr íþróttum þótt þeir séu að fjalla um alls óskylda hluti. Slík orðanotkun er raunar ekki bundin við ljóðlist heldur er hún algeng til að mynda í öllu daglegu máli, viðskiptamáli og stjórnmálamáli. En hér ætlum við að halda okkur við ljóðlistina. Ágætt dæmi um snilldarlegt íþróttamyndmál er ljóðið *Vítaspyrna* eftir Rósberg G. Snædal. Það fjallar á snjallan hátt um baráttu mannsins við syndina og hvernig jafnvel alheimsviljinn getur snúist gegn honum.

Afar mörg ljóð hafa verið ort um íþróttirnar sjálfar án þess að þær séu endilega stílbrögð fyrir annað. Þó er oft erfitt að staðhæfa hvað liggur að baki hjá höfundinum. Fjalla *Grettisljóð* Matthíasar Jochumssonar í rauninni um glímu Grettis og Gláms eða fjallar hún um baráttu höfundarins sjálfs við trú sína og hugmyndir um Guð og Satan?

Mörg stuðningsmannafélög hafa lagt áherslu á liðssöngva sem áhorfendur á

leikjum geti tekið undir og sungið með. Þetta skapi góða stemmningu og auki skemmtanagildi leikjanna, stuðli jafnvel að því að fleiri komi á völlinn. Yfirleitt eru þá búnir til nýir textar við þekkt og auðsungin lög. Sumir þessara texta hafa lítið bókmenntalegt gildi enda er það ekki tilgangur þeirra. Því miður eru þess dæmi að samdir séu söngtextar um andstæðingana eða einstaka leikmenn annarra liða eða jafnvel eigin liðs og eru þá oft fremur orðljótar lýsingar notaðar sem eru höfundum sínum og „söngfuglum“ lítt til sóma. Það verður þó að taka fram okkur Íslendingum til hróss að þess háttar framferði er algengara í öðrum löndum en Íslandi.

Meira er oftast lagt í söngva sem tileinkaðir eru landsliðunum. Fyrir kemur að vaktir séu til lífs gamlir textar og lög og tileinkaðir landsliði Íslands eins og einmitt hefur gerst með lagið *Ég er kominn heim* eftir Emmerich Kálmán. Höfundur textans er Jón Sigurðsson en Óðinn Valdimarsson gerði lag og texta fræg með söng sínum. Þetta lag hefur verið sungið við og eftir



Vítaspyrna

Eftir Rósberg G. Snædal

*Ég þreytti lengi knattleik við sifjalið Satans
og séð hefur engi þvilíkan djöflagang.
Ég varðist einn á vallarhelmingi mínum
með vindstöðu beint í fang.*

*En upphlaupum hinna ég varðist þó vonum
lengur*

*og víst fengu djöflarnir frá mér hættuleg skot.
Að lokum verð ég í nauðvörn að neyta hnefans
sem náttúrlega var brot. –*

*Og drottinn var sjálfur dómari í þessum leik.
Þó dómarar hafi yfirleitt nóg með sig
var liði svo ranglega skipt og mín vígstaða veik
að ég vonaði hann mundi sjá gegnum fingur
við mig.*

*Hendi! kallaði drottinn og dæmdi þeim
aukaspark.*

Og djöfullinn skoraði mark.

ýmsa landsleiki Íslendinga í fleiri en einni íþróttagrein á undanförunum misserum. Textinn er mjög þjóðernissinnaður og róm-

antískur og íslenskir áhorfendur leggja sig mjög fram í söngnum.



Örlagarimman (brot úr Grettisljóðum)

Eftir Matthías
Jochumsson

1.

Hann hlustar, hann bíður, hann bærir ei,
heldur í feldinn, horfir í eldinn
og hrærist ei.
Það birtir, það syrtir
því máninn veður og marvaðann treður
um skjá sæinn.
Hver ber utan bæinn?

2.

Nú hljóðnar allt – nú heyrir það aftur.
Það hriktir hver raftur.
Hann ríður húsum og hælum lemur,
það brestur,
það gnestur,
nú dimmir við dyrin,
það hlunkar, það dunkar,
það dynur, það stynur.
Draugurinn kemur!

3.

Hann Grettir hitnar,
af hrolli svitnar
því Glámur af þvertrénu gáir,
hausinn inn teygir
og hátt upp við rjáfrið sig reigir.
Hann hækkar,
hann lækkar
en glóandi gína við skjáir.
Hann hrekkur,
hann stekkur,
hann hnígur og hverfur – nú hljótt er sem fyrr.

4.

Hann Grettir bíður og bærir ei,

heldur í feldinn,
horfir í eldinn
og hrærist ei.
Nú kemur orgið sem áður.
Og skálinn riðar en skellast dyr.
Vomurinn kominn, hann fálmar um fletið,
þrífur í feldinn en fast er haldið.
Hvað veldur?
Hver heldur?
Hann fálmar aftur og feldinn slítur.
Þá brestur skörin og brotnar setið
og Grettir réttur á gólfið hrýtur.

5.

Svo takast þeir á,
hreystin og fordæðan forn og grá,
ofurhuginn og heiftin flá,
æskan með hamstola hetjumóð
við heiðninnar draugablóð,
landstrúin nýfædda, blóðug og blind,
og bølheima forynjumynd,
harkan og heimskan,
þrjóska og þjóðin,
krafturinn og kynngin,
Kristur og Óðinn.
Þeir sækjast, þeir hamast með hjartökum
svo húsin þau leika á þræði.
Það ýlir í veggjum, það orgar í þökum,
það ískrar af heiftar bræði.
Svo hefur Grettir sagt þar frá
að sóknin hin ferlega gengi,
að aldregi slíka ógn sem þá
um ævina reyna fengi.
Draugurinn skall úr dyrunum út,
dauðvona Grettir við heljarsút
horfði í hans helsjónir lengi.

6.

Feiknstöfum máninn fögur sló
framan í dólgin gramma,
í jörðinni stundi, hrikti og hló,
hörð var sú örlaga rimma,
buldi við draugsröddin dimma.

Ævisögur

Allmargar ævisögur íþróttamanna eru til á íslensku. Þar ber fyrst að nefna að sumar Íslendingasögur (1985 og 1987) og Fornaldarsögur Norðurlanda (1950) eru nánast ævisögur íþróttamanna, sögur eins og Grettis saga Ásmundarsonar, Geirmundar saga heljarskinns, Gísla saga Súrssonar, Finnboga saga ramma og Orms þáttur Stórolfssonar. Aðrar fornsögur hverfast um örlög og deilur fleiri einstaklinga en oft blandast þar inn í frásagnir af íþróttahetjum og íþróttafærni. Þetta má sjá í lýsingum hetja á borð við Gunnar á Hlíðarenda, Göngu-Hrólf, Ólaf konung Tryggvason, Kjartan Ólafsson, Skarphéðin Njálsson, Björn Hítðælakappa, Egil Skallagrímsson og fleiri. Úr nútímanum má nefna ævisögur og minningabækur íþróttagarpa eins og Gunnars Huseby (1996), Vilhjálms Einarssonar (1995), Alberts Guðmundssonar (1982), Ásgeirs Sigurvinssonar (1980), Arnórs Guðjohnsens (1987), ævisögubættir Kristjáns Jóhannssonar (1966) og viðtalsbækur Frímanns Helgasonar (1971), auk annarra (Á lífsins leið, 1998).

Ævisögur erlendra íþróttamanna hafa einnig verið þýddar á íslensku og selst vel. Þetta eru bækur um kapp eins og Eusebio, Maradona, David Beckham, Pep Guardiola og fleiri.

Íslenskar fræðibækur um íþróttir eru einnig taldar til þessa undirflokks. Þær eru reyndar afskaplega fáar. Helst er þar að nefna bókina *Íþróttir fornmannanna á Norðurlöndum* eftir dr. Björn Bjarnason sem út kom árið 1908 og síðan aftur 1950 (Björn Bjarnason, 1950). Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi og dr. Ingimar Jónsson prófessor gáfu út nokkur rit um íþróttir sem áður hafa verið nefndar. Þá hafa verið gefnar út stórar bækur um sögu ÍSÍ og

UMFÍ og einstakra ungmennafélaga sem einnig eru ekki síður skrifaðar fyrir almenn-ing en byggðar á fræðilegri rannsóknarvinnu. Annað er það ekki og verður líkast til að skýra það með því að íslenskur vísindahéimur hefur heldur lítið niður á þetta svið mannlífsins og ekki talið það verðskulda vísindalegar rannsóknir og fræðileg skrif.

Íþróttafjölmiðlar

Ein undirgrein íþróttabókmennta inniheldur yfirgripsmikla og litskrúðuga umfjöllun fjölmiðlanna um íþróttir: Tilkynningar um íþróttaviðburði, lýsingar, samtektir, viðtöl við íþróttamenn, þjálfara, stjóra og lið, ásamt fréttaskýringum um einstaka leikmenn, lið eða mót; greinar, yfirlit og mat á einstökum íþróttagreinum (svo sem framtíð íslensku glímunnar) eða íþróttamönnum (t.d. áhrif Tiger Woods á iðkun golfíþróttarinnar). Innan þessa flokks eru einnig íþróttahandbækur og bækur um hvernig eigi að þjálfra og leika einstakar íþróttagreinar og bækur sem innihalda opinberar reglur og met. Árbækur íþróttamanna og árbækur einstakra íþróttahafa löngum komið út og verið einkar vinsælar, svo sem bækur Sigmundar Ó. Steinarssonar (t.d. 2011) og Víðis Sigurðssonar (t.d. 1997, 2016). Um boðskap og orðræðu íslenskra íþróttafjölmiðla verður fjallað síðar en hér á eftir fer lauslegt yfirlit yfir þá fjölmiðla sem talist geta íþróttafjölmiðlar.

Íþróttakálfar, íþróttasíður og tímarit

Lengi vel var íþróttakálfur Morgunblaðsins öflugasti íþróttamiðillinn, að minnsta kosti á dagblaðamarkaðnum. Hann var yfirleitt 4 síður, stundum 8 eða 12 ef mjög mikið var

að gerast. Íþróttasíður Þjóðviljans og Tímans voru einnig vandaðar en ekki eins umfangsmiklar. Jafnvel Alpýðublaðið var með íþróttumfjöllun um tíma. Síðar kom svo íþróttumfjöllun Vísis, Dagblaðsins – DV, Fréttablaðsins og Pressunnar sem einnig hefur verið á sérstökum síðum. Alltaf hafa íþróttafréttir teygst sig yfir á aðrar síður, einkum útsíður, ef afrekin voru stórfengleg. Íþróttatímarit hafa ekki verið mörg á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Þessi eru helst *Skinfaxi* (frá 1909), *Íþróttamál* – tímarit íþróttakennara (frá 1973), *Fótboltableðið* (frá 2003) og *Tímaritið Golf* (frá 2012).

Íþróttasjónvarp og vefmiðlar

Helstu sjónvarpsmiðlar sem sinnt hafa íþróttum eru Sjónvarp RÚV, Stöð 2 og SÝN sem hafa jafnvel sett upp sérstakar íþróttarásir eftir þörfum. Þá hefur nýlega bæst í hópin Sjónvarp Símans. Auk þeirra hafa ýmsir vefmiðlar starfrækt vefsíður með textaefni, sjónvarpsefni og spjallsíðum. Þar ber fyrst að nefna núverandi dagblöð sem öll hafa verið iðin við að flytja íþróttafni á vefmiðlum sínum – mbl.is, visir.is og dv.is. Í viðbót við þessa miðla sem tengjast öðrum fjölmiðlum má nefna sjálfstæða vefmiðla eins og Fótbolti.net, Golfspjall.is, Handbolti.is, Hestablaðið.is, Hestafréttir.is, Karfan.is.

Tónlist og aðrar listgreinar

Tengsl íþróttar og lista, annarra en bókmennta, eru enn eitt verðugt rannsóknarsviðið. Hér má nefna meðal annars höggmyndalist og íþróttir, tónlist og íþróttir eða leiklist og íþróttir. Myndlist hefur






Grettir og Glámur takast á. Mynd: Hreiðar Þór Sæmundsson.

öldum saman haft mikil tengsl við íþróttir að því leyti að líkamar íþróttafólks hafa þótt henta vel til að nota sem fyrirmyndir að málverkum, höggmyndum og hvers kyns myndverkum. Grísk-rómversk listasaga er full af dæmum um að fornir guðir og hálf-guðir séu túlkaðir með stæltum líkömum íþróttafólks.

Allir sem farið hafa á leiki hafa uppgötvað hve mikla unun áhorfendur hafa af tónlist. Það er ekki aðeins að sungnir séu liðssöngvar og alls kyns sönglög, heldur glymur tónlist um vellina og íþróttahúsin. Trommusláttur er þar mest áberandi en stundum birtast önnur hljóðfæri til að taka þátt í fögnuði andans.

Sviðslistir hafa um langan aldur nýtt sér minni og tæknilegar útfærslur sem sóttar eru til íþróttar. Í þessu sambandi má til dæmis nefna *The Match*, dans um knattspyrnuleik milli Hollands og Íslands, sem Íslenski dansflokkurinn sýndi 2003 í Borgarleikhúsinu (Leth, 2003). Annað nýlegt dæmi er „loftfímleikaútgáfan“ af *Rómeó og Júlíu* sem Borgarleikhúsið setti upp 2002 (Shakespeare, 2002). Þá má ekki gleyma vinsælum íslenskum kvikmyndum eins og *Strákarnir okkar* (2005), *Bræðrabylta* (2007), *Africa United* (2005), *Íslenski draumurinn* (2000) og ýmsar fleiri sem



fjalla að verulegu leyti um íþróttir. Bandarískur kvikmyndaiðnaður er þó miklu ríkari að slíkum dæmum og þar sem Íslendingar sækja gjarnan í þann sjóð er í lagi að nefna frægar íþróttakvikmyndir eins og eftirtaldar:

Any Given Sunday
Bend It like Beckham
Champion
Champions
Chariots of Fire
Cinderella Man
Coach Carter
Cool Runnings
Field of Dreams
For Love of the Game
Hurricane
Jericho Mile
Marathon Man
Mickey
River Runs Through It
SpaceJam
The Greatest Game Ever Played
The Karate Kid
The Longest Yard
The Rooky
The World's Greatest Athlete
The Wrestler
United (norsk)


Íþróttalistamenn

Það má velta fyrir sér tengslum íþróttar og lista frá fleiri en einu sjónarhorni, eins og sjónarhorni iðkandans eða sjónarhorni áhorfandans. Jón Arnar Magnússon tugþrautarkappi segir meðal annars í viðtali við tímaritið Laugdæling árið 2004:

Kannski lít ég frekar á mig sem listamann en skemmtikraft, svona svipað og leikara eða tónlistar-

mann, og legg mest upp úr að reyna að framkvæma það sem ég er að gera sem best, helst á fullkominn hátt, hvort sem það er stangarstökk, hlaup eða spjótkast. Samhæfingin og framkvæmdin þarf að vera hárnákvæm. Það má engu skeika. Til þess þarf ekki aðeins ástandið á manni á keppnisdegi að vera algjörlega í lagi, heldur verður undirbúningurinn að hafa verið hárnákvæmur og andlegi þátturinn að vera í toppformi. Þegar þetta gengur allt upp næst toppárangur, nautnin við að framkvæma íþróttina verður algjör og þeir sem horfa á og hafa vit á því sem er að gerast hrífast með, rétt eins og unnendur klassískrar tónlistar fá gæsa húð niður eftir bakinu þegar tónlistarmennirnir á sviðinu sýna snilli sína (Jón Arnar Magnússon, 2004: 21).

Halda má áfram á þessum nótum. Skoðum til dæmis markvörslu Gordons Banks þegar hann varði skalla frá Pele í heimsmeistara-leik Englands og Brasilíu árið 1970 eða hjólhestaspyrnumark Eiðs Smára í leik Chelsea gegn Leeds 28. janúar 2003. Skallamark Henriks Larsens í leik Svíþjóðar og Búlgaríu á EM í júní 2004 er einnig eftirminnilegt. Sama gildir um meistaraleg innköst Margrétar Láru. Allt eru þetta dæmi um fullkomlega samhæfða beitingu líkamlegrar og andlegrar snilli og næmi sem halda má fram að veiti fagurfræðilega upplifun á borð við lýtalaus sýningu á La Bohème, Svanavatninu eða Hamlet. Hvað þetta varðar má líta á íþróttatættvik sem listræna sýningu eða spuna. Að sjá fallega skorað mark í leik getur verið eins mikil fagurfræðileg unun og að horfa á pas-de-deux í ballet, skoða Picasso á safni eða



Jón Arnar Magnússon.

hlusta á aríu í óperuhúsi. Leikmaðurinn hefur æft, komið sér í form og undirbúið þennan einstaka atburð í mörg ár.

Upplifun leikmanns sem tekst upp á þennan hátt er sambærilegt og upplifun listamannsins sem tekst betur upp en nokkru sinni fyrr. Um þetta segir Jón Arnar í áðurgreindu viðtali við *Laugdæling*:

Ánægjutilfinningin er stundum svo mikil og sönn að maður ræður ekkert við sig. Ég hef upplifað þessa frábæru tilfinningu oft en einu sinni, t.d. þegar ég hef lent í 2. og 3. sæti á heimsmeistara- eða Evrópumeistaramóti, eða þegar ég sigraði í Frakklandi á einu helsta tugprautarmóti í heiminum. Þá fagnaði ég rosalega, enda upplifði ég þar að allt þetta erfiði og strit margra ára skilaði sér. Allt gekk

upp (Jón Arnar Magnússon, 2004: 21).

Elísabet Jökulsdóttir lýsir þessu einnig vel í örsögunni „Sigurmarkið“ í bók sinni *Fótboltasögum* sem hún skrifaði árið 2001 (70):

Hann var í upphöfnu ástandi þar sem hann lá á bekknum einsog tilbúinn til flugtaks, liðið hafði sigrað, hann skoraði sigurmarkið og sagði að nú væri viðbúið að honum kæmi ekki dúr á auga í nótt, heldur mundi sjá fyrir sér markið aftur og aftur, hvernig hann náði sendingunni, lék á varnarmennina tvo í teignum og negldi boltann í fjærhornið og hann mundi ekki ráða við hugann frekar en þegar sýður uppúr potti og hann sagði að þótt það væri mest um vert að stjórna huganum í fótbolta, þá brygðist öll svoleiðis stjórnun á svona stundum sem

hann vissi ekki hvort kalla skyldi andvökustundir eða sigurstundir en hugurinn tæki stjórnina og sýndi þetta aftur og aftur og sömu tilfinningar losnuðu úr læðingi í hvert sinn og það væri ekki fyrr en undir morgun þegar farið væri að sjóða á heilanum að hann mundi losna úr þessu augnabliki og komast í það næsta þar sem hann lá undir fagnandi félagahrúgunni. Svo lyftist hann allur og ég vissi að það var byrjað og gat ekkert gert nema veifa honum, og olían draup af höndum mér.

Þessum tveimur lýsingum, íþróttamannsins og skáldsins, svipar mjög saman enda er ljóst að skáldið hefur upplifað þessar tilfinningar í list sinni. Vegir og afl hugarflugsins eru órannsakanlegir.



6. kafli:

Geðveikt íþróttamálfar

Íslensku landsliðskonurnar í handbolta stóðu í ströngu á Evrópumeistaramótinu í desember 2012. Meðal þess sem íþróttasmiðinn vefmiðilsins Vísir.is skrifuðu um þær og höfðu eftir þeim fyrsta dag mótsins, þann 4. desember 2012, eru eftirtaldar setningar sem teknar voru á víð og dreif í texta miðilsins þennan dag:

Stelpurnar frá Svartfjallalandi börðu okkar stelpur eins og harðfisk fram eftir leik en það voru þó íslensku stelpurnar sem fuku út af fyrir klaufaleg brot ... Það vantaði bara alla geðveiki í þetta hjá okkur ... Nú er bara að girða brækurnar upp á maga fyrir næsta leik (Ísland – Svartfjallaland 16-26, 2012.).

Við sjáum í þessari orðréttu tilvitnun öfga-kennt málfar, sterka og bragðmikla orðanotkun, kímni og safaríkt myndmál. Í sérstakri rannsókn (Guðmundur Sæmundsson og Sigurður Konráðsson, 2013a, 2013b) á íþróttamálfari íslenskra fjölmiðla var sýnt fram á að það sem talið var upp hér á undan sé ásamt öðru áberandi, einkennandi og dæmigert fyrir fjölmiðlaumræðu um íþróttir og íþróttafólk. Ekki þarf að efast um að gott íþróttasiðferði þeirra sem

skrifa. Siðferðisviðmið íþróttasmiðsins alls koma einnig skýrt fram í málfarinu í fjölmiðlum, kannski skýrar en nokkurs staðar annars staðar.

Nýjabrumið bragðast vel

Í hraðri atburðarás eins og oft einkennir skrif og lýsingar á íþróttaviðburðum verður yfirleitt að bregðast hratt við og mynda ný orð um það sem fyrir augu ber. Einnig er það snar þáttur í lifandi framsetningu sem ætlað er að ná til ungra viðtakenda að orð séu mynduð eftir þörfum og eldri orð teygð og toguð eða gefin ný hlutverk. Málkerfið hefur ýmis innbyggð formleg eða formgerðarleg tæki til þessara nota og þau þarf að skoða. Þannig verða til nýyrði af ýmsum gerðum, samsett orð eins og hlaupabraut, orð leidd af innlendri rót, til dæmis með viðskeytum eins og skeyti, eða tökuorð eins og pökkur. Þá er merkingu eldri orða stundum hnikað og þannig búnar til nýmerkingar, innlendar nýmerkingar eins og kylfa, tökumerkingar eins og fugl eða tökuþýðingar eins og kylfuberi.

Úr fórum stílfræðinnar er margt að sækja þegar greina skal texta á borð við íþróttatexta enda fjallar stílfræðin nánast um alla málnotkun. Hún fjallar þó mest um móttöku textans, hvaða áhrif hann hefur á móttakandann og hvers vegna og loks hvaða aðferðum er beitt til að þau verði sem sterkust. Þær aðferðir eru oft nefndar *stílbrögð*, einkum við greiningu bókmenntatexta. Þau má að sjálfsögðu einnig nota við greiningu annarskonar texta, til dæmis talmálstexta (Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, 1994). Hér er einkum litið til þeirra stílbragða sem eru áberandi í íþróttamálfari en verður minna vart við í almennu málfari. Auk venjulegra stílbragða bætist við allmikil notkun íþróttasmiðsins.



Gaupi — Guðjón Guðmundsson.

manna á stuðlasetningu, rími og orðaleikjum.

Spaugarar og spéfuglar

Léttleiki og glens hafa löngum þótt einkenna frétt aflutning af íþróttum og eiga þar heima sem einskonar regla eða megin-einkenni. Ýmsir íþróttafréttamenn hafa slegið á þessa strengi og orðið þekktir fyrir fyndni sína ýmist áður eða eftir að þeir gerðust íþróttafréttamenn. Þetta eru menn eins og Hermann Gunnarsson og Ómar Ragnarsson. Aðrir hafa síðan fetað í fótspor þeirra, eins og Einar Örn Jónsson í þætti sínum 365 gráður.

Nýjungar eru í eðli sínu ekki nýjungar nema um skamma hríð þótt innan málvísinda tíðkist að tala um mörg hundruð ára gömul „nýyrði“ og „nýmyndanir“. Eðlilegra kynni því að vera í samtímalegri lýsingu að kalla nýjungarnar frávík eða afbrigði. Þó verður því ekki á móti mælt að einmitt í tungutaki íþróttanna virðist sífelld nýsköpun eiga sér stað, nýmæli birtast í sífellu og eldra orðalag hverfur. Hugmyndaauðgin virðist nær óendanleg. Ástæðan fyrir því að lesendur hrífast með er sú mikla alúð sem lögð er í að gera textann gripandi,



Arnar Björnsson.

fyndinn og skemmtilegan. Íslenskir íþróttafréttamenn virðast vera meðal allra hugmyndaríkustu og gáskafyllstu málnotenda þjóðarinnar. Ekki virðist því sem skólaæsku landsins stafi sérstök hætta af málfari fjölmiðla um íþróttir. Sumir telja raunar til „hættu“ alla nýsköpun og frávík frá því sem tíðkast hefur. Er það í raun sú hætta sem að íslenskri tungu steðjar?

Ýkt orðafar, nýjungar í máli og notkun myndmáls og vísana einkenna vissulega málfar um íþróttir í fjölmiðlum. Við þau verður svo að bæta þeirri fyndni og hugmyndaauðgi sem virðist einkenna alla þessa flokka. Þetta gæti því talist eins konar yfireinkenni eða meginstef, eitthvað sem kemur fyrir sí og æ í þessari tegund texta og gerir hann sérstakan.



Dolli — Adolf Ingi Erlingsson.



Einar Örn Jónsson.

Tilgangur spaugs og fyndni er yfirleitt að vekja tilfinningar á borð við gleði og kátínu, til dæmis þegar beitt er tvíræðni af ýmsu tagi. Þó eru til aðeins neikvæðari myndir glettninnar sem þá kemur fram sem írónía, háð eða kaldhæðni, jafnvel illkvittni sem ætlað er að vekja nokkru nei-kvæðari tilfinningar. Fyndni virðist líka búa að baki annarra helstu málfarseinkenna íþróttamálfarsins, að ýkja, setja fram nýjungar og beita líkingamáli.

Hér eru örfá dæmi um fyndni af ýmsu tagi í málfari íþróttufréttamanna:

- *Að setja aukagel í hárið* [að taka sig vel á]
- *Að rífa upp um sig litríku buxurnar* [taka sig verulega á]
- *Liðið var með aðra hönd á stýri* [kærulaust, eins og í texta Lofts Guðmundssonar, *Bjössu á mjólkurbílnum*]
- *Þeir hreinlega átu heimsmeistarana* [villidýr eða mannætur stunda slíkan verknað]
- *Vissulega festist hann stundum í hetjustillingunni* [einhvers konar vísun í tölvuleiki eða vélbúnað]
- *Þá steig Snæfellið á bensínið á ný* [tók sig á, körfuboltaþátturinn gat ekið áfram ...]
- *Kiera Hardy og Krístrún Sigurjónsdóttir voru ískaldar fram eftir leik* [voru sennilega lélegar til að byrja með, frekar en að þeim hafi verið kalt. Kannski voru þær með stáltaugar — og stál er kalt.]
- Og þótt andstæðingurinn eða dómariinn sé *algjör tittur ... þá flautar hann alltof mikið*
- *Pappakassi umferðarinnar var portúgalski knattspyrnusnillingurinn Cristiano Ronaldo*



Guðmundur Benediktsson.

- *Þetta bjó hann til sjálfur og aleinn og óstuddur*
- *Þeir stútuðu Kamerún 4-2*
- *Það vantaði bara alla geðveiki í þetta hjá okkur*
- *Nú er bara að girða brækurnar upp á maga fyrir næsta leik*

Tilfinningar

Eitt af því sem strax vekur athygli þeirra sem fylgjast með íþróttum í sjónvarpi og útvarpi er sá mikli tilfinningapungi sem oft einkennir alla slíka umfjöllun. Því er vert að skoða hvort þar megi ekki leita skýringa til dæmis á notkun stílbragða eins og ýkja í íþróttaumfjöllun. Þar með færast umræðan yfir á svið íþróttasálfræðinnar. Spurningin er hvort það eigi ekki við um málfarið einnig að það markist af geðsveiflum og æsingi. Þar með sé íþróttaumfjöllunin öll merkt þessu sama megineinkennum, geðshræringum og tilfinningum.



Edda Sif Pálsdóttir.

Geðshræringar koma mjög við sögu þegar siðferði er annars vegar. Oft er sagt að siðferði og geðshræringar tilheyri tveimur andstæðum í eðli hvers manns (Goodwin, Jasper og Polletta, 2001). Flestar siðklemmur fjalla þannig um hvernig leysa beri úr átökum milli annars vegar skyldna mannsins við eigið siðferði og hins vegar skyldna hans við eigin tilfinningar og eðli. Siðferðileg gildi íþróttavirðast einkennast á margan hátt af tilfinningum og tilfinningalegri afstöðu til siðferðilegra álitamála.

Helstu einkenni íþróttamálfars, ýkjur, nýmæli, skáldmál og fyndni, hafa samkvæmt ofansögðu afar sterk tengsl við geðshræringar fólks. Tilfinningarnar virðast beinlínis notaðar til að styrkja umfjöllun um íþróttirnar. Spyrra má hvort hér sé ekki um gagnkvæm áhrif að ræða. Hugsanlegt er að einstaklingarnir í hinu firrtu og um leið vel skipulagða samfélagi nútímans hafi ríka




Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson.

þörf fyrir tilfinningar og sterkar geðshræringar (Dirkx, 2001; Hanin, 2000; Kristján Kristjánsson, 1997). Þess vegna séu ekki aðeins skáldskapur og listir, kvikmyndir og leiklist, slúður og afbrot meðal vinsælustu sviða mannlífsins, heldur einnig íþróttir og keppni þar sem mætist dágóður skammtur af þessu öllu í blöndu sem virðist henta mörgum vel.

Siðferði tungutaksins

Ofantalin aðaleinkenni málfars tengt umfjöllun um íþróttir í fjölmiðlum benda til ákveðinna viðhorfa og siðferðis fjölmiðlafólks. Með jákvæðni má túlka þessi atriði sem almennan hressileika sem fólk telji hæfa íþróttum. Þær eigi að vera uppspretta gleði og kátínu, spennings og leiks. Öðrum finnst hins vegar að þarna sé ýmislegt annað á ferðinni. Með barnalegum spenn-



Haukur Harðarson.

ingi, fíflangangi og upphrópunum sé talað niður til íþróttafólks og einnig til þeirra sem fylgjast með íþróttum. Þeir sem lengst ganga færa jafnvel rök fyrir því að slíkt málfar þjóni fjárhagslegum hagsmunum þar sem því sé ætlað að selja og auka gróða. Um þetta skal ekkert fullyrt hér en lesendur hvattir til að hafa þessar túlkanir allar í huga. Er tilgangurinn að gera lítið úr íþróttum, draga úr virðingu þeirra og því sem líkamanum tilheyrir? Eða er þetta “óvart” og orðin viðtekin venja?

Siggi Sig og félagar

Varðandi málfarið og reyndar orðræðu fjölmiðla almennt um íþróttir vaknar sú spurning hvort einstaklingar í hópi íþróttáfréttamanna hafi öðrum fremur haft áhrif á umfjöllunina í fjölmiðl-unum. Þetta hefur ekki verið rannsakað en auðvitað er ekkert sem mælir gegn því að slíkt verði gert. Þá



Kristjana Arnarsdóttir.



Hörður Magnússon.

kunna að vakna spurningar. Hér eru nokkrar:

- Hvaða áhrif höfðu frumkvöðlar í stétt íþróttafréttamanna á borð við Sigurð Sigurðarson, Frímann Helgason, Atla Steinarsson og Hall Símonarson á það málfar sem einkenndi íþróttalýsingar og íþróttafréttir snemma á öldinni sem leið?
- Hver voru áhrif þjóðargleðigjafanna Hermanns Gunnarssonar og Ómars Ragnarssonar á fyndni og gáska í íþróttaumfjöllun?
- Hve mikil voru áhrif Bjarna Felixsonar á myndlíkingar og vísanir í forn-hetjurnar í íþróttamálvari nútímans?
- Hve mikil áhrif hefur Samúel Örn Erlingsson haft á vinsældir

hestaíþróttar og kraftaíþróttar?

- Eru ýkjur í íþróttalýsingum komnar frá Guðjóni Guðmundssyni og Adolphi Inga Erlingssyni eða er þetta miklu eldra fyrirbæri?
- Er Ólafur Benediktsson frumkvöðull í tilfinningaþrungnum lýsingum á íþróttakappleikjum?
- Hvernig í ósköpunum fer Sigurbjörn Árni Arngrímsson að því að gera allar frjálsíþróttir að æsispennandi sjónvarpsefni, jafnvel maraþonhlaup og 50 km göngu?
- Hvers vegna þekkir öll þjóðin íþróttafréttamennina með gælunöfnum (Siggí, Hemmi, Bjarni Fel, Gaupi, Dolli, Sammi, Bjössí, Óli)?
- Hvers vegna eru nánast engar konur í þessum hópi?



Valtýr Björn Valtýsson.

Ekki aðeins framangreindir heldur allir íþróttafréttamenn hafa sín sérkenni, sína kosti og sín mótunaráhrif. Allir eru þeir þeim örlögum háðir að vera að einu leyti eins og frægustu íþróttamenn, dáðir af sumum en nánast hataðir af öðrum. Einnig á þessu sviði íþróttar kemur fram hin sterka tenging við tilfinningar og geðshræringar. Hver er rótin að þessu?

Vinsælt afþreyingarefni

Það fer ekki á milli mála að íþróttir eru ríkur þáttur í afþreyingu íslensku þjóðarinnar. Þetta á bæði við um þann mikla fjölda barna, unglunga og fullorðins fólks sem tekur beinan þátt í íþróttum sem iðkendur



Heimir Karlsson.

en á ekki síður við um þá sem fylgjast með íþróttum sem stuðningsmenn og þá sem fylgjast af miklum áhuga með íþróttum í fjölmiðlunum.

Sennilega eru íþróttir nútímans vinsælli sem afþreying en var fyrir 50 til 100 árum. Umfjöllun fjölmiðlanna um eldri íþróttamennina virðist hófstílltari en um þá yngri. Um þá yngri er hún leikrænni og ef til vill ýktari. Líklegt er að þetta haldist í hendur við málnotkunina í prentmiðlum almennt og eigi ekki aðeins við um íþróttafólk sem nær langt á alþjóðavettvangi eða um íþróttafólk yfirleitt, heldur sé þetta ein-kenni á nútímafjölmiðlum yfirleitt, samanborið við fjölmiðlana fyrr á síðustu öld.

Íþróttir eru ekki aðeins afþreying og fjölmiðlaefni. Þær eru ekki síður hluti alþýðumenningarinnar, menningar sem á síður upp á pallborðið hjá svonefndum menningarvitum þjóðarinnar en svonefndar æðri listir og bókmenntir. Virðingin sem þær njóta er minni og því verður orðræðan um þær öðruvísi á ýmsan hátt. Fréttafólk leyfir sér meira og sleppir fram af sér beislínu í orðanotkun og andblæ. Hins vegar er virðing ekki sama og vinsældir. Vinsældir



Hemmi Gunn — Hermann Gunnarsson.

íþróttar eru miklar, bæði sem fjölmiðlaefni almennt og sem skemmtun og afþreying fyrir fólk á öllum aldri.

Hugsanlegt er að einstaklingarnir í hinu firrta og um leið vel skipulagða samfélagi nútímans hafi ríka þörf fyrir tilfinningar og sterkar geðshræringar. Þess vegna séu ekki aðeins skáldskapur og listir, kvikmyndir og leiklist, slúður og afbrot meðal vinsælustu sviða mannlífsins, heldur einnig íþróttir þar sem mætist dágóður skammtur af þessu öllu sem virðist henta mörgum vel.

Ef vel er að gáð koma sterkar tilfinningar og geðshræringar fyrir í ýmskonar annarri umfjöllun og orðræðu en íþróttum. Umræða um trúarbrögð er til dæmis oft lituð af svipuðum gildum. Sama gildir um stjórnmál (Young, 2001). Raunar er eftirtektarvert hve mikil líkindi eru milli afstöðu einstaklinga til íþróttaliðsins síns, trúarsafnaðarins og stjórnmálaflokksins. Inn í

þessa upptalningu má raunar stundum bæta heimasveit, þjóð, kyni, félagsskap af ýmsum toga og fleiri hópamyndunum samfélagsins. Þeim fylgja oft afar miklar og sterkar tilfinningar og geðshræringar. Slíkar geðshræringar geta brotist út á ýmsan hátt, allt frá ofsakenndri væntumþykju, aðdáun og dýrkun yfir í heift, hatur og öfgakennd illmæli og þvætting um náungann eða „andstæðinginn“. Hjá flestum verður sennilega til blanda einhvers staðar mitt á milli þessara öfga. Það fer eftir afstöðu fólks, áhugamálum og líklega persónuleika hvort og hvernig þessar geðshræringar brjótast út eða við hvaða aðstæður þær eiga sér stað. Því er nærtækt að spyrja hvort ekki sé líklegt að þeir sem mæta íþróttatburðum með miklum geðshræringum og óhömdum tilfinningum geri það einnig á öðrum sviðum, til dæmis í stjórnmálum, viðskiptum, trúmálum eða ástarsamböndum, jafnvel einnig í samskiptum við aðrar þjóðir, fólk af öðrum kynþætti eða ýmsa minnihlutahópa samfélagsins.

Ljóðrænir íþróttufréttamenn

Þess má til gamans geta að stundum má rekast á tengsl íþróttar og skáldskaparmáls „hinum megin frá“ ef svo má að orði komast. Íþróttufréttamenn nota þannig af mikilli hugkvæmni ýmis stílbrögð ljóðlistarinnar til að fegra frásögn sína og lýsingu á íþróttum. Helstu stílbrögðin sem þar verða á vegi hlustenda / lesenda eru samkvæmt rannsókn sem gerð var fyrir fáeinum árum:

Ýkt orðafar: *Félög og íþróttamenn standa sig allir frábærlega og flestir glæsilega. Þeir gera sér lítið fyrir og*

sígra. Starfið er blómlegt og íþróttamennirnir eru stjórnur, snillingar, kempur og hetjur enda oft heimsfrægir og snjallir á heimsmælikvarða í heimsklassaliði. - þegar landshlutablöðin telja völlinn sinn eða íþróttahúsið sterkasta heimavöll landsins, þar sé besta yngri flokka starfið á Íslandi og öflugustu deildirnar, enda bestu aðstæðurnar. Íþróttahetjur landsins eru meðal þekktustu íþróttamanna heims og skærustu stjórnur sinna greina og leika með sterkustu liðum heims. - Íþróttamennirnir eru ekki lengur bara stjórnur, heldur stórstjórnur, og lið þeirra er ekki aðeins stjörnu-lið, heldur sannkallað stjörnu-lið. Árangur þeirra í íþrótt sinni er ekki aðeins glæsilegur, heldur stórglæsilegur.

Nýjungar og frávík: sambabolti, leikmannagluggi, Íslendingaslagur – og dúndra, vælari, negla - magasínþáttur, dúkka upp, markamaskína - að finna fjölinu sína, að setja aukagel í hárið - hvort liðið er graðara í dag, þjálfarinn spilar leikmanninum, þökk sé mistökum Ben Roethlisberger, Logi átti allt í lagi leik.

Skáldskaparorðalag (t.d. myndmál):

Dýrlingurinn gegn djöflinum, má muna fífil sín fegri, þetta bjó hann til sjálfur og aleinn og óstuddur, nú verða þeir að sýna hvort þeir eru menn eða mýs, liðið var með aðra hönd á stýri, hann stelur boltanum fyrir Hauka, hann var arkitektinn að bestu sóknum liðsins, Eiður Smári kom ekki sérstaklega vel undan jólnum.

7. kafli: Fjölmíðla- fárið

Í stað þess að útskýra málin dansa fjölmíðlarnir stundum með og það hefur svo áhrif á kostendur og stundum forystumenn íþróttahreyfingarinnar. Mér hefur oft sárnað hvernig skrifað hefur verið um mig þegar ég hef verið að berjast við meiðsli og óhöpp, sérstaklega fyrstu árin. Nú orðið læt ég mér standa á sama og sem betur fer eru vel menntaðir íþróttfræðingar og fyrrverandi íþróttamenn í hópi íslenskra íþróttfréttamanna. Þeir leggja sig fram og skilja aðstæður vel og eru raunsærir í kröfum sínum. Það er svo miklu auðveldara að smjatta á óförunum og í æsifréttamennskunni hentar það einhvern veginn betur. Góðir fréttamenn ættu að taka sig til og reyna að segja þeim getuminni til. Það er t.d. nógu erfitt að fá fyrirtæki og stofnanir til að kosta og styrkja íþróttamenn, þótt fjölmíðlarnir séu ekki að eyðileggja það alveg fyrir okkur (Jón Arnar Magnússon, 2004: 22).

Þannig komst Jón Arnar Magnússon, afreksmaður í tugþraut að orði í fyrrgreindu viðtali við tímaritið Laugdæling árið 2004 eða skömmu áður en hann hætti keppni. Hann hafði þá staðið í eldlínunni í ein

fimmtán ár. Undir orð hans tekur áreiðanlega margt íþróttafólk. Þetta sýnir hversu mikið fjölmíðlaumfjöllunin hefur að segja að álit afreksmanna í íþróttum.

Orðræðan um afreksfólk

Fyrir nokkrum árum var gerð rannsókn á umfjöllun blaða og tímarita um íslenskt afreksfólk í íþróttum (Guðmundur Sæmundsson og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011). Hún fólst í því að valdar voru 984 greinar íslenskra prentmiðla um nítján íslenska einstaklinga sem höfðu getið sér frægðar og frama á erlendri grund í afreksíþróttum. Þessir textar voru greindir með aðferð sögulegrar orðræðu-greiningar en þá er litið svo á að orðræða sé ferli í sífelldri sköpun og endursköpun og að í orðræðunni séu stef (e. discursive themes) sem hægt sé að leita uppi (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006, 2010). Með þessu hugtaki er átt við þemu sem endurtaka sig oft í textum um einstakan atburð. Í þessu tilviki er átt við texta um hvern einstakan íþróttamann eða íþróttakonu sem tekin var til skoðunar.

Orðið *stef* er þekkt úr öðrum fræðigreinum, til dæmis úr félagsvísindum. Í bókmenntagreiningu er svipað fyrirbæri oft kallað *ritklif* (Hugtök og heiti í bókmenntafræði, 1989) en í stílfræðinni eru orðin *endurtekning* og *klifun* (Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, 1994) notuð um samþætilega þætti en þó engan veginn sömu hluti. Hvert slíkt stef er einhvers konar *þema* í orðræðunni. Í tónlistarfræðum er einnig talað um stef (eða upp á ítölsku: *ostinatostef*) (Barokk, 2011).

Í rannsókninni var reynt að spanna tímann frá því Íslendingar fóru að vinna afrek á alþjóðavísu. Eru elstu frásagnirnar af íþróttamönnum sem gerðu garðinn

frægan frá árunum 1945 – 1950 en þær yngstu frá árunum eftir 2000.

Í ljós kom að tvö þemu voru ekki aðeins stef heldur miklu fremur *meginstef*. Þau skáru sig algjörlega úr og svífa ávallt yfir vötnum í orðræðu prentmiðlanna um allt íþróttafólkið þar sem fella má önnur stef undir þau að meira eða minna leyti. Hér er um að ræða stefin *þjóðerni* og *afreksmennsku*.



Clausen-bræður etja kappi í grindahlaupi á gamla Melavellinum.

Þjóðarstolt eða þjóðremba

Þrástefið þjóðerni og það stolt og hvatning til dáða sem því fylgir fyrir okkar litlu þjóð að eiga slíka fulltrúa á alþjóðavettvangi íþróttanna er mjög áberandi. Það tengist vafalítið rómantísku viðhorfi landsmanna til sjálfstæðis þjóðarinnar og tengslum þess við hetjuskap fortíðar. Það virðist hafa ríkt nánast alla síðustu öld og fram á þá tuttugustu og fyrstu.

Þessi þjóðernisorðræða kemur stundum fram í orðræðunni sem frekar illt umtal eða fjandskapur um andstæðingana. Dæmi um slíkan andstæðing er sænski handboltamaðurinn Staffan „Faxi“ Olsson sem lengi var talinn einn besti handboltamaður heims og valinn besti maður úrslitaleiksins um heimsmeistaratítilinn árið 1990 sem Svíar unnu. Í Morgunblaðinu frá því ári er hann kallaður „Gullfaxi“ og farið mörgum fögrum orðum um frammistöðu hans. Í viðtali við DV fjórum árum síðar er hann hins vegar spurður eftir leik: „Nú virðist þú vera óvinur númer eitt í sænska liðinu í augum íslenskra áhorfenda. Hvernig er það?“. Annar er franskur knattspyrnumaðurinn Zinedine Zidane sem „rigndi upp í nefið á“ ásamt öðrum Frökkum í jafnteflisleik við Ísland árið 1998 en árið 2000 er hann til dæmis kallaður „aðalstjarna heimsmeistaranna“.

Íþróttافرéttafólk veitist þó almennt ekki að snjöllum andstæðingum íslensks afrekssfólks í íþróttum. Dæmi um hið gagnstæða eru til dæmis „Íslandsvinir“ eins og danski skákmaðurinn Bent Larsen, brasilíski þrístökkvarinn Ferreira da Silva, enski kraftamaðurinn Geoff Capes og eistneski tugþrautarmaðurinn Erkki Nool. Allir þessir afreksmenn kepptu við íslenska afreksmenn og var ætíð skrifað um þá á Íslandi af mikilli virðingu, vinsemd og aðdáun.

Taumlaus afrekshrifning

Hitt stefið sem einkenndi orðræðuna um alla nítjánmenningana var afreksmennskan sem íþróttافرéttafólkið tíundar vandlega. Þeir eru hetjur nútímans. Ekki virðist nokkur vafi á að þessi áhersla á hetjuskap og afrek tengist að einhverju leyti hetjudýrkun íslenskrar fornmenningar sem aftur tengist enn eldri hetjugildum á meðal Grikkja og Rómverja. Ef til vill má segja að skyld þessari hetjudýrkun sé sú hetjudýrkun sem kom upp í tengslum við gríðarlegan vöxt og síðan fall íslenska bankakerfisins á árunum fyrir 2008 (Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirs-

Börn niðurlægð

Úrslit í körfuboltaleik á Íslandsmóti 14 ára stúlkna um helgina urðu þau að sigurliðið skoraði 101 stig, en andstæðingurinn 2. Úrslitin hafa vakið heitar umræður innan körfubolta-

samfélagsins. Reyndur þjálfari körfuboltaliðs sem einnig tók þátt í leikjum helgarinnar gagnrýndi þjálfara sigurliðsins harðlega á Facebook, taldi hann fara offari í leiknum og ganga of langt í að niðurlægja andstæðinginn. Í 9. flokki kvenna leika 14 ára

gamlar stúlkur og var leikurinn í A riðli, sem er sterkasti riðill Íslandsmótsins. Tapliðið hafði unnið sig upp úr B-riðli á síðasta móti og var að spila í fyrsta sinn meðal þeirra bestu (RÚV.is, 21. nóvember 2016).

dóttir, 2010; Svafa Grönfeldt o.fl., 2008). Raunar er nærtækt að tengja afrekadýrkun nútímans við þá einstaklingshyggju og sjálflægni sem talið er að einkenni vestræn samfélög (Taylor, 1989; Giddens, 1991).

Úr sjónræðu (orðræðu sem varðar uppsetningu og útlit) er einnig rétt að nefna þau meginstef að fréttir af alþjóðlegu íslensku afreksíþróttafólki eru oftast myndskreyttar en fréttir um annað íþróttafólk. Útsíðustaðsetning og stórar fyrirsagnir bera vitni um þessa framsetningu. Strax og litmyndir fóru að tíðkast varð afreksíþróttafólk á alþjóðavísu sérlega vinsælt myndefni litmynda. Þær eru einnig oftast á útsíðum og oftast en ekki er umfjöllun ofarlega á síðum í meira mæli en fréttir af öðru íþróttafólki, einkum útsíðum íþróttakálfa blaðanna. Þessi atriði geta því vel talist til meginstefja orðræðunnar, einkum séu þau skoðuð saman. Auk þess á sjónræðan mikinn þátt í að draga fram önnur stef og meginstef. Þar má nefna þjóðernið (til dæmis íslenska fánann) og kynjaða orðræðu (til dæmis kvenlegar línur og karlmannlegt útlit).


Nokkur stef geta hugsanlega talist nálgast það að vera meginstef varðandi einstaka afmarkaða hópa, svo sem konur eða fatlaða íþróttamenn (sjá nánar síðar). Þá er fjallað mismikið um íþróttafólkið eftir

því hvaða hópi það tilheyrir. Hið sama gildir raunar um hina eldri atvinnuknattspyrnumenn. Eftir að þeir fóru út í atvinnu-mennsku var lítið um þá fjallað í blöðunum á Íslandi og nánast aldrei á íþróttasíðum, frekar í dálkum um fræga fólk. Ef til vill má taka það sem merki um að á þeim árum hafi atvinnumennska verið nokkuð sniðgengin í íslenskum íþróttaprentmiðlum, ólíkt því sem nú er og ólíkt því sem virðist gilda um fjölmiðla í Bandaríkjunum og Bretlandi (Gunnar Valgeirsson og Snyder, 1986).

Meiri æsingur – aukið magn

Lítill munur reyndist á stefjum eftir íþróttagreinum. Þegar rannsóknin hófst hneig ætlun og áhugi að því að skoða hvort og hvernig orðræðan um íslenskt afreksíþróttafólk hefði breyst á því tímabili sem rannsóknin tekur til. Til þess að kanna þetta var borin saman orðræðan um elstu kempurnar frá árunum 1945–1955 annars vegar og um yngri afreksmenn í kringum 1990 – 2000 hins vegar.

Mikill munur á magni umfjöllunar vakti fyrst athygli. Varlega verður þó að fara í að



Bjarni Friðriksson júdókappi.



Einar Vilhjálmsson spjótkastari

túlka þann mun vegna þess að blöðin hafa sjálf stækkað mjög og öll fjölmiðlun aukist verulega í krafti aukinna tekna af auglýsingum, áskriftum og dreifingu. Þó virðist mega túlka hið aukna magn að einhverju leyti sem aukinn áhuga á íþróttum sem fréttæfni og aukna áherslu á íþróttir sem samfélagsþátt. Í því sambandi má þó velta fyrir sér aukinni áherslu fjölmiðla á hvers kyns einstaklingsafrekum og umfjöllun um „stjörnur“ á hinum ýmsu sviðum, svo sem frægt fólk, leikara, popptónlistarfólk og fjölmiðlafólk. Íþróttaaufreksfólk virðist henta vel fyrir slíka umfjöllun.

Í ljós kom að það virðist vera nokkur munur á orðræðu þessara tveggja tímabila enda ekki ósennilegt að gildismat sé annað og orðræðan ólík þegar svo margir áratugir eru á milli. Umfjöllunin um eldra íþróttafólkið virðist hófstílltari en tilþrifameiri en að mörgu leyti ýktari um þá þá sem eru nær í tíma.

Fjórða valdið?


Vinsældir íþróttar eru miklar, bæði sem fjölmiðlaefnis og afþreyingar fyrir fólk á öllum aldri. Fólk lítur einnig á þær sem uppeldistæki, hollan félagsskap og heilsuefingu fyrir æsku og ungmenni landsins. Þessar vinsældir meðal almennings valda því að verulegt fjármagn er látið renna til íþróttar, stundum í svo miklum mæli að mörgum ofbýður. Margendurtekinn sam-anburður á fjárveitingum opinberra aðila til lista annars vegar og íþróttar hins vegar er áberandi í umræðunni. Einnig nýleg dæmi um íþróttahallir og tónlistarhöllina Hörpu. Þau sem um málin fjalla verða þó seint á eitt sátt um hvort nægilega sé að gert, samanber orð Jóns Arnars Magnússonar

tugbrautarkappa: „Það er til dæmis nógu erfitt að fá fyrirtæki og stofnanir til að kosta og styrkja íþróttamenn, þótt fjölmiðlarnir séu ekki að eyðileggja það alveg fyrir okkur“ (Jón Arnar Magnússon, 2004: 22).

Af orðum Jóns Arnars mætti ætla að fjölmiðlarnir hefðu mikið vald yfir íþróttahéiminum, stjórnðu honum nánast með orðræðu sinni, áherslum og umfjöllun. Þetta er algengt sjónarmið. Þó má draga í efa að þetta sé rétt. Ósanngjarnt er að ætla starfsfólki fjölmiðlanna að vilja stýra inntaki umfjöllunarinnar sér eða fjölmiðli sínum í hag, jafnvel þótt ætla megi að einhver tengsl séu alltaf milli hagsmuna eigenda þeirra og áhersluatriða þeirrar umfjöllunar sem í þeim birtist (Fairclough, 2008). Miklu fremur er hér um að ræða það sem nefna má valdið í orðræðunni. Heimspekingurinn



Vilhjálmur Einarsson stekkur silfurstökkið í Melbourne.



“Faxi” - Staffan Olsson handboltastjarna Svía.

Foucault hefur bent á að vald sé gagnkvæmt samband þess sem stjórnar og þess sem lætur að stjórn. Báðir aðilar taki í raun þátt í því með orðræðu sinni (Foucault 2002, 2005, 2008). Þannig má ætla að til dæmis hetjumyndin og afrekadýrkun fjölmiðlanna sé í gagnkvæmu sambandi við afrekadýrkun innan íþróttahreyfingarinnar en einnig meðal íþróttáhugafólks, jafnvel almennings alls.

Rangt væri þó að líta svo á að fjölmiðlar og íþróttir myndi einhverja afmarkaða samloku í orðræðunni. Samfélagið og menningin eru þriðja aflið sem knýr orðræðuna áfram, þróar hana í sögulegu samhengi og veitir sífellt nýjum straumum í gegnum hana, meðal annars í fjölmiðlunum. Breytt kynjaorðræða í samfélaginu kemur þannig fram í kynjaðri orðræðu fjölmiðlanna og kynjaðri framkomu íþróttamannanna sjálfra. Sama gildir um afstöðu til atvinnumennsku í íþróttum, útlits og glæsimennsku íþróttamanna. Þetta á einnig við um hvaða íþróttagreinar eða íþróttamenn eru sniðgengnir eða dregnir fram á hverjum tíma. Allt er þetta háð sögulegri samverkan milli íþróttahéimsins, fjölmiðlanna og menningarinnar í samfélaginu hverju sinni.



Franski knattspyrnumaðurinn Zinedin Zidane.



Franski heimspekingurinn Michel Foucault.

8. kafli: Séra Jón og Halti- Jón og konurnar þeirra

Þegar fjallað er um orðræðu fjölmiðla tengda íþróttum er alls ekki sama um hvaða hóp verið er að fjalla. Í rannsókninni



Vala Flosadóttir stangarstökkvari.

sem sagt er frá í 7. kafla kom í ljós að allt önnur stef voru ráðandi um íþróttakonur og fatlað íþróttafólk, reyndar auk þeirra tveggja meginstefja sem þar eru nefnd, þjóðernisstoltið og afreksdýrkunin.

Fagra en ómerkilega kynið

Á Ólympíuleikunum árið 2000 vann íslensk íþróttakona, Vala Flosadóttir, bronsverðlaun í stangarstökki. Í kjölfar þess birtist margt athyglisvert í fjölmiðlunum. Meðal annars var þar dregin fram nokkur umræða um Völu sem fyrirmynd íslenskrar æsku. Birtingarmyndir þess voru meðal annars í viðtali við móður hennar, við forseta Íslands, við menntamálaráðherra, í auglýsingu frá Auði – í krafti kvenna og í auglýsingu frá Íslandsbanka. Þær auglýsingar tengjast einnig því að orðræða um kvenleika var allmikil í hrifningarvímum afreksins. Forseti Íþróttasambands Íslands talaði um Völu sem stúlku með fallett bros og á því var hnykkt í leiðara *Morgunblaðsins* og víðar í umfjöllun þess. Talað var um fallega framkomu og hógværð, unga og glæsilega íþróttakonu, sem alltaf hafi verið brosmild og indæl stúlka. Hún var bronsstúlkan sem grét við öxl þjálfara síns þegar bronsið var í höfn og snökti yfir tölvupóstinum að heiman. „Einstaklega góð stúlka“, sagði landsliðsþjálfarinn.

Það er þess virði að fjalla sérstaklega um eina prentmiðlaumfjöllun en þriðjudaginn 26. september árið 2000 er skrifað í leiðara *Morgunblaðsins* um Völu Flosadóttur í framhaldi af bronsverðlaunastökki hennar á Ólympíuleikunum. Sú umfjöllun segir meira en mörg orð um megineinkenni kynjaðrar orðræðu um íslenskar afreksíþróttakonur og kvenleika íslenskra íþróttakvenna. Í leiðaranum stendur:

Það er frábært afrek hjá svo ungri stúlku sem svo sannarlega hefur unnið hug og hjörtu landa sinna með árangri sínum, falgri framkomu og hógværð. Og hún er fyrst íslenskra kvenna til að komast á verðlaunapall á Ólympíuleikum. Íslendingar eru svo sannarlega stoltir af Völu Flosadóttur. Viðbrögð forseta Íþrótt- og ólympíusambands Íslands, Ellerts B. Schram, sem var viðstaddur keppnina lýsa vel þeim hughrifum sem Íslendingar urðu fyrir við árangur Völu: „Ég er nánast orðlaus ... okkar stúlka var svo sannarlega í sviðsljósinu með sitt fallega bros og mikla keppnis-skap.“ (...) Hún sýndi fljótlega mikinn dugnað og metnað og brátt vakti hún mikla athygli þegar hún setti hvert unglingametið af öðru, Íslandsmet, Norðurlandamet, Evrópumet og loks heimsmet. Svo glæsilegur var ferill hennar að Svíar vildu fá hana til að gerast sænskur ríkisborgari og keppa fyrir Svíþjóð en það vildi hún ekki því hún er Íslendingur fyrst og síðast. Ekki kom til greina annað en að keppa fyrir Íslands hönd. Vala Flosadóttir hefur ekki aðeins unnið mikið persónulegt afrek sem mun verða til þess að nafn hennar verður skráð um ókomin ár í íslenska íþróttasögu, heldur hefur hún einnig verið föðurlandi sínu til sóma og glatt landa sína með árangri sínum og falgri framkomu. Þessi unga og glæsilega íþróttakona var fyrir löngu orðin fyrirmynd nýrra kynslóða Íslendinga og með fordæmi sínu verður hún æskufólki hvatning til þess að stunda íþróttir og lifa heilbrigðu lífi (Morgunblaðið, 2000).



Hrafnhildur Skúladóttir í baráttu við rúmenska handknattleikskonu.

Hér er nánast á ferðinni allt það sem kalla mætti einkenni kynjaðrar orðræðu. Vala er ung fegurðardís með fallega framkomu og líkamsreisu, brosmild, íslensk nútímakona sem elskar landið sitt. Hún býr yfir leiftrandi tilfinningum og kvenlegum einkennum eins og samviskusemi, dugnaði og metnað fyrir sína hönd og þjóðar sinnar. Þar að auki er hún frábær í beinum sem óbeinum samskiptum við aðra, bæði sem fyrirmynd þeirra og hvatning. Hér er ekkert sem stingur verulega í stúf við viðhorf samfélagsins fyrir hundrað árum um kyneðli og kynhlutverk (Eygló Árnadóttir, 2011; Guðný Gústafsdóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2010; Þorgerður Hrönn Þorvaldsdóttir, 2001).

Í rannsókninni á íþróttarorðræðunni kom fram að orðræðan um íþróttir hefur greinilega haft ríka tilhneigingu til að vera mjög karllæg. Allt miðast þar við unga,

hrausta og sterka karlmenn, ófatlaða og gagnkynhneigða. Umfjöllun um íþróttakonur kom fyrir nokkrum áratugum inn í þessa orðræðu og hefur breytt henni nokkuð. Þó eimir vissulega eftir af gömlum gildum og gamalli orðræðu. Þess vegna má líta svo á að orðræðan um íþróttakonur búi yfir eigin meginstefjum.

Á margan hátt má líta svo á að íþróttir séu vígi karlmennskunnar og svo hafi verið um langa hríð. Í fornsögnum er til dæmis ekki getið um íþróttaiðkun kvenna en þær eru gjarnan nálægar þegar karlarnir etja kappi enda er íþróttaiðkunin oft liður í tilraunum karlanna til að ganga í augun á konunum (Guðmundur Sæmundsson og Ingibjörg Jónsdóttir Kolka, 2008). Afar fátt hefur verið ritað um sögu íslenskra kvennaíþróttar og er þörf á að þar verði gerð bragarbót.

Íþróttaiðkun kvenna á Vesturlöndum hófst í kvennaskólum 19. aldar. Áhersla var lögð á að stunda íþróttir sem afþreyingu og áhugamál og íþróttaiðkunin mátti undir engum kringumstæðum grafa undan eða draga úr ímynd konunnar sem kynveru. Fyrirmyndin að íþróttum karla er hins vegar í herþjálfun. Þessa sjást einnig glögg merki í íþróttum karla til forna. Sumir íþróttakynjafræðingar telja jafnvel að íþróttir hafi átt stóran þátt í að viðhalda staðalímyndum um konur og kynjahlutverk á 20. öldinni og að íþróttir sem slíkar hafi verið stofnun í samfélaginu þar sem kúgun kvenna var liðin og upphafin (Hult, 1994; Messner, 1994). Einnig þetta gæti átt við um norænu fornhetjurnar.

Niðurstaðan er nokkuð ljós: Konur iðka ekki íþróttir á eigin forsendum heldur fyrst og fremst á forsendum karla. Það er svo sem ekki við öðru að búast þegar þær koma á þeim forsendum inn í þetta vígi karlmennskunnar.

Í rauninni er það svo að ýmis stef geta í raun fallið undir *kynjaða íþróttarorðræðu* um konur. Íþróttir eru hefðbundið vígi karlmennskunnar, nánast í svipuðum mæli og hermennska. Þó er þetta mismunandi eftir íþróttagreinum, tíma, löndum og vinsældum eða mikilvægi íþróttanna. Þess vegna er afar fyrirsjáanlegt að umfjöllunin um íþróttakonur og kvennaíþróttir sé mun minni en um karlana.

Ýmis fleiri stef en þöggun eða þögn falla undir kynjaða orðræðu um konur. Þar ber fyrst að nefna áherslu á kvenlegt útlit, til dæmis andlitsfegurð, fallegan líkamsvöxt, kvenlega hárgreiðslu og klæðnað. Þá má bæta við stefnum eins og tilfinningum, metnaði, ákveðni og þrjúsku, umhyggju og samvinnu. Talað er sérstaklega um þær sem konur eða fyrirmynd kvenna þótt það komi afrekum þeirra lítið við. Einnig er greinileg kynjuð orðræða í því fólgin að birta myndir þar sem kvenlegar línur og fegurð eru dregnar fram. Hjá körlum falla undir kynjuðu orðræðuna stef eins og líkamsburðir, styrkur og sjónræða (til dæmis myndir, staðsetning og stærð fyrir-sagna) þar sem áhersla er lögð á vöðva-byggingu og hreyfingu.

Athyglisvert er að skoða ýmis þau stef sem sameiginleg eru konunum í gögnum orðræðugreiningarinnar. Þar er fyrst að nefna að stefið *metnað* má finna hjá fjórum kvennanna en hjá körlunum er metnaður sjaldan nefndur, hvað sem því kann að valda. Eru íþróttir hugsanlega svo karlmannlegar í orðræðu blaðamanna að það þurfi sérstakan metnað hjá konum til að ná árangri í þeim?

Samandregið má segja að greining prentmiðlaumfjöllunarinnar myndi samhverfa mynd af kynjaðri orðræðu sem sýnir hvað íþróttakonur eru og hvað þær eru ekki (sjá töflu 1).

Tafla 1. Einkenni íslenskrar afreksíþróttakonu

<i>Íslensk afreksíþróttakona er ...</i>	<i>Íslensk afreksíþróttakona er ekki ...</i>
<i>Ung stúlka (13–18 ára)</i>	<i>Miðaldra eða eldri kona</i>
<i>Hógvær og með fallega framkomu</i>	<i>Orðhvöt eða hrokafull</i>
<i>Fögur og glæsileg útlits</i>	<i>Ófríð eða venjuleg útlits</i>
<i>Með fallegt bros</i>	<i>Alvöruhefin</i>
<i>Með mikið keppnissskap</i>	<i>Veikgeðja</i>
<i>Heilbrigð og vel menntuð</i>	<i>Lítt menntuð</i>
<i>Dugleg</i>	<i>Snjöll og hæfileikarík</i>
<i>Metnaðargjörn</i>	<i>Í íþróttum ánægjunnar vegna</i>
<i>Fyrirmynd ungra stúlkna</i>	<i>Í íþróttum heilsunnar vegna</i>

Ekkert í þessari töflu er andstætt skoðunum íslenska feðraveldisins frá því um aldamótin 1900 (og vafalaust lengur, að íþróttum slepptum) á því hvaða kostum hin íslenska (íþrótt)kona eigi að vera búin og hvað henni beri að forðast (Þorgerður Hrönn Þorvaldsdóttir, 2001).

Bein kynjuð orðræða um karlana, hversu glæsilegir, vel vaxnir, hraustir og sterkir þeir séu, er frekar sjaldgæf í gögn-um rannsóknarinnar og í íþróttaumfjöllun fjölmiðlanna almennt. Óbeint má segja að hún komi fram í því að karlmennsku-ímyndin bíður hvergi hnekki í lýsingum á þeim, hvorki í orðum né myndum. Hún er ef til vill einna sterkast dregin fram í sambandi við kraftaíþróttir en síst í sambandi við íþróttir eins og skák. Þessi hlutfallslegi skortur á sérstakri kynjaðri orðræðu um íþróttakarla skýrist eins og áður sagði af því að íþróttir eru vígi karlmenskunnar og svo hefur verið um langa tíð. Þar kemur því fátt karlmannlegt á óvart og því óþarft fyrir fjölmiðlana að fjalla sérstaklega um það.



Margrét Lára Viðarsdóttir knattspyrnuhetja.



Aníta Hinriksdóttir hlaupari.



Guðrún Arnardóttir hlaupari.

Mismunur orðræðunnar milli kynja kemur einnig fram í því hvaða stef koma EKKI fyrir hjá öðrum hvorum hópnum. Stef sem ekki koma fyrir um neinar kvennanna en eru algengar um karlana eru til dæmis *dómaramál, félagavandræði, hjátrú, áhorfendur, keppnisvellir, kímigáfa, orðheppni, kæruleysi, vera jarðbundinn, útsjónarsemi, góður liðsmaður, foringi, lyffjámál og gestrisni*. Það kann að vera talið að ekki hæfi að nota sum þessara stefja um konur, til dæmis dómaramál og félagavandræði (konur eru ekki til vandræða) og gestrisni (karlar sjá um gestrisnina en konur um veitingarnar). Þannig segir fjarvera marga „karl“-stefja okkur margt um orðræðuna um íþróttakonur. Þetta tengist einnig umræðum um einkenni og hlutverk kynjanna í heimi karlmennskunnar þar sem körlum eru eignaðir eðlisþættir sem geri þá almennt að eðlilegum foringjum, stjórnendum, viðskiptajöfrum og þjóðhöfðingjum

(Guðný Gústafsdóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2010; Eygló Arnardóttir, 2011).

Í ljósi þeirrar sterku orðræðukröfu að íþróttakonur séu fegurðardísir má ef til vill skoða þá tilhneigingu að íþróttakonur eru oft yngri en karlarnir og keppnisbúningar þeirra efnisrýrari og/eða aðskornari, eins og í fimleikum, dansi, tennis, badminton, frjálsíþróttum, og strandblaki. Þessi dýrkun æsku, holds og líkama (eða vöðva – sbr. „crossfit“ og vaxtarrækt) þekkist að sjálf-sögðu einnig meðal íþróttakarla en ekki í sama mæli og á sama hátt og hjá stúlkunum. Raunar hafa keppnisbúningar karla í sumum íþróttagreinum þróast í þá átt að hylja meira en áður (t.d. í knattleikjunum) þótt einnig séu dæmi um hitt (til dæmis í frjálsíþróttum). Þetta kann þó allt að skýrast að einhverju leyti af tískustraumum.

Aumingjans litlu fatlafólin

Í orðræðugreiningum á fjölmiðlum, meðal annars þeirri rannsókn sem nefnd var í kaflanum hér á undan, hefur komið í ljós að um fatlað íþróttafólk er viðhöfð allt önnur orðræða en ófatlað (Guðmundur Sæmundsson og Kristín Björnsdóttir, 2011). Þögnin og takmörkun orðræðunnar um afreksíþróttir fatlaðs fólks er svo hávær að færa má rök fyrir því að hér sé um meginstef að ræða. Meðal stefja eru annars hve góðar fyrirmyndir þau eru öðru fötluðu fólki. Auk þess er minnst á kraft þeirra, dugnað og hógværð. Elja og þrautseigja eru dregin fram, einnig þrúð og íþróttamannsleg framkoma, styrkur, áræðni og metnaður og mikið keppnisskap.

Hins vegar má einnig merkja vorkunnsemi í garð fatlaðra íþróttamanna sem kemur maðal annars fram í orðræðu um að þeir þurfi að sigrast á meiri hindrunum en aðrir. Þeir þurfi að sigrast á fötlun sinni. Þessi orðræða á rætur að rekja til læknisfræðilegs skilnings á fötlun sem „leggur áherslu á að greina líkamleg eða andleg afbrigði eða skerðingu og veita ráðgjöf um meðhöndlun, meðferð, endurhæfingu eða umönnun“. Litið er á fötlunina sem vandamál einstaklingsins og einblínt á skerðinguna sem ástæðu erfiðleika og hindrana í lífi fatlaðs fólks. Í orðræðunni er einnig talað niður til fatlaðs fólks með orðalagi og setningagerð sem minnir sterklega á hvernig talað er við og um börn.

Hér togast á staðalmyndir um fatlað fólk sem börn og kynlausar verur (Rannveig Traustadóttir, 2006). Þetta er sú sama mynd af fötluðu fólki og birtist í samfélagsorðræðunni almennt, myndin af ósjálfbjarga fólki sem aldrei vex frá foreldrum sínum og er því börn alla ævi, þarf umönnun fjölskyldu sinnar og er jafnvel byrði

fyrir samfélagið. Það er ekki einu sinni gert ráð fyrir því að þau giftist eða eignist börn.

Íþróttir fatlaðs fólks hafa mjög sterka tengingu við læknisfræðilegt sjónarhorn á fötlun þar sem nákvæm skipting í keppnisflokka byggir á læknisfræðilegum greiningum. Ókosturinn við læknisfræðilegan skilning er að horft er fyrst og fremst á skerðinguna en litið framhjá þeim umhverfislegu hindrunum eða samfélagslegu erfiðleikum sem fatlað fólk þarf að takast á við. Þá er einnig hæfileikum, getu og afrekum ekki sinnt sem skyldi (Kristín Björnsdóttir, 2009).

Afreksmennska er í mótsögn við meginstef um takmarkanir og skerðingar. Lítið er fjallað um fatlaða afreksíþróttamenn í prentmiðlum en þegar það er gert er umfjöllunin oft ónákvæm og jafnvel röng. Orðalag minnir á hvernig talað er við og um börn og sjónum ítrekað beint að skerðingum og takmörkunum íþróttamannanna.



Samtök íþróttafréttamanna

Hvernig á íþróttamaður ársins að vera?

Hér á eftir fer listi yfir allt það íþróttafólk sem hlotið hefur kosningu sem Íþróttamaður ársins á Íslandi (Tafla 2) en sú kosning fer fram meðal íþróttafréttamanna við mikil hátíðahöld ár hvert (Íþróttamaður ársins, 2017; Ólafía Þórunn er íþróttamaður ársins 2017, 2017):

Tafla 2. Íþróttamaður ársins frá upphafi til 2017			
Ár	Nafn	Atvinnumaður	Íþróttagrein
1956	Vilhjálmur Einarsson		Frjálsíþróttir
1957	Vilhjálmur Einarsson		Frjálsíþróttir
1958	Vilhjálmur Einarsson		Frjálsíþróttir
1959	Valbjörn Þorláksson		Frjálsíþróttir
1960	Vilhjálmur Einarsson		Frjálsíþróttir
1961	Vilhjálmur Einarsson		Frjálsíþróttir
1962	Guðmundur Gíslason		Sund
1963	Jón Þ Ólafsson		Frjálsíþróttir
1964	Sigríður Sigurðardóttir		Handbolti
1965	Valbjörn Þorláksson		Frjálsíþróttir
1966	Kolbeinn Pálsson		Körfubolti
1967	Guðmundur Hermannsson		Frjálsíþróttir
1968	Geir Hallsteinsson		Handbolti
1969	Guðmundur Gíslason		Sund
1970	Erlendur Valdimarsson		Frjálsíþróttir
1971	Hjalti Einarsson		Handbolti
1972	Guðjón Guðmundsson		Sund
1973	Guðni Kjartansson		Knattspyrna
1974	Ásgeir Sigurvinsson	Atvinnumaður	Knattspyrna
1975	Jóhannes Eðvaldsson	Atvinnumaður	Knattspyrna
1976	Hreinn Halldórsson		Frjálsíþróttir
1977	Hreinn Halldórsson		Frjálsíþróttir
1978	Skúli Óskarsson		Kraftlyftingar
1979	Hreinn Halldórsson		Frjálsíþróttir
1980	Skúli Óskarsson		Kraftlyftingar
1981	Jón Páll Sigmarsson		Kraftlyftingar
1982	Óskar Jakobsson		Frjálsíþróttir
1983	Einar Vilhjálmsson		Frjálsíþróttir
1984	Ásgeir Sigurvinsson	Atvinnumaður	Knattspyrna
1985	Einar Vilhjálmsson		Frjálsíþróttir
1986	Eðvarð Þór Eðvarðsson		Sund
1987	Arnór Guðjohnsen	Atvinnumaður	Knattspyrna
1988	Einar Vilhjálmsson		Frjálsíþróttir
1989	Alfreð Gíslason	Atvinnumaður	Handbolti
1990	Bjarni Friðriksson		Júdó
1991	Ragnheiður Runólfsdóttir		Sund
1992	Sigurður Einarsson		Frjálsíþróttir
1993	Sigurbjörn Bárðarson		Hestaíþróttir
1994	Magnús Scheving		Þolfimi

1995	Jón Arnar Magnússon		Frjálsíþróttir
1996	Jón Arnar Magnússon		Frjálsíþróttir
1997	Geir Sveinsson	Atvinnumaður	Handbolti
1998	Örn Arnarson		Sund
1999	Örn Arnarson		Sund
2000	Vala Flosadóttir		Frjálsíþróttir
2001	Örn Arnarson		Sund
2003	Ólafur Stefánsson	Atvinnumaður	Handbolti
2002	Ólafur Stefánsson	Atvinnumaður	Handbolti
2004	Eiður Smári Guðjohnsen	Atvinnumaður	Knattspyrna
2005	Eiður Smári Guðjohnsen	Atvinnumaður	Knattspyrna
2006	Guðjón Valur Sigurðsson	Atvinnumaður	Handbolti
2007	Margrét Lára Viðarsdóttir	Atvinnumaður	Knattspyrna
2008	Ólafur Stefánsson	Atvinnumaður	Handbolti
2009	Ólafur Stefánsson	Atvinnumaður	Handbolti
2010	Alexander Petersson	Atvinnumaður	Handbolti
2011	Heiðar Helguson	Atvinnumaður	Knattspyrna
2012	Aron Pálmarsson	Atvinnumaður	Handbolti
2013	Gylfi Þór Sigurðsson	Atvinnumaður	Knattspyrna
2014	Jón Arnór Stefánsson	Atvinnumaður	Körfubolti
2015	Eygló Ósk Gústafsdóttir		Sund
2016	Gylfi Sigurðsson	Atvinnumaður	Knattspyrna
2017	Ólafía Þórunn Kristinsdóttir	Atvinnumaður	Golf
2018	Sara Björk Gunnarsdóttir	Atvinnumaður	Knattspyrna

Tafla 3. Íþróttamenn ársins. Samsetning hópsins						
	1956-2000 (45)		2001-2018 (17)		Alls frá 1956 (62)	
	Fj	%	Fj	%	Fj	%
Ófatlaðir karlar	44	96%	14	78%	58	91%
Íþróttakonur	2	4%	4	22%	6	9%
Fatlað íþróttafólk	0	0%	0	0%	0	0%
Áhugaíþróttamenn	39	84%	2	11%	41	64%
Atvinnumenn	7	16%	16	89%	23	36%
Boltagreinar	12	26%	15	83%	27	42%
Frjálsíþróttir	21	46%	0	0%	21	33%
Aðrar íþróttir	13	28%	3	17%	16	25%



Kristín Rós Hákonardóttir, ein mesta afrekskona Íslands í sundi. Hún var aldrei valin íþróttamaður ársins, enda fötluð.

Út frá þessum lista má gera alls konar lýsandi tölfræði. Til að sjá hvort eitthvað hafi breyst eða þróast er annars vegar rétt að setja upp tölfræðina frá upphafi – þ.e. í

62 ár, hins vegar í fyrstu 45 árin og síðustu 17 árin (Tafla 3).

Þessi tölfræði segir margt lærdómsríkt, sumt gott, annað verra og enn annað athyglisvert. Það fyrsta sem rétt er að nefna er að íþróttakonur koma hlutfallslega skár út úr síðustu 17 árum en tímabilinu í heild. Þar virðist jafnréttisbaráttan hafa skilað einhverju. Hlutfall kvenna er þó enn átakanlega lágt. Átakanlegri er þó hlutur fatlaðs íþróttafólks sem aldrei hefur komist á blað í þessi 62 ár þrátt fyrir íþróttahetjur eins og Kristínu Rós, Sigurrós Karlsdóttur, Hauk Gunnarsson, Jón Odd Halldórsson og Helga Sveinsson svo að einhverjir séu nefndir.

Athyglisverður viðsnúningur hefur orðið í vinsældum íþróttagreina samkvæmt þessum lista. Boltagreinar hafa þannig stóraukið sinn hlut í verðlaununum á meðan allar aðrar íþróttir hafa hrapað, eins og frjálsíþróttirnar sem virðast hafa verið sigursælastar fyrstu 45 árin.



Þessi mynd sýnir vel það umhverfi sem nú um stundir umlykur afreksíþróttirnar. Merki kostunarfyrirtækja nánast kaffæra allt annað myndefni.

MINNING

100 ÁRA MINNING

Lárus Rist

Fæddur 19. júní 1879
Dáinn 10. október 1964

19. júní voru liðin hundrað ár frá fæðingu Lárusar J. Rist, eins helsta brautryðjanda líkamsræktar og ungmenntafélagshreyfingar á Íslandi. Lárus var þjóðkunnur fyrir margháttað störf sín og því er gild ástæða til að minnst hans af þessu tilefni.

Lárus var sonur Jóhanns Rist Sveinbjarnarsonar og konu hans Ingibjargar Jakobsdóttur ljósmóður, sem lést þegar Lárus var tæpra þrígga ára. Eftir lát Ingibjargar fluttust þeir feðgar frá Valdastöðum í Kjós norður í Eyjafjörð og settust fyrst að á Stokkahlöðum. Faðir Lárusar kvæntist síðar öðru sinni og reisti hann þá bú á Botni í Hrafnagilshreppi ásamt konu sinni Þóru Þorkelsdóttur. Við þann stað tók Lárus miklu ástföstri og þegar hann eignaðist jörðina gaf hann Akureyrarbæ hana til skógræktar.

Lárus stundaði nám við Möðruvallaskóla 1897–1899. Hugur hans stefndi til meira náms og því hélt hann, þótt fátækur væri, til Noregs og var þar eitt ár við nám í vefjaraiðn. Aftur hélt Lárus utan árið 1903 og þá til Askov í Danmörku. Að loknu tveggja ára námi þar fór hann til Kaupmannahafnar og nam eitt ár við Statens Gymnastik Institut og lauk þáðan leikfimi- og sundkennaraprófi vorið 1906. Var hann annar Íslendingurinn sem tók slík próf.

Lárus hélt til Akureyrar eftir dvölina í Danmörku og hóf þegar að kenna leikfimi og sund. Við Gagnfræðaskóla Akureyrar var hann síðan leikfimikennari um aldarfjórðungs skeið eða allt til ársins 1932. Sund kenndi hann ár hvert á Akureyri og víðar á árunum 1907–1922.

Árið 1937 fluttist Lárus til Hveragerðis og kenndi þar sund um nokkurt skeið.

Lárus fékkst nokkuð við ritstörf, einkum á efri árum og skrifði m.a. æviminningar sínar „Synda eða sökkva“ sem sonur hans, Sigurjón, gaf út árið 1947. Lárus kvæntist Margrétu Sigurjónsdóttur frá Sörlastöðum árið 1911 en missti hana eftir 10 ára sambúð. Þau eignuðust 7 börn. Hann lést 10. október 1964 og var jarðsunninn á Akureyri.

Lárus þótti með kempulegustu mönnum sinnar samtíðar. Hann var garslegur í útliti og framgöngu, teinréttur og hermannlegur. Andlitð mikluðlegt og stórskorið. Í allri framkomu sinni var Lárus nánast persónugervíngur þeirra lífs- og uppeidishugsjóna sem hann kynntist á námsárum sínum í Danmörku. Kjarni þessara hugsjóna var trúin á manninn,

manngildið og mannkærleikann. Í huga hans var það skylda hvers manns að vera maður og þá fyrst og fremst batnandi maður. Þessum lífsskobunum sínum var Lárus trúur allt til æviloka. Það kom ekki síst fram í því trausti sem hann bar til æskunnar sem hann helgaði krafta sína af mikilli förnýfisi.

Mikilvægur þáttur í uppeidishugsjónum Lárusar var líkamsræktin. A henni hafði hann óbilandi trú. Í æviminningum sínum segir hann á einum stað: „En ég hafði sannfærst um það á námsárum mínum í Danmörku, að einna mikilvægast fyrir uppeidi æskunnar væri, að vel tækist til með leikfimikennsluna. Það er leikfimikennarinn öðrum kennurum fremur, sem hefur líkamlegan þroska nemendanna í hendi sér auk ýmissa hinna þýðingarmestu þátta í sálarlífinu. Það er hans: að rétta þá úr kútnum, kenna þeim að bera höfuðið hátt og laga þá svo í sniðum, að þeir geti öðlast djarflega framgöngu. Það er hann, sem öllum kennurum fremur getur með æfingavali sínu og framkomu örvað framtak nemendanna, mótað skapgerðina og eftir viljaþrekið.“

Það var í samræmi við trú Lárusar á manninn að hann vildi að nemendur sínir temdu sér að horfa hátt og hugsa hátt: vera djarflegir í framgöngu.

Í huga Lárusar átti leikfimin, líkamsræktin, að þjóna háleitustu markmiðum en ekki að vera hjómið eitt. Þetta kemur fram á öðrum stað í æviminningum hans þar sem segir frá eintali sálarinnar um gildi leikfiminna og hrottaskap glimunnar og hnafaleikanna, sem ekki áttu upp á pallborðið hjá honum: „... stöðugt hvíslaði að mér innri rödd, sem sagði: „Þinni leikfimi og þeim íþróttum sem þú velur, verður að fylgja sú siðmenning — kultur — sem skólarnir vilja og eiga að halda uppi í landinu. Þú þarft að kunna skil á, hvað sé göfgandi og grópi inn í hugann mannkærleik, háttþrýði og þróðmennsku, og hve langt megi ganga í hverri íþróttagrein, svo ekki hljótið verra af. Hver kennslustund ætti að skilja eftir neista af þeim eldi, sem skírást skal loga á arni framtíðarinnar — eldi hugsjóna og bræðralags. Glimum og hnafaleikum fylgja bæði hugsunarhátur og orðaval, sem vinna í gagnstæða átt. Mundi nokkur vilja halda því fram, að orð eins og fella, bregða, slá, þjarmaað, svo fátt sé talið af þeim grúa „hreytistyrða“, sem notaður er í sambandi við þessar íþróttir, hafi engin áhrif í þjóðfélaginu?“

Sundið var Lárusi kærast allra íþróttar. Þá íþrótt lærði hann ungur í Eyjafirði.



Eins og fram hefur komið starfaði Lárus að sundkennslu meðan kræftar leyfðu, fyrst á Akureyri og víðar og síðan í Hveragerði. Þegar Lárus kom til Hveragerðis tók hann til óspilltra málanna og reisti þar sundlaug með hjálp ungmenntafélaga og margra annarra sem hann hreif með sér með dugnaði sínum og atorku. Síðar var þessi laug stækkuð og gerð enn veglegri. Nokkru eftir að laugin hafði verið reist, gat Lárus verið stoltur yfir því að allir unglíngarnir í sveitinni voru orðnir vel syndir og börn í Hveragerði allt niður í 6 ára aldur.

Lárus varð þjóðkunnur fyrir að synda yfir Eyjafjörð árið 1907, en hann hafði strengt þess heit á fundi í Ungmenntafélaga Akureyrar í ársbyrjun, „... að synda yfir Eyjafjörð innan jafnlangdar, alklæddur og í sjófötum, á bilinu frá Glerár-ósum inn að Leiru, en áskil mér rétt til þess að kasta klæðum á sundinu, ella minni maður heita.“ Sundið vakti mikla athygli um allt landið og átti ekki lítinn þátt í þeirri sundvakningu sem átti sér stað á árunum á eftir. En Lárus vildi með sundinu annað og meira en að afla sér frægðar. Hann vildi með því sýna að sundkunnátta væri hverjum og einum nauðsyn en ekki síst sjómönnum, því margir héldu því fram á þeim árum, að þeir sem í sjóinn féllu drukkuðu, jafnt hvort þeir væru syndir eða ekki.

Þegar Lárus kom til Akureyrar frá námi í Danmörku gekk hann strax til liðs við ungmenntafélagshreyfinguna, sem þá hafði skotið rötum og átti eftir að breiða úr sér um landið á fáum árum. Lárus tók virkan þátt í starfi Ungmenntafélags Akureyrar og naut alla tíð síðan mikillar virðingar innan hreyfingarinnar. Fyrir atbeina hans stóð félagið að því að reisa stóra sundlaug í Grófargili og sumarið 1909 stóð hann að íþróttamóti ungmenntafélaganna á Akureyri. Þetta mót var fyrsta meiriháttar íþróttamótið á Íslandi og af mörgum er það talið fyrsta Landsmót UMFÍ. Á móti þessu var keppt í nokkrum íþróttagreinum í fyrsta sinn á Íslandi, svo sem kappgöngu og knattspyrnu.

Lárus Rist lagði fram stóran skerf til líkamsræktar og íþróttar á Íslandi á fyrri hluta aldarinnar. Fyrir það á hann þakkar skildar. Íþróttakennarar minnst hans sem eins helsta líkamsræktarfrómuðar þjóðarinnar.

Ingimar Jónsson.

Íslendingabættir

Íslendingabættir Tímans 14.7.1979

Pegar Lárus Rist synti yfir Eyjafjörð 1907

*Hljóp á sund fyrir sandi
(sárfegin varð Bára)
þveran fjörð sá, er þorði
þjóðum lotu bjóða.
Lék á löðri kviku
lystugr sveinn og kyssti
ýmist Hrönn eða Unni,
úrgum munni sem brunnu.*

*Lostug Rán sig reisti
reið og vildi neyða
rösk við rekkjugáska
Rist hjá sér að gista.
En fullhuginn fella
flagð nam skessubragði;
heill komst hann frá tröllo;
hlumdi kerling og þrumdi.*

*En afbrýðis æði Ægi tók
hinn fræga,
hét á hæng og skötu,
hámerar og „berbera“.
„Bítit stökklar í stykki
strák, kvað, mikillátan,
Kramin hrín og kveinar
kván mín undan hánun.“*

*Gnýr varð, öndverð eyri
öll skalf, söng í fjöllum,
hendast stökklar, ok
hundrað
hundfiskar ljósta grundu;
hljóðandi himdu lýðir,
Hjalteyri varð að gjalti
áður stóð heill á hauðri
hraustr Rist, studdur af
Kristi.*


*Nú aldir með öldum
eru síðan hinn fríði
Áleifr rex í elfi
allhart lék við Kjartan.
Nú hefir Rist yfir rastir
reynt sund, at ek meina,
ungr á afreksþingi,
eins hart snöru hjarta.*

*Ungir Íslendingar,
aldrei gleymit at geyma
hvöt og hug at heita
(heyr þat) öðrum meiri.
Æðsta marks, sem orkit,
ópreytandi leitit;
munit at léð er lýði
land fyrir **kraft** ok **anda**.*

(Matthías Jochumsson,
1956)



Lárus Rist ferðbúinn til sunds yfir
Eyjafjörð 1907. Mynd:
Héraðsskjalasafnið á Akureyri.



Matthías
Jochumsson
skáld og prestur


9. kafli: Er almenningur hneykslaður?

Rannsóknarverkefnið SIÐFERÐI OG GILDI Í ÍÞRÓTTUM var framkvæmt að mestu á árinu 2017. Það snerist um að kanna meðal sem flestra hópa samfélagsins og meðal almennings á Íslandi viðhorf til íþrótta,

einkum til siðferðis og gilda. Tilgangurinn með því er að þeir sem móta stefnu varðandi íslenskt íþróttalíf fái í hendur áreiðanlegar upplýsingar um skoðanir fólks og vilja, til að unnt verði að auðga og nýta íþróttastarfið til góðra hluta og losa það við lesti og neikvæða sprota sem nokkuð hefur borið á í umræðunni.

Um er að ræða viðamikla spurningalista-könnun með um 40 spurningum og 900 þátttakendum. Styrktaraðilar rannsóknarinnar voru Rannsóknarsjóður HÍ og Vinnu-málastofnun.

Helstu niðurstöður fara hér á eftir en í sérstakri bók er gerð nákvæm grein fyrir rannsókninni sem höfundur þessarar bókar stýrði og skipulagði (Guðmundur Sæmundsson, 2019).



Zlatan góður!

Þjálfarar og aðstandendur landsliðs Svía í knattspyrnu þroska-hamlaðra sáu ekki fram á að geta teflt fram liði á HM í Brasilíu sem fer fram þessa dagana. Erfiðlega gekk að fjármagna ferðina og því datt mönnum í hug að leita til Zlatan Ibrahimovic og félaga í landsliði ófatlaðra. Hugmyndin var sú að fá áritaðar treyjur frá þeim til að selja á uppboði en Zlatan gerði gott betur

en það og borgaði einfaldlega það sem til þurfti, 350 þúsund sænskar krónur eða jafnvirði tæplega 6 milljóna króna.

„Hann sagði bara: Hvað í ósköpunum ætlið þið að gera við treyju? Hvað kostar að fara á mótið? Við sögðum honum hvað þetta kostaði, hann bað um reikningsnúmer og lagði inn á okkur,“ sagði þjálfarinn Stefan Jonsson sem gat því haldið með lið sitt til keppni í Brasilíu (Mbl.is, 12. ágúst).

Bakgrunnur þáttakenda

Af 909 þátttakendum var meirihlutinn (59%) á aldrinum 41-66 ára og 62% voru búsett á höfuðborgarsvæðinu.

Athygli vekur að meirihluti þátttakenda (75%) hafði lokið háskólanámi, 37% höfðu lokið framhaldsnámi á háskólastigi og 74% voru í launaðri vinnu.

Helmingur þátttakenda (50%) sagðist vera íþróttaiðkendur.

Um 76% þátttakenda sögðust hafa einhver tengsl við íþróttir og flestir þeirra sögðust vera iðkendur með áhuga á íþróttum (65%).

Barnalegar afsakanir

Fyrir nokkru féllu fimm liðsmenn landsliðs Norður Kóreu í fótbolta á lyfjaprófi. Yfirvöld þar vildu fá þessu hnekt. Þau sögðu að allnokkru fyrir hefði þetta landslið verið á ótilteknum stað. Þar hefðu þessir fimm leikmenn orðið fyrir eldingu. Líklega hefðu óvart verið sterar í hollustudrykkjum sem þeim var gefinn til heilsueflingar eftir eldingarlostið. Þessum rökum mun hafa verið hafnað. (Facebook-síða Sigurðar G. Tómassonar, 22. apríl 2019).



Íþróttasamtök

Þrettán fyrstu efnisspurningarnar fjölluðu um áherslur og fjármögnun íþróttahreyfingarinnar og íþróttafélagga. Mikill meirihluti svarenda taldi að íþróttaiðkun hefði jákvæð áhrif á andlega líðan, sjálfsmynd og líkamlega heilsu þeirra sem tækju þátt í þeim. Drjúgur meirihluti taldi keppni og árangur í íþróttum mikilvægari en þátttöku, leik og skemmtun.

Drjúgur meirihluti taldi einnig að framlög ríkis og sveitarfélaga til afreksíþróttaværi í góðu lagi en mjög margir voru þó á því að stórauka þyrfti fjárframlög til íþróttaiðkunar barna og unglinga.

Þegar spurt var hvort eðlilegt væri að fjárhagur íþróttahreyfingar væri svo mjög háður auglýsingatekjum og sýningarrétti á búningum og íþróttamannvirkjum og í fjölmiðlum var rúmlega heilmingur aðspurðra sammála því. Nokkru færri, greinilegur minnihluti þó, töldu við hæfi að nefna íþróttamót og íþróttamannvirki eftir kostunarfyrirtækjum.

Loks töldu flestir að þjálfarar og stjórnendur nýttu sér aðstöðu sína sjálfum sér til fjárhagslegs ávinnings svipað og fólk í ámóta stöðu í samfélaginu.

Íþróttir og íþróttaiðkendur

Sextán fjölbreytilegar spurningar fjölluðu um íþróttaiðkendur. Stærsti hópurinn í hverju tilviki taldi að íþróttamenn væru ekki heiðarlegri en aðrir og að heiðarleiki þeirra færi ekki eftir kynjum. Þeir væru ekki heldur hógværar en aðrir. Meirihlutinn taldi einnig að íþróttafólk væri almennt viljasterkara en aðrir og hugsaði ekki meira

um eigin hag en hópsins. Mjög stór meirihluti taldi þá almennt vera góðar fyrirmyndir. Þá taldi fólk að það væri ekki eðlilegt að brjóta reglur íþróttarinnar þótt það gagnaðist liðinu.

Meirihluti svarenda taldi eðlilegt að íþróttafólk fengi greiðslur fyrir að stunda íþrótt sína en þó ríkti ógegnsæi í fjármálum þeirra og mikill meirihluti var ósammála því að konur fengju minna en karlar í slíkar

Gunnar var lagður í gróft einelti og Gylfi Þór vildi gleðja hann: Sjáðu hvað hann gerði

Gylfi Þór Sigurðsson, leikmaður íslenska landsliðsins og Everton, er góðhjartaður maður og sannaði það á dögunum. Dagmar Ýr er móðir Gunnars Holger en hann er aðeins sex ára gamall og hefur þurft að glíma við alvarlegt einelti á sinni skólagöngu. Vísir.is ræddi við Dagmar í nóvember og talaði hún á meðal annars um að Gunnar hefði fengið morðhótanir. Hann er í fyrsta bekk.

Eftir að hafa séð fréttirnar hafði Gylfi samband við móðurina og var þeim boðið að kíkja út á leik með Everton. Dagmar greindi sjálf frá þessu á Facebook síðu sinni í kvöld en Gunnar fékk tækifæri á að heimsækja æfingarsvæði Everton og eyða tíma með okkar besta knattspyrnumanni. Færslu Dagmarar má sjá hér:

Gegguð ferð að baki!

Í nóvember, í kjölfarið af

fréttunum af Gunnari Holger, hafði Gylfi Þór Sigurðsson samband við mig. Hann vildi bjóða Gunnari á Everton leik, því honum þótti svo leiðinlegt að heyra hvernig þetta væri hjá Gunnari í skólanum. Gylfi bauð okkur Gunnari til Liverpool á leik hjá Everton. Hann reddaði því líka að Gunnar fengi að koma á æfingarsvæðið hjá Everton að horfa á æfingu hjá þeim. Eftir æfinguna kom Gylfi og spjallaði við Gunnar og Gunnar gaf honum innrömmuð fótboltaspjöld af sér. Gylfi áritaði takkaskóna hans Gunnars og landsliðsbolina okkar.

Daginn eftir var svo leikurinn og því lík upplifun sem það var! Vorum í Sky Sports Studio boxinu, með mat og drykki eins og við vildum. Eftir leikinn vorum við Gunnar sótt upp í boxið og Gylfi spjallað við Gunnar, labbaði með okkur út á fótboltavöllinn og gaf honum treyjuna sem hann var í á leikum, áritaða. Gylfi sagði við Gunn-

ar að hann þyrfti að vera oftár á leik hjá þeim því þeir unnu loksins. Gunnar heldur því fram núna að hann sé lukkudýr Everton, að hann þurfi að vera á öllum leikjum Everton og að liðið eigi hann.

Þetta var svo trufluð upplifun og geggjað að sjá Gunnar svona hamingjusamann. Takk, takk, takk fyrir allt Gylfi. Takk, Gylfi, fyrir að gera barnið mitt að hamingjusamasta barni sem ég hef séð í langan tíma.

(Vísir.is, 15. janúar 2019).



greiðslur. Fólk taldi eðlilegt að íþróttafélögin fengju greitt fyrir að íþróttamenn kæmu fram í auglýsingum fyrirtækja. Meirihluti þeirra sem tóku afstöðu taldi enga þörf á að aðgreina íþróttir atvinnumanna og áhugamanna.

Um það bil helmingur svarenda var jákvæður gagnvart notkun fæðubótarefna en þriðjungur neikvæður. Aðrir tóku ekki afstöðu. Hins vegar voru langflestir á því að efni og lyf sem nú væru ólögleg, til dæmis sterar, ættu alltaf að vera bönnuð í íþróttum. Þá hafði mikill meirihluti neikvæða afstöðu til busunar í íþróttum og töldu hana skaðlega og niðurlægjandi. Loks taldi meirihluti svarenda að hjátrú væri algeng í íþróttum.

strangt eftir siðareglum íþróttafélaga og skóla í persónulegum samskiptum sínum við umbjóðendur sína.

Skoðanir svarenda voru mjög skiptar um hvort einelti tengdist íþróttum sér-staklega og einnig um það hvort kennarar og þjálfarar ynnu nægilega gegn einelti. Sama gildi um þegar spurt var hvort kennarar og þjálfarar tækju nægileg tillit til mismunandi líkalegrar færni nemenda.

Mjög mikill meirihluti svarenda taldi að íþróttakennarar og þjálfarar þyrftu að hafa góða formlega menntun á sviði þjálfunar og uppeldis. Nokkru minni meirihluti áleit áherslu á íþróttakennslu í skólakerfinu of litla.

Kennarar og þjálfarar

Átta spurningar vörðuðu afstöðu svarenda til íþróttaþjálfara, íþróttakennara og íþróttakennslu. Svarendur voru mjög sam-mála um að íþróttaþjálfarar og íþróttakennarar eigi að hvetja iðkendur og nemendur til heiðarleika fremur en árangurs eða sigurs. Þá töldu þeir þá eiga að fara mjög

Niðurstöður eftir hópum

Vissulega voru heildarniðurstöður rann-sóknarinnar athyglisverðar. En ennþá for-vitnilegra er að skoða hvernig niðurstöður greindust í hópum. Í næstu köflum verður greint frá því hvernig einstakir hópar svöruðu. Raunar var fremur lítið um að mismunur væri í svörum eftir hópum.

Kynferðisofbeldi hjá Chelsea

Chelsea hefur hafið rann-sókn á ásökunum um kynferðislegt ofbeldi í garð starfsmanns félags-ins.

Málið er tæplega 40 ára gamalt og starfsmaðurinn sem um ræðir er látinn. Enska knattspyrnusam-bandið er einnig að skoða



sama mál. Yfir 20 knatt-spyrnumenn á Englandi hafa stigið fram síðustu vikur og greint frá því að

þeir hafi verið beittir kynferðislegu ofbeldi er þeir voru unglingar.

Lögreglu hafa borist 250 símtöl í tengslum við ásakanir um kynferðislegt ofbeldi. Svo var opnuð sérstök neyðarlína fyrir þolendur og hringdu 50 einstaklingar inn á fyrstu tveimur klukkutímum

(Vísir.is, 30. nóvember 2016).

Forstjórinn svitnaði

Jón Ólafur Halldórsson, forstjóri Olís, viðurkennir að hann hafi verið farinn að svitna yfir stórsigri Íslendinga á Angóla í gær og þeim afslætti sem búið var að lofa. Olís og ÓB veita 27 krónu afslátt af eldsneytislítranum í dag eftir 33-19 sigur Íslands á Angóla á HM í handbolta í gærkvöld.

Olís hét 13 krónu afslætti og síðan auka-afslætti ef Ísland ynni leikinn sem myndi stjórnast af markamuninum. Eftir 14 marka sigur Íslands er afslátturinn því alls 27 krónur á lítrann hjá Olís og ÓB í dag (Pressan. is, 18. janúar 2017).

Afþökkuðu mútur

Reynt var að múta leikmönnum El Salvador fyrir

leik liðsins við Kanada í kvöld. Um er að ræða lokaumferð fjórðu umferðar undankeppninnar í Norður- og Mið-Ameríku. ...

„Hann bauð hverjum leikmanni tiltekna upphæð á mínútu, ef leikurinn færi að óskum. Það mesta sem þeir gátu fengið var í kringum 3.000 dollarar á leikmann.“ Það eru um 350 þúsund krónur (DV.is, 6. sept. 2016).

Skipti aldur máli?

Fyrsta skipting svarenda sem skoðuð verður er eftir aldri. Svarendum var skipt í þrennt:

- Ungt fólk: 18 – 40 ára
- Miðaldra fólk: 41 – 66 ára og
- Eldra fólk: 67 ára og eldri.

Svör voru nokkuð mismunandi í tólf tilvikum sem hér verður gerð grein fyrir.

Yngsti hópurinn, 18 – 40 ára, greinir sig verulega (að minnsta kosti um 10%) frá hinum í nokkrum tilvikum. Ungt fólk er meira en aðrir ósammála því að ríki og sveitarfélög veiti of miklu fé til afreks-íþrotta. Þau telja mest í lagi að vera með auglýsingar á búningum íþróttamanna, íþróttamannvirkjum og í fjölmiðlum. Einnig eru þau sáttust við að íþróttaviðburðir og íþróttamannvirki beri nafn af kostunar-

fyrirtækjum og að félögin fái greiðslur fyrir þátttöku íþróttafólks í auglýsingum. Þau telja einna síst að ógegnsæi ríki í fjármálum íþróttafólks og eru mest sammála því að íþróttafólk fái greiðslur fyrir íþróttaiðkun.

Aldurshópurinn 41-66 ára stendur yfirleitt mjög nærri meðaltalinu. Miðaldra fólk eru þó öðrum fremur ósammála því að eðlilegt sé að íþróttafólk megi brjóta reglur íþróttarinnar.

Eldra fólk, 67 ára og eldri, greinir sig alloft frá hinum í átt til siðavendni. Þau styðja ekki að íþróttahreyfingin byggji fjárhagslega afkomu sína á auglýsingum á búningum, mannvirkjum og æi fjölmiðlum. Þau eru andvíg því að íþróttaviðburðir og íþróttamannvirki dragi nafn af fyrirtækjum. Þau styðja síður en aðrir að félög fái greitt fyrir að íþróttafólk komi fram í auglýsingum. Einnig eru þau síst sammála því að íþróttafólk fái greitt fyrir að stunda íþrótt sína.

Fótboltabullur handteknar á sunnudag

Sjö króatískar fótboltabullur voru handteknar fyrir leik Íslands og Króatíu á sunnudag. Morgunblaðið hefur þetta eftir Ásgeiri Þór Ásgeirssyni yfirlögregluþjóni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Lögreglan fékk ráðleggingar frá lögreglumönnum frá Króatíu.

Aukinn viðbúnaður var í kringum landsleikinn á Laugardalsvelli á sunnudag. Króatískir lögreglumenn veittu lögreglunni ráð vegna fyrri atvika þar sem króatískar fótboltabullur hafa komið við sögu. Ásgeir Þór segir við Morgunblaðið að um 50 króatískar fótboltabullur hafi komið til landsins. Þeir hafi ekki verið með miða á leikinn en ætluðu samt að komast á hann og valda usla.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk liðstyrk frá lögreglunni á Akureyri og Suðurnesjum vegna leiksins. Auk þeirra voru 20 sérsveitarmenn frá ríkislögreglustjóra við störf (RÚV.is, 13. júní 2017).

Eru mismunandi svör eftir kynjum?

Almennt séð var fremur lítill munur á um karla og kvenna sem þátt tóku. Í aðeins tíu tilvikum er að finna frávik eftir kynjum sem vert er að vekja athygli á.

Fleiri karlar en konur eru sammála því að lögð sé áhersla á leik og skemmtun í íþróttum fremur en keppni og árangur. Þeir telja fremur í lagi að vera með auglýsingar á búningum, íþróttamannvirkjum og í fjölmiðlum. Þá eru þeir frekar á því að íþróttafólk sé heiðarlegra en aðrir.

Konur telja frekar en karlar að íþróttahreyfingin eigi að leggja meiri áherslu á keppni en þátttöku. Þær eru einnig síður á því að íþróttafólk sé hógværra en aðrir og styðja það síður en karlar að íþróttafólk fái greitt fyrir að stunda íþróttir. Þær eru einnig mjög ósammála því að konur fái minna greitt en karlar. Þær voru loks miklu hlutlausari en karlar þegar spurt var hvort aðgreina bæri íþróttir atvinnumanna og áhugamanna og ekki eins hlynntar óbreyttu ástandi.

Hvaða áhrif hefur skólaganga þátttakenda?

Þegar svör voru skoðuð eftir menntun svaraenda var svaarendunum skipt í fjóra hópa: Grunnskólamenntun, framhaldsskólamenntun, grunnmenntun í háskóla (BS-, BA - og B.Ed.) og framhaldsmenntun í háskóla (meistaránám, doktorsnám). Munur var ekki mikill eftir menntun en þó gætti hans í þrettán tilvikum sem hér verður greint frá.

Svaarendur með grunnskólamenntun voru oftast næri meðaltalinu en þó ekki alveg alltaf. Meðal þeirra var þó mest fylgi við að íþróttaviðburðir og íþróttamannvirki heiti eftir fyrirtækjum sem styðja mest og best. Þeir voru einnig helst á því að sjórnendur nýti sér aðstöðu sína sér sjálfum til fjárhagslegs ávinnings og telja fremur en aðrir að íþróttafólk hugsi almennt meira um eigin hag en hag hópsins. Grunnskólamenntað fólk var einnig fremur á því en aðrir að heiðarleiki íþróttafólks færi eftir því hvoru kyninu það tilheyrir en töldu síst að ógegnæi ríkti í fjármálum íþróttamanna. Þau voru öðrum jákvæðari gagnvart notkun fæðubótarefna og töldu fleiri

en aðrir að busun í íþróttum væri skemmtileg hefð.

Þátttakendur með framhalsskóla-menntun, þar með talið iðnnám og ýmiss konar sérnám, greindu sig stundum frá öðrum hópum. Þeir voru öðrum fremur fylgjandi því að íþróttir ættu að vera leikur og skemmtun og áherslan ætti að vera á þátttöku fremur en keppni. Þeir töldu öðrum fremur að íþróttafólk væri heiðarlegra og hógværra en aðrir og telja frekar en aðrir að hjátrú sé algeng í íþróttum.

Fólk með grunnmenntun í háskóla (bakkalár-menntun) er býsna oft nærri meðaltalinu í skoðunum. Þau eru þó öðrum fremur sammála því að íþróttahreyfingin eigi að leggja meiri áherslu á keppni en þátttöku. Þeir eru öðrum sannfærðari um að ógegnisríki í fjármálaum íþróttafólks.

Menntaðasti hópurinn, fólk með framhaldsnám í háskóla (meistara- og doktorsnám) er stundum með aðrar skoðanir en hinir menntunarhóparnir. Þau eru mun síður en aðrir á því að íþróttir eigi að byggja-

ast á leik og skemmtun og eru mjög óhress með að íþróttaviðburðir og íþróttamannvirki heiti eftir kostunarfyrirtækjum. Þeir treysta stjórnendum og þjálfurum betur en aðrir til að nýta sér ekki aðstöðu sína fjárhagslega. Þeir hafa hins vegar minnsta trú að heiðarleika og hógværd íþróttafólks en telja þó síður en aðrir að íþróttafólk hugsi meira um eigin hag en hópsins. Þau eru öðrum sannfærðari um að heiðarleiki í íþróttum fari ekki eftir kynjum. Þau eru neikvæðust gagnvart busun en telja öðrum síður að hjátrú í íþróttum sé algeng.

Áhrif atvinnustöðu á skoðanir

Áhugavert var að skoða svörin eftir atvinnustöðu fólks. Hér eru svörin flokkuð í þrennt:

Börn niðurlægð

Úrslit í körfubolta-leik á Íslandsmóti 14 ára stúlkna um helgina urðu þau að sigurliðið skoraði 101 stig, en andstæðingurinn 2. Úrslitin hafa vakið heitar umræður innan körfubolta-

samfélagsins. Reyndur þjálfari körfuboltaliðs sem einnig tók þátt í leikjum helgarinnar gagnrýndi þjálfara sigurliðsins harðlega á Facebook, taldi hann fara offari í leiknum og ganga of langt í að niðurlægja andstæðinginn. Í 9. flokki kvenna leika 14 ára

gamlar stúlkur og var leikurinn í A-riðli, sem er sterkasti riðill Íslandsmótsins. Tapliðið hafði unnið sig upp

úr B-riðli á síðasta móti og var að spila í fyrsta sinn meðal þeirra bestu (RÚV.is, 21. nóvember 2016).



1. Þeir sem stunda launavinnu eða atvinnurekstur, þ.e. eru fullgildir „aðilar vinnumarkaðarins“.
2. Námsfólk sem að stórum hluta vinnur eitthvað með náminu. Oft er reyndar einnig fullyrt að „nám sé vinna“.
3. Þeir sem eru utan vinnumarkaðar en í þann hóp falla öryrkjar, aldraðir, fólk sem sinnir (ólaunuðum) heimilisstörfum og atvinnulaust fólk.

Ekki voru mikil frávikum í svörum eftir atvinnustöðu en þó eru þar nokkur áhuga-verð dæmi, tólf talsins.

Launafólk og sjálfstæðir atvinnurekendur hafa skoðanir sem yfirleitt standa afar nærri meðaltalinu og komu engin sérstök frávik frá því fram í svörunum.

Námsfólk var hins vegar með ýmsar sérskoðanir. Þau töldu síður en aðrir að íþróttahreyfingin ætti að leggja meiri áherslu á keppni en þátttöku en töldu í góðu lagi að íþróttaviðburðir og íþróttamannvirki drægju nafna af fyrirtækjum. Meðal þeirra kom fram meira fylgi en hjá öðrum við að íþróttafólk bryti reglur ef það gagnaðist liðinu og þau voru mestir fylgjendur þess að íþróttafólk fái greiðslur fyrir að stunda íþrótt sína. Einnig fannst þeim mest í lagi að íþróttafélög fái greiðslur fyrir þátttöku íþróttafólks í auglýsingum og töldu öðrum síður að neitt ógegnsæi ríkti í fjármálum íþróttafólks. Þau voru jákvæðust gagnvart notkun fæðubótarefna. Þá töldu þau öðrum fremur að íþróttakennarar og þjálfarar leggðu næga áherslu á að vinna gegn einelti og tækju nægilegt tillit til mismunandi líkamsfærni nemenda og iðkenda.

Fólk utan vinnumarkaðar, aldraðir, atvinnulaust fólk, heimavinnandi fólk og öryrkjar, hefur svipaðar skoðanir og aðrir. Frávik eru örfá. Þessi hópur er síður en aðrir sammála því að íþróttafólk fái greitt fyrir iðkun sína og að íþróttafélög fái greitt

fyrir þátttöku íþróttafólks í auglýsingum. Þá voru þau neikvæðust gagnvart notkun fæðubótarefna og gagnvart busun í íþróttum. Loks voru þau minna sannfærð en aðrir um að áhersla á íþróttir í skólakerfinu væri of lítil og öðrum síður sannfærð um að íþróttakennarar taki nægilegt tillit til líkamlegrar færni nemenda.

Hafa þátttakendur með tengsl við íþróttir aðrar skoðanir?

Það er mjög athyglisvert að tengsl við íþróttir virðist í langflestum tilvikum hafa afskaplega lítil áhrif á svör þátttakenda. Hér eru aðeins sjö dæmi um frávik sem einhverju nemur en svarendum er hér skipt í tvennt, þá sem eru ekki iðkendur og þá sem iðka eða tengjast íþróttum.

Þeir sem eru ekki iðkendur hallast meira að því en hinir að veitt sé of miklu fé til afreks- og keppnisíþróttar. Þeir eru síður sammála því að íþróttaviðburðir og íþróttamannvirki dragi nafn af stórfyrirtækjum og þeir eru síður sannfærðir um að íþróttakennarar taki nægilegt tillit til líkamlegrar færni nemenda.

Iðkendur eru sannfærðari en hinir um að íþróttafólk sé viljasterkara en aðrir. Þeim finnst eðlilegra en hinum að íþróttafélög fái greiðslur fyrir þátttöku íþróttafólks í auglýsingum og að áhersla á íþróttakennslu í skólum sé of lítil.

Pælingar

Margt í niðurstöðum könnunarinnar kom á óvart. Búast mátti við að íslenskur almenningur gerði ríkari kröfur til siðferðis í íþróttum en hann í raun gerir, væri meira

sammála Þorgrími Þráinssyni rithöfundi og forystumönnum íþróttahreyfingarinnar um að ástunda bæri heiðarleika og drengskap og láta ekki freistast af Gullkálfinum.

En hverjar geta þá skýringarnar verið? Skoða má þrjá möguleika.

Það sem ræður afstöðu fólks til mála er oft og einatt **orðræðan** í samfélaginu, ekki

Börn þurfa að fá að njóta vafans

Fólki er ekki kunnugt um þá ríku skyldu sem allir hafa til að tilkynna um mál verði þeir varir um mögulega vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum. Komi upp áskanir um kynferðisbrot eða aðra birtingarmynd ofbeldis innan ungmenna- og íþróttafélaga þá er vafasamt að vinna málið innan félagsins. Vinnslan verður að fara úr félaginu, að sögn dr. Salvarar Nordal, umboðsmanns barna.

Salvör var með erindi á ráðstefnunni Eru íþróttir leikvangur ofbeldis, sem fram fer í Háskólanum í Reykjavík. Að ráðstefnunni standa Íþróttabandalag Reykjavíkur, ÍSÍ, UMFÍ, Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Háskólinn í Reykjavík.

Í erindi sínu sagði Salvör mikilvægt að koma upp skýru verklagi og skrá öll mál svo þau fái viðeigandi meðferð. Hún nefndi meðal annars að erfitt sé að greina mál sem komi til yfirvalda. Hjá Barnavernd Reykjavíkur þurfi að kafa djúpt í gögn til að sjá hvaða mál komi úr íþróttastarfi og hvaða mál komi annars staðar frá.

Salvör sagði jafnframt þjálfara vinna náið með börnum. Verði þeir varir við vanrækslu af hvaða toga sem það er þá beri að tilkynna það.

„Við heyrum stundum að ekki er hlustað á barn sem kvartar eða gert grín að athugasemdum þess. En börn þurfa að fá að njóta vafans og að fundin verði leið til að tala við þau,“ sagði hún.

Mun fleiri erindi hafa verið flutt á ráðstefnunni, þar á meðal nokkur þar sem þolendur kynferðisofbeldis hafa lýst sársaukafullri reynslu sinni. Þar á meðal var Karen Leach, fyrrverandi sundkona frá Írlandi, sem lýsti kynferðisofbeldi sem þjálfari hennar beitti hana um árabíl. Þjálfarinn hlaut síðar 12 ára dóm vegna brota gegn 18 stúlkum. Karen var 17 ára þegar hún steig fram og greindi frá ofbeldinu en hefur glímt við alvarleg sálræn vandamál vegna ofbeldisins sem hún varð fyrir.

Áherslan á ráðstefnunni er á birtingarmyndir ofbeldis innan íþróttar, leiðir til að bregðast við ofbeldinu, vinna úr málum sem koma upp og vinna að því að koma í veg fyrir ofbeldi eigi sér stað. (Vefsíða UMFÍ, 30. janúar 2019).



